

# Fornleifaskráning í Sveitarfélaginu Garði I:

Fornleifar frá Rafnkelsstöðum að Útskálum (auk hjáleigna)



Ritstjóri: Birna Lárusdóttir

Höfundar efnis: Ágústa Edwald, Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdóttir, Eva Kristín Dal og Jóhann Gunnarsson



Fornleifastofnun Íslands  
FS404-08011  
Reykjavík 2008

Forsíðumynd er af rústum þurrabýla og kálgarða í Rafnkelsstaðalandi, sjá GK-099:025.

© Fornleifastofnun Íslands 2008

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

Heimasíða: [www.instarch.is](http://www.instarch.is)

## EFNISYFIRLIT

<b>1. INNGANGUR.....</b>	<b>5</b>
<b>2. UM FORNLEIFASKRÁNINGU Í ÞÉTTBÝLI OG AÐFERÐIR VIÐ SKRÁNINGU Í GARÐI .....</b>	<b>6</b>
<b>3. LÖGGJÖF UM FORNLEIFAR .....</b>	<b>8</b>
<b>4. FORNLEIFASKRÁ .....</b>	<b>9</b>
GK-080 Útskálar .....	11
GK-081 Lónshús .....	37
GK-082 Akurhús .....	40
GK-083 Nýibær .....	42
GK-084 Móakot .....	44
GK-085 Presthús .....	45
GK-086 Garðhús .....	46
GK-087 Vatnagarður .....	47
GK-088 Miðhús .....	49
GK-089 Krókur .....	54
GK-090 Krókvöllur .....	61
GK-091 Gerðar .....	64
GK-093 Skeggjastaðir .....	80
GK-094 Brekka .....	85
GK-095 Varir .....	89
GK-096 Kothús .....	97
GK-097 Ívarshús .....	102
GK-098 Meiðastaðir (Meiríðarstaðir) .....	105
GK-099 Rafnkelsstaðir .....	111
GK-633 Óskipt land .....	123
<b>5. FORNLEIFAR OG BYGGÐ .....</b>	<b>131</b>
Bæjarhólar og býli .....	131
Kirkjur, kuml og legstaðir .....	135
Garðlög .....	135
Kálgarðar .....	136
Landamerki .....	138
Skepnuhald .....	140
Sjósókn .....	141
<b>6. NIÐURSTÖÐUR .....</b>	<b>143</b>
Minjar í hættu .....	143
Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu .....	143
<b>HEIMILDAMENN.....</b>	<b>145</b>
<b>HEIMILDASKRÁ.....</b>	<b>146</b>

<b>SÉRHEITASKRÁ .....</b>	<b>149</b>
<b>VIÐAUKI 1: HNITASKRÁR Á ISN93 .....</b>	<b>151</b>
<b>VIÐAUKI 2: MINJAKORT .....</b>	<b>161</b>

## Inngangur

Nýverið sömdu Fornleifastofnun Íslands og Sveitarfélagið Garður um heildaskráningu allra minjastaða í sveitarfélaginu vegna fyrirhugaðs aðalskipulags. Var ákveðið að skráningunni skyldi skipt í fjóra áfanga. Verkið hófst veturinn 2008 og til stendur að ljúka því síðasta skráningaráfanga á vettvangi sumar eða haust 2010. Í áfanganum sem hér lítur dagsins ljós voru skráðar fornleifar á 13 jörðum, allt frá Vatnagarði, hjáleigu Útskála, í vestri að Rafnkelsstöðum í austri að báðum jörðum meðtöldum. Að auki voru skráðar fornleifar í óskiptu landi sunnan jarðanna allt að mörkum sveitarfélagsins og einnig fornleifar sunnan Skagabrautar yst á Garðskaga og telst þá fornleifaskráningu í Útskálalandi einnig lokið. Alls voru skráðar 305 fornleifar á svæðinu en að auki birtast í fornleifaskrá skýrslunnar upplýsingar um 113 fornleifar til viðbótar á Útskálum og hjáleigum sem tilheyra eldri skráningu. Nokkrar fornleifar úr þeirri skráningu eru einnig taldar upp í kafla um verndun og kynningu minja á svæðinu en að öðru leyti miðast þessi skýrsla eingöngu við skráningarsvæðið 2008. Fjöldi jarðanna eru miðaður við lögbýli eins og þau koma fyrir í Jarðabók Johnsen frá 1847 en undir þær fellur fjöldi hjáleigna og þurrabúða.

Áður en skráningin hófst höfðu nokkur skráningarverkefni verið unnin á afmörkuðum svæðum í sveitarfélaginu. Í fyrsta lagi var framkvæmdareitur við Helguvík kannaður með tilliti til fornleifa vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Rannsóknin fór fram vorið 2006 og var unnin að mestu af Adolf Friðrikssyni.<sup>1</sup> Haustið 2007 lét Prestsetrasjóður skrá fornleifar á níu jörðum á Garðskaga, norðan Skagabrautar. Svæðið nær frá Garðskaga og að Útskálásíki og var verkið unnið af Ágústu Edwald.<sup>2</sup> Að lokum hafa fornleifar verið skráðar í landi sem ríkið tók eignarnámi og er við suðurmörk hreppsins, suður og vestur af Helguvík.<sup>3</sup> Sú skráning telst fyrsti hluti aðalskráningar en svæðið fékk forgang vegna skipulagningar athafna- og iðnaðarsvæðis.

Við skráningu á vettvangi sumarið 2008 unnu Birna Lárusdóttir, Jóhann Gunnarsson og Eva Kristín Dal. Að auki aðstoðaði Ásta Hermannsdóttir, fornleifafræðinemi, við skráningu í nokkra daga. Vilja starfsmenn koma á framfæri kærum þökkum til heimildamanna sinna, en þeir eru taldir upp afast í skýrslunni. Lís Rut Björnsdóttir sá um gerð minjakorta, hluta rústateikninga og uppsetningu skýrslu en Birna Lárusdóttir hafði yfirumsjón með verkinu og sá um ritun skýrslunnar.

---

<sup>1</sup> Adolf Friðriksson. 2006. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík* [FS324-06201]. Fornleifastofnun Íslands.

<sup>2</sup> Ágústa Edwald. 2008. *Fornleifar á Garðskaga. Deiliskráning* [FS367-07221]. Fornleifastofnun Íslands.

<sup>3</sup> Ágústa Edwald. 2008. *Aðalskráning fornleifa við suðurmörk sveitarfélagsins Garðs*. Óútgefin bráðabirgðaskýrsla. Fornleifastofnun Íslands.

## 2. Um fornleifaskráningu í þéttbýli og aðferðir við skráningu í Garði

Fornleifaskráning í þéttbýli er vandkvæðum bundin af nokkrum ástæðum. Þyngst vegur að stór hluti minja er yfirleitt horfinn vegna byggðar og framkvæmda sem henni fylgja. Sú er raunin í Garði en byggð þar óx mjög ört á 20. öld og því hefur vitneskja um staðsetningu margra minja og örnefna glatast. Þetta á einkum við um tómhúsbýli sem mörg hver voru aðeins í byggð um skamma hríð og gengu jafnvel undir mismunandi nöfnum eftir því hverjir bjuggu í þeim. Annað sem veldur heilabrotum í Garði er gríðarlegur fjöldi garðlaga sem tilheyra greinilega mismunandi byggingaskeiðum. Sum hver hafa svo að segja verið sléttuð í tún en öðrum hefur verið haldið við allt fram á þennan dag, sérstaklega þeim sem tilheyra húsagörðum í þéttbýlinu. Í skráningunni var farin sú leið að skrá garðlög sem virðast tilheyra sama mannvirki eða byggingarstigi saman undir einu númeri. Þetta er þó ekki alveg einhlítt og mjög bundið túlkun hvers skrásetjara eins og gefur að skilja. Eins ber að geta þess að eftir að skráningu lauk fundust merki um nokkur garðlög á loftmyndum sem sennilega eru sum hver illa eða ekki sjáanleg á vettvangi nema e.t.v. við sérstakar aðstæður. Þessi garðlög fá einnig númer í fornleifaskránni og er lýst lauslega af loftmyndum þótt þau hafi ekki verið skoðuð á vettvangi.

Í fornleifaskráningu er reglan sú að skrá staðsetningu minja jafnvel þótt engar leifar þeirra sjáist lengur á yfirborði. Ástæðan er tvíþætt: Annars vegar geta mannvistarleifar leynst undir yfirborði og komið í ljós við framkvæmdir eða annað umrót og hins vegar hafa fornleifafræðingar áhuga á að geta staðsett hús og önnur mannvirki og þannig gert sér í hugarlund hvernig menningarlandslag hefur litið út, breyst og þróast í tímans rás. Rætt var við heimildamenn um staðsetningu horfinna minja og auk þess stuðst við fyrirbyggjandi heimildir. Því miður er ekki vitað um gömul kort af Garðinum önnur en túnakort frá því skömmu fyrir 1920. Þau sýna staðsetningu bæja, útihúsa, kálgarða og hluta garðlaga og komu að góðum notum. Farin var sú leið að skrá öll mannvirki sem sýnd eru á kortunum jafnvel þótt sum þeirra hafi e.t.v. enn ekki náð 100 ára aldri, sem er lögbundinn aldur fornleifa skv. þjóðminjalögum. Ekki unnt að ákvarða staðsetningu nokkurra minjastaða en þeirra er engu að síður getið í fornleifaskránni.

Á stöku stað var notast við svokölluð stúdentakort frá 1954 sem eru í eigu sveitarfélagsins. Stúdentar í verkfræði mældu þá upp hús og önnur mannvirki í Garði og kortlögðu, þ.m.t. öll sjáanleg grjóthlaðin garðlög. Þessi kort væri svo sannarlega hægt að nota

til frekari rannsókna þótt það hafi ekki verið gert að sinni, ekki síst til að kanna breytingar á menningarlandslagi á 20. öld.

Það er umdeilanlegt hvað á að skrá í þéttbýlisskráningu. Samkvæmt þjóðminjalögum teljast minjar 100 ára og eldri til fornleifa eins og rakið verður í 3. kafla, þ.m.t. búsetulandslag í víðasta skilningi. Eins og gefur að skilja falla þó nokkur timburhús og jafnvel steinhús í Garði undir þessa skilgreiningu, enda var kominn þar vísir að þorpi snemma á 20. öld. Hefð hefur skapast fyrir því í fornleifaskráningu að taka hnit á slíkum byggingum og segja stuttlega frá ástandi þeirra, ef þær á annað borð eru enn uppistandandi. Að öðru leyti er timburhúsum ekki lýst nákvæmlega, enda heyrir byggingarsaga og gerðfræði þeirra ekki undir starfssvið fornleifafræðinga nema að takmörkuðu leyti. Í mörgum tilvikum mætti vafalaust finna ítarlegri heimildir en hér eru raktar um einstök hús, t.d. á skjala- og ljósmyndasöfnum.

Rétt er að taka fram að þar sem byggð hefur verið jafn þétt og í Garði hafa vafalaust staðið mörg mannvirki í aldanna rás sem hvergi er getið í heimildum eða á kortum og enginn man eftir lengur. T.d. er líklegt að ofan við helstu lendingar hafi staðið naust, sjóbúðir og annað sem tengist sjósókn um aldir og eftir að byggð tók að þéttast má gera ráð fyrir að skepnukofar, skemmur og hjallar hafi verið við flest byggð ból þótt ekki hafi þótt ástæða til að geta þeirra í rituðum heimildum. Að lokum er rétt að geta þess að ekki er ætlunin að fjalla náið um sögu Garðsins sem slíka í þessari skýrslu, enda hafa aðrir gert það nokkuð vandlega.<sup>4</sup>

---

<sup>4</sup> Sjá t.d. *Gerðahreppur 90 ára e. Jón Þ. Þór og Undir Garðskagavita* eftir Gunnar M. Magnúss.

### 3. Löggjöf um fornleifar

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr.107/2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja.“ Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000) einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er fornleifakönnunin sem þessi skýrsla byggir á unnin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með löggjöfinni. Til fornleifa teljast hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll forn mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum. Þessu hefur verið fylgt við skráninguna. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins.



## 4. Fornleifaskrá

Við skráningu á fornleifum notar Fornleifastofnun Íslands staðlað kerfi þar sem hver sýsla hefur skammstafað heiti (MH, GK o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum

*Fjallað er um hverja fornleif eins og dæmið hér að neðan sýnir*

númer jarðar eins og í Jarðatali Johnsens 1847

númer fornleifar á tiltekinni jörð

sérheiti

tegund fornleifar

hlutverk fornleifar

hnattstaða í gráðum og mínútum (WGS84 vörpun)

Sýslutákn

BO-104:025

Gömlugömluhús

tóft

heitarhús

64°29.404N 21°57.216V

"Við það sund rétt við gamla veginn er einstakur klettur, Grautarklettur [104:023]... Upp af Grautarkletti eru gamlar húsarústir, sem nefndar eru Gömlugömluhús. Þar voru fjárhús endur fyrir löngu," segir í örnefnalýsingu. Rústir sem passa við þessa lýsingu eru 230 m austur af Grautarkletti en um 2,8 km NNA af bæ 001. Vestan undir litlu og lágu klapparholti með hundapúfu efst. Í kring eru hálfgrónir melar og mýrarsund til skiptis, sundurgrafin af smálækjum. Þessar rústir eru ekki jafn ellilegar og hefði mátt vænta af lýsingunni og nafninu. Leifar sjást af tveimur samstæðum, aflöngum húsum sem snúa austur-vestur með dyr í vestur. Stærð alls 12 x 10 m og er milliveggur þykkari en útveggirnir. Veggjahæð er mest um 0,7 m en veggir eru mikið hrundir inn. Sér samt víða í grjót í þeim. Hvorki vottar fyrir gördum né hlöðu eða heygardi.

**Hættumat: engin hætta**

**Heimildir: Ö-Höfn, 6-7**

heimild sem vímað er í, nánari fersla í heimildaskrá

hætta sem stöðjar að fornleif, t.d. v/ framkvæmda eða náttúruafli

minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer. Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti fornleifar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Miðað er við að áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um..“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu séu til heimildir um staðinn, en minjar hafi ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar sýnilegar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnit staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga

með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap, og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu eru minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

## GK-080 Útskálar

Staður. Getið í kirknatali Páls Jónssonar frá um 1200 - DI XII, 9. [um 1270]: Útskálar eiga viðreka milli Útskálaóss og Skagaflesjar og 4/5 milli ássins fram undan borginni hjá Kirkjubóli og hjallsins á Fitjum. Útskálar eiga einnig þriðjung í viðreka milli Kölduhamra og Miðhólms og allan viðreka frá honum suður til Mjósyndis. 'Jtem eigu vtskaler vatztokv j kroks brvnn ok halldi hvorertveggv brvnnenvm. Krokvr ok midhvs eiga tveggia skipa vpp satur j navsta holm. Jtem eiga vtskaler allar veidar sydvj j lambarif, enn krokvr ok midhvs. Enn kirkivbol ad svnnann. Enn fiskreka allan at miofa tanga. DI II, 77. [um 1270] Útskálar eiga þann þriðja af níu hlutum allan nema 17 hverja vætt úr þeim hlut sem Presthús eiga. Útskálar eiga einnig þriðjung af fjórða hlut og sjöttung af sjötta hlut, samtals 16,01 % af hval sem er meir en 12,5 vættir og rekur milli Æsubergs og Keflavíkur - DI II, 78-79. 17.12.1340 selur Bjarni Guttormsson fjórðung í Útskálalandi 'vmm framm aull þau akurlond sem Biarni keypti til vtskaala ok ein[n] karfa met atkierum ok ollum reida ok báti' Skálholtskirkju gegn því að staðurinn taki Hrómund son hans á æfilangan kost. Bjarni og Ingibjörg kona hans gefa einnig Pétri postula og heilögum Þorláki annan fjórðung úr Útskálalandi til æfinlegrar eignar - DI II, 734. 10.6.1370: J mote þeim iiiij bæium sem vndann Vtskaala kitkiu eru tekner leggur Biorn bonde kirkiunni ad Vtskalum jord er heiter j Vorum med tveimur kugilldum til æfinnligar eignar - DI III 56-257. Mál dagar 1363, 1397 og 1575 - geta í engu um fasteign - DI III, 256-257; DI IV, 104; DI XV 639. 5.8.1560: Gísli Jónsson Skálholtsbiskup veitir sr. Jóni Loptssyni Útskála sem ævinlegt beneficium - DI XIII, 508. 1703: 9 hjáleigur: Lónshús, Akurhús, Nýibær, Móakot, Presthús, Garðhús, ónefnd heima við staðinn, Vatnagarður og Naust, auk þess tvær hjáleigur í eyði sem höfðu verið heima við staðinn. Einnig höfðu Blómsturvellir/Snorrakot lagst í eyði um 1670, og Hesthús var eyðihjáleiga sem ekki var vitað hvar hafði verið. JÁM III, 79-84. 1703: Vatnsnautn á staðurinn í Króksbrunni, en Krókur þar í mót skipsuppsátur í staðarins landi fyrir tólfæring eður smærra. JÁM III, 79. 1839: 7 hjáleigur: Lónshús, Akurhús, Nýibær, Móakot, Presthús, Garðhús og Vatnagarður en Naust hafði farið í eyði 1782 - SSGK, 160. 1919: Tún 7,5 ha., garðar 2600 m<sup>2</sup>. 1703: Túnin spillast af sjóargangi, önnur í betra lagi, en önnur hættari sandi, sem sjór og vindur ber á, og af leysingavatna ágangi um vetrartímann. Engjar öngvar. Útigangur mjög lítill sumar og vetur. JÁM III, 79. 1839: Mælt er að staðarins tún hafi mikið af sér gengið, og tvívegis hafi túngarðurinn verið færður upp á túnin að norðanverðu. Núleifandi elztu menn muna eftir grastóum fremst framán í fjöru, sem sýnir, að fyrr meir hafi allt það svið verið grasi vaxið og máske tún; hefir þá sjór ekki gengið lengra en að rífi því, sem nú á brýtur fremst fram við fjörumál (þaragarð). SSGK, 160. 1839: Beitiland staðarins er lítið annað en á svonefndum Skaga, sem liggur fyrir sunnan Lambastaði, á milli Út-Garðsins og Nessins. Það var í fyrri daga fallett og grösugt sléttlendi, en nú gengur þar á mikill sandur, svo oft á vetrum sést ekki til jarðar fyrir honum; á honum gengur Út-Garðsþeningurinn, og sauðfé hafnast þar vel, ef ekki er ofsett á. Á Skaganum voru fyrr meir kornakrar og sáðgerði fornanna, og má enn sjá mót til girðinganna ... - SSGK, 161

**GK-080:001** *Útskálar* bæjarhóll bústaður 64°04.665N 22°40.000V

Bæjarhóllinn er vestan við kirkjugarðinn í miðju Útskálátúni. Á honum stendur timburhús á hlöðnum grunni, byggt 1882. Það er tæplega 50 m vestan við kirkjuna en bæjarhóllinn nær alveg að kirkjugarðinum, um 20 m frá kirkjunni. Á túnakorti frá 1919 er sýnd húsalengja fast austan við íbúðarhúsið og var þá aðeins mjótt sund á milli. Sú lengja er nú horfin en austast þar sem hún stóð komið steipt útihús sem snýr NNV-SSA og nær fram á brún bæjarhólsins að norðaustan.

Sérstakur hóll, flatur að ofan. Gnæfir yfir náttúrulega slétt tún í kring. Uppi á hólnum eru tvö hús, annað á steiptum grunni, hitt á hlöðnum, og malarborið plan allsstaðar í kring um þau og út á brúnir hólsins nema mjó ræma vestast. Sunnanmegin á hólnum er sléttá malarplan, líklega uppfylling, þar sem kálgarðurinn 006 var, en hann náði þó 15 m lengra í suður þar sem nú er slétt tún. Hóllinn er mjög brattur að vestan og norðan og þar eru hliðarnar grasi grónar, en að sunnan og austan er hallinn minni og þar allsstaðar mól ofaná. Heimreið liggur upp á hólinn á sama stað og hún var 1919, sunnantil á vesturhlið og niður af honum í norðausturhorni hjá kirkjugarðshorninu. Dæld er í hlið hólsins að vestanverðu, nálægt því sem húsið 004 stóð, en að öðru leyti eru hliðar hans allar sléttar og hefur hóllinn að líkindum allur verið lagaður til og snyrtur á seinni hluta 20. aldar.

Nú er bíslag vestan á íbúðarhúsinu en 1919 voru skúrar norðan og austan á. Húsið snýr ekki eins við áttum og kirkjan heldur meira NNV-SSA. Það er annað timburhúsið á hólnum, hið eldra var byggt 1855, og er ekki vitað hvar síðasti torfbærinn var né hvernig hann snéri. Sr. Sigurður Sívertsen byggði eldra timburhúsið "það var 12 álna langt og 8 álna breitt íveruhús, en lét þó gömlu baðstofuna standa og byggði hana upp með nýrri súð." Undir Garðskagavita, 146. Á hólnum voru 1919 útihús 003 og 004 og kálgarðarnir 005 og 006 auk íbúðarhússins og lengjunnar austan við það. Fornleifauppgröftur fór fram á bæjarhólnum haustið 2005. Þar sem uppgröfturinn fór fram við norðanvert íbúðarhúsið hafði áður verið niðurgráfin viðarbygging en í tengslum við endurbætur á húsinu stóð til að reisa þar strærri byggingu. Uppgröfturinn var um 27 m<sup>2</sup> stór og alldjúpur, eða um 3 m. Efstu jarðlög voru sundurskorin af lögnum og köplum en undir þeim voru þrjú mannvistar stig, gróflega

áætlað. Elstu minjarnar sem voru grafnar upp lágu undir syrpu af gjóskulögum frá 12. öld og sást þá ekki enn í óhreyfðan jarðveg. Varðveisla var með eindæmum góð í bæjarhólnum jafnt á lífrænum leifum og málm. Einn merkasti gripurinn sem fannst við uppgröftinn var útskorinn kambur af norænni miðaldagerð en svipaðir kambar hafa fundist í 11.-13. aldar lögum í Noregi.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar,

**Heimildir:** Túnakort 1919; Undir Garðskagavita, 146.; Guðrún Alda Gísladóttir, munnleg heimild.



*Bæjarhóllinn á Útskálum úr suðvestri, kirkjan í bakgrunni*

#### **GK-080:002** heimild um kirkju

64°04.677N 22°39.938V

Kirkjan er 50 m A við timburhúsið á bæjarhólnum sem snýr ekki eins og hún. Kirkjan og kirkjugarðurinn standa mun neðar en hóllinn og er lítil upphækkun merkjanlega þar sem garðurinn er. 1919 var kirkjan heldur norðar en fyrir miðju garðsins en grafreitirinn var þá alls 60-65 m langur N-S og 45-50 m á breidd. Hann hefur síða verið færður út, um 15 m til austurs og um 50 m til suðurs. Steypt girðing er fyrir vesturhlið og stærstum hluta norðurhliðar en grjóthlaðinn garður (nýlegur) fyrir austurhlið.

Engin tré eru í garðinum sem er að mestu sléttur.

Kirkjan er byggð 1861. Hún er 18x7 m, með forkirkju undir minna formi (6x3 m), á grjóthlöðnum grunni sem hefur verið múrhúðaður. Eldri kirkja var byggð 1799, öll úr timbri, 20 álna löng en 8 álna breidd. Forveri hennar var með timburþaki en grjóthlöðnum hliðarveggjum. Margir gamlir legsteinar eru í kirkjugarðinum næst kirkjunni. 1879 minnst Sr. Sigurður Sivertsen þess að "kirkjugarðurinn á Útskálum hefur nú verið færður út í þriðja sinn og á tvo vegu hlaðinn upp af grjóti, en á einn veg, að vestan, hefur verið sett upp grindverk úr tré. Hann var færður út 1827, 1861 og loks nú 1879." Undir Garðskagavita, 162. C. 1840: "Þá dönsku dysjuðu Norðlingar fyrir norðan garð [á Hafurbjarnarstöðum]. Þetta var ár 1551, en það man ég, að bein úr dysjum þeirra voru blásin upp og færð heim hingað [til Útskála] í kirkjugarð hér um 1828. Þar fannst og silfurhringur með gömlu merki líkt eins og á mörgum steypum beltispörum." SSGK, 184-85. Það var lífseig trú á Suðurnesjum að kumlin á Hafurbjarnarstöðum væru dysjar Kristjáns skrifara og danskra fylgisveina hans sem drepnir voru af norðlenskum vermönnum á Kirkjubóli 1551 en í ritgerð frá 1593 kemur fram að þeir voru dysjaðir fyrir norðan túngarð á Kirkjubóli en að seinna hafi þeir verið teknir upp og grafnir heima hjá hálfkirkjunni á Kirkjubóli (Bsk II, 256). Beinin sem flutt voru í Útskálakirkjugarð um 1828 hafa því væntanlega komið úr heiðnum gröfum. Sjá enn fremur KE í Árbók 1943-47, 119-20.

Úr kirkjugarðinum á Útskálum koma tveir legsteinar með rúnaaletrunum, sem báðir eru á Þjóðminjasafni (Þjms).

10927, 10928). Þeir fundust báðir í stétt við kirkjudyrnar 1840 og voru sendir til Oldnordisk Museum í Kaupmannahöfn 1843 en aftur til Íslands 1930. Báðir eru tímasettir til 15. aldar. Árbók 2000-2001, 11-12.

**Hættumat:** hætta vegna líkagraftar

**Heimildir:** Magnús Grímsson. 1940, 245; Túnakort 1919; SSGK, 184-85; Undir Garðskagavita, 162.

**GK-080:003** heimild um útihús

64°04.673N 22°40.010V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 20 m norðvestur af bæ 001. Á þessum stað er hólbrún, sléttað maárlhlað ofan við en sléttað tún í brekkunni neðan við brúnina. Húsið hefur staðið á heinni eða í brekkunni rétt neðan við. Brún á bæjarhól. Slétt malarborið hlað ofan við en sléttað tún í brekkunni neðan við brúnina.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:004** heimild um útihús

64°04.659N 22°40.015V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 25 m SSV af bæ 001. 18 m SSV af timburhúsinu er smáhóll á bæjarhólsbrúninni og á honum fánastöng. Húsið gæti hafa staðið þar þó skv. túnakorti ætti það að hafa staðið heldur vestar og neðar í brekkunni, en þar er dæld. Brún bæjarhóls, nú slegið tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:005** heimild um kálgarð

64°04.666N 22°40.025V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast vestan við bæ 001, á milli útihúsa 003 og 004. Þessi kálgarður hefur verið úti á norðvesturbrún hólsins og að hluta í slakkanum þar niður af. Nú brún á bæjarhól - sléttað tún

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:006** heimild um kálgarð

64°04.653N 22°39.959V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stór kálgarður sunnan undir bæ 001. Þessi kálgarður náði vestur frá kirkjugarði (mjótt sund var á milli garðanna) og að vesturtröðum. Hann náði um 50 m til suðurs frá íbúðarhúsinu og hefur þar verið aflíðandi brekka niður af. Nú er þar malarfylling undir bílastæði sem nær 35 m suður frá húsinu. Að stærstum hluta undir malarfyllingu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:007** þúst fjárskýli

64°04.742N 22°39.960V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var fjárbyrgi (merkt með hringlaga tákni) á sjávarbakknum nyrst í túni, um 140 m NNA af bæ 001. Þá þegar var sjór farinn að brjóta land allt í kring. Um 15 m sunnan við sjóvarnargarð og um 145 m NNA við bæ 001 er hóll í túninu.

Hóllinn er á sinuvöxnu svæði á milli slétt túns sunnan við og sjóvarnargarðs norðan við hann. Hóllinn er um 8x6 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er um 0,8 m hár. Engar greinilegar hleðslur eru á hólnum. Hann er líklega leifar fjárbyrgisins sem var hér.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919



64°04.760N 22°40.038V  
Þúst 007, horft til suðausturs

**GK-080:008** heimild um túngarð

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var túngarður á sjávarbakknum nyrst

í Útskálátúni. Skýring hefur verið rituð á kortið: "Nýbrotinn túngarður og sjór sleikir lága sendna bakka." Af kortinu að dæma hefur hluti garðsins þó enn verið heillegur, fyrir túni Akurhúsa GK-082. Engin ummerki túngarðsins sjást nú norðan við Útskálátún né norðan við Akurhús. Honum hefur líklega verið raskað þegar núverandi sjóvarnargarður var byggður ef hann hefur ekki þá þegar verið horfinn í sjó.

Nú er sinuvaxið svæði millil túns og sjóvarnargarðs. Engin ummerki túngarðsins sjást nú.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:009** heimild um útihús

64°04.770N 22°40.096V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 220 m norðvestur af bæ 001 á mörkum við Akurhús. Útihúsið stendur við afmarkað svæði sem nefnt er "malir" á túnakortinu.

Nú er slétt tún sunnan við sjóvarnargarðinn á merkjum móti Akurhúsum.  
Engin ummerki hússins sjást í sléttu túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:010** heimild um útihús

64°04.745N 22°39.835V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tóft um 60 m norðan við veg 011. Við tóftina hefur verið rituð skýring: "sjór að grafa undan tóftinni." Þar sem tóftin var er nú sinuvaxið svæði norðan túns og sunnan sjóvarnargarðs.

Engin ummerki tóftarinnar sjást nú enda líklegt að hún sé farin í sjó þar sem þegar var farið að grafa undan henni árið 1919.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:011** heimild um leið

64°04.333N 22°39.763V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur frá norðvesturhorni kirkjugarðs 002 og til norðausturs, fram á sjávarbakkann. Vegur er enn á þessum stað.

Vegurinn liggur frá malarplani milli kirkjugarðs og bæjar, um slétt tún fram að sjó.

Vegurinn er malarborinn. Hann er um 4 m breiður. Hann hefur sennilega verið lagður ofan á eldri veg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:012** gerði kálgarður

64°04.694N 22°39.770V



*Kálgarður 012, horft til norðurs*

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stór kálgarður á tjarnarbakkanum um 150 m vestan við bæ 001. Enn sér móta fyrir kálgarðinum á tjarnarbakkanum. Kálgarðurinn er í sléttu túni.

Kálgarðurinn er um 50x30 m stór og snýr norður-suður. Hleðslur hans eru mjög signar svo rétt sér móta fyrir lægð í túninu. Hleðslurnar er hærri ef mælt er innan úr garðinum. Þar eru þær um 0,3 m háar, að utan eru þær um 0,1 m háar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:013** heimild um leið

64°04.581N 22°40.060V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur frá bæ 001 til suðurs, út í gegnum túnið um Presthúsátún. Í örnefnalýsingu segir: "Upp undir vegi, utan við götuna niður að Útskálum, eru

Presthús [GK-085]." Vegur er enn á þessum stað. Vegurinn liggur um slétt tún, hjá Prestshúsum og að Útskálum. Vegurinn hefur verið endurbættur í seinni tíð og er nú malbikaður. Engin ummerki eldri vegar eru greinileg.

**Hættumat:** hætta vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Útskálar, 2

**GK-080:014** þúst útihús

64°04.665N 22°39.780V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús um 2 m sunnan við kálgarð 012. Þar er nú dæld í sléttu túninu. Samkvæmt skýringum við túnakortið var þarna for (gryfja fyrir áburðarlög) og/eða salerni.

Dældin er í sléttu túni við tjarnarbakkann.

Dældin er um 30x15 m stór og snýr norður-suður. Hún er grænni en túnið umhverfis, um 0,2 m djúp. Engar hleðsluleifar eru við dældina en svæðið hefur augljóslega verið sléttað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919



*Þúst 014, horft til suðurs*

**GK-080:015** *Naust* heimild um býli

64°04.766N 22°39.721V

Í Jarðabók Árna og Páls er Naust talin sem níunda hjáleiga frá Útskálum. Um hana segir í örnefnalýsingu: "Naust, er nefnd 1703, þar var þá þríbýli. Það er þessi jörð, sem talin er að hafa verið á Naustarífi, eða réttara að Naustarífi séu leifar strandarinnar...Naust hafa fyrir verið nefnd sem býli, en er nú horfið í sjó. Heitir þar nú Naustarífi, þar sem bær þessi var, en nú brýtur á því sem þaragarði fyrir framan land og fer í kaf um öll flóð." Í sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 segir ennfremur: "... Jörðin Naust, þríbýli, sem fyrir 80 árum var byggð. Braut sjórinn upp á, svo hún ár 1762 var óbyggileg álitin og 1782 eyðilagð með öllu. Þar, sem tún þessarar jarðar var fyrrum, heitir nú Naustarífi; gengur sjór þar alltaf yfir, og er ei nema grjótt og möl." Þá segir í örnefnalýsingu Nýlendu: "Naustarífið liggur fyrir allmiklu af Útskálalandi og hér fyrir framan [þ.e. Nýlendu, Akurhús og Lónshús], fer í kaf um öll flóð. Á Naustarífi er sagt að hafi verið bær sá, er Naust hét. Var það þríbýlisjörð, er eyðilagðist að öllu leyti 1782." Nákvæm staðsetning hjáleigunnar er ekki þekkt enda landið komið í sjó. Hnit var tekið af korti vestan við Manntapafliúð (Mannskaðaflös) um 295 m norðaustan við bæ 001. Hnit var tekið á klöppum fram undan ströndinni en þær eru velgreinilegar á loftmynd og sjást eflaust á fjöru. Klappirnar voru ekki skoðaðar á vettvangi en augljóst þykir að allar minjar býlisins séu horfnar vegna rofs.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs**Heimildir:**JÁM III, 83; Ö-Útskálar, 1-2; SSGK, 160; Ö-Nýlenda, 1-2**GK-080:016** heimild um býli

Í Jarðabók Árna og Páls segir í upptalningu á hjáleigum: "Hjáleigur tvær hafa áður verið heima við staðinn og eru nú báðar í eyði; var hvorugri nafn gefið nema eftir þeim sem í hvört sinn bjuggu þar, grasnyt fylgdi hvörri þeirra og var l álna landskuld af og í kúgildi með hvörri, þær hafa nú yfir xxx ár í eyði legið. Kunna og ómögulegt aftur að byggjast, nema með staðarins forðjörfun." Staðsetning hjáleigunnar er ekki þekkt. Fimm rústahólar eru skráðir í túni Útskála 038, 039, 070,071 og 072, hugsanlega hefur hjáleigan staðið á einhverjum þeirra en ekki er hægt að fullyrða um það.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:**JÁM III, 83-84**GK-080:017** heimild um býli

Í Jarðabók Árna og Páls segir í upptalningu á hjáleigum: "Hjáleigur tvær hafa áður verið heima við staðinn og eru nú báðar í eyði; var hvorugri nafn gefið nema eftir þeim sem í hvört sinn bjuggu þar, grasnyt fylgdi hvörri þeirra og var l álna landskuld af og í kúgildi með hvörri, þær hafa nú yfir xxx ár í eyði legið. Kunna og ómögulegt aftur að byggjast, nema með staðarins forðjörfun." Staðsetning hjáleigunnar er ekki þekkt. Fimm rústahólar eru skráðir í túni Útskála 038, 039, 070,071 og 072, hugsanlega hefur hjáleigan staðið á einhverjum þeirra en ekki er hægt að fullyrða um það.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:**JÁM III, 83-84**GK-080:018** *Blómsturvellir* heimild um býli

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Blómsturvellir, öðru nafni Snorrakot. Nú í auðn og það yfir xxx ár, var með l álna landskuld og í kúgildi. kann ei aftur að byggjast nema með staðarins skaða. Grasnautn, sem þar fylgdi með, meina menn sje nú lögð til hjáleigu þeirrar, er Vatnagarður [GK-087] heitir." Staðsetning hjáleigunnar er ekki þekkt og hennar er ekki getið í yngri heimildum. Fimm rústahólar eru skráðir í túni Útskála 038, 039, 070, 071 og 072, hugsanlega hefur hjáleigan staðið á einhverjum þeirra en ekki er hægt að fullyrða um það. Blómsturvellir 058 eru merktir á túnakort frá 1919. Það eru þó án vafa ekki þeir Blómsturvellir sem Jarðabókin getur um þar sem þeir eru of langt frá Vatnagarði til að vera lagðir undir þá jörð. Auk þess sagði Magnús Gíslason, heimildamaður, frá fjölskyldu sem flutti þangað (á Blómsturvelli 058) í byrjun 20. aldar og nefndi bæinn Blómsturvelli því þau höfðu svo gaman af blómum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:**JÁM III, 84**GK-080:019** *Króksós* heimild um lendingu

64°04.719N 22°39.640V

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Lendingar eru tvennar, önnur í betra lagi, en önnur hättari." Í sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Tvær eru lendingar sem staðnum tilheyrja, önnur í svonefndum Króksós, sem í máldögum heitir Útskálaós; er þar hættulegt og vandfarið sund, þegar brimsamt er, með því það er mjótt, og til annarar hliðar sker eða flúð, sem Manntapafliúð er kölluð; þar hefir skipum borizt á. Fyrir innan sunnið liggur ósinn eða skipaleiðin, og er hverju skipi óhætt, þegar inn fyrir kemur." Í örnefnaskrá segir ennfremur: "... Hér er

svo hin lendingin í Útskálalandi landmegin við Naustaríf og heitir Króksós." Í örnefnaskrá Miðhúsa og Króks segir: "Naustaríf er hér fyrir neðan, og lendingin er inn úr Króksós. Þar eru tvær varir, sem heita Miðhúsavör og Króksvör, sem er innst undan Útskálum. Króksós er mjór, en lónið sjálft er allbreitt og nær út að Naustarífi." Í athugasemdum við örnefnaskrá Miðhúsa og Króks segir: "Útskálavör er niður undan skúrum nokkrum, aðeins innan við Útskála. Fara þurfti inn um Króksós til að komast inn í hana." Útskálaós er um 310 m norðaustan við bæ 001. Þar sem lendingin var er skarð í klappinnar við ströndina. Það virðist vera náttúrulegt að öllu leyti. Manntaflúð er vestan við skarðið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**JÁM III, 79; Ö-Útskálar, 2; SSGK, 160; Ö-Miðhús og Krókur, 1; Ö-Krókur og Miðhús aths., 1

**GK-080:020** *Lónið* heimild um lendingu 64°04.812N 22°40.353V

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Lendingar eru tvennar, önnur í betra lagi, en önnur hættari." Í sýslu og sóknalýsingum frá 1839 segir enn fremur: "Önnur vörin er Lónið, þar að liggja líka sker, og er hjáleigan Lónshús kennd við það, sem þar á uppsátur." Þá segir í örnefnaskrá: "... Lónsós og Lónið, sem er fram undan Akurhúsum. Hér er svo hin lendingin í Útskálalandi landmegin við Naustaríf og heitir Króksós [019]." Lónsós er um 395 m norðvestan við bæ 001 og um 25 m NNS við yngra bæjarstæði Lónshúsa 081:002.

Þar sem lendingin var er skarð í klappinnar, það virðist vera náttúrulegt að öllu leyti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**JÁM III, 79; Ö-Útskálar, 2; SSGK, 160.

**GK-080:021** *Langigarður* heimild um varnargarður

Í örnefnaskrá segir: "Þegar kemur svo upp á land, heita þar Sandsflatir fyrir neðan bæ inn með sjó, og svo er þar garður, sem nefndur er Langigarður. Hefur hann verið hlaðinn til varnar." Magnús Gíslason heimildamaður taldi að Langigarður væri annað nafn á Skagagarði 036. Samkvæmt örnefnalýsingu virðist þó vera sem garðurinn hafi verið nær sjó og má vera að þetta sé sami garður og hér er skráður á 008 eða jafnvel garðurinn við Útskálasíki 044 en vel má vera að garðar 044 og 008 hafi verið tengdir áður fyrr. Ekki er hægt að fullyrða um það að svo stöddu og því er Langigarður ekki staðsettur með vissu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Útskálar, 2

**GK-080:022** *Naustakot* heimild um býli 64°04.737N 22°39.774V

"Neðan síkis á kampinum voru býli, nokkrar hjáleigur. Þar er hlið á garðinum [008], sem nefnt er Naustahlíð. Við það er gamalt kot, nefnt Naustakot," segir í örnefnalýsingu. Staðsetning Naustakots er ekki þekkt. Magnús Gíslason heimildamaður sagði að hlið hefði verið á vegi 011 þar sem hann liggur að Vatnagarði. Vegurinn hefur eflaust eitt sinn einnig legið að Naustum 015 þegar þau voru í byggð og má því leiða líkur að því að hliðið hafi verið nefnt Naustahlíð. Engar tóftir eru á þessu svæði sem nú er vaxið sinu norðan við veg en slétt tún eru sunnan við hann. Hnit var tekið norðan við hliðið.

Nú er sinuaxið svæði á milli sjóvarnargarðs og vegar.

Engin ummerki kotsins sjást á svæðinu sem líklega hefur verið raskað við gerð sjóvarnargarðsins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Útskálar, 2

**GK-080:023** *Móhús* bæjarstæði býli

64°04684N 22°40.412V

Á túnakorti Garðsins 1919 er sýnd hjáleiga frá Útskálum, Móhús, syðst og vestast í túninu. Bæjarröðin hefur legið frá norðaustri til suðvesturs. Nú, 2007, stendur tvílyft steinhús með kjallara þar sem Móhús voru.

Fast vestan við húsið er malarplan og þá vegur að Akurhúsum, Akurhúsabraut. Í aðrar áttir er slétt grasflöt.

Húsið stendur á litlum stalli. Hann er um 20x12 m stór og snýr austur-vestur. Stallurinn er um 0,3 m hár. Líklegt þykir að hann hafi myndast við byggingu hússins sem nú stendur á staðnum fremur en að hann geymi uppsafnaðar mannvistarleifar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919



*Móhús, horft til norðurs*



**GK-080:024** heimild um kálgarð

64°04.677N 22°40.421V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast austan við Móhús 023.

Nú er slétt flöt austan við íbúðarhúsið í Móhúsum sem líklega stendur að hluta á kálgarðsstæðinu.

Engin ummerki kálgarðs sjást á sléttri flötinni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1919**GK-080:025** heimild um leið

64°04.672N 22°40.429V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur eða traðir frá Móhúsum 023 til suðurs.

Þar sem traðirnar voru er nú slétt flöt milli Skagabrautar og Móhúsa.

Engin ummerki traðanna sjást í sléttu túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1919**GK-080:026** heimild um kálgarð

64°04.672N 22°40.452V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tveir samfastir kálgarðar 20-30 m vestur af Móhúsum 023 og er annar merktur "Móh.kg." en hinn "húsm.kg.".

Þar sem kálgarðarnir voru er nú slétt grasflöt, vestan við íbúðarhúsið og norðan við veg.

Engin ummerki garðanna sjást í sléttu túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1919**GK-080:027** *Hellukot* bæjarhóll býli

64°04.561N 22°39.905V

*Bæjarhóll 027, horft til austurs*

Á túnakorti Garðsins 1919 er sýnd hjáleiga, Hellukot, fast austan við tún Garðhúsa GK-086 og virðist byggð úr þeirra túnskika. Bærinn virðist hafa samanstaðið af tveimur húsum sambyggðum. Samkvæmt túnakortinu var tún Hellukots 0,26 ha og garðar 500 fermetrar. Þar sem Hellukot stóð er nú sinuvaxinn hóll. Skilti merkt "Hér stóð bærinn Hellur" hefur verið rekið ofan í hólinn. Hugsanlegt er að bærinn hafi verið þekktur undir því nafni áður en hann var kallaður Hellukot. Hvorki Hella né Hellukots er getið í Jarðabók Johnsens frá 1847 né í fasteignabók frá 1915 svo líklegt er að bærinn hafi ekki verið í byggð lengi.

Hóllinn er á sinuvöxnu svæði fast vestan við garðlag 044. Slétt tún taka við að austan, vestan, sunnan og norðan.

Hóllinn er um 8x4 m stór og snýr norður-suður. Hann er um 1 m hár. Engar skýrar hleðsluleifar eru á hólnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1919**GK-080:028** heimild um útihús

64°04.563N 22°39.917V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stakt hús um 10 m vestur af Hellukoti 027. Þar sem útihúsið var er sinuvaxið svæði á mörkum tveggja túna. Engin ummerki útihússins sjást á svæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1919**GK-080:029** gerði kálgarður

64°04.557N 22°39.912V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður sunnan við Hellukot 027. Enn sér móta fyrir kálgarðinum, um 5 m sunnan við bæ 027.

Kálgarðurinn er á sinuvöxnu svæði milli tveggja túna.


Kálgarðurinn er um 12x16 m stór og snýr norður-suður. Hann er fast vestan við túngarð 044 sem myndar austurvegg hans. Garðurinn er lágur og er sem stungið hafi verið niður í jarðveginn innan hans. Hleðslur hans

eru hæstar um 0,2 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:030** tóft útihús 64°04.545N 22°39.925V



*Tóft 030, horft til suðurs*

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var úthús sunnan eða

suðvestan við Hellukot 027. Það var um 40 m sunnan við bæ 027 og um 10 m sunnan við suðurvegg kálgarðs 029. Þar er tóft. Tóftin er á sinuöxnu svæði milli tveggja túna. Tóftin er um 2x2 m stór. Hún er einföld. Ekkert greinilegt op er á tóftinni en hún er vaxin mikilli sinu sem gerir hana óskýra. Hér og þar glittir í grjóti í henni. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,4 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:031** heimild um býli

Á túnakorti Út-Garðsins frá 1919 er reitur utan túns, beint sunnan við Presthús GK-085, merktur "Útskálautgræðsla". Áfast honum að vestan er svæði merkt órækt og kálgarður og innan sviga stendur "var kot".

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:032** Hesthús heimild um býli

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Hesthús hefur enn til forna hjáleiga verið og vita menn ekki hvar verið hafi, kann og ei að byggjast, þó menn vissu, fyrir sagðar orðsakir." Staðsetning hjáleigunnar er ekki þekkt. Fimm rústahólar eru skráðir í túni Útskála 038, 039, 070, 071 og 072, hugsanlega hefur hjáleigan staðið á einhverjum þeirra en ekki er hægt að fullyrða um það.

**Heimildir:** JÁM III, 84

**GK-080:033** Fjósaflatir þúst fjós 64°04.745N 22°40.097V

Í örnefnalýsingu segir: "Upp af Sandaflötum, vestan eða réttara norðan Útskála, eru Fjósaflatir." Um 20 m austan við merkin móti Akurhúsum GK-082 er lítil hólbunga í sléttu túninu. Samkvæmt örnefnalýsingu heitir svæðið Fjósaflatir svo hugsanlega er hún leifar fjóssins sem flatirnar eru kenndar við. Hún er um 165 m norðvestan við bæ 001. Hólbungan er í sléttu túni. Hún er um 15x8 m stór og snýr austur-vestur. Hún er um 0,6 m há. Engar hleðsluleifar eru á hólbungunni en svæðið hefur augljóslega verið sléttað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Útskálar, 2

**GK-080:034** Steinsholt heimild

"Ofan við veginn austan við Nýjabæ er Steinsholt. Þar eru rústir og kálgarðsrústir," segir í örnefnalýsingu.


**Heimildir:** Ö-Útskálar, 2-3



Túnið þar sem sér til akurreina við góð skilyrði, horft til norðausturs



Lóðrétt mynd af Hólavöllum. Norður er upp. Ljósmyndari Kolbeinn Arnason



Uppdráttur Brynjúlfs Jónssonar af meintum akurlöndum á Garðskaga

"Garðskagi er hið gamla nafn á nyrzta hluta skagans, reyndar alveg þvert yfir. Mun það vera leifar frá því að hér var afgirt land, akurreinar," segir í örnefnalýsingu. Í grein Magnúsar Grímssonar, Fornminjar á Reykjanesskaga, frá um 1860 segir: "Skaga (eða Garðskaga) kalla menn odda þann enn þríhyrnda, er lengst gengur fram í sjó í Garðinum og snýr til útnorðurs. Hann er að mestu sléttur og grasi vaxinn. ... Á Skaganum hafa í fyrndinni verið girðingar eigi alllitlar, og hafa þær skipt honum í marga ferhyrnda reiti, suma aflanga, suma jafna á alla vegu. Allir hafa þessir garðar verið hlaðnir upp úr hnaus eða sverði, en litlu eða engu grjóti."

Sunnan við nýja vitann og byggðasafnið, vestan Hólavalla og norðan Skagabrautar er slétt tún. Þar má þó sjá móta fyrir lægðum þegar sól er lágt á lofti. Þær munu vera leifar þeirra

akurreina sem hér voru og lýst er í heimildum.

Í sýslu og sóknalýsingu frá 1839 segir um garðana: "Á skaganum voru fyrr meir kornakrar og sáðgerði formanna, og má enn sjá mót til girðinganna." Í sóknalýsingu frá um 1840 segir: "Er þessi garður [036], kallaður Skagagarður og hefir líkast til í fyrndinni verið varnargarður fyrir skaganum á hverjum verið hafa yrktir sáðakrar, og má enn sjá merki garðlaga, sem hlaðin hafa verið kringum sáðreitina. En á þessum aðalvarnargarði áttu að hafa verið læst hlið." Í grein Magnúsar Grímssonar frá um 1860 segir enn fremur: "Er það auðsjáanlegt, að hér hafa verið tómir akur, og er það mikið svæði, sem þeir hafa náð yfir, því sjórinn hefur án efa brotið töluvert af því. Ekki sjást nein merki um skurði eða þess háttar, og getur vel verið, að þeir séu nú fullir orðnir af sandi og gras gróið yfir, þó að þeir hafi verið þar áður. Ekki vita menn þessara akra eða akurlanda getið neins staðar nema í bréfi Jóns biskups í Skálholti, dat. 1340, er hann keypti einn fjórðung úr Útskálalandi til Skálholtsstaðar að Bjarna Guttormssyni - og "um fram öll þau akurlönd, sem Bjarni keypti til Útskála." [Dipl. Isl. II, 733-34.]. Þó að þessi bending sé lítil, sýnir hún að Útskálur hafi átt akra, og þeir geta varla hafa veirið annars staðar en á Skaganum, því nokkuð af honum er enn í eign Útskála, og ganga merkin eftir einum garðlaginu, sem um Skagann liggur."

Brynjúlfur Jónsson rannsakaði garðana árið 1902. Í grein hans í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1903 segir: "Akurlönd hafa verið á Skaganum fyrir norðan Útskála. Sér þar enn votta fyrir að minnsta kosti 18 akurreinum, 4-8 fðm. breiðum, sem eru aðgreindar með þráðbeinum, jafnhliða gördum, er norðast liggja yfir um þveran þveran skagann, en þegar sunnar dregur, takmarkast þeir að vestanverðu af garði, sem þar liggur frá sjónum langsetis í suðaustur að lítill hæð eða tóftabungu, sem er skamt frá norðvesturhorni hinna norðustu

túngarða í Útskálaverfinu, sem nú eru. Suður- og austur frá langsetis-garðinum og rústinni eru margar stærri girðingar, flestar hér um bil ferhyrndar, og ná þær allt suður að landamerkjum Útskála og Kirkjubóls. Hafa það að líkindum verið töðuvellir. Þar er nær sjó dregur, eru girðingar þessar óglöggar af sandburði." Eftir rannsókn Brynjúlfs voru akurreinarnar friðaðar. Kristján Eldjárn ritar í Árbók Ferðafélagsins árið 1977: "Akurreinar Brynjúlfs voru friðlýstar árið 1930 eftir lýsingu hans, en ekki entist sú friðlýsing þeim til verndar, þótt ekki séu þær með öllu horfnar." Í Friðlýsingaskrá segir: "Útskálar. Akurlönd forn, á Garðskaga. 10 Sbr. Árb. 1903: 35-36. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938." Árið 1999 var gerð rannsókn á þessum reinum og uppgröftur gerður í landi Hólavalla. Um örlög reinanna segir í rannsóknarskýrslunni sem birt var í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 2002-2004: "Nú, hundrað árum eftir för Brynjúlfs, eru akurreinarnar afar ógreinilegar og víða horfnar með öllu. Ætla má að sjávarrof, bæði á vestur- og norðurströnd skagans, hafi valdið nokkurri eyðileggingu, en mest spjöll hafa orðið af manna völdum. Fjórar hjáleigur og nýr viti eru nú á því svæði sem Brynjúlfur Jónsson lýsir akurreininum ... Þessari búsetu hafa fylgt húsbyggingar, vegagerð, túnasléttun og annað jarðrask ... Niðurstöður úr Garðinum eru fremur lítil afgerandi. Sandfylltar dældir í sniðum eru til marks um að jarðvegur hafi verið hreyfður, en ekki eru tók á að tímasetja þann atburð sem stendur. Ekki verður heldur fullyrt með vissu að raskið stafi af jarðrækt, þó að aðrar vísbendingar um kornrækt á staðnum geri þá túlkun sennilega." Túnið sunnan byggðasafnsins þar sem sér fyrir akurreininum á stöku stað er um 145x125 m stórt og snýr austur-vestur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Útskálar, 3; SSGK, 161;184; Magnús Grímsson 1940, 244-245; Árbók 1903, 36; ÁFÍ

**GK-080:036** *Skagagarður* heimild um vörslugarð

64°04.604N 22°40.271V

"Lokaðist það [akurland 035] af svonefndum Skagagarði, sem hlaðinn var frá túngarði Útskála og þvert fyrir



*Skagagarður sunnan Skagabrautar. Myndirnar eru í eigu Magnúsar Gíslasonar.*

tána yfir í túngarðinn á Kirkjubóli. Sér leifar hans hér og hvar enn," segir í örnefnalýsingu. Í sýslu- og sóknalýsingu frá um 1860 segir ennfremur: "Fyrir ofan Skagann hefur legið garður einn mikill, sem enn er kallaður Skagagarður, frá túngarðinum á Útskálum beint yfir í Túngarðinn á Kirkjubóli." Enn sér fyrir Skagagarði sunnan Skagabrautar en norðan hennar (innan deiliskipulagsreitsins sem lá til grundvallar fornleifaskráningu árið 2007) er hann farinn í tún og þar sjást engin ummerki hans. Samkvæmt stefnu garðsins sunnan vegar hefur hann legið um 25-30 m austan við landamerkjagarð 083:006. Þá má einnig vera að Skagagarðurinn hafi legið frá syðsta hluta túngarðsins á Útskálum að Kirkjubóli og að hann hafi því aldrei legið norðan núverandi vegar.

Þar sem Skagagarður lá norðan Skagabrautar eru nú slétt tún. Sunnan vegar liggur hann að mestu í sinuvöxnum móa.

Í Chorographicu Árna Magnússonar frá 1720 segir: "Garður (sú sveit) hefur nafn af girðingum. Mennt meina landið hafi afgirt verið frá Hrafnkelsstöðum og so continue að Þórustöðum." Í sýslu- og sóknalýsingu frá 1839: "... Ein hefir höfuðgirðing verið yfir þveran Skagann, sem Skagagarður kallast; á honum voru að sögn læst hlið." Í annari lýsingu frá um 1840 segir ennfremur: "Mikill garður hefir í fyrndinni þaðan [frá Flangastöðum] legið, sem enn sést merki til, og hefir náð allt inn að Útskálum. Er það sögn manna, að með þeim garði hefðu allir átt að fara, sem innan að sóttu jólagleði þessa [á Flangastöðum], svo ekki villtust menn, þó niða myrkur væri. Þessi fornaldargarður liggur sunnanvert fyrir Skaganum eða heiðar megin, en Skaginn er sléttlendur og hagbeitarpláss frá Útskálum. Er þessi garður, sem heita má gersamlega niður fallinn, kallaður Skagagarður og hefir líkast til í fyrndinni verið varnargarður fyrir skaganum á hverjum verið hafa yrktir sáðakrar, og má enn sjá merki garðlaga, sem hlaðin hafa verið kringum sáðreitina. En á þessum aðalvarnargarði áttu að hafa verið læst hlið."

Í grein Magnúsar Grímssonar, Fornminjar um Reykjanesskaga frá 1860 segir um Skagagarð: "Rústírnar af garði þessum, sem nú eru að mestu grasi grónar og líta út eins og ávalur hryggur, eru glöggar nema á stöku stöðum, þar sem mælt er, að hlið hafi verið á honum. Garðurinn hefur að mestu verið hlaðinn úr stórgrýti og að líkindum afar hár og þykkur, eftir sem út lítur 3-4 álna á þykkt. Nú geta 2 menn riðið samsíða ofan á rúst hans víðast hvar. Með þessum garði hefur Skaginn með öllum ökrum og hofinu (?) verið alveg afgirtur."

Kristján Eldjárn skrifar í Árbók Ferðafélags Íslands árið 1977: "En Skagagarðurinn mikil, sem byggðin hefur nafn af og prestarnir lýsa svo fagurlega, hann er enn til, friðlýstur og heill, að öðru leyti en því að á einum stað var rofið skarð í hann 1964 til að komast þar í gegn með veg sem liggur frá Sandgerðu til Út-Garðs. ... Á milli Út-Garðs (Útskálhverfis) og Kirkjubólshverfis er víðáttumikið land, sem ætíð hefur verið lítt eða ekki byggt fyrir á tíð og raunar enn á vorum dögum. Þetta er sendið land og grýtt og virðist ekki kostamikið. Upp undir heiðinni og þá ofarlega eða efst á Skaganum liggur Skagagarðurinn þvert yfir hann í nokkurn veginn beinni línu frá Útskálum, þ.e. Túngarðinum á Útskálum, þótt sú samkoma sjáist ekki nú, og þar til hann hverfur fyrir ofan bæina Kolbeinsstaði og Hafurbjarnarstaði í Kirkjubólshverfi, þar sem hann hefur á sama hátt náð sambandi við túngarð. Þessi beini garður, hinn raunverulegi Skagagarður, hefur verið röskir 1500 m að lengd. Hann er sannarlega þess virði að skoða hann. Hugsum okkur að við komum eftir þjóðveginum frá Sandgerði og stefnum til garðs. Fyrir ofan Kolbeinsstaði klofnar vegurinn í tvennt. Til hægri liggur vegur til Inn-Garðs og síðan áfram til Kaflavíkur. Til vinstri liggur áðurnefndur vegur til Út-Garðs og hann förum við. Þá sjáum við fljótlega Skagagarðinn nærri vegi til vinstri handar og ekki líður á löngu þar til við komum þar sem vegurinn sker garðinn. Þar er ráð að staldra við, ef maður hefur hug á að átta sig á Skagagarðinum. Við lítum um öxl og sjáum hvernig hann nær sambandi við túnin í Kirkjubólshverfi, og til hinnar handarinnar sjáum við glögggt hvernig garðurinn stefnir til norðausturs rétt utan við Útskálakirkju. Hér er auðvelt að sjá hvernig garðurinn tengir saman Útskálhverfi og Kirkjubólshverfi og hvernig hann girðir af Skagann, nokkurn veginn á mörkum hans og heiðarinnar. Hér er mjög auðskilið að þetta er aðalvarnargarður Skagans og einnig hvernig hann hefur getað tengt túngörðum til beggja hliða, sem vel hugsanlega hafa náð alla leið til Rafnkelsstaða að austan og Þórustaða að vestan eins og Árni Magnússon segir, eða jafnvel alla leið til Flankastaða eins og prestarnir segja. Í Kirkjubólshverfinu má enn rekja þessa garða að mestu leyti og á loftmynd sjást þeir greinilega og hvernig þeir enda við sjó rétt fyrir sunnan Þórustaði. Í Garðinum sést þetta miður sökum þess hve mjög hefur byggst þar en þó hygg ég að einnig þar mætti sjá búta af túngörðum ofan gömlu túnanna. Ekki fer hjá því að Skagagarðurinn vekir undrun fyrir mikilleika sakir. Sú spurning hvarflar jafnvel í hug manns sem snöggvast að hann sé alls ekki mannaverk, heldur náttúrulegur ávalur ás. Slíkt væri dálaglegt. Til þess að vera ekki einn um ánbyrgðina fékk ég þrjá glögga menn til að gera með mér áreið á garðinn haustið 1976. Einn þeirra var dr. Sigurður Þórarinnsson. Hann sagði orðrétt þegar hann sá garðinn: "Það er ekkert í náttúrunnar ríki sem getur búið þetta til." Reyndar urðum við allir vel sammála um að vissulega væri Skagagarðurinn mannaverk. Hann má heita þráðbeinn, og þegar vel er að gáð er fleira sem sýnir að hann er af mannahöndum gerður. Hann hefur verið borið saman úr grjóti og jarðvegshnausum og áreiðanlega verið bæði hár og þykkur en með tímanum flast út og að nokkru sandorpist. Við þetta hefur hann smátt og smátt fengið þennan ávala svip og að lokum orðið firnabreiður í grunninn, víða líklega um 15 m. Skýrar heldslur sjást varla í honum nú, þótt steinar standi upp úr víða, og þegar skarðið var rofið í hann vegna vegarins 1964 tók verkstjóri (Björn Jóhannesson) ekki eftir greinilegri hleðslu svo hann muni. Reyndar er túngarðurinn á Hofi í Garði fróðlegur til samanburðar við Skagagarð. Hann er með ólíkindum mikill og ávalur nokkuð á svipaðan hátt, en til muna minna útflattur [079:013]. Og beint upp frá gerðum, við hornið á íþróttavellinum sem nú er, má sjá vænan búi af mjög fornlegu garðlagi sem að öllu leyti minnir á Skagagarðinn sjálfan. Að sögn prestanna góðu áttu nokkur hlið að hafa verið á Skagagarðinum. Ekki er það nema eðlilegt, en í raun réttir er þetta hermt í sögur til þess að skýra nokkur skörð sem nú eru í garðinn. En sum þeirra eru langtum of víð til að teljast hlið, og kem ég nú ekki auga á nærtæka skýringu á skörðum þessum. Garðurinn kann að hafa verið rofinn af einhverjum ástæðum, en þó mætti fremur virðast við athugun sem skörðin hafi verið frá upphafi og þá ef til vill fyllt upp í þau með einfaldri grjótgirðingu, sem síðan hefur hrunið eða verið fjarlægð. Hefur garðurinn kannski aldrei verið fullgerður í sinni stóru mynd?"

Í bók Jóns Böðvarssonar, Suður með sjó frá 1988 segir: "Nýjar rannsóknir jarðfræðinganna Guðrúnar Larsen og Hauks Jóhannessonar hafa leitt í ljós að Skagagarðurinn á Suðurnesjum er miklu eldri en áður var haldið. Niðurstöðu þessa fengu þau eftir að hafa grafið gegnum garðinn á þremur stöðum sem merktir eru inn á kortið [sýnt á bls. 92]. Að sögn Hauks mælist garðurinn nú 1500 metra langur, og hefur náð meðalmanni í öxl fyrr á öldum. ... Garðurinn er stöllóttur að innanverðu en sléttur að utan, þannig að unnt hefur verið að reka fé út yfir hann án þess það kæmist inn aftur og hefir það líklega komið sér vel vegna akurreina innan garðsins. Ofan á Skagagarði er grjóthleðsla sem telin er jafngömul torfgarðinum. Haukur segir að aldur garðsins megi greina all nákvæmlega út frá öskulögum sem sjást þegar grafið er í gegnum hann. Ljóst er að hann hafi verið reistur skömmu eftir að öskulag, kennt við landnám, féll í upphafi tíundu aldar. Svokallað miðaldalag er myndaðist við gos í sjó út af Reykjanesi árið 1226 lagðist ofan á garðinn, sem þá var að miklu leyti kominn í kaf vegna foks." Í skýrslu Garðars Guðmundssonar og fleiri í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 2002-2003 segir: "Hrun úr garðinum er undir miðaldalaginu frá 1226 og landnámslagið er í torfi garðsins. Magnús Á. Sigurgeirsson telur garðinn hlaðinn á 10.-11. öld."

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Útskálar, 3; SSGK, 161-62, 184; Árni Magnússon, Chorographica, 55; Magnús Grímsson 1940, 245; ÁFÍ 1977, 114; Jón Böðvarsson: Suður með sjó 1988, 91-93; Árbók 2002-2003, 85.

**GK-080:037** Skálareykir tóft+garðlag býli

64°04.436N 22°40.716V

Í ornefnalýsingu segir: "Skálareykir eru gamlar bæjarrústir fast við miðjan Skagagarð [036]. Þar sér fyrir



Tóft A á Skálareykjum. Horft í norður

túngarði og húsarústum...Skálareykja finnst ekki getið, hvorki 1703 né 1847. Eru til ýmsar tilgátur um býli þetta, m.a. að Ketill gufa hafi byggt skála, annan að Gufuskálum og annan að Útskálum. Svo var byggður nýr bær, þar sem reykirnir sáust frá báðum hinum skálanum, og því nefndur Skálareykir. Önnur segir, að þar sjáist merki og að þar hafi verið draugagangur, er setti bæinn í eyði, en trúlegra er, að það hafi verið vatnsskortur og fjarlægð frá sjó." 1839: "Í mæli er að bær hafi þá staðið á Skaganum nálægt þessum garði [036], sem Skálareykir hafi verið kallaðir; hafa allt til þessa sést þar bæjarrústir og mót til túngarðs. Ekki eru nema munnmæli, að þaðan hafi staðurinn verið fluttur að Útskálum, en hitt er víst, að þar hafi


einhverntíma verið jörð byggð, þó hennar sé ekki getið." SSGK, 162; c. 1840: "Nálægt þessum garði [036] er í mæli, að hafi staðið bær, sem Skálareykir hafi heitið, og sjáist þar nú til bæjarrústa og túngarðsgirðingar umhverfis. Hvergi hef ég í jarðabókum séð þá jörð nefnda, enda hef ég fátt fengið í hendur af gömlum skjólum." SSGK, 184; c. 1860:

"Með þessum garði [036] hefur Skaginn með öllum ökrum og hofinu (?) verið alveg afgirtur, og þá hefur að líkindum enginn bær staðið fyrir utan hann nema einn, sem enn sér rústir af og hét á Skálareykjum [Skálareykir hdr.]. Sá bær hefir staðið þétt við garðinn miðjan, Skagamegin, og má vera að þar hafi verið gæzlumaður akranna og garðsins, ef bærinn er svo gamall eins og garðurinn. Á Skálareykjum sér enn fyrir túngörðum og bæjar- og húsarústum í meðallagi stórum." 1902: "Fyrir austan þær (girðingar sbr. 035), þar sem nú er fjárrétt, er sagt að bær hafi verið og heitið Skálareykir. Er sagt að á þeim bæ hafi hvílt sú skylda, að verja akrana og girðingarnar fyrir ágangi af skepnum. Ekki er getið hvers vegna hann er kenndur við reyki. Má vera það bendi til þess, á þessu svæði hafi fyrrum verið jarðhitar, sem seinna hafi kólnað, og með þeim jarðhita hafi akuryrkjan þar staðið og fallið." BJ í Árbók 1903, 36. Rústir býlisins má greina um 200 m sunnan við fiskverkun H. Péturssonar og um 300 m suðvestan við nýlegt íbúahverfi við Spóaland. Rústir býlisins eru í þýfðu túni. Hluti þess er afgirtur og nýttur til hrossabeitar. Nokkuð af ökuslóðum liggja í kringum og og þvert yfir rústirnar.

1977 segir í Árbók Ferðafélagsins: "Minnast verður á Skálareyki. Rétt er það sem prestarnir herma að garðlag harla fornlegt afmarkar þar vænan blett rétt utan við garðinn og þó reyndar báðum megin við hann, því að garðurinn liggur gegnum girðinguna eins og best sést á loftmynd. Innan í girðingunni mótast fyrir mjög vallgrónum mannaverku, en tvær grjóthlaðnar og snotrar húsatóftir miklu unglegri ofan á. Þar sagði fólk í Garði að gullkista væri grafin. Hvort þarna hefur verið bær skal ósagt látið, en þessar minjar eru friðlýstar með

garðinum sem rétt er, því að þær eru eins og samvaxnar honum. Nafnið mun líklega að hálfu dregið af Útskálum, en að hálfu er það óráðin gáta." KE í ÁFÍ 1977, 117.

Rústir býlisins eru báðu megin Skagagarðs sem sést vel á þessu svæði og ná yfir svæði sem er um 200 x 130 m stórt. Bæjarhóllinn hefur líklega verið þar sem tóft A er nú en hún virðist vera fremur ung. Gætu því eldri byggingarstig verið undir tóftinni. Er hóllinn um 15 x 15 m að stærð og 0,5 m há. Er hann veglegasti hóllinn á svæðinu og grasi vaxinn. Tóft A: Ofan á hólnum er tóft, líklega af fjárhúsi. Er hún 10 x 10 m að stærð og skiptist í tvö hól. Bæði snúa í NA-SV. Hólf I, hið austara, er 6 x 2,2 m að innanmáli og hefur um 2 m breitt op á syðri skammhlið. Fyrir utan opið er röð fremur stórra steina. Hólf II er 6 x 2,5 m að innanmáli og er op á því fyrir miðri vestari langhlið. Er opið ríflega 1 m breitt. Veggir tóftarinnar eru flestir 2 m breiðir nema sá sem aðskilur hólfín tvö, hann er aðeins um 1 m að breidd. Allir eru veggirnir 0,6 m háir. Líklega eru þeir grjót- eða torf- og grjóthlaðnir og sér í steina í öllum veggjum. Hleðslur eru grónar grasi. Gerði B: 5 m norðvestan við tóft A er ferhyrnt gerði. Hefur það líklega umlukið kálgarð eða rétt. Er það 16 x 15 m að stærð og snýr í NA-SV. Breidd veggja er um 1,5 m og hæð þeirra 0,3 m. Á stöku stað sést glitta í grjót í gegnum grassvörðinn. Ekki er eins þýft innan garðlagsins og utan þess. Erfitt er að átta sig á aldri garðlagsins en líklega er það ekki mjög fornt. Gerði C: 20 m sunnan við tóft A er annað gerði. Er það 26 x 7 m að utanmáli og snýr í NA-SV. Skammhliðar gerðisins virðast hafa rofnað í burtu en víða vantar einnig hluta í langhliðar. Breidd veggja er um 0,8 m og hæð þeirra er 0,4 m. Ekkert grjót sést í hleðslunum. Nánast engar þúfur eru innan garðlagsins. Líkt og garðlag B kemur helst til greina að um sé að ræða kálgarð eða einhvers konar aðhald. Aldur garðlagsins er óráður. Tóft D: 3 m suðvestan við tóft A er afar ógreinileg tóft útihúss. Er hún u.þ.b. 11 x 9 m að utanmáli og snýr í VNV-ASA. Virðist hún við fyrstu sýn aðeins vera upphækkun í landslaginu eða framhald af bæjarhólnum en ef vel er að gáð má greina leifar tveggja hólfa. Snúa bæði til NNV-SSA. Sést glitta í grjót á nokkrum stöðum sem líklega er úr veggjum útihússins. Tóft þessi er líklega mun eldri en tóft A. Garðlag E: Túngarður liggur utan um býlið.



Afmarkar hann svæði sem er sporöskjulaga, u.þ.b. 200 x 130 m að stærð og snýr í N-S. Garðurinn er mikið siginn og sést sem hryggur í túninu, 3-5 m breiður og um 0,2 m há. Víðast hvar er fremur greinilegur nema norðaustast þar sem hann hverfur sjónum á um 80 m vegalengd. Aðeins sést í grjót á stöku stað. Tóft F: 95 m suður af tóft A og upp við garðlag E er lágur hóll. Er hann 9 x 4 m að stærð, 0,3 m há og flatur að ofan. Líklegast verður að teljast að útihús hafi staðið þar en að hleðslur þess séu nú útflattar. Tóft G: Austast við garðlag E, um 45 m suðaustan við tóft A er hóll. Er hann 8 x 7 m að stærð og ríflega 1 m há. Stingur hann nokkuð í stúf við hið flata umhverfi í kring. Engar greinilegar rústir eru á honum en ójöfnur ofan á honum gætu

verið leifar mannvirkis.

**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Útskálur, 3; SSGK, 162, 184; Magnús Grímsson. 1940, 245; Árbók 1902, 36; ÁFÍ 1977, 117.

**GK-080:038** tóft óþekkt

64°04.688N 22°40.055V



*Tóft 038, séð frá bæjarhólnum úr suðri*

22 m norður af NV horni bæjarhólsins 001 er stór rústahóll í túninu.

Í sléttu túni og hefur verið slegið upp á vesturbrún hólsins en austari 2/3 hlutarnir eru í kafgrasi.

Skiptist í þrjú stór hólf, tvö samhliða austan á, annað 9 m og hitt 11 m breitt, bæði um 20 m löng, og þriðja þvert á þau norðan við, 18x10 m. Gætu verið kál- eða heygarðar ofan á eldri rústum en húsarústa væri helst að vænta í vesturhliðinni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-080:039** þúst óþekkt

64°04.697N 22°39.999V

Allstórt og óreglulegt þústahrúgald er við norðausturhorn bæjarhólsins, um 20 m austan við rústahól 038, norðan við heimreiðina frá sjávarkambinum. Að hluta eru ójöfnurnar afleiðingar af raski á 20. öld, einkum austast þar sem tvær reglulegar djúpar dokkir eru, og syðst meðfram heimreiðinni á móts við kirkjugarðinn, en vestari hluti hrúgaldsins hefur útlit fyrir að vera eldri mannvirkjaleifar. Fornleifakönnun fór fram á þústinni á útmánuðum 2006. Við hana komu í ljós byggingarleifar og gripir frá 18.- 20. öld. Nemur við bæjarhól og er e.t.v. framhald hans að hluta. Slétt slegið tún í kring en hrúgaldið sjálft er óslegið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Guðrún Alda Gísladóttir, munnleg heimild



*Þúst 039, séð frá bæjarhólnum úr suðvestri*

**GK-080:040** *Hestasteinn* heimild

"Hestasteinn, er stendur uppá Endann milli Stadarins og Kirkjugardsins a Utskálum; Hann er 3 stendur, hérum 3 Al danskar á Hæd, með því sem nidri Iörd er, og næstum því eins á digurd um Midjuna, þar sem hann er þó mjóstur. Það er ótruleg Almuga Saga um Stein þenna, að Smalamadur á Utskálum, hafi í Fornöld borid hann heim af Háa-Leiti í Stafness Heidi, hvar nu er mjög grjóttugt Pláz, enn þá hafi eingin Steirn annar átt að sjást þar ofan Iardar," segir í Frásögum um Fornaldarleifar. Hestasteinninn fannst ekki við vettvangsskoðun og staðsetning hans er óþekkt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** FF, 235.

**GK-080:041** gripir

1865: "Lítið AKKERI úr silfri. Það fannst í jörðu nálægt Útskálum," segir í skýrslu um Forngripasafn Íslands í Reykjavík frá 1868. Fundarstaður akkerisins er ekki þekktur.

**Heimildir:** Skýrsla FÍ I, 103

**GK-080:042** áletrun

"... stendur eirn [rúnasteinn] og þó ey stór, a Skaganum, nordanhallt við Landamerkin milli Kirkjubóls og Utskála, þar á standa so myndadir Stafir: [3 ták]," segir í Frásögum um Fornaldarleifar.

**Heimildir:** FF, 235.



**GK-080:043** gerði kálgarður 64°04.658N 22°40.714V

10 m sunnan við Gimli eru ógreinilegar leifar garðlags. Líklega hefur kálgarður verið þar.

Grýtt tún, strjál íbúabyggð við Skagabraut. Grjóthlaðinn garður sem nýr til A-V. Er hann um 8 m langur, 1 m breiður og 0,2 m hár. Þvert á hann í austri kemur 1,5 m breið rás í jörðinni, 20 m löng. Afmarkast hún af tveimur bungum, aðeins um 5 cm háum og er dæld þar á milli sem myndar rásina. Rásin gæti hugsanlega verið sigið garðlag. Ef garðlagið hefur legið í kringum kálgarð eru aðrir hlutar þess horfnir í jörð.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-080:044** garðlag landamerki 64°04.535N 22°39.932V

Garðlag liggur á merkjum Útskála og Garðshúsa annarsvegar og Miðhúsa hinsvegar. Suðurendi garðlagsins er um 60 m sunnan við Hellukot 027. Þaðan liggur garðlagið til norðausturs þar til það beygir til austurs í átt á síkinu. Norðurendi þess er um 140 m VNV við Miðhús. Garðlagið liggur að mestu leyti um slétt tún. Syðst liggur það á sinuvöxnu svæði á milli túna. Garðlagið er alls um 235 m langt. Það er nokkuð sigið, um 0,3 m hátt þar sem það er hæst og um 0,5 m breitt. Vel sér í grjót í garðinum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-080:045** Guðlaugsstaðir heimild um býli 64°04.661N 22°40.601V

Á túnakorti frá 1919 er sýnd bæjarhúsaröð á Guðlaugsstöðum með stafna til austurs og kálgarða og einn kofa framan við. Slóð lá að bænum úr norðri. Bærinn stóð þar sem nú er Skagabraut 41.

Strjál íbúabyggð er við Skagabraut sem Guðlaugsstaðir standa við en sunnan við húsið er mólendi.

Á Guðlaugsstöðum stendur nú nýlegt íbúðarhús, bílskúr og önnur minni bygging. Bæjarhúsin hafa líklega staðið á þeim stað sem nú er bílskúr. Engin merki bæjarhóls sjást innan garðlaganna sem liggja í kringum húsið. Hugsanlegt er að hann hafi raskast við byggingarframkvæmdir þar sem íbúðarhúsið er fremur stórt.

Stakt útihús er sýnt á túnakorti í suðvesturhorni óræktargirðingar, um 50 m austan við bæjarstæði Guðlaugsstaða 045. Þar sem útihúsið hefur líklega staðið hefur nýleg bygging verið reist og sér því engin merki þess. Garðlögin, flest kálgarðar, sem sjá má á túnakorti frá árinu 1919 standa flest enn. eru þau hlaðin úr grjóti en víða hylur gras nú hleðslurnar. Breidd garðanna er á bilinu 0,5 - 1 m og hæð þeirra frá 0,3 m upp í 1 m. Ekki er þó hægt að greina einstaka kálgarða í sundur líkt og gert er á túnakortinu. Hæst standa garðlögin í vestri en lægst í suðri þar sem þau afmarka garð við íbúðarhúsið. Garðlögin afmarka svæði utan um Gunnlaugsstaði. Er svæðið 40 x 45 m að stærð og snýr í NA-SV. Vestur af garðinum, út frá SV-horni hans, er annað hólfið, 15 x 15 m að stærð. Á túnakortinu eru tún og kálgarðar merktir innan þess en engin merki þeirrar skiptingar eru enn sýnileg. Í SA-horni innan túngarðsins var afmarkað hólfið, 10 x 10 m að stærð og sést það greinilega á eldri loftmyndum. Nú hefur hins vegar verið reist bygging á svipuðum slóðum og raskaðist garðlagið við það. Á NA-skammhlið vestan heimreiðar er ruðningur þar sem garðlagið hefur áður legið. Er hólfinn sem ruðningurinn myndar um 2 m breiður og 2 m 1,5 m hár.

Austan við Guðlaugsstaði eru garðlög sem ekki eru sýnd á túnakorti. Gætu þau því verið yngri og virðast þau tengjast þeim sem liggja í kringum bæinn. eru þau þó frekur ógreinileg, breidd veggja er aðeins tæpur metri og hæð þeirra um 0,3 m. Er þau hlaðin úr grjóti. Liggur afmarkað hólfið til suðausturs frá austari langhlið túngarðsins. Er það 22 x 10 m að stærð. Í framhaldi af því liggur ógreinilegt garðlag út frá báðum langveggjum til suðausturs um 25 m. Þar liggur garðlag þvert á þau sem nær að Skagabraut.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK080:046** garðlag kálgarður

64°04.688N 22°40.598V

20 m norðan við Gunnlaugsstaði (045) er kálgarður.

Grasflöt er í kringum kálgarðinn og strjál íbúabyggð við Skagabraut.

Kálgarðurinn er 22 x 12 m að stærð og umhverfis hann liggur garðlag. Snýr hann í NV-SA. Breidd garðlagsins er á bilinu 1-2 m. Breiddast er það að norðanverðu. Þar sést greinilega í grjóthleðslur en á öðrum hliðum hefur gras gróið yfir þær. Hæð garðlagsins er 0,4 m. Þrjár gryfjur eru í kálgarðinum. Ein er í vesturhorni hans og er 2 x 3 m að stærð og 1 m djúp. Önnur er í kálgarðinum miðjum, 2 x 2 m í þvermál og 0,5 m djúp. Sú þriðja er í miðju norðanverðu garðlaginu. Er það 2 x 3 m að



Túngarður 046, horft í vestur

stærð og 0,8 m djúpt. Virðist vera sem nokkuð af grjóti hafi verið fjarlægt úr garðlaginu þar. Út frá NA-horni liggur garðlagið áfram um 12 m til norðausturs þar til það hverfur nálægt Skagabraut. Hugsanlegt er að kálgarður þessi hafi verið seinni tíma viðbót við kálgarða sem sýndir eru á túnakorti frá 1919 á Guðlaugsstöðum.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-080:047** Akurgerði bæjarstæði býli Milli Gimli og Guðlaugsstaða (045) eru garðlag og steinsteyptur grunnur.

64°04.686N 22°40.653V

Tún og strjál íbúabyggð við Skagabraut. Garðlag og steinsteyptur húsgrunnur eru í túninu milli Gimli og Guðlaugsstaða. Er grunnurinn 7 x 7 m að stærð. Myndar garðlagið að hluta garð utan um grunninn. Það hefst um 30 m norðan við grunninn og liggur frá norðaustri til suðvesturs um 50 m leið, beygir þá til suðausturs um 13 m og aftur til norðausturs, 17 m leið. Vestan við hann kálgarður, 12 x 5 m að stærð, sem afmarkast af garðlagi til allra átta nema suðurs. Þar stendur lágur höll. Einnig er líklegt að kálgarður hafi verið sunna við grunninn innan garðlagsins. Á skilti sem sett hefur verið upp við húsgrunninn stendur að það hafi heitið Akurgerði en ekki er ljóst hvaðan sú heimild er fengin.



*Akurgerði, horft til norðvesturs*

**GK-080:048** Nýlenda bæjarstæði býli

64°04.723N 22°40.549V



*Íbúðarhúsið í Nýlendu, horft til norðurs*



*Gamla bæjarstæði Nýlendu, horft til austurs*

Á túnakorti frá 1919 er bærinn Nýlenda sýndur sem röð sjö húsa með stöfnum í austur og tveir kofar framan við hlaðið og einn að húsabaki syðst. Einnig eru kálgarðar í kringum bæinn, bæði að vestan og austan. Slóði er einnig merktur að bænum úr norðri. Nýtlenda er ekki nefnd í Jarðatali Johnsens frá 1847 en hún er nefnd hjáleiga frá Útskálum í Nýrri jarðabók fyrir Ísland frá 1861. Hún hefur því verið byggð á þeim árum sem skilja jarðabækurnar að. Gamli bærinn í Nýlendu stóð fast vestan við bílskúr sem nú er við núverandi íbúðarhús í Nýlendu. Bærinn var um 10 m norðan við núverandi íbúðarhús. Hann brann á stríðsárunum. Áður en núverandi íbúðarhús var byggt var timburhús á steypum grunni fast austan við það, þar sem búið var eftir að bærinn brann. Nú er slétt tún umhverfis íbúðarhúsið í Nýlendu.

Engin ummerki gamla bæjarins eru norðan við núverandi íbúðarhús. Um 22 m vestan við bílskúrinn mótar þó fyrir um 0,6 m háum kanti. Hann er líklega framhald garðlags 051 fremur en leifar bæjarhólsins. Enn sér vel fyrir undirstöðum timburhússins, austan íbúðarhússins. Þar er um 0,3 m há stallur í túninu. Hann er um 8x7 m stór og snýr austur-vestur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; JJ, 88; NJ, 36.

**GK-080:049** gerði kálgarður

64°04.684N 22°40.764V

Kálgarðar voru við suðausturhlíð túnsins í Nýlendu samkvæmt túnakorti frá 1919. Enn sér fyrir kálgarði fast vestan við Akurhúsaveg, um 85 m ASA af Nýlendu 048.

Kálgarðurinn er á sinuvöxnusvæði fast vestan við malbikaðan veg upp að Akurhúsum. Í aðrar áttir er slétt tún. Garðurinn er tvískiptur. Hann er um 40x20 m stór og snýr norður-suður. Hólf hans eru nær jafnstór. Millivegurinn er hæstur um 1 m hár en aðrir veggir garðisins er um 0,7 m háir. Garðurinn er vel gróinn en hér og þar sér í grjót í hleðslum hans.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919



*Kálgarður 049, horft til norðurs*

**GK-080:050** gerði kálgarður

Á túnakorti frá 1919 eru sýndir kálgarðar og túnbleðill norðan við Nýlendutún en ekki tengdir því heldur garði 051. Enn sér vel fyrir kálgörðunum um 50 m norðan við bæ 048, fast austan við garðlag 051. Kálgarðurinn er í sléttu túni.

Kálgarðurinn er tvískiptur. Hann er um 30x25 m stór og snýr norður-suður. Norðurhólfir er ívið stærra, um 25x15 m stórt en hið syðra er um 20x15 m stórt, þau snúa bæði austur-vestur. Nyrðra hólfir er gróið en svo virðist sem enn sé ræktað í syðra hólfinu. Veggir garðsins eru um 0,6 m háir og allvíða sér í grjót í þeim.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

64°04.767N 22°40.548V



*Kálgarður 050, horft til suðurs*

**GK-080:051** garðlag túngarður



*Túngarður 051, horft til suðurs*

64°04.791N 22°40.558V


Á túnakorti frá 1919 er sýndur garður sem er fyrir vesturhlíð Nýlendutúns en heldur áfram til norðurs og tengist suðurhlíð Lambastaðatúngarðs eftir að hafa tekið á sig hlykk. Garðurinn er enn vel greinilegur. Suðurendi hans er um 15 m VNV við Nýlendu 048. Þaðan liggur hann til norðurs þar til hann tengist túngarði Lambastaða sunnan við tóft 078:009.

Garðurinn liggur um óræktað tún.

Garðurinn er alls um 120 m langur. Hann er allhár, hæstur um 1,2 m og um 0,9 m breiður. All víðasér í grjót í honum og er sumt þess mjög stórt. Nú er gaddavirsgirðing á garðlaginu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919



*Tillaga að staðsetningu býlanna Blómsturvallanna, Fögruvalla, Sæbóls og Sjárgötu. Hér hefur túnakort frá 1919 verið lagt ofan á nýlega loftmynd af svæðinu*

**GK-080:052** Sæból heimild um býli

64°04.757N 22°40.931V

Á túnakorti er Sæbólsbærinn sýndur sem timburhús með bislagi að norðanverðu, brunnur við vesturhlið þess, kofi við suðurhlið og kálgarðar austan við. Samkvæmt túnakortinu frá 1919 var Sæból um 40 m vestan við Sjárgötu 054 og um 120 m ASA við Blómsturvelli 058. Nú standa íbúðarhús á Blómsturvellum og í Sjárgötu en einungis 50 m eru á milli þeirra. Því leikur nokkur vafi á því hvar Sæból stóð en ekkert íbúðarhús er nú á milli Blómsturvallanna og Sjárgötu enda varla rúm fyrir hús þar. Hnit var tekið um 30 m ASA við Blómsturvelli og um 20 m vestan við Sjárgötu. Leiða má líkur að því að Blómsturvellir hafi verið færðir lengra til austurs nær Sjárgötu á 20. öld og að Sæbólsbærinn hafi staðið skammt austan við núverandi bæjarstaði Blómsturvallanna.

Þar er óræktað tún.

Engin ummerki hússins sáust á vettvangi.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:053** gerði kálgarður

64°04.788N 22°40.899V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru kálgarðar sem tilheyrðu Sæbóli áfastir suðurhlið Hofstúns. Enn sér móta fyrir kálgarði, um 60 m norðan við Sjárgötu 054.

Kálgarðurinn er í grasivöxnu, óræktuðu túni.

Garðurinn liggur fast sunnan við garðlag 079:013 sem myndar norðurhlið hans. Hann er um 65x20 m stór og snýr VNV-ASA. Veggir garðsins eru lágir, hæstir um 0,2 m. Þeir eru algrónir og hvergi sér í grjóti. Þeir eru um 0,3 m breiðir. Innan garðsins vex hvönn.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919



*Kálgarður 053, horft til austurs*

**GK-080:054** *Sjávargata* bæjarstæði býli  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var bærinn í Sjávargötu tveir litlir kofar samtengdir. Nú stendur hús á einni hæð með risi í Sjávargötu, um 50 m ASA við Blómsturvellir 058. Húsið er ekki með kjallara. Húsið stendur á sléttri flöt. Engin ummerki eldri húsa eru greinanleg á þessum stað.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919

64°04.755N 22°40.904V



*Íbúðarhúsið í Sjávargötu 054, horft til norðurs*

**GK-080:055** *Fögruvellir* heimild um býli

64°04.781N 22°40.930V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var bærinn á Fögruvöllum torfbær, 4 hús í röð með stafna í norður en auk þess þrjú samtengdir kofar þar austan við og lá garður frá þeim til norðausturs yfir í kálgarð við suðurhlíð Hofstúns. Á túnakortinu eru Fögruvellir merktir um 60 m norðvestan við Sjávargötu 054 og um 100 m austan við Blómsturvellir 058, en nú eru einungis 50 m á milli þeirra bæja. Því leikur nokkur vafi á því hvar Fögruvellir stóðu. Magnús Gíslason heimildamaður sagði frá því að Fögruvellir hefðu verið fluttir til Reykjavíkur og hlýtur því timburhús að hafa staðið á bæjarstæðinu eftir að torfbærinn féll. Hnit var tekið um 30 m ASA við Blómsturvellir 058, um 20 m vestan við Sjávargötu 054 og um 15 m norðaustan við meinta staðsetningu Sæbóls 052. Leiða má líkur að því að Blómsturvellir hafi verið færðir til austurs nær Sjávargötu á 20. öld og að Fögruvellir hafi staðið skammt norðan við núverandi bæjarstæði Blómsturvalla.

Þar er nú óræktað tún.

Engin ummerki hússins sáust í túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:056** heimild um útihús

64°04.782N 22°40.938V

Á túnakorti frá 1919 er sýnt stakt hús í túninu um 20 m vestan við Fögruvallabæ 055. Staðsetning hússins liggur nokkuð á reiki sem og staðsetning Fögruvalla. Hnit var tekið um 10 m norðvestan við skúr sem stendur aftan, norðan við þar sem Blómsturvellir standa nú.

Þar er óræktað tún. Engin ummerki hússins sjást á þessum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:057** heimild um kálgarð

64°04.753N 22°40.949V

Á túnakorti frá 1919 er sýndur kálgarður í suðvesturhorni Fögruvallatúns. Staðsetning kálgarðsins er á reiki. Hann hefur þó verið á milli Blómsturvalla 058 og Sjávargötu 054.

Þar er óræktað tún. Lítil bunga er í túninu. Hún er illgreinileg vegna óræktar en ef til vill hefur kálgarðurinn verið þar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:058** *Blómsturvellir* bæjarstæði býli

64°04.770N 22°40.957V



*Núverandi íbúðarhús á Blómsturvöllum, horft til norðurs*

Á túnakorti frá 1919 eru Blómsturvellir sýndir sem þrjú kofar, þar af tveir samtengdir, með stafna í norður, um 180 m suðvestan við Neðra-Hof 079:002. Nú stendur steinsteypt, járnklætt hús á einni hæð, nefnt Blómsturvellir, um 140 m suðvestan við Neðra-Hof. Húsið er ekki með kjallara. Leiða má líkur að því að Blómsturvellir hafi verið færðir til vesturs nær Sjávargötu á 20. öld og að eldra bæjarstæði þeirra sé í túninu vestan við íbúðarhúsið Grund (byggt um 1933) og sunnan við túngarð 079:013.

Húsið stendur á sléttri flöt. Vestan við það er malarplan en í aðrar áttir er óræktað tún.

Engin ummerki eldri húsa eru á bæjarstæði núverandi Blómsturvalla. Meint eldra bæjarstæði er nú í sléttu túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:059** heimild um kálgarð

64°04.757N 22°40.973V

Kálgarðar sem tilheyrðu Blómsturvöllum voru um 10 m sunnan við bæinn samkvæmt túnakorti frá 1919.

Þar er nú óræktað tún, milli bæjar og Skagabrautar.

Engin ummekri kálgarðanna sjást nú framan, sunnan við bæinn.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-080:060** *Garðskagaviti* mannvirki samgöngubót

64°04.979N 22°41.612V

"Það var minnisverður atburður, þegar fyrsta leiðarmerkið var sett á Garðskaga. Það var árið 1847, að hlaðin var varða ... Varðan var hlaðin úr grjóti og upp úr henni stóð járnstöng. ... Gert er ráð fyrir, að varðan með grjótstöpli, sem undir hana verið hlaðinn, verði 15 álna há ... Það var svo ekki fyrir en 1884, að ljósker var sett á vörðuna á Garðskaga og jafnframt byggt þar dálítið hús úr timbri ... Árið 1897 var svo byggður ljósviti á Garðskagatá. ... Það var ferstrend bygging úr steinsteypu, 12,5 metrar á hæð og 3,25 metrar á hverja hlið. Áfast við hann var varðhús ... Umhverfis vitann var pallur, hlaðinn úr höggnu grjóti, um 3 m á hæð. Í vitann voru sett mjög vönduð ljósataeki frá París ... Nýr viti var svo byggður árið 1944 ... En gamli vitinn hefur fengið nýju hlutverki að gegna. Þar er nú verið að koma upp fuglarannsóknarstöð," segir í Undir Garðskagavita. "Gamli vitinn er fremst á tanni. Hann var reistur 1897. Þá var gras fyrir framan hann og náði dálítið fram á rífið, en nú er þetta alveg gróðurlaust," segir í örnefnalýsingu. Vitinn er merktur á túnakort frá 1919. Gamli vitinn stendur enn. Hann er um 200 m norðvestan við nýja vitann frá 1944.



*Garðskagaviti, horft til norðvesturs*

Vitinn stendur á hlöðnum stöpli, umluknum sjó. Steinsteyppt gagnstétt liggur að honum úr suðaustri.

Í Undir Garðskagavita segir ennfremur: "Ein höfuðástæða þess, að nýr viti var reistur á Garðskagatá árið 1944, var sú að sjór hafði gengið mikið inn á landið frá því að gamli vitinn var byggður. Fyrir kom það, að ekki var hættulaust að annast vörzlu hans ... samkvæmt frásögn elztu manna, að landbrotið sé um 100 metra frá þeim stað, sem gamla Skagavarðan stóð, og eflaust hefur verið nokkuð land fyrir utan hana. Þegar grafa tók undan gamla vitanum, svo að hann virtist í hættu, var farið að steypa öldubrjóta og varnarveggi í kringum hann, fyrst árið 1924 og margsinnis síðan." Engin ummkerki eldri mannvirkja en vitans frá 1897 sjást nú á Garðskagatá enda hefur sjórin eflaust fyrir löngu étið leifar vörðunnar og timburhússins sem þar stóðu áður en vitinn var byggður. Varðan hefur samkvæmt bókinni Undir Garðskagavita staðið um 100 m norðvestan við vitann.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Undir Garðskagavita, 186-9; Ö-Garðskagi, 3; Túnakort 1919

**GK-080:061** vegur leið

64°04.969N 22°41.596V

"Steypt gangstétt, 1 m á br. 1/3 - 1 m á hæð og við 170 m á lengd," segir á túnakorti frá 1919, við teikningu á

gangstéttinni sem liggur frá vitanum til suðaustur að bæjarstæðinu 062. Í Undir Garðskagavita segir: "Áður hafði verið steyppt göngubrú að vitanum og hefur henni verið haldið við til þess að forða landbroti. Einnig var stórgrýti flutt á fjörukambinn." Gangstéttin liggur frá vitanum 060 til suðausturs að malbikuðu bílplaninu.

Sjór liggur að gangstéttinni að norðan og sunnan.

Girðing er við stéttina beggja vegna. Hún er um 40 m löng að bílplaninu, en virðist hafa verið lengri árið 1919. Líklegt er að malbikað hafi verið yfir suðurenda hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Túnakort 1919; Undir Garðskagavita, 189..



*Bæjarhóllinn 062, horft til norðausturs*

**GK-080:062** *Garðskagi* bæjarhóll býli

64°04.890N 22°41.399V

Samkvæmt túnakorti Garðskagavita frá 1919 stóð bærinn, vestast í túni, um 250 m suðaustan við vitann 060. Þar eru sýndir tveir klasar af byggingum með kálgarði á milli. Gamli bærinn á Garðskaga stóð fast austan við vitavarðarhúsið sem

byggt var um 1940, um 40 m sunnan við vitann sem byggður var 1944.

Þar er lítil hólbunga í sléttu túninu.

Hólbungan og leifar kálgarðsins sunnan við hana eru á svæði sem er alls um 40x40 m stórt. Sjálf er bungan um 40x10 m stór og snýr austur-vestur. Hún er um 0,5 m há, séð frá suðri en fellur inn í landið til norðurs. Vegurinn að byggðasafninu liggur yfir norðvesturhorn hennar. Ekkert greinilegt tófta- eða byggingarlag er á hólbungunni enda hefur svæðið augljóslega verið sléttað í seinni tíð. Frá suðvesturhorni hennar mótar fyrir garðlagi sem liggur til suðurs og þá til austurs. Það er eflaust leifar kálgarðsins sem var sunnan við bæinn samkvæmt túnakorti frá 1919. Suðurveggur kálgarðsins er sérstaklega greinilegur. Hann er hæstur um 0,8 m. Hann er um 30 m sunnan við hólbunguna og er um 30 m langur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

### GK-080:063 heimild um kálgarð

64°04.857N 22°41.391V

Kálgarður var í suðvesturhorni túns á Garðskaga samkvæmt túnakorti frá 1919. Kálgarðurinn var um 60 m sunnan við bæ 062. Þar sem kálgarðurinn var eru nú slétt tún. Engin ummerki garðsins sjást í túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

### GK-080:064 Hólavellir bærstæði býli

64°04.826N 22°41.198V



*Íbúðarhúsið á Hólavöllum, horft til norðurs*

"Milli Hofslands og Garðskaga var þurrabúðin Hólavellir, en hún tilheyrði Útskálum. Enn býr fólk á Hólavöllum, en eins og stendur er þar enginn búskapur," segir í örnefnalýsingu. Hólavalla er getið á túnakorti frá 1919 en hús og garðar eru ekki sýnd. Samkvæmt túnakortinu var þar ekkert tún en um 820 fermetra kálgarður fylgdi býlinu. Hann er ekki merktur á kortið. Nú stendur hús með kjallara og risi á bærstæði Hólavalla. Það er um 195 m suðaustan við bærarhólinn á Garðskagavita 062 og um 140 m SSA við Helgarétt 079:015.

Húsið stendur á sléttu grasivaxinni flöt.

Enginn hóll er greinilegur á bærstæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Garðskagi, 5; Túnakort 1919



*Sundtré 065, horft til suðvesturs*

### GK-080:065 varða samgöngubót 64°04.742N 22°40.143V

"Merkin á Lónssund voru tvö sundtré, annað á mörkum Akurhúsa og Útskála, en hið efra í Útskálalandi, nú grjóthruga." segir í örnefnalýsingu. Grunnur sundtrésins á mörkum Akurhúsa og Útskála er enn greinilegur um 90 m ANA við Akurhús 082:001.

Hann er í sléttu túni.

Grunnur sundtrésins er gróin grjóthruga í sléttu túni. Hún er nær hringlaga, um 3 m í þvermál og um 0,7 m há.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Nýlenda, 1

### GK-080:066 varða samgöngubót 64°04.664N 22°40.218V

"Merkin á Lónssund voru tvö sundtré, annað á mörkum Akurhúsa og Útskála, en hið efra í Útskálalandi, nú grjóthruga," segir í örnefnalýsingu. Grunnur efra sundtrésins er enn greinilegur, um 50 m austan við bærarhól Nýjabæjar 083:001 og um 155 m SSV við neðra sundtréð 065.

Leifar sundtrésins eru í sléttu túni.

Grunnur sundtrésins er ílangur gróinn hóll. Hann er um 10x4 m stór og snýr norður-suður. Hóllinn er um 0,8 m hár. Allviða sér í grjót í honum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Nýlenda, 1



*Sundtré 066, horft til norðurs*

**GK-080:067** heimild um leið

64°04.753N 22°40.119V

"Sjávarmegin við Akurhús er svæði, sem nær inn í Útskálaland, og heitir það Sandaflatir. ... Á Sandaflötum voru taldir 13 eða fleiri götutroðningar, sem búizt er við, að hafi legið að hofinu," segir í örnefnalýsingu. Sandaflatir eru nú slétt tún.

Engin ummerki götutroðninga sjást á Sandaflötum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Nýlenda, 2


**GK-080:068** heimild um býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Hjáleiga, sjöunda heima við staðinn, ekkert nafn gefið. Jarðardýrleiki óviss." Staðsetning hjáleigunnar er ekki þekkt. Fimm rústahólar eru skráðir í túni Útskála 038, 039, 070, 071 og 072, hugsanlega hefur hjáleigan staðið á einhverjum þeirra en ekki er hægt að fullyrða um það.

**Heimildir:** JÁM III, 82.

**GK-080:069** Steinshús bæjarstaði bústaður

64°04.778N 22°40.906V



*Grunnurinn, horft til suðvesturs*

Guðni Ingimundarson, heimildamaður sagði frá leifum húsgrunns þar sem íbúðarhúsið Steinshús stóð lengi. Grunnurinn er um 40 m norðan við Sjávargötu 054.

Grunnurinn er á sléttu grasflöt.

Steinsteyptur grunnur gægist upp úr grassverðinum á þessum stað. Hann er L-laga, um 7x6 m stór og snýr austur-vestur. Byggingarár hússins er ekki þekkt en Guðni Ingimundarson, heimildamaður sem er fæddur 1923 mundi eftir húsinu frá uppvaxtarárum sínum. Grunnur hússins er líklega ekki skilningi, þar sem miðað er við minjar

fornleif í í lagalegum

100 ára og eldri, en sjálfsagt þótti að skrá það þar sem líklegt má teljast að staðsetning bæjarins falli í gleymsku ef hún er ekki skráð. Hér leynast ugglaut mannvistarleifar undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-080:070** þúst óþekkt

64°04.673N 22°40.114V

Um 15 m austan við garðlag 083:006 er hóll í túni Útskála. Hann er um 55 m suðvestan við hól 038 og um 95 m austan við bæ 001.

Hóllinn er í sléttu túni.

Hóllinn er um 14x10 m stór og snýr austur-vestur. Hann er um 1 m hár. Ekki er vitað til þess að hús hafi staðið á hólnum en hann er ugglaut að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Hugsanlega hefur hér staðið einhver af þeim hjáleigum frá Útskálum sem Jarðabókin frá 1703 getur til um. Hóllinn hefur verið sléttaður í seinni tíð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




*Þúst 070, horft til suðausturs*



**GK-080:071** þúst óþekkt

64°04.614N 22°39.859V



*Þúst 071, horft til suðurs*

"Neðan síkið á kampinum voru býli, nokkrar hjáleigur," segir í örnefnalýsingu. Um 125 m vestan við syðsta odda síkisins er hól í sléttu túni. Hann er um 150 m suðaustan við bæ 001 og um 30 m suðvestan við hól 072.

Hóllinn er í sléttu túni.

Hann er um 25x12 m stór og um 0,7 m hár. Hann snýr suðvestur-norðaustur. Ekkert skýrt tóftarlag er á hólnum og ekki er vitað til þess að hús hafi staðið á hólnum. Hann er þó ugglaut að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Hugsanlega hefur hér staðið hjáleiga frá Útskálum. Hóllinn hefur verið sléttaður í seinni tíð.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Útskálar, 2

**GK-080:072** þúst óþekkt

64°04.623N 22°39.828V

"Neðan síkis á kampinum voru býli, nokkrar hjáleigur," segir í örnefnalýsingu. Um 30 m norðaustan við hól 072 er annar hól í sléttu túninu. Hann er um 160 m ASA við bæ 001.

Hóllinn er í sléttu túni.

Hóllinn er um 35x15 m stór og snýr austur-vestur. Hann er um 1 m hár. Engar skýrar hleðsuleifar eru á hólnum og ekki er vitað til þess að hús hafi staðið á honum. Hann er þó ugglaut að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Hugsanlega hefur hér staðið hjáleiga frá Útskálum. Hóllinn hefur verið sléttaður í seinni tíð.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Útskálar, 2



*Þúst 072, horft til ASA*

**GK-080:073** Geirfuglasker þjóðsaga

"Geirfuglasker er í vesturhafinu undan Eldey. Þangað fóru menn í fyrri daga til geirfugladráps," segir í lýsingu Útskálaprestakalls frá 1839.

Í skýrslu um fornleifar frá 1817 segir: "... enn þá Hjátruar fullu Almuga Historiu, hvörja eg annars frá Barndómi hefi heyrt, enn innfæri hér, eins og eldstu Menn í þessu Plátsi segjast heyrt hafa; Hun er so látandi: Eitt Sinn nær Menn fóru til Geirfuglaskérs. - sem árlega var Venja alt til þess fyrir rumum Manns Aldri sídan - af Sudurnesjum, vildi so til, að eim Madurin af Skipinu vard efftir í Skérinu, hvörjum hinir nádu ey afftur, vegna hastarlega uppákomandi Brims. Þessi sem efftir vard, vard BónðaSon frá Melabergi; þangad vard ey afftur komist, fyrri enn Arid efftir, hvar hann þá fannst lifandi og jafngóður og átti á medan ad hafa dvalid hjá sokölludu Huldufólki?? fór hann so med Skipinu til Lands. Nockru seirna á helgum degi sá Prestrin og Sóknarfólkið á Hvalsnesi, ad Vagga med Barni í stód þar fyrir Kirkjudyrum, ofan á henni lá - sumir segja Hökull, enn sumir - Altarisklædi, mjög vel vandad; Prestur spurdi Sóknarfólkið hvör þetta Barn ætti? bausd líka til ad skíra það ef Fadirinn gjæfi sig framm, hvad þá enginn gjördi, kom þar ókéndur Qvenmadur, greip Vögguna enn skildi Klædid efftir og fór i burt. Þessi BónðaSon frá Melabergi vard og vid Kirkjuna, geck heim til sín efftir Messuna, setti upp rauda Hufu er hann átti, hljóp af stad inn á Hólmsberg, og fleigdi sér þar frammaf er Stacksnypa heitir, vard að Hvalfiski med raudt Höfud og lagdist einkum í Hvalfjörd, hvar hann grandadi 2r Sonum Prestsins á Saurbaj á Hvalfjardarströnd, hvör sídan kom hönum med Töfrum uppi Hvalvatn á Botsheidi, við hvört Vatn kunnugir segja ad Hvals Bein sjáist enn í dag. Sagan segir ad Álfkonan hafi lagt það á hann ad hann skyldi verda ad mesta Fiski í Sjó, fyrir það ad hann mót Lofordi vildi ey gánga vid Faderni ad Barni þeirra og ey bidja um Skírn handa því. So órímileg sem þessi Historia er, so algeing er hun þó vída umm Landid."

**Heimildir:** SSGK, 175; FF, 234-238.

**GK-080:074** þúst óþekkt

64°04.770N 22°40.540V

Fast norðan við kálgarð 050 og fast austan við garðlag 051 er þúst.

Þústin er í sléttu túni.

Hún er um 14x9 m stór og snýr austur-vestur. Hún er um 1 m há. Ekkert skýrt tóftarlag er á henni en hún er eflaut að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Hugsanlega hefur hér staðið kartöflukofi eða annarskonar geymsla sem tengist nýtingu kálgarðsins 050.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**GK-080:075** brunnur vatnsból

64°04.682N 22°39.858V

Brunnur var um 40 m vestan við kálgarð 012 samkvæmt túnakorti frá 1919. Enn sér til brunnsins um 120 m ANA við bæ 001. Brunnurinn er í sléttu túni.

Búið er að fylla upp í brunninn en enn sér fyrir dæld í túninu þar sem hann var. Dældin er um 1x1 m stór og um 0,2 m djúp.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-080:076** garðlag túngarður

64°04.831N 22°41.474V



Leifar túngarðs eru í suðvesturhorni túns á Garðskaga. Garðurinn liggur með vesturhlið túnsins, um 10 m austan við veg sem liggur að vitavardarhúsinu.

Garðlagið er í sléttu túni.


Garðlagið er alls um 100 m langt, það liggur norður-suður með vesturmörkum túns. Garðlagið er hæst um 0,6 m séð frá vestri en lækkar til beggja enda þar til það hverfur í slétt túnið. Það er um 0,5 m breitt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

*Túngarður 076, horft til norðurs*

**GK-080:077** tóft útihús

64°04.837N 22°41.198V



*Tóft 077, horft til norðurs*

Um 5 m norðan við Hólavelli 064 er tóft.

Tóftin er í óræktuðu túni.

Hún er um 13x5 m stór og snýr norður-suður. Hún er tvískipt. Syðra hólfið er minna, það er um 5x3 m stórt og snýr austur-

vestur. Dyr eru á miðjum suðurvegg þess. Hólfið er að hluta niðurgrafið. Það er um 1,5 m djúpt en hleðslur þess eru um 0,7 m háar. Nyrðra hólfið er um 10x5 m stórt og snýr norður-suður, engar dyr er á því. Hleðslur þess eru einnig um 0,7 m háar. hér og þar sést í grjóti í hleðslum tóftarinnar. Svo virðist sem grænmeti hafi verið ræktað í nyrðra

hólfinu en ekki er öruggt að það sé upphaflegt hlutverk þess. Ef svo er má ímynda sér að syðra hólfið hafi verið geymsla fyrir uppskeruna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-080:078** mannvirki 64°04.681N 22°41.205V  
Á miðju túni 170 m ofan (suðvestan) við Skagabraut og 450 m SSA við vitann eru skotgrafir. Heimildamaður, Ásgeir Hjálmarsson, sagði Breta hafa grafið hana í Heimsstyrjöldinni síðari.

Skotgrafirnar eru í hól. Hóllinn er u.þ.b. 30 x 20 m að stærð, 1 m hár og snýr í NNA-SSV. Tvær gryfjur eru í hólnum. Sú nyrðri er heillegri og er dýpst um 1 m. Er hún nokkurn veginn kringlótt í laginu og um 3 m í þvermál. Hlaðið hefur verið í innanverða kanta hennar sums staðar. Út frá henni er 1,5 m breiður og 3 m langur gangur til austurs. Er hann mest um 1,5 m djúpur. Sunnan við þessa gryfju er önnur. Er hún nokkuð rofin, 5 m í þvermál en



*Skotgröfin 078 horft til norðurs*

aðeins 0,5 m djúp. Að henni lá einnig gangur frá norðri til suðurs. Er hann um 4 m langur og mætir hinum sem liggur að nyrðri gryfjunni. Norðar í hólnum eru greinilegar rásir sem gætu verið leifar frekari ganga. Austast á hólnum til móts við nyrðri gryfjuna eru stólpar úr tilhöggnu grjóti og í gryfjunni sjálfri liggur ryðguð tunna úr málm. Hóllinn sem skotgröfin er í er grasi gróinn en skeljasandur er í gryfjunum. Skotgröfin er merkt með skilti. Um 40 m suðaustur af skotbyrgi 078 er steipt plata. Er hún 4 x 3 m að stærð, 0,2 m þykk og snýr í NNA-SSV. Göt eru á henni í NA og SV horni. Undir henni sést glitta í rör. Gæti mannvirkið sem þarna stóð tengst skotgröfinni á einhvern hátt en einnig er mögulegt að það sé yngra.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-080:079** garðlag óþekkt

64°04.667N 22°41.117V

Í túninu sem skotgröf 078 er í liggur kerfi garðlaga.

Garðlögin liggja í ósléttuðu túni. Í kringum það eru sléttuð tún.

Garðlagið liggur eftir túninu endilöngu, fyrst frá norðvestri til suðausturs um 100 m og þá 200 m frá vestri til austurs. Þvert á túnið liggur garðlagið meðfram skotgröf 078 vestanverðri þvert yfir allt túni, 140 m vegalengd. 70 m austan við skotgröfina liggur 45 m langt garðlagið frá nyrðri enda túnsins að þeim garði sem liggur eftir túninu endilöngu. Fyrir garðlaginu miðju er hringlaga dæld, 2 m í þvermál og 0,1 m djúp. Er hún grasi gróin og í miðjunni stendur 0,2 m há strýta. Er hún um 0,3 m í þvermál. Ofan í hana miðja er hola, 0,1 m í þvermál. Helst gæti hér hafa staðið fánastöng eða verið brunnur. 35 m austar liggur garðlagið frá þvergarðinum að suðurenda túnsins, ríflega 100 m leið. Þar mætir garðlagið grjóthlöðnum garði í landi Hólabrekku sem liggur þvert á það. Víðast hvar er garðlagið um 3 m breitt, þó er það mjóst 2 m og breiðast 5 m. Hæð þess er 0,3 m. Er það allt grasi gróið og aðeins sést í grjót á fáum stöðum. Sléttað hefur verið úr aðliggjandi túnnum og enda garðlögin við þau. Líklega hafa þau þó náð lengra til allra átta. Hugsanlegt er að garðlögin tengist skotgröfinni (078) á einhven hátt þar sem þau liggja svo nálægt henni þó að auðvitað sé mögulegt að garðlögin séu eldri en gryfjurnar.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-080:080** Hlíð heimild um býli

64°04.708N 22°40.972V

Í jaðri sléttaðs túns við Skagabraut um 80 m NNV af Helleesen smiðju er skilti sem merkir eyðibýlið Hlíð.

Sléttuð tún eru í kring og íbúabyggð norðan Skagabrautar.

Engin merki eru um mannvirki á þessum slóðum enda hefur túnið verið sléttað. Rétt norðan við skiltið er órækt, 15 x 8 m að stærð. Gætu það verið leifar kálgarðs.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-080:081** gerði kálgarður

64°04.478N 22°40.406V

Tæplega 100 m suðaustur af Spóalandi 7 er kálgarður.

Kálgarðurinn er í nokkuð grýttu mólendi. Nýleg íbúabyggð er rétt hjá.

Kálgarðurinn er 12 x 16 m að stærð og snýr í NV-SA. Er hann umkringdur garðlagi. Er það 1,5 m breitt, 0,4 m hátt og hlaðið úr grjóti. Nú er garðlagið gróið mosa og grasi en víða sést í grjóthleðslurnar. 11 m breitt op er á garðlaginu fyrir vestari skammhlíð miðri. Innan kálgarðsins vex núna gras og suðvestast í honum er 3 x 4 m stór dæld. Er hún um 1 m djúp. Þar gæti hafa verið brunnur eða vatnsstæði.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-080:082** gerði kálgarður

64°04.479N 22°40.304V

Milli Spóalands 1 og Lóulands 16 eru leifar garðlags.

Íbúahverfið sem húsin tvö standa í eru nýleg og sunnan við það er mólendi.

Garðlagið hefur líklega legið utan um kálgarð en hefur



Garðlag 079, horft til vestur



Túngarður 082 horft til norðaustur

mikið skemmst við byggingaframkvæmdir. Á loftmyndum sem teknar voru fyrir byggingu húsa við Spóaland er garðlagið afar greinilegt og hefur það verið um 20 x 30 m að stærð og snúið í NNV-SSA. Enn má greina örliðlar leifar þess. Til suðvesturs frá Spóalandi lstandur garðlagið nú á um 4 m kafla. Er það um 1 m breidd og 0,8 m hátt og sést í grjóti í hleðslunum. Milli húsanna tveggja má einnig greina hluta garðlagsins. Er sá hluti afar gróinn, 0,7 m breiddur og aðeins um 0,4 m há. Þar sést ekki í neitt grjót. Hugsanlegt er að þessum hluta hafi verið raskað. Aðrir hlutar garðlagsins eru horfnir.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-080:083** gerði kálgarður

64°04.529N 22°40.257V

60 m suðaustan við Spóaland 6 eru þrjú gerði. Afmarkar hvert þeirra ákveðið svæði, líklega kálgarða. Kálgarðarnir eru á grasbletti milli byggðar í Spóalandi og Skagabrautar.

Gerðin þrjú eru öll nokkurn vegin ferhyrmd að lögun. Gerði A er 12 x 11 m að stærð og snýr í NA-SV. Gerði B er um 10 m vestan við A. Það er minnst þeirra allra, 6 x 3 m að stærð og snýr í A-V. Hið þriðja, C, er 50 m NV við B. Það er 16 x 11 m að stærð og snýr í NV-SA. Öll gerðin eru fremur jarðsokkin. Gerðin eru svipuð að gerð, 0,5 m breidd og 0,2 m há. eru þau grasi gróin en aðeins sést í grjóti í veggjum C. Erfitt er að skera úr um aldur garðanna.

**Hættumat:** hætta, vegna byggingar



*Garðlag 083C, horft í norður*

**GK-080:084** gerði kálgarður

64°04.664N 22°40.944V

Rétt sunnan við Helleesen smiðju er garðlag. Afmarkar það líklega gamlan kálgarð.

Tún eru allt í kring og liggur malarvegur framhjá smiðjunni í átt að Sandgerði.

Kálgarðurinn er 25 x 10 m að stærð og snýr í ANA-VSV. Utan um hann liggur garðlag. Veggir þess eru 1,2 - 2 m að breidd og 0,4 m háir. eru þeir gróinir grasi en greinilega sést í grjóti í hleðslunum. Skammhliðar garðlagsins eru fremur rofnir. Gras og mosi vex nú innan garðlagsins. Steinsteyptir bútar liggja víða innan garðlagsins. Gæti það bent til þess að þar hafi staðið meira mannvirki en kálgarður.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-080:085** gerði kálgarður

64°04.619N 22°40.498V

100 m austan og suðaustan við Gunnlaugsstaði (045) eru tveir kálgarðar. Liggur annar meðfram Skagabraut en hinn við malarveginn sem liggur að fiskvinnslu H. Péturssonar. Mólendi er rétt sunnan við kálgarðana en í kringum þá er túnblettur.

Kálgarðurinn sem liggur nær Skagabraut er 20 x 17 m að stærð og snýr í SA-NV. Veggir garðlagsins sem utan um hann liggur eru 1-1,5 m að breidd og 0,5 m háir. Grjót er í veggjum en nú þekur gróður þá. Gras vex innan hans og utan. Hinn kálgarðurinn er 20 m sunnar, um 55 x 16 m að stærð og snýr í NA-SV. Garðlag umlykur kálgarðinn og eru veggir þess 1,5-2 m að breidd og 0,3-0,4 m háir. Víða sést glitta í grjóti í veggjum en þeir eru nú huldir grasi. Þessi kálgarður er ekki jafn greinilegur og sá nyrðri. Báðir eru hins vegar að öllum líkindum frekar ungir.

**Hættumat:** engin hætta



*Kálgarður 085, horft til norðurs*

**GK-080:086** gerði kálgarður

64°04.714N 22°40.855V

Við Skagabraut um 75 m vestan við Gimli er kálgarður.

Slegin tún eru allt í kring. Strjál íbúabyggð er beggja vegna Skagabrautar.

Kálgarðurinn er 70 x 15 m að stærð og liggur garðlag utan um hann. Breidd veggja er 0,6 m og hæð þeirra 0,3-0,4 m. Kálgarðurinn snýr í NA-SV. Veggur þvert á miðjan kálgarðinn skiptir honum í tvenn. Er hann um 2 m breiddur og 1 m há. Garðlagið er gróin grasi og lítur ekki út fyrir að vera mjög fornt.

**Hættumat:** engin hætta

## GK-081 Lónshús

1703 og 1847, hjáleiga frá Útskálum.

1703: "Fóðrast kann í kýr naumlega .... Fjörugrasa og sölva og þángtekja til eldiviðar hafa báðir þessir menn nægilegt." JÁM III, 80.

1919: tún 2 teigar, kálgarðar 1030 fm.

### GK-081:001 Lónshús heimild um bústað

64°04.809N 22°40.418V

Í Jarðabók Árna og Páls segir 1703 segir: "Lonshus, fyrsta hjáleiga...Fóðrast kann í kýr naumlega...." Þá var tvíbýlt á bænum. Í athugasemdum á túnakorti frá 1919 segir: "Þar er gróið yfir nokkuð af rústum Lónshúsabæjar, sem var fluttur a. á túnið fyrir rúmum 30 árum (að sögn). Var þó lengi áður varinn bærinn með sjógarði. Nú mun sjógarðsmyndin nærri miðju bæjastæðinu gamla, og ofan á því - Grefur undan." Gamla bæjastæðið er merkt, á túnakort frá 1919, um 50 m VNV við nýrra bæjastæðið 002.

Þar sem bærinn stóð er nú malarplan við fiskvinnsluhús (byggt 1973).

Engin ummerki eldri bæjarhólsins sjást nú. Vilhelm Guðmundsson heimildmaður sagði frá því að grafið hafi verið frystihúsinu árið 1973. Hann minntist þess ekki að neinar minjar hafi komið í ljós við það verk. Hugsanlega hefur sjórinn þá þegar verið búinn að éta burt mannvistarlögin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**JÁM III, 80; Túnakort 1919

### GK-081:002 Lónshús bæjarhóll bústaður

64°04.802N 22°40.368V



*Bæjarhóllinn, horft til austurs*

*Bæjarhóllinn, horft til norðurs*

Yngra bæjastæði Lónshúsa, frá um 1890, er merkt um 50 m ASA við 001 á túnakort frá 1919. Þar eru merkt fjögur sambyggð hús, eitt um 20 m vestar og tvö sambyggð um 20 m norðar. Þar sem bærinn stóð stendur nú steinsteypt hús, gamla íbúðarhúsið í Lónshúsum. Húsið stendur fast sunnan við sjóvarnargarðinn. Það er ekki með kjallara.

Sunnan við húsið er steinsteypt plan og þá slétt tún.

Húsið stendur á hól sem er um 30x26 m stór og snýr austur-vestur. Austan og norðan við það, í austur og norðurmörkum hólsins er garðlag og í norðvesturhorni hans er gróðurhrúgald með miklu grjóti í. Hóllinn og garðlagið eru saman um 1,5 m há.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919

### GK-081:003 heimild um útihús

64°04.796N 22°40.306V

Útihús er merkt um 20 m austan við yngra bæjastæðið 002 á túnakort frá 1919 fast vestan í reit sem merktur er "fiskimalir". Húsið hefur líklega verið hjallur eða trönur sem tengist notkun malanna við fiskþurrkun. Húsið hefur staðið við vesturenda fiskvinnsluhúss (byggt um 1965) sem nú stendur um 20 m austan við Lónshús 002.

Slétt tún er umhverfis húsið.

Engin ummerki útihússins sjást.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919

### GK-081:004 heimild um útihús

64°04.792N 22°40.253V

Útihús er merkt í norðvesturhorni túns Lónshúsa, sunnan við Akurhúsavör 082:007 og vestan við útihús og malir í landi Akurhúsa 082:005. Tvö spil eru merkt um 5 m suðaustan við útihúsið. Þau hafa verið notuð til að draga báta á land við Akurhúsavör. Útihúsið hefur staðið fast norðan við þar sem nú stendur bárujármsklædd skemma.

Norðan við húsið er steinsteyptur grunnur sem samkvæmt heimildamönnum Magnúsi Gíslasyni og Vilhelm Guðmundssyni er af fiskhúsinu hans Láka (sem stóð þar um 1940). Umhverfis hann er sinuvasið svæði milli skemmu og sjóvarnargarðs.

Engin ummerki eldri húsa sjást á svæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-081:005** heimild um varnargarður 64°04.803N 22°40.310V

Sjógarður er merktur meðfram norðurhlið túnsins á túnakort frá 1919. Samkvæmt athugasemd á kortinu hafði sjógarðurinn þá verið færður upp á eldra bæjarstæðið 001. Engin ummerki sjógarðsins sjást nú. Hann hefur verið um það bil þar sem núverandi sjóvarnargarður er. Varnargarðurinn hefur hugsanlega tengst varnargarði 079:009 áður fyrr en samkvæmt túnakorti frá 1919 var hann sjóvarnargarðurinn tvískipur þar sem enginn garður var fyrir bæjarhól Lamgastaða 078:002.

Sunnan við sjóvarnargarðinn er sinuvaxið svæði að fiskvinnsluhúsunum sem nú standa í landi Lónshúsa.

Hvergi sér til garðsins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-081:006** *Miðvör* heimild um lendingu 64°04.808N 22°40.307V

'Vör' er merkt á túnakorti 1919 utan við norðausturhorn túnsins. "Inn úr Lóninu [080:020] var Miðvör og Akurhúsavör [082:007]," segir í örnefnalýsingu. Miðvör er um 40 m austan við Lónið 080:020 og um 25 m austan við Akurhúsavör 082:007. Ekki sást til vararinnar á vettvangi vegna flóðs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Nýlenda, 1

**GK-081:007** heimild um kálgarð 64°04.820N 22°40.477V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður í norðvesturhorni túnsins. Kálgarðurinn var fast austan við túngarð Lambastaða 078:010. Þar er nú óræktað tún milli túngarðs og fiskvinnsluhúss (byggt 1973).

Engin ummerki kálgarðsins sjást.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-081:008** heimild um kálgarð 64°04.811N 20°40.476V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 10 m austan við kálgarð 007, fast sunnan við bæ 001. Þar sem kálgarðurinn var er nú fiskvinnsluhús (byggt 1975). Sunnan við fiskvinnsluhúsið er steinsteypt plan og þá tún.

Engin ummerki kálgarðsins sjást vegna byggingarinnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-081:009** heimild um túngarð 64°04.782N 22°40.487V



*Túngarður 009, horft til austus*

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var túngarður umhverfis túnið í Lónshúsum. Enn sér fyrir túngarðinum á stöku stað.

Túngarðurinn liggur um óræktað tún.

Alls ná túngarðsbútararnir afmarka svæði sem er um 160x70 m og snýr NNA-SSV. Enn sér fyrir túngarðinum þar sem hann liggur út frá túngarði Lambastaða 078:010 um 25 m til suðausturs þar til hann hverfur í túnið. Þá sést aftur til hans þar sem Akurhúsavegur greinist, annarsvegar að Lónshúsum og hinsvegar að Akurhúsum II. Þar er hann um 40 m langur í stefnu VNV-

ASA. Túngarðurinn er um 0,4 m hár þar sem hann liggur frá túngarði Lambastaða og þar sér vel í grjót í honum. Þar sem hann liggur milli vegakaflanna er hann öllu hærri eða um 1 m hár. Þar er hann aflíðandi inn að túninu, til norðurs en nær lóðréttur að sunnan. Þar sér vel í grjót í garðinum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-081:010** gerði kálgarður

64°04.749N 22°40.447V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður þvert á túngarð 009 í suðurhlið túnsins, um 90 m sunnan við bæ 002. Um 100 m SSV við bæ 001 er ferhyrnt gerði fast sunnan við túngarð 009 sem myndar norðurhlið þess. Gerðið liggur umhverfis íbúðarhúsið Skuld. Það er líklega leifar kálgarðsins.



*Kálgarður 010, horft til suðaustus*

Gerðið er í sléttuðu en óræktuðu túni.

Gerðið er um 30x40 m stórt og snýr austur-vestur. Veggir þess eru um 0,8 m háir og um 0,5 m breiðir. Hér og þar sér í grjót í þeim.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-081:011** heimild um leið

64°04.786N 22°40.464V

Leið er merkt frá bæ 002 til suðvesturs að hliði á túngarði 009 á túnakorti frá 1919.

Þar sem leiðin lá er nú sléttað en óræktað tún.

Engin ummerki leiðarinnar sjást í túninu en líklegt er að hliðið á túngarðinum hafi verið þar sem garðlagið endar um 25 m suðaustan við Lambastaðatúngarð 078:010.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

## GK-082 Akurhús

1703 og 1847, hjáleiga frá Útskálum.

1703: "Fóðrast kann í kýr viðsæmilega. ... Fjörugrasa, sölvva og eldiviðartekja af fjörupáangi nægileg." JÁM III, 80.

1919: Tún (a) 96 ha, garðar 770 m<sup>2</sup>. Tún (b) 1 ha, garðar 880 m<sup>2</sup>.

**GK-082:001** Akurhús bæjarhóll bústaður

64°04.731N 22°40.260V



*Bæjarhóllinn, horft til austurs*

Akurhús voru samkvæmt túnakorti frá 1919 rúma 200 m norðvestur af Útskálabænum 080:001. Á kortinu sést að bæjarröðin samanstendur af mörgum húsum sem hefur legið hér um bil frá austri til vesturs. Núverandi íbúðarhús í Akurhúsum II (byggt 1932) er í norðausturhorni bæjarhólsins. Hann er um 240 m norðvestur af bæjarhól Útskála 080:001.

Bæjarhóllinn er fast vestan við heimreið að Akurhúsum. Umhverfis hann er slétt tún.

Hóllinn er um 50x35 m stór og snýr austur-vestur. Hann er um 0,6 m hár. Núverandi íbúðarhús stendur í norðausturluta hans. Það var byggt 1932 en byggt hefur verið við það síðan. Húsið er tvílyft með kjallara. Bæjarhólnum hefur augljóslega verið raskað við byggingu hússins. Hann er gróinn og mjög grýttur syðst.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-082:002** heimild um útihús

64°04.730N 22°40.206V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús með lítilli viðbyggingu fast austan við bæjarröðina 001. Þar sem útihúsið stóð stendur nú íbúðarhúsið í Akurbrekku II (byggt 1932).

Vestan við íbúðarhúsið er bæjarhóllinn 001 en tún í aðrar áttir.

Engin ummerki hússins sjást.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-082:003** heimild um útihús

64°04.733N 22°40.311V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 40 m vestur af bæ 001. Íbúðarhúsið í Akurhúsum I stendur nú þar sem útihúsið var. Það er nýuppgert og stendur á litlum hól sem er í suðvesturhorni bæjarhólsins 001.

Norðan og vestan við húsið er heimreið en slétt tún í aðrar áttir.

Hóllinn er um 12x8 m stór og snýr norður-suður. Hann er um 0,4 m hár. Um 10 m sunnan við húsið er upprót þar sem skín í steinsteypu og grjótt en engin skýr ummerki eldri húsa eru á svæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-082:004** heimild um útihús

64°04.720N 22°40.340V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 30 m suðvestur af útihúsi 003.

Þar sem útihúsið stóð er nú sléttuð en ójöfn flöt milli Akurhúsa og Móhúsa.

Engin ummerki hússins sjást á flötinni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-082:005** heimild um útihús

64°04.791N 22°40.227V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru þrjú sambyggð útihús í norðvesturhorni túns, hátt í 100 m norður af bæ 001. Útihúsin hafa líklega verið hjallar eða jafnvel trönur því fast austan við þau eru merktar "malir". Útihúsin voru um 40 m suðaustan við Akurhúsavör 007.

Þar sem útihúsin voru er nú slétt tún austan við trésmíðaverkstæði í landi Lónshúsa. Engin ummerki húsanna sjást í sléttu túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919



**GK-082:006** garðlag túngarður

64°04.714N 22°40.156V

Garðlag liggur frá Akurhúsum 001 í átt að Útskálum 080:001.

Garðlagið liggur í sléttu túni.

Garðlagið liggur frá bæjarhólnum 001 til ASA. Það er alls um 50 m langt og um 0,5 breitt. Það er óskýrt næst hólnum 001 en þó sér móta fyrir því. Það verður greinilegra sem austar dregur. Sléttað hefur verið yfir garðlagið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-082:007** Akurhúsavör heimild um lendingu

64°04.803N 22°40.276V

Á túnakorti frá 1919 er merkt "Vör" í norðvesturhorni túns, norðvestan við útihús 005. "Inn úr Lóninu [080:020] var Miðvör [081:006] og Akurhúsavör," segir í örnefnalýsingu. Akurhúsavör er um 30 m austan við Miðvör 081:006 og um 135 m norðan við bæ 001. Tvö spil eru merkt á túnakortið frá 1919 sunnan við vörina.

Ekki sást til lendingarinnar á vettvangi vegna flóðs.

Engin ummerki spilanna sjást sunnan við vörina.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Nýlenda, 1



*Túngarður 006, horft til vesturs*

**GK-082:008** heimild um leið

64°04.751N 22°40.283V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur eða traðir frá bæjarhúsum 001 til NNA, í átt að útihúsum 005 og vör 007. Nú liggur vegur frá Skagabraut að Akurhúsum, Akurhúsavegur, og áfram til norðurs að fiskvinnsluhúsum sunnan við Akurhúsavör 007. Hann er líklega á sama stað og slóðinn sem merktur er á túnakortið.

Vegurinn liggur um slétt tún.

Vegurinn er malarborinn, um 4 m breiður. Engin ummerki eldri vegar sjást á svæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-082:009** heimild um kálgarð

64°04.720N 22°40.384V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður vestast í túni, milli Móhúsa 080:023 og Akurhúsa. Hann er merktur um 10 m vestan við útihús 004 og um 40 m suðvestan við bæ 001.

Þar sem kálgarðurinn var eru nú slétt tún. Engin ummerki garðsins sjást í sléttu túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-082:010** heimild um kálgarð

64°04.722N 22°40.267V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru kálgarðar fast sunnan við bæ 001. For (gryfja fyrir áburðarlög) og/eða salerni er merkt inni í þeim vestari. Þar sem kálgarðarnir voru eru nú slétt tún.

Engin ummerki kálgarðanna sjást í sléttu túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-082:011** heimild um landamerki

64°04.734N 22°40.351V

"Gamall grjótgarður er á merkjum, rétt vestur af Akurhúsum," segir í örnefnalýsingu.

Vestan við Akurhús eru slétt tún vestur að Akurhúsavegi.

Engin ummerki grjótgarðs sjást á svæðinu. Hann hefur verið á merkjum móti Lónshúsum og því í námunda við austurenda garðlags 081:010.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Nýlenda, 2

## GK-083 Nýibær

1703 og 1847, hjáleiga frá Útskálum.

1703: "Fóðrast kann í kýr og í úngneyti ríflega. ... Fjörugrasa, sölva og eldiviðartekju af þáangi nægilegt." JÁM III, 6.

1919: Tún 1,18 ha, garðar 760 m<sup>2</sup>.

**GK-083:001** Nýibær bæjarhóll bústaður

64°04.668N 22°40.277V



Bæjarhóllinn, horft til norðurs



Bæjarhóllinn, horft til suðausturs

"Nýibær, þriðja hjáleiga. ... Við til húsabótar segist ábúandinn í xx ár ekki þegið hafa, en þá uppbyggt hjáleiguna að nýju af viðum, sem staðarhaldarinn Sr. Þorleifur Cláusson hafi sjer þá fengið," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá

1703. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var Nýibær rúma 100 m suður af Akurhúsum 082:001. Bæjarhóll Nýjabæjar er um 7 m sunnan við núverandi íbúðarhús í Nýjabæ. Hann er um 120 m sunnan við Akurhús 083:001.

Norðan, austan og vestan við hóllinn er slétt tún en sunnan við hann er órækt.

Hóllinn er um 30x35 m stór og snýr austur-vestur. Hann er um 2 m hár. Hóllinn hefur verið sléttaður að nokkru leyti. Í norðvesturhorni hans er steypur grunnur um 4x4 m stór. Garðlög, leifar kálgarðs 002 liggja frá suðvestur og suðausturhornum hólins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-083:002** gerði kálgarður 64°04.666N 22°40.291V



Kálgarður 002, horft til NNW

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður sunnan og suðvestan við bæ 001. Enn sér fyrir kálgarðinum fast sunnan við bæjarhóllinn.

Umhverfis kálgarðinn eru slétt tún en innan hans er órækt.

Garðurinn og garðlagsbútur sunnan við hann eru á svæði sem er alls um 55x20 m stórt. Garðurinn afmarkar svæði sem er um 45x20 m stórt og snýr NNA-SSV. Bæjarhóllinn 001 markar norðurhlíð hans. Veggir garðsins eru um 1 m háir og um 0,6 m breiðir. Hér og þar sér í grjót í þeim, mest tvö umför í suðurveggnum. Um 10 m sunnan við suðurvegg garðsins er um 15 m langur garðlagsbútur sem liggur austur-vestur. Líklega eru það leifar eldri garðs. Hann er mjög siginn en hér og þar skín í grjót í honum. Hann er um 0,3 m hár.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-083:003** vegur traðir

64°04.655N 22°40.279V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur eða traðir til suðurs frá bæ 001, í gegnum kálgarð 002.

Órækt er innan kálgarðs 002 sunnan bæjar 001.

Fast vestan við austurvegg kálgarðs 002 er dæld í garðinum. Hún er hugsanlega leifar leiðarinnar sem lá í gegnum garðinn. Dældin er óskýr vegna mikillar sinu sem vex inni í garðinum en þar sem sér til hennar er hún um 1 m breið og um 0,2 m djúp. Ekki er unnt að slá máli á lengd hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-083:004** þúst óþekkt

64°04.671N 22°40.199V

Um 30 m ANA við íbúðarhúsið í Nýjabæ og um 120 m suðaustan við Akurhús 082:001 er ræktarlegur hóll.

Hóllinn er í sléttu túni.

Hóllinn er 15x25 m stór, hann snýr norðvestur-suðaustur. Hóllinn er um 2,5 m há. Hann hefur augljóslega verið sléttaður í seinni tíð. Ekki er vitað til þess að hús hafi staðið á hólnum en hann er ugglæst að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Hér hefur hugsanlega staðið útihús frá Nýjabæ eða hjáleiga frá Útskálum en hóllinn er um 40 m vestan við merkin móti Útskálum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




*Þúst 004, horft til NNA*

**GK-083:005** þúst óþekkt

64°04.671N 22°40.176V



*Þúst 005, horft til NNA*



Um 5 m norðvestan við hól 004 er lítil þúst.

Þústin er í sléttu túni.

Þústin er um 2x2 m stór og um 0,6 m há. Í henni miðri er um 0,2 m djúp dæld þar sem glittir í grjót. Hugsanlega hefur hér verið brunnur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-083:006** garðlag landamerki 64°04.690N 22°40.110V

Garðlag liggur á mörkum Nýjabæjar annarsvegar og Útskála GK-080 og Móakots GK-084 hinsvegar.

Garðlagið liggur í sléttu túni og hefur líklega að hluta verið sléttað.

Garðlagið er alls um 145 m langt og snýr NNA-SSV. Það er fremur ógreinilegt, um 0,8 m hátt og um 1 m breitt, vaxið mikilli sinu. Það hverfur í slétt túni til norðurs og suðurs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Garðlag 006, horft til suðurs*

**GK-083:007** garðlag túngarður

Um 30 m vestan við Nýjabæ 001, á mörkum heimreiðar og túns er garðlag.

Garðlagið liggur annarsvegar á mörkum túns og malarborinnar heimreiðar og hinsvegar í sléttu túni.

Garðlagið er T laga og nær yfir svæði sem er um 30x30 m stórt. Það liggur annarsvegar austur-vestur, um 30 m. Þar er það um 1,2 m hátt og um 1 m breitt. Hinsvegar liggur það norður-suður, einnig um 30 m. Þar er það mun ógreinilegra, um 0,4 m hátt og um 1 m breitt. Garðlagið hverfur í túni til beggja enda. Það er líklega leifar af túngarði Nýjabæjar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-083:008** garðlag kálgarður

64°04.682N 22°40.313V

Leifar kálgarðs eru fast vestan við heimreið að Nýjabæ, um 40 m norðvestan við bæ 001.

Garðurinn er í óræktuðu túni fast vestan malarborinnar heimreiðar.

Garðinum hefur verið raskað, líklega vegna vegagerðar og er austur- og suðurhlíðar hans horfnar. Garðurinn er um 24x20 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hans eru um 0,9 m háir og um 0,5 m breiðir. Allvíða skín í grjót í þeim.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Kálgarður 008, horft til suðvesturs*

## GK-084 Móakot

1703 og 1847, hjáleiga frá Útskálum.

1703: "Fóðrast kann i kýr laklega. ... Fjörugrasa, sölva og eldiviðartak af fjörubangi nægilegt." JÁM III, 81.

1919: Tún 0,7 ha, garðar 450 m<sup>2</sup>.

GK-084:001 Móakot bæjarhóll bústaður

64°04.619N 22°40.192V



Bæjarhóllinn, horft til norðurs



Bæjarhóllinn, horft til suðurs

Samkvæmt túnakorti Garðsins frá 1919 var Móakot um 160 m SSV af Útskálum 080:001. Á túnakortið eru merkt fimm sambyggð hús og snýr röðin nær norður-suður. Bæjarhóll Móakots er um 20 m norðvestan við núverandi íbúðarhús. Í Móakoti. Hann er fast norðvestan við bílskúr sem grafinn er inn í hólinn að suðaustan.

Sunnan við hólinn er malarborið plan en í aðrar áttir er slétt tún.

Hóllinn er um 30x15 m stór og snýr austur-vestur. Hann er um 2,5 m hár. Við suðurbrún hans er grjóthleðsla, mest 4 umfór. Hún er um 5 m löng og snýr eins og hóllinn. Hleðslan er vestan við bílskúrinn sem grafinn er inn í suðvesturhorn hólins. Fast norðan við bílskúrinn, á hólnum sér einnig í grjóthleðslur við grunn skúrsins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

GK-084:002 heimild um útihús

64°04.598N 22°40.195V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 30 m suðvestan við bæ 001, við suðausturhornkálgarðs 003. Útihúsið hefur verið fast sunnan við núverandi íbúðarhús.

Sunnan við húsið er garður, grasflöt og moldarbeið umhverfis.

Í garðinum er lítill stallur. Hann er um 6x8 m stór og snýr austur-vestur. Hann er um 0,3 m hár. Hugsanlega er hann leifar hússins sem stóð á staðnum en líklegra er að hann hafi myndast við ræktun garðsins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

GK-084:003 heimild um kálgarð

64°04.608N 22°40.206V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 5 m sunnan við bæ 001.

Þar er nú malarborin heimreið, fast sunnan við bílskúr. Engin ummerki kálgarðsins sjást á svæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

GK-084:004 heimild um leið

64°04.598N 22°40.207V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur eða traðir til suðvesturs frá bæ 001.

Þar sem traðirnar voru er nú malarborin heimreið að Móakoti. Engin ummerki traðanna sjást.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

## GK-085 Presthús

1703 og 1847, hjáleiga frá Útskálum.

1703: "Fóðrast kann í kúr af tveim þriðjungum. ... Fjörugrasa, sölvu og eldiviðartak af fjörupáangi nægilegt." JÁM III, 81. 1919: Tún 1 ha, garðar 1800 m<sup>2</sup>.

**GK-085:001** Presthús bæjarhóll bústaður 64°04.585N 20°40.099V



*Bæjarhóllinn, horft til suðurs*

Samkvæmt túnakorti Garðsins frá 1919 voru Presthús um 80 m SSA af Móakoti 084:001. Átta hús eru merkt á bæjarhóllinn á kortinu og snýr bæjarröðin nær austur-vestur. Í örnefnafrýsingu Útskála segir: "Talið er, að þau hafi verið byggð yfir prestsekkjur frá Útskálum." Bæjarhóll Prestshúsa er fast norðvestan við núverandi íbúðarhús, byggt 1943. Bílskúr stendur á suðvesturhorni hólins.

Sunnan við hólinn er íbúðarhús og bílskúr en í aðrar áttir er slétt tún. Hóllinn er um 35x20 m stór og snýr ANA-VSV. Hann er um 2,5 m hár. Hóllinn hefur augljóslega verið sléttaður í seinni tíð.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919; Ö-Útskálur, 1

**GK-085:002** heimild um kálgarð 64°04.590N 22°40.156V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stór kálgarður um 5 m sunnan við bæ 001 og annar áfastur vestan við hann, suðvestan bæjar. Slétt flöt er sunnan bæjar en að suðvestan, milli Presthúsa og Móakots er óræktaður blettur þar sem víða glittir í grjót. Engin ummerki kálgarðanna sjást sunnan né suðvestan við bæ 001.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919

**GK-085:003** garðlag túngarður 64°04.615N 22°40.016V



*Garðlag 003, horft til vesturs*

Um 50 m norðan við Presthús 001 sér fyrir garðlagi í túninu sem liggur í sveig til suðausturs að Útskálavegi 080:013. Garðlagið heldur áfram austan vegarins til austurs að skúr vestan við bæjarstæði Garðhúsa 086:001.

Garðlagið liggur í sléttu túni.

Garðlagið er alls um 100 m langt. Þar sem það liggur austan Útskálavegar er það fremur óskýrt. Þar er það um 0,3 m hátt og um 0,5 m breitt. Það hefur greinilega verið sléttað. Austan vegarins er garðlagið hinsvegar mjög greinilegt. Þar er það um 0,8 m hátt og um 1,5 m breitt. Grafið hefur verið inn í garðlagið fast austan við vegginn, líklega fyrir einhverskonar kofa eða geymslu. Ekki sér til þess húss nú. Garðlagið er líklega leifar af túngarði Presthúsa.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**GK-085:004** brunnur vatnsból 64°04.582N 22°40.051V

Brunnur er merktur á túnakort frá 1919, um 5 m austan við Útskálaveg 080:013 og um 30 m austan við bæ 001. Brunnurinn er í sléttu túni.

Enn er brunnur á þessum stað um 5 m vestan við veg 080:013. Brunnurinn er steinsteyptur með járnhlara yfir. Hann hefur líklega verið endurbættur í seinni tíð.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919

## GK-086 Garðhús

1703 og 1847, hjáleiga Útskála.

1703: "Fóðrast kann i kýr að tveim þriðjungum. ... Fjörugrasa og sölvatekju og eldiviðartak af fjöruþangi nægilegt." JÁM III, 82.

1919: Tún 1,1 ha, garðar 1000 m<sup>2</sup>.

### GK-086:001 Garðhús bæjarstæði

bústaður

64°04.576N 22°39.971V



Samkvæmt túnakorti Garðsins frá 1919 voru Garðhús um 50 m ANA við Presthús 085:001. Gamli bærinn í Garðhúsum var um 30 m vestan við skemmu við austurenda garðlags 085:003 og um 120 m norðan við núrverandi íbúðarhús í Garðhúsum. Vilhelm Guðmundsson, heimildamaður, bjó í bænum á uppvaxtarárum sínum. Hann er fæddur 1937. Þar er slétt tún. Aðeins sér móta fyrir ójöfnum í túninu þar sem bærinn stóð en engin skýr ummerki hans eru greinileg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

*Bæjarstæðið, horft til norðurs*

### GK-086:002 heimild um kálgarð

64°04.568N 22°39.987V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru kálgarðar um 10 m sunnan við bæ 001.

Þar er slétt tún. Engin ummerki kálgarðanna sjást í sléttu túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

### GK-086:003 heimild um útihús

64°04.560N 22°40.012V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús við suðvesturhorn kálgarðs 002 um 30 m suðvestan við bæ 001.

Þar sem útihúsið var er óræktað tún fast norðan við núverandi íbúðarhús í Garðhúsum.

Engin ummerki hússins sjást á þessum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

## GK-087 Vatnagarður

Hjáleiga Útskála 1703 og 1847.

1703: "Fóðrast kann í kýr og í vetrúngur ... Fjörugrasa, sölva og eldiviðartekju af fjörubangi nægilegt" JÁM III, 83. 1919: Tún norðurbæjarins 0,09 teigar, kálgarðar 440 m<sup>2</sup>. Tún suðurbæjarins 0,07 teigar, kálgarðar 550 m<sup>2</sup>.

**GK-087:001** *Vatnagarður* bæjarstæði bústaður 64°04.666N 22°39.603V

Í örnefnalýsingu Útskála segir: "Vatnagarðar, er nefnd 1703 og 1861, síðan ekki," og síðar: "Niður undan kirkjugarðinum [Útskálakirkjugarði GK-080:002] eru rústir, sem nefndar eru Vatnagarðar." Í athugasemdum við örnefnaskrá Gerða segir: "Gerðabakkar eru sjávarbakkar fyrir neðan Síkið. Þar var áður bær, sem líklega hefur heitið Bakki. Aðeins utar var Vatnagarður, stór jörð, nú komin í eyði, en bærinn stendur enn uppi [1978]." 1919 voru tveir bæir í Vatnagörðum, nyrðri og syðri, og er sá syðri 001. Ekki hefur mjög mikið breyst á svæðinu, miðað við túnakort frá 1919, en 2007 brann þó bærinn á bæjarstæði 002 til grunna. Bæjarstæðið er um 120 m suðvestan af bæjarhól Miðhúsa [088:001]. Ekki er nú ljóst hvar rústirnar, sem minnst er á í örnefnaskrá, hafa verið en sennilega þó á sömu slóðum og 001- 002.

Bæjarstæðið er á landræmu milli Útskálátjarnar og sjávar. Svæðið er nú (2008) mjög blásið. Nú (2008) stendur eftir steypur grunnur húss, holur að innan. Hann er um 5 x 6 m að stærð í austur-vestur og um 1 x 1 m steypupartur stendur út úr honum að sunnan. Þar hefur inngangur líklega verið. Innan í grunninum er um 0,6 m djúp gryfja sem til er kominn vegna uppblásturs. Undir gróðri kemur í ljós skeljasandur sem er mjög laus í sér, og stuðlar að uppblæstrinum. Ekki er um eiginlegan bæjarhól að ræða.

**Hættumat:** hætta, vegna uppblásturs

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Útskálar, 1 og 2; Ö-Gerðar aths, 1; Túnakort 1919

**GK-087:002** *Vatnagarðar* bæjarstæði bústaður 64°04.675N 22°39.631V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð hús, sennilega íbúðarhús á bæjarstæði 001, um 40 m norður af 001. Leifar þess standa nú um 20 m norður af Útskálásíki.

Þar til 2007 stóð þessi bær undir þaki, en var brann síðla árs 2007. Í dag (2008) stendur eftir grunnur og veggur austan við hann. Bæjarstæðið er í aflíðandi brekku.

Hér standa eftir steypugrunnur og veggur. Grunnurinn er 6,5 x 6,5 m stór, og stendur um 0,7 m hátt sunnan megin en er jafnhár umhverfinu nyrst. Suður út undan veggnum má óljóst greina merki um eldri leifar. 5 m austan við grunninn er 1,5 m hár fokheldur veggur, hlaðinn úr fjörugrjóti og límdur með sandlími. Veggurinn er um 7 m langar í norður-suður, og um 1,2 m á breidd. Milli veggjarins og grunnsins er svo stétt, sem víða er orðin óljós, sérstaklega nær grunninum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919



*Vatnagarður 002, horft í norðvestur*

**GK-087:003** gerði kálgarður 64°04.667N 22°39.593V

Kálgarður var um 5 m sunnan við syðri bæinn 001 samkvæmt túnakorti frá 1919. Einnig er merkingin 'foksandur með gördum' austan og sunnan við tún syðra bæjarins. Hér er átt við garða kálgarðsins, en meðfram þeim hefur nú blásið allverulega upp. Garðurinn liggur í grónu landi sem nokkuð er tekið að blása upp.

Kálgarðurinn er um 30 x 15 m stór og snýr austur-vestur og eru hlið á honum norðan og sunnan megin. Í ytri hliðum kálgarðsins, og innan hans, er mikill uppblástur, en skeljasandurinn í jarðveginum gerir svæðið viðkvæmt fyrir blæstri. Garðarnir eru torfhlaðnir en eru nú í hættu vegna upplástursins, en rof er komið í þá.

**Hættumat:** hætta, vegna uppblásturs

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-087:004** heimild um hjall 64°04.680N 22°39.567V

Á túnakorti frá 1919 er merkingin '3 timburskýli fyrir fisk' austan við túnið á nyrðri bænum. Ógreinilegar leifar þeirra eru um 40 m norðaustan við bæ 001. Rétt austan við túngarðinn er mikill gróðurfarsmunur, og leifar af hlaðinni stétt. Engin mannvirki standa hér nú (2008).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919

**GK-087:005** gerði kálgarður

64°04.696N 22°39.631V

Kálgarður var í nyrðri hluta túns nyrðri bæjarins samkvæmt túnakorti frá 1919. Leifar hans eða garðs sem á eftir kom sjást enn.

Kálgarðurinn er vel gróinn og nokkuð þýfður. Norðan við hann er tjörn en annars er gróður í kring.

Kálgarðurinn er nokkurnveginn þríhyrningslaga en þó er ein lítil aukahlíð í vesturhorninu. Garðlagið er nokkuð greinilegt en þó eiginlega alveg gróið. Það nær umhverfis garðinn og er 65m langt. Garðurinn er um 24 x 18 m. Mest er hæð garðlags um 0,8 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919

**GK-087:006** brunnur vatnsból

64°04.682N 22°39.633V

Brunnur var í túni nyrðra bæjarins samkvæmt túnakorti frá 1919. Brunnurinn er norðan við hús 002, fast við tjörnina.

Brunnurinn er í fífil- og grasigrónu túni. Um 3 m neðan við brunninn er tjörn og grýttur bakki hennar er um 2 m frá brunninum.

Brunnurinn er um 1,5 m á lengd og 1 m á breidd. Dýpt brunnsins er nú (2008) um 1,5 m en eitthvað hefur verið fyllt upp í hann því grjóti er í botninum. Brunnurinn er bygður með spýtum og grjóti en þó sést ofan í hann. Ofan við brunninn um 1 m frá tjarnarbakkanum er hlaðinn bakki sem þó er að mestu leyti gróinn. Hefur hann að öllum líkindum tilheyrt brunninum sem mannvirki. Norðausturhorn brunnsins er eitthvað farið að blása upp.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919



*Brunnur 006, horft í suður*

**GK-087:007** brunnur vatnsból

64°04.673N 22°39.622V

Brunnur var í túni syðra bæjarins samkvæmt túnakorti frá 1919. Brunnurinn er um 10 m suður af bæ 002.

Brunnurinn er í grasi- og fífilgrónu túni. Rétt norðan og vestan við hann er lágt garðlag 003. Brunnurinn er um 1,5 m í þvermál og ekki sést hversu djúpur hann hefur verið því fyllt hefur verið upp í hann með grjóti. Ekkert af hleðslunum nær herra en jörðin í kring.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919



*Brunnur 007 horft í norður*

**GK-087:008**

Af loftmynd má greina túngarð norðan við bæjarstæði Vatnagarða 001. Hann var ekki skráður á vettvangi og er hér aðeins lýst af loftmynd.

Tún. Aðeins vottar fyrir garðinum við síkið um 25 m norðvestan við uppistandandi íbúðarhús. Þaðan liggur hann um 25 m til austurs en sveigir þá til suðurs eða suðausturs og endar þar eftir rúma 50 m. Dálítið norðan við suðurendann virðist gamalt og sokkið garðlag liggja aftur til vesturs útfrá garðinum, að tjörninni.



## GK-088 Miðhús

1703: Jarðardýrleiki óviss. Konungseign. 1847: 20 hdr. Bændaeign. Jarðarinnar er getið í skjölum um rekaskipti frá um 1270: "Þetta er reka skipti aa rost hvalnesi eptir því sem at fornv hefer verit. ...Þa eigv Midhvs vt til byrðinga skers j vtskala oss. Þadann eigv vtskaler til skagaflesiar." DI II, 76-77.

Jarðarinnar er getið í fjárskiptabréfi "milli húsfrú Hólmfríðar Erlendsdóttur af einni álfu, en af annari Eyjólfss Einarssonar, sonar hennar, og systkina hans" frá 1522. DI IX, 87 Þá er hennar getið í yfyrýsingu Gissurar Skálholtsbiskups frá 1541 þar sem hann lýsir því yfir að "hústrú Hólmfríðr Erlendsdóttir haldi til fullrar eignar jörðunum Sandgerði, Króki og Miðhúsum ..." DI X, 657 og í dómi um "testametum hústrú Hólmfríðar heitinnar Erlendsdóttur" frá 1545, DI XI, 402. Þá er jarðarinnar aftur getið í dómi frá 1547 "um gildi gjafabréfs hústrú Margrétar Vigfúsdóttur 1486 um ánefnt jarðagóz til Þorvarðs Erlendssonar, dóttursonar síns..." DI XI, 570. Þorleifur Björnsson lýsir því yfir í Miðhúsum árið 1569 að "hann viti ekki, að jörðin Dynjandi í Jökulfjörðum hafi nokkurn tíma komið í eign föður síns." DI XV 300.

1703: "Fóðrast kann ii kýr naumlega. ... Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin í almenningum ef vill. Torfrista og stúnga ekki nema í sendinni jörð og landlitlu landi. Lýngirif lítilsháttar og langt í burtu. Fjörugrasatekja lítil. Rekavon lítil. Hrognkelsa og skelfisksfjara valla nefnd gefandi. Murukjarnar og þvilíkt ekki nema af reka, þó oftlega til að næra pening á vordag í heyskortu. Eldiviðartak af fjörubangi mjög af skorti so annarstaðar þarf til að fá. Heimræði er árið um kríng og gánga skip ábúanda eftir hentugleikum, inntökuskip eingin. ... Engjar eru öngvar. Landþröng hin mesta. Hagar nær því öngvir vetur og sumar." JÁM III, 84-85.

1919: Tún 3 ha, kálgráðar 700 m<sup>2</sup>.

### GK-088:001 Miðhús bæjarhóll bústaður

Bærinn Miðhús er merktur á túnakort Garðsins frá 1919, austur af Útskálum en vestur af Lykkju. Við hann hefur verið rituð skýring á kortinu: "húsið nýlega flutt." Í örnefnalýsingu Miðhúsa og Króks segir: "Neðan við bæinn á merkjum móti Útskálum er Miðhúshóll." Í athugasemdum við lýsinguna segir ennfremur: "Miðhúshóll er þar sem fjósið er nú. Þar var gamla húsið, mikið og stórt, sem rífið var nærri aldamótum." Hóllinn er ekki til staðar í upphaflegri mynd, en um 1963 var hann sléttður og á honum byggt fjós og hlaða. Staðsetning gamla bæjarins er þekkt, en allar minjar eru nú horfðar. Merkjagarður [014] milli Miðhúsa og Útskála er enn til staðar og liggur eftir honum girðing, og liggur fast við norðvesturhluta bæjarhólsins.

Hóllinn er allur malarborinn en vestan við hann eru hross á beit. Austan við hann taka við miklir bakkar (sjá 004) byggðir af ábúanda, og norðan við hann tún Útskála. Innkeyrsla er að hólnum að sunnan.

Stærð bæjarhólsins hefur verið töluverð, um 60 x 45 m í norður-suður og um 3 m hár áður en hann var sléttður, miðað við lýsingar Rafns Torfasonar. Stærð hólsins í dag er fremur svipuð, um 55 x 35 m í norður suður, og þótt mikið efni hafi verið borið burt við sléttun var mikil möl sett í staðinn, þar sem hálfgerð kviksyndi var í jarðvegnum. Hann er í dag (2008) enn um tæpir 3 m á hæð, sé miðað við tún Útskála.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Miðhús og Krókur, 1; Ö-Krókur og Miðhús aths., 1

### GK-088:002 Miðhús bæjarstæði bústaður

64°04.561N 22°39.591V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tvö samhliða hús um 80 m SA af bæjarhól 001. Hugsanlega er það bæjarstæði sem þá var nýlegt, sbr. 001.

Malarstæði eru í kringum íbúðarhúsið að sunnan en norðan við eru bakkar (sjá 004) byggðir af ábúanda og álfhóll (020) austan við.

Fyrsti hluti hússins er reistur rétt fyrir 1920 en byggt var við það 1939. Ábúandi (frá 1993) hefur einnig byggt bílskúr við, og sett kvist á norðurhlíð.

64°04.609N 22°39.672V



Bæjarhóllinn horft í norðvestur



Bæjarstæðið horft í norður

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-088:003** heimild um kálgarð 64°04.606N 22°39.714V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður bæði sunnan og norðan við bæ 001. Nú er svæðið sem þeir voru á malarfylltur grunnur fjóss og hlöðu, byggt 1963. Þessir garðar voru sléttaðir 1963. Þeir voru á bæjarhól 001.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-088:004** hleðsla heygarður 64°04.583N 22°39.587V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Vatnságangur af síki nærliggjandi fordjarfar heygarðinn, so árlega þarf að bæta." Heygarður var um 80 m ASA af bæjarhól 001. Bakki er byggður milli íbúðarsvæðis og Útskálasíkis. Hlið er í honum um miðbikið. Nú er ekki vitað hvar heygarður var á dögum Árna og Páls. Vitað er um heygarð sem nú er undir miklum bakka, reistum af ábúanda Miðhúsa. Í norðurhlið hans glittir í steinhleðslur, svo þessi garður hefur verið grjóthlaðinn, og virðist hafa náð um 0,8 m hæð en bakkinn er um 120 m langur, 3 m breiður og allt að 2 m hár. Ekki er víst að þetta sé sami garður og talað er um í jarðarbók, og eins getur verið að þessar hleðslur séu ekki nema á þessu smákafla. Ekki er þó um aðra garða að ræða í nágrenninu. Útskálasíkið er norðvestan við þennan bakka.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** JÁM III, 85

**GK-088:005** Grundargarður heimild

"Grundargarður var garðbrot í suðvestur frá Miðhúsum, en hefur nú verið jafnað út," segir í athugasemdum við örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar garðurinn var, en líklega í sléttuðu túni suðvestan við Miðhús. Sléttað tún í landi Miðhúsa.

Ekki sjást nú nein merki þessa garðbrots.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Krókur og Miðhús aths., 1

**GK-088:006** heimild um útihús 64°04.602N 22°39.668V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús, forgryfja og/eða salerni, um 10 m austan við bæjarhólinn 001. Á svæðinu er núna fjós og steipt stétt.

Vegna sléttunar bæjarhóls eru minjar þessar horfnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-088:007** heimild um útihús 64°04.623N 22°39.703V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús, forgryfja og/eða salerni, um 20 m vestan við bæjarhólinn 001.

Á svæðinu er nú (2008) reykkofti.

Vegna sléttunar bæjarhóls eru minjar þessar horfnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-088:008** heimild um brunn 64°04.596N 22°39.653V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 20 m austan við bæjarhólinn 001.

Smá grasblettur suðvestan við sléttaðan bæjarhól 001.

Síðast var vitað um brunninn í mjólkurhúsi, sem nú (2008) hefur verið rífið, og engar minjar hægt að sjá.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-088:009** heimild um landamerki

Í landmerkjalýsingu Miðhúsa frá 1887 segir: "Miðhús liggjandi í Útskálasókn í Romshvalanesshreppi á landeign sem hjer segir: Að austanverðu ræður milli jarðanna Miðhúsa og Króks, bein lína af fremsta fjöruborði frá steini í hákrókariferi merktum L.M. í annan stein ofan til í miðri fjöru merktar sama marki [010]" Ætla má að steinninn hafi verið a.m.k. 280 m NA af bæjarhól 001. Fer undir sjó á flóði, í þangfjöru.

Leit að steininum hefur ekki borið árangur. Talið er að við bygging sjóvarnargarðs hafi steinninn farið forgörðum. Einnig gæti náttúrulegt rof vegna sjávargangs hafa fargað honum, þar sem hann er nokkuð úti sjónum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Landamerki 1887.

**GK-088:010** heimild um landamerki

Í landmerkjalýsingu Miðhúsa frá 1887 segir: "Miðhús liggjandi í Útskálasókn í Romshvalanesshreppi á landeign sem hjer segir: Að austanverðu ræður milli jarðanna Miðhúsa og Króks, bein lína af fremsta fjöruborði frá steini í hákrókarífi merktum L.M. [009] í annan stein ofan til í miðri fjöru merktar sama marki, þaðan í stein á marbakka eins merktan [011]." Þessi steinn hefur sennilega verið skammt sunnan við stein 009.

Fer undir sjó á flóði, í þangfjöru.

Leit að steininum hefur ekki borið árangur. Talið er að við bygging grjótgarðs hafi steinninn farið forgörðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Landamerki 1887.

**GK-088:011** heimild um landamerki

64°04.682N 22°39.545V

Í landmerkjalýsingu Miðhúsa frá 1887 segir: "Miðhús liggjandi í Útskálasókn í Romshvalanesshreppi á landeign sem hjer segir: Að austanverðu ræður milli jarðanna Miðhúsa og Króks, bein lína af fremsta fjöruborði frá steini í hákrókarífi merktum L.M. [009] í annan stein ofan til í miðri fjöru merktar sama marki [010], þaðan í stein á marbakka eins merktan." Tekið er mið af króksóssundtrénu [013] en landamerkin hafa legið beint frá því niður að sjó. Steinninn hefur líklega verið þar sem nú er grjótgarður, en ofan við hann er malarvegur sem liggur meðfram grjótgarðinum frá Gerðum [091:002] að Vatnagörðum [087:001].

Leitað hefur verið að steininum, bæði af ábúendum og skráningarmanni, en það hefur engan árangur borið. Rafn Torfason telur að grjótgarðsframkvæmdir hafi rutt burt landamerkjasteinum, og er sennilega óhætt að taka undir það.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Landamerki 1887

**GK-088:012** heimild um landamerki

Í landamerkjalyýsingu Miðhúsa frá 1887 segir: "... þaðan í stein á marbakka eins merktan [011] þaðan að merktum steini vestan í hólnum er króks-óssuendrjeð [Króksóssundtréð] [013] stendur á, þaðan með húsagarðinum [sennilega 014] í Krók að norðanverðu vestur að vesturútnorður kálgarðshornum jarðarinnar Króks." Hóllinn sem Króksóssundtréð 013 var á er þekktur en ekki er steinn í hliðum hans.

Hóllinn er gróinn melagróðri, og liggur um 10 m vestan við grjótgarð, svo ekki er talið líklegt að framkvæmdir tengdar honum hafi þurft að raska honum.

Við hóllinn finnst ekki nokkur steinn, svo lítið er vitað um afdrif hans.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Landamerki 1887.

**GK-088:013** heimild um samgöngubót

64°04.656N 22°39.437V

Í landamerkjalyýsingu Miðhúsa frá 1887 segir: "... þaðan í stein á marbakka eins merktan [011] þaðan að merktum steini vestan í hólnum er króks-óssuendrjeð [Króksóssundtréð] [013] stendur á," Um 2005 féll tréð vegna vanhírðu, og var svo hent burt. Sundtréð stóð á litlum hól við sjóvarnargarð, um 200 m norðaustan við bæjarstæði [002]. Hóllinn er vaxinn smá melagróðri og virðist hafa sloppið við framkvæmdir tengdar grjótgarði.

Króksóssundtréð er nú horfið með öllu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Landamerki 1887

**GK-088:014** garðlag landamerki

64°04.617N 22°39.718V

Túngarður, sem þjónar einnig hlutverki landamerkjagarðs, liggur milli túna Miðhúsa og Útskála. Hann sést fyrst fast norðvestan við bæjarhól 001.

Sléttuð tún eru sitthvorum megin við að vestan, og hleðslurnar vel grónar svo ekki sér í stein, en þegar að bæjarhól [001] er komið verða hleðslurnar berar, líkast til hrossbitnar. Garðurinn nær að Útskálasíki.

Hleðslurnar eru að mestu grónar og liggur girðing eftir þeim endilöngum. Mest er garðurinn um 0,8 m hár. Hann liggur í norðaustur-suðvestur fyrstu 90 m frá Útskálatjörn, svo austur-vestur næstu 75 m og síðast 125 m í norðaustur suðvestur. Alls er hann því um 290 m langur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-088:015** heimild um landamerki

Í landamerkjalyýsingu Miðhúsa frá 1887 segir: "...þaðan með húsagarðinum [014]



*Garðlag 014, horft í vestur*

í Krók að norðanverðu vestur að vesturútnorður kálgarðshornum jarðarinnar Króks, en það allt bein stefna frá fjöruborði og þar merktur steinn sama marki þaðan til útnorðurs í mörk [?] túngarð [016]"  
Ekki er þekktur merkjasteinn við túngarð.

Ekki þekkjja heimildamenn til þessa merkjasteins, og hann fannst ekki við leit á vettvangi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Landamerki 1887

**GK-088:016** garðlag landamerki

64°04.547N 22°39.683V

Í landamerkjalyýsingu Miðhúsa frá 1887 segir: "...þaðan [frá 015] til útnorðurs í mörk [?] túngarð milli áminnstra jarða, ræður túngarður þessi mörkum upp í aðaltúngarð beggja jarðanna, þaðan beint en sama sjónhending ræður að stein [017] við þjóðveginn merktan sama marki."

Það sem sjáanlegt er af túngarðinum liggur í túnasvæði að Sólbakka (nýbýli við gamalt bæjarstæði Króks (089:001)). Við garðinn eru sléttuð tún og yfir stórum hluta hans er vegur.

Garðurinn er að mestu horfinn þar sem hann var notaður í uppfyllingu undir heimreiðina að Sólbakka, og að hluta að Miðhúsum. Um 58 m eru sýnilegir og liggur garðurinn þá frá núverandi heimreið að Miðhúsum og gegnum túnasvæði að Sólbakka. Þar sést að garðurinn hefur mest náð um 1,5 m á breidd. Gerðurinn er um 1 m hár og nokkuð vel gróinn, sérstaklega að norðaustanverðu, þar sem hann er gróinn háu grasi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Garðlag 016, horft til norðaustur*

**GK-088:017** heimild um landamerki

Í landamerkjalyýsingu Miðhúsa frá 1887 segir: "... þaðan [frá 016] beint

en sama sjónhending ræður að stein við þjóðveginn merktan sama marki - þá áfram með þjóðveginum til útnorðurs". Landamerkjasteinninn hefur nú (2008) verið færður úr stað, og prýðir garð í nálægu íbúðahverfi.

Steinninn er horfinn úr upphaflegu umhverfi, og hefur verið færður í einkagarð. Heimildamaður veit hvar sá garður er en skráningarmaður athugaði steinninn ekki á vettvangi. Upphafleg staðsetning hans er ekki ljós en þó líklegt að hann hafi verið á suðausturmerkjum Miðhúsa og suðvesturmerkjum Króks, þar sem þjóðvegurinn liggur nú.

Steinninn var ekki skoðaður á vettvangi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Landamerki 1887

**GK-088:018** gata leið

64°04.529N 22°39.780V

Heimildamaður segir frá leið sem liggur frá Miðhúsum, framhjá Garðbæ og upp á þjóðveginn. Sléttuð tún er á partinum næst Miðhúsum, en á miðri leið er nú (2008) hesthús, og því er slóðinn þaðan vel greinilegur.

Eftir að komið er úr túninu liggur leiðin um órækt milli heimreiðar og túna.

Slóðinn er um 0,15 m breiddur og um 75 m langur á sýnilegum parti. Lá upp að gamla þjóðvegi sem samkvæmt heimildamanni liggur undir núverandi vegi í gegnum Garð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-088:019** heimild um landamerki

64°04.687N 22°39.535V

Í landamerkjalyýsingu Miðhúsa frá 1887 segir: "... þá áfram með þjóðveginum til útnorðurs þar til kemur að einum merktum steini [017], þaðan að túngarðinum [016] til landnorðurs þaðan eptir túngarði er liggur í boga til norðurs alla leið heim að húsagarð framanskriafaðan [sennilega 014], beina sjónhendingu fram yfir sjávarkamp ofan í fjöru að steini er nefnist Snasi, þaðan sömu sjónhending að steini í Naustarífi eins merktan." Í dag (2008) er hægt að miða frá girðingarenda milli Útskála og Miðhúsa, að stórum hornstaur í girðingu neðan við Vatnagarða og þaðan beint í fjöru.

Steinninn hefur verið í þangvaxinni fjöru, og farið undir sjó á flóði (fjaran fer öll undir sjó á flóði).

Steinninn fannst ekki við leit.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Landamerki 1887

**GK-088:020** álagablettur huldufólksbústaður

64°04.562N 22°39.571V

Fast austan við íbúðarhús 002 er álfhóll. Hann er að mestu innan girðingar við íbúðarhúsið.

Móður heimildamanns birtust álfar og hefur hún beðið hann um að hrófla ekki við hólnum vegna álfabyggðar. Þessari bón hefur hann orðið við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-088:021** álagablettur huldufólksbústaður  
Álfhóll er í túni Miðhúsa, um 150 m suðvestan  
við bæjarhól [001].

Hóllinn er í afar grænu og grösugu túni sem  
reglulega er sleginn. Hóllinn er þó ekki sleginn.

Hóllinn er um 0,7 m hár og myndar hring sem er  
um 5 m þvermál. Álög eru sögð vera á hólnum, og  
megi því ekki slá efsta hluta hans, annars dýnji  
óhapp yfir þann sem fremdi verknaðinn. Þekktar  
eru tvær dæmisögur af því hvernig fór fyrir þeim  
mönnum sem slógu efsta part hólansins. Önnur  
þeirra segir frá manni sem sló toppinn, en vildi  
svo ekki betur til en hann missti stuttu eftir tvo  
fingur, og var fólk því þaðan af beðið um að slá  
toppinn ekki. Seinna var þó annar maður sem taldi  
þetta bábiljur og sinnti engu um viðvaranir og sló  
toppinn. Morguninn eftir fannst besta  
mjólkurkýrin á bænnum dauð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

64°04.566N 22°39.864V



*Álfhóll 021, horft til suðausturs*

## GK-089 Krókur

1703: 20 hdr. Bændaeign. 1847: 20 hdr. Bændaeign. "Krókur var gamla býlið, en svo var Sólbakki byggður úr því. ... Sólbakki var færður vegna sjávangangs." Ö-Miðhús og Krókur, 1. Jarðarinnar er getið í skjölum um rekaskipta frá um 1270: "sandgierdinga. ok þar vr sionhending j hinn hæsta stein aa markskerri. Þaðann eigv sydvr biasker j miðann eyktar holm. Þaðann fra fvlavik xl fadma ä sanndinn fra kollldvholmrvm. Þaðann aa hvalsnes. krokvr. ok vtskaler sydvr til midær holms sinn þridivng hvor þeirra. Þaðann eigv vtskaler einer sydvr til miosyndis." DI II, 77-78. Jarðarinnar er einnig getið í fjárskiptabréfi "milli húsfnú Hólmsfríðar Erlendsdóttur af einni álfu, en af annari Eyjólfis Einarssonar, sonar hennar, og systkina hans" frá 1522. DI IX, 87. Þá er hennar getið í yfirlýsingu Gissurar Skálholtsbiskups frá 1541 þar sem hann lýsir því yfir að "hústrú Hólmsfríðr Erlendsdóttir haldi til fullrar eignar jörðunum Sandgerði, Króki og Miðhúsum ..." DI X, 657 og í dómi um "testametum hústrú Hólmsfríðar heitinnar Erlendsdóttur" frá 1545, DI XI, 402. Þá er jarðarinnar aftur getið í dómi frá 1547 "um gildi gjafabréfs hústrú Margrétar Vigfúsdóttur 1486 um ánefnt jarðagóz til Þorvarðs Erlendssonar, dóttursonar síns..." DI XI, 570. Jarðarinnar er einnig getið í skiptabréfi Eyjólfis Einarssonar í Dal undir Eyjafjöllum frá 1558, DI XIII, 323.

Þrjár hjáleigur eru nefndar frá bænum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703, Krókshjáleiga og tvær ónefndar báðar í eyði.

1703: "Fóðrast kann ii kýr og i úngneyti laklega. ... Torfrista og stúnga hjálpleg. Rekavon lítil. Lýngrif í óskiftu landi lítilfjörlegt og lánan veg í burtu. Eldiviðartak af fjöruþangi hjálplegt. Heimræði árið um kring og uppsátur í Útskálalandi ... Hjér í mót eigu Útskálar vatnsnaut í Króks brunni. Lending hættusóm. Tún jarðarinnar spillist af leysingarvatns ágangi. Engjar öngvar. Úthagar litlir mjög sumar og vetur." JÁM III, 85-86. 1919: Tún 1,2 ha, kálgarðar 1120 m<sup>2</sup>.

### GK-089:001 Krókur bæjarstæði bústaður

64°04.531N 22°39.578V

"Krókur er næst fyrir neðan Krókvöll. Gamli bærinn stóð uppi á dálitlum hól. Túnið lá einkum sunnan hans, vestan og norðan. Nú er búið að rífa gamla bæinn og byggja nýtt hús skammt fyrir norðan þar sem hann var. Það heitir Sólbakki," segir í örnefnalýsingu Króks. Í annarri lýsingu Króks og Miðhúsa segir: "Krókur var gamla býlið, en svo var Sólbakki byggður út úr því." Krókur stóð rúma 150 m suðaustur af Miðhúsum GK-088:001. Á túnakorti frá 1919 er Krókur merktur vestarlega, hjá Garðbæ en það mun rangt og bæði heimildamenn og ritaðar heimildir benda til að hann hafi staðið um 140 m norðaustar, hjá Lykkju sem merkt er á kortið, sjá 007, skammt suðaustan við Sólbakka.



Bæjarhóllinn á Króki, horft til suðvesturs

Býlið stendur uppi á grónum hól sem er um 30 m langur og 20 m breiður. Bærinn Sólbakki stendur þar rétt norðvestan við bæjarstæðið. Kálgarður [009] er fast sunnan við býlið.

Húsið sem síðast stóð var hlaðið úr að því er virðist tilhöggnum steinum og einnig steyp. Grunnurinn er um 10 m á lengd og um 8 m á breidd að innanmáli þar sem hann er breiðastur. Hann er tvískiptur og liggur veggur í gegnum hann nokkurn veginn miðjan. Nokkuð hrun er að sjá inni í grunninum og þá sérstaklega í norðausturhorninu. Grunnurinn snýr í vestnorðvestur-austsuðaustur og finnst ekkert sýnilegt op eða inngangur, líklega hefur hrun lokað því. Líklegt verður þó að teljast að inngangur hafi verið í norðnorðaustur því þar rétt fyrir neðan er Króksbrunnur 021. Þar sem hleðslan er hæst sést í þrjá steina,

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Krókur, 1; Ö-Krókur og Miðhús, 1.

### GK-089:002 Grund heimild um bústað

64°04.511N 22°39.760V

Á túnakort frá 1919 hefur verið rituð skýring austan við Garðbæ 006: "Grund var hér, rústir og tún," og virðast þá engin bæjarhús uppistandandi. "Fyrir ofan Krók heitir Grund. Þar var býli áður; nú er þar steinhrúga," segir í örnefnalýsingu. Sléttuð tún eru kringum Krók en nokkru suðvestar safnaði fyrrverandi ábúandi öllu grjóti úr túninu saman í hauga. Ekki tekst að staðsetja Grund þar sem öll kennileiti hafa breyst. Heimildamenn þekkja ekki til nafnsins. Hugsanlega er um eitt bæjarstæði að ræða, þ.e. að Grund og Krókur hafi staðið þar sem Sólbakki var síðar reistur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Miðhús og Krókur, 1

**GK-089:003** heimild um útihús 64°04.520N 22°39.788V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 20-30 m norðvestur af Garðbæ 006.  
Gróið svæði við íbúðarhús.  
Húsið er horfið.  
**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-089:004** gerði kálgarður 64°04.505N 22°39.817V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru kálgarðar sunnan við Garðbæ 006.  
Garðhleðslan liggur nú um húsgarð við íbúðarhús og er notaður af núverandi íbúa sem slík. Utan við garðinn eru móar og reiðvegur. Garðurinn um kálgarðinn sést enn vel, en honum hefur verið haldið við og torfþökur lagðar á hann. Garðurinn afmarkar svæði sem er um 30 x 30 m í dag (2008).  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919



*Kálgarður 004 horft til norðurs*

**GK-089:005** heimild um útihús 64°04.498N 22°39.846V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús rúma 60 m suðvestur af Garðbæ 006, inni í kálgarði. Þar er nú íbúðarhús sem stendur á upphækkuðum stalli. Steinar úr fyrrverandi kálgarði eru líklega notaðir í hleðslur við húsið, en af útihúsi er þar ekkert sjáanlegt.  
Nú er þar íbúðarhús og snyrtur garður.  
Útihúsin eru horfin undir íbúðarhús næst ofan við Garðbæ 006.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-089:006** Garðbær bæjarstæði bústaður 64°04.513N 22°39.776V  
Garðbær er merktur á túnakort Garðsins 1919. Hann stóð um 160 m VSV af Króki 001.  
Aðalsvæðið er komið undir íbúðarhús og bílskúr. Nyrsti hluti svæðisins er gróinn og grýttur og hefur verið notaður til hrossabeitar en hesthús er þar 50 m norðaustan við.  
Garðbær er nú (2008) að mestu eða öllu leyti farinn undir nýbyggingu þar. Síðasta íbúðarhúsið við Miðhúsabraut áður en komið er að Miðhúsum heitir Garðbær og virðist standa á bæjarhólnum, þó hann sé mjög ógreinilegur. Norðan við húsið er mikið af grjóti og virðist eitthvað af því mynda leifar mannvirkis, en á þessum slóðum eru útihús merkt á túnakort.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-089:007** Lykkja bæjarstæði bústaður 64°04.527N 22°39.556V  
Á túnakorti Garðsins 1919 er sýnt býli, Lykkja, um 130 m suðaustur af Miðhúsum 088:001. Í örnefnalýsingu Króks og Miðhúsa segir: "Þar fyrir neðan [Krókvöll] og innan var býlið, sem nefnt var Lykkja, en þar hafa ekki fundizt merki eftir býli." Samkvæmt túnakortinu voru tún Lykkju alls 0,3 teigar. Heimildamaður telur að Lykkja hafi staðið neðan í bæjarhól Króks. Þústir eru um 25 m norður af Krók 001.  
Á svæðinu eru tvær þústir sem virðast af manna völdum. Annars er svæðið smápýft og gróið. Landinu er beitt undir hross.  
Þústirnar ná yfir svæði sem er um 7 x 6 m að stærð.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Miðhús og Krókur, 1

**GK-089:008** gata leið 64°04.549N 22°39.517V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata eða traðir til norðurs frá Krók 001. Leiðin fylgir að mestum hluta garði sem er um 55 m norðaustan af Króki. Leiðin liggur í hrossbeittum túnnum, að mestu eftir garði sem markar leiðina.  
Frá Króki er leiðin ekki greinileg en liggur til vesturs, 120 m meðfram garði, en þaðan var fært yfir á milli síkjanna og niður að sjó. Þessi leið var farin með hestvagna þegar þurfti að koma vörum niður að sjó, samkvæmt

heimildamanni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-089:009** gerði kálgarður

64°04.525N 22°39.566V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru kálgarðar sunnan við Krók 001 og tilheyrði nyrðri hluti þeirra Króki en sá syðri bænum í Lykkju. Kálgarður sést um 4 m sunnan við Krók.

Kálgarðurinn er á svæði sem nú er beitiland fyrir hross. Fast norðvestan við hann er heimreiðin að Sólbakka en íbúðarhúsið stendur norðan við garðinn.

Garðurinn um kálgarðinn er um 140 m á lengd, breiðastur er hann um 3 m og hæstur um 1,3 m. Kálgarðurinn sjálfur er um 36 m á breidd og 40 m á lengd að innanmáli. Kálgarðurinn er gróinn grasi en á örlitlum skika norðaustan í garðinum er ræktaður rabbarbari. Þar sem garðurinn er breiðastur (3 m) er merkt inná túnakort frá 1919 að sé bygging, hugsanlega útihús. Nú (2008) stendur aðeins eftir grunnurinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919



*Leið 008, horft til austur*

**GK-089:010** heimild um leið

64°04.478N 22°39.593V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur eða traðir milli Lykkju 007 og Smærnavallar 012.

Leiðin lá samkvæmt túnakorti í gegnum tún sem nú eru sléttuð og þar sem þessi leið og leið 090:006 mætast er hálfgerð órækt með grasi og blómum.

Þessi vegur/traðir er horfinn, nema vegmótin milli hans og vegar 090:006.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919



*Kálgarður 009, horft til austurs*

við Krók 001. Malarstæði og grunnur fyrir Sólbakka. Samkvæmt túnakorti voru kálgarðarnir þar sem hús Sólbakka standa nú (2008).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-089:012** Smærnavöllur tóftir býli

64°04.450N 22°39.504V

Samkvæmt túnakorti Garðsins frá 1919 var býlið Smærnavöllur hátt í 150 m SSA af Lykkju 007. Í örnefnalýsingu segir: "Bræðraborg. ... Land þetta hét Smærnavöllur, og neðst í því hétu Vegamót. Þar ofar var Bali, og neðst niðri á Gerðabökkum fyrrnefndu voru býli." Í athugasemdum við lýsinguna segir ennfremur: "Smærnavellir hét það, sem nú heitir Bræðraborg." Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tún Smærnavallar alls um 1,5 teigar og kálgarðar þeirra um 630 m<sup>2</sup>.

Bæjarstæðið er í túni sem í dag er notað til hrossabeitar. Austan við tóftirnar eru hlaðin garðlög og innan við þau grýtt tún.


Á svæðinu eru tvær tóftir. Önnur, sú minni, er uppi á bæjarhólnum, en hin er neðan við bæjarhólinn sunnanverðan og er hún nokkuð niðurgráfin. Tóft A, sem er uppi á bæjarhólnum, er um 1 m á breidd og um 2,5 m á lengd að innanmáli. Tóft B, sú fyrir neðan, er um 2 m á breidd og 3,5 m á lengd að innanmáli. Hleðsluhæð í tóft A er mest um 0,8 m en í tóft B mest um 1,4 m. Sameiginlegt svæði tóftanna er um 11 m á lengd og á breidd. Mesta hækkun þess frá túninu í kring er um 1,6 - 2 m hjá tóft A. Á svæðinu er einnig hleðsla sem liggur út frá austurhorni tóftar A. Hleðslan er um 6m löng og 3m breið. Bæjarhóllinn sjálfur er um 8 m breiður og 6 m langur og er hæð hans, fyrir utan tóftirnar um 1,2 m. Tóftirnar eru báðar hlaðnar úr torfi og grjóti og sést enn vel í grjóti þó það sé orðið vel mosavaxið. Opið á tóft A snýr til suðvesturs, og er það nokkuð mjótt, um 30 sm. Opið á tóft B opnast til suðausturs og er mun stærra, um 1,8 m. Tóftirnar eru báðar samsíða bæjarhólnum sem snýr



suðaustur-norðvestur. Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru kálgarðar [013] allt í kring um bæjarstæðið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Miðhús og Krókur, 2; Ö-Krókur og Miðhús aths., 1



*Smæravöllur 012, horft til austurs*

**GK-089:013** gerði kálgarður

64°04.443N 22°39.510V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru kálgarðar sunnan og suðvestan við Smærnavöll 012. Sunnan við bæjarstæði 012 er kálgarður A, suðvestan við bæjarstæði 012 er kálgarður B og norðaustan við bæjarstæði 012 er kálgarður C.

Kálgarðarnir eru í hrossatúnunum, en túnin virðast hafa verið slegin nýlega.

Garðarnir skiptast í raun í þrennt og er hér lýst hverjum fyrir sig. Þeir ná yfir svæði sem er alls um 45 x 30 m stórt frá NV-SA. A: Er um 20 x 13 m að innanmáli. Virðist hlaðið í tveim steinröðum. Víðast er hleðslubreiddin um 1 m en hvergi stendur steinn yfir steini, svo hæðin verður mest um 0,7 m mest.

B: Er um 20 x 7 m að innanmáli, hleðslurnar eru um 1 m á breidd, og hér er hæðin aðeins um 0,2 m.

C: Norður og suðurhlíðar eru jafnháar túninu innan garðsins en hækkunin er um 0,4 m miðað við tún utan garðs. Í suðaustur sameinast svo þessi garður, garði A. Stærðin er um 20 x 15 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-089:014** gerði kálgarður

64°04.417N 22°39.546V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 50 m suðvestur af Smærnavelli 012. Garðurinn er aflangt gerði, um 70 m suðaustur af Krókvelli. Svæðið í kring er flatt beitarsvæði undir hesta. Rétt norðan við liggur skolplögn (nýlega grafín), í átt að Gerðalandi. Kálgarðurinn er um 50 x 5 m að innanmáli og snýr í austur-vestur. Hleðslan er mis-reisuleg, afar mosavaxin norðan megin, en nokkuð grasgróin sunnan megin. Innan garðsins er meiri gróska en utan hans.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-089:015** heimild um kálgarð

64°04.405N 22°39.528V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 20 m suðaustan við kálgarð 014. Nú má vegna gróðurfarsbreytinga ímynda sér hvar garðurinn gæti hafa verið, en hleðslurnar eru horfnar. Gróið land, mikill blómabúskapur er á jörð Bræðraborgar. Hleðslusteinar úr kálgarðinum hafa verið fjarlægðir og notaðir til að reisa gerði í kringum blómagarð, áföstum nýbýlinu Bræðraborg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-089:016** heimild um kálgarð

64°04.384N 22°39.546V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 30 m suðvestur af kálgarði 015. Hleðslur eru horfnar. Gróið land, mikill blómabúskapur er á jörð Bræðraborgar. Hleðslusteinar úr kálgarðinum hafa verið fjarlægðir og notaðir til að reisa gerði í kringum blómagarð, áföstum nýbýlinu Bræðraborg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-089:017** *Krókshjáleiga* bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er Krókshjáleiga nefnd fyrsta hjáleiga frá Króki. Um hana segir: "Föðrast kann i kyr að tveim þriðjungum ríflega. ... Fjörugrasa og þángtekju til eldiviðar hefur húsmáðurinn nægilega." Nú er ekki vitað hvar Krókshjáleiga var. Þó gæti verið að um sé að ræða sama stað og Króksvöll eða jafnvel að hjáleigan hafi staðið á sama stað og Lykkja eða Smærnavöllur gerðu síðar.

**Heimildir:**JÁM III, 86

**GK-089:018** bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Önnur hjáleiga ónafngift hefur hjer til forna verið um lánga tíma, en legið nú í auðn yfir sjö ára tíma, nú er grasnautn sú, sem þar með fylgdi, brúkuð af heimabóndanum; landskuld var 1 álnir og i kúgildi. Kann ekki aftur að byggjast nú sem ástatt er án heimajarðarinnar skaða, því að jörðin sjálf, sem fyrir nokkrum árum hefur í eyði legið nokkra stund, er enn nú ekki fullkomlega komin í rækt, sem hún var áður; sýnist og næsta því örvænt að túnin hjeðan í frá fái þá rækt, að hjáleiga þessi megi heimabóndanum að skaðlausu aftur byggjast." Nú er ekki vitað hvar þessi hjáleiga stóð.

**Heimildir:**JÁM III, 86

**GK-089:019** bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Þriðja hjáleiga hefur hjer til forna verið uppbygð í manna minni sem nú lifa, og helst hún við um fáein ár, eyðilögð aftur með vilja fyrir grasnautnar skort." Nú er ekki vitað hvar þessi hjáleiga stóð.

**Heimildir:**JÁM III, 86-87

**GK-089:020** tóft óþekkt

64°04.433N 22°39.494V

Tóft eru um 5 m norðan við Bala 025 og 20 m sunnan við Smærnavelli 012. Tóftirnar eru í túni, sem eitt sinn hefur verið vel ræktað, en þar er nú hrossabeit. Nokkuð er af kálgörðum (013, 015) í kring.

Skipta má tóftinni gróflega í tvo hluta, en þó virðist hún vera ein heild, alls um 6 x 4 m stór. Syðri hlutinn er tvö 2 x 1,2 m hólf sem snúa í norður-suður, og tengjast í austur-vestur. Hólfin eru niðurgráfin, um 0,5 m og í hliðunum sjást grjóthleðslur. Í hólfunum er nokkuð af rusli. Nyrðri tóftin er ekki eins greinilega hlaðin á norðurhliðinni, en á suðurhliðinni er greinileg, lág hleðsla. Þetta hólf er um 4 x 2 m að stærð og snýr í austur-vestur. Hólfið er um 0,2 m djúpt. Töluvert grjót er innan í hólfinu, og í suður opnast op í átt að hinum hólfunum. Milli hólfa er virðist svo vera um 5 sm djúpur troðinn stígur, en hann nær ekki út fyrir hólfin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-089:021** brunnur brunnur

64°04.534N 22°39.559V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 10 m norðaustan við Krók 001. Brunnurinn er rétt norðaustan við bæjarhólinn.

Brunnurinn er í vel grónu, ósléttu túni suðaustan við núverandi hús í Miðhúsum.

Brunnurinn er um 2 m á lengd og 1,5 m á breidd. Bæði er grjót og steypa í bökkum hans og er hann nokkuð vel gróinn mosa. Fyllt hefur verið upp í brunninn svo ekki sést hversu djúpur hann hefur verið. Núverandi ábúandi á Sólbakka veitir affallinu af heita vatninu hjá sér í brunninn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919



*Brunnur 021, horft til suðurs*

**GK-089:022** *Vegamót* bæjarstæði bústaður

64°04.412N 22°39.421V


Býlið Vegamót er 60 m norðaustan af nýbýlinu Bræðraborg, og um 80 m norðvestur af sundlaug Garðs.

Þessu svæði hefur ekki verið raskað mikið og má því enn greina lögunina sem býlið hafði samkvæmt túnakorti frá 1919. Í dag (2008) er hér afgirtur reitur undir hesta. Mikill melagróður vex hér, og flestar hleðslurnar standa enn upp að vissu marki.

Samkvæmt túnakorti var híbýlum á Vegamótum skipt niður í 6 hólf, en 4 þeirra eru enn greinanleg í dag. Í austurenda tóftar eru tvö hólf, það syðra 4 x 1,5 m og það nyrðra um 1,5 x 1,5 m að innanmáli. Suðurhlutinn er töluvert betur varðveittur og standa hleðslur í um 1,5 m hæð, og hleðsla grjótsins er vel sýnileg. Vestari hólfin eru að mestu hruninn en vesturveggurinn stendur. Miðhólfin eru að mestu leyti horfin en norðurveggur þeirra

stendur. Um er að ræða vandaðar hleðslur, nú vel grónar að ofan en berar í hliðunum. Miklir kálgarðar eru í kring og tilheyra samkvæmt túnakorti Vegamótum og liggja í vestur til Smærnavallar, og í austur að Gerðalandi. Garðarnir eru signir, og milli tveggja fyrstu garðanna í átt að Smærnavöllum er mjög gróinn torfgarður. Garðarnir eru um 0,5 m á hæð og um 1,7 m á breidd. Þeir eru gróðurlitlir og því vel sýnilegir. Rétt norðaustan við bæjarstæðið er gryfja fyllt með grjóti. Líklegt þykir að þar hafi verið einhversskonar brunnur eða forað, en þó er ekkert slíkt merkt inná túnakort.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919



Bæjarstæði á Vegamótum 022

**GK-089:023** brunnur brunnur  
64°04.457N 22°39.495V

Um 15 m norður af bæjarstæði Smærnavallar 012 er brunnur. Brunnurinn er ekki merktur inná túnakort frá 1919, en er þó forn samkvæmt heimildamanni.



Brunnur 023, horft til suðurs

Brunnurinn stendur í túni sem nú (2008) er notað undir hross.

Brunnurinn er um 4 x 2 m að stærð og snýr í norður-suður. Mest verður hleðsluhæðin um 0,4 m. Fyllt hefur verið upp í brunninn með spýtna- og járnusli og því er ekki hægt að segja til um dýpt hans. Meðfram vesturbrún brunnsins er gróinn bakki og við suðurenda hans sést í hleðslugrjót.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-089:024** Sólbakki bæjarstæði býli

Í ornefnaskrá Króks segir: "Nú er búið að rífa gamla bæinn og byggja nýtt hús skemmt fyrir norðan þar sem hann var. Það heitir Sólbakki." Í athugasemdum við lýsinguna segir: "Gísli Sighvatsson kallaði húsið sitt Sólbakka, en býlið hét áður Krókur." Í ornefnalýsingu Króks og Miðhúsa segir enn fremur: "Neðan við síkið niður við sjó er nefnt Gerðabakkar. Býlin hétu eftir mönnum. Sólbakki var færður vegna sjávarágangs." Býlið Sólbakki er merkt inn á túnakort Gerða frá 1919. Við býlið stendur innan sviga "Við sjó, vestan við Þjóðbraut [091:010, einnig þekkt sem Bakki], í Gerða- (eða Útskála) landi?" Tún býlisins voru árið 1919 0,18 teigar og kálgarðar alls 2140 m<sup>2</sup>. Sólbakki hefur verið hér um bil beint norður af

Miðhúsasíki en land sem þar var er nú sokkið í sjó fyrir löngu síðan.


Sólbakki (gamli) er nú (2008) undir sjávarmáli. Öll ummerki um gamla Sólbakka eru væntanlega horfin.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Krókur, 1; Ö-Miðhús og Krókur, aths., 1; Ö-Krókur og Miðhús, 1; Túnakort 1919.

**GK-089:025** Bali bæjarstæði bústaður

"Rétt ofan við þessa bæi [Smærnavelli og ?] var lítið kot, sem hét Bali...Allir þessir bæir eru nú fyrir löngu í eyði komnir og tættur einar," segir í grein Hallmanns Sigurðssonar um búendur og býli í Garði 1903-1915. Bali er um 40 m suður af tóft A á Smærnavöllum 012. Tóftasvæðið er 170 m vestnorðvestan við íþróttahúsið. Staðurinn er merktur með skilti. Bali er í túni nálægt Smærnavöllum 012 og Vegamótum 022. Þar er mikið um garða og gróin svæði. Svæðið er nú notað til hrossabeitar.



64°04.428N 22°39.484V



Bæjarstæði 025, horft til austurs

Tóftin er um 2,5 m breið í suðvesturendann og 2 m breið í norðausturendann. Tóftin er um 7 m löng að innanmáli og hæstar eru hleðslurnar um 1,4 m. Tóftin er úr torfi og grjóti og sést mjög vel í grjót og hleðslur allan hringinn. Tóftin snýr í suðvestur-norðaustur og er norðausturbakki hennar mjög vel gróinn grasi. Op er á tóftinni og snýr það í norðvestur. Nokkuð er af grjóti bæði innan og utan við veggina og því má ætla að nokkuð hafi hrunið úr veggjunum. Tóftin gæti hafa verið tvískipt en í miðju hennar er þúst sem gæti hafa verið skilveggur. Þó gæti hér verið um að ræða gróið hrun. Inngangur tóftar er nær lokaður vegna hruns.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Hallmann Sigurðsson 1966a

#### **GK-089:026**

Á loftmynd í GoogleEarth er engu líkara en garðlag liggja til norðurs frá rústasvæðinu á Bala 025.

Liggur um gróið svæði. Garðurinn virðist gróinn og siginn. Hann liggur fyrst um 170 m til norðurs en sveigir þá í aflíðandi beygju í vesturátt um 150 m til viðbótar. Á þeim kafla virðist liggja vegur eða slóði eftir garðinum.

**Heimildir:**Loftmynd GoogleEarth

## GK-090 Krókvöllur

Ekki getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703. 1847, hjáleiga frá Króki. Í Jarðatali Johnsens frá 1847 segir í neðanmálgrein: "Þó að hvorki sýslumaður né jarðabækurnar nefni hjáleigu þessa [Króksvöll], er samt svo að skilja á presti, að hún sé til, sem bygt býli." JJ, 88  
1919: Tún 1,2 ha, kálgarðar 900 m<sup>2</sup>.

**GK-090:001** *Krókvöllur* bæjarstæði bústaður  
Samkvæmt túnakorti Garðsins 1919 var Krókvöllur syðst og austust þeirra hjáleigna sem deildu túni með Útskálum, um 150 m SA af Garðbæ GK-089:006. "Krókvöllur er næst fyrir utan Smærnavöll og næst fyrir ofan Krók. Íbúðarhúsið stendur sem næst neðst í túninu, en túnið nær upp að vegi og austur að Smærnavallatúni. Íbúðarhúsið er nær því á sama stað og gamli þorinn stóð áður. Fjós og hlaða voru órskammt norðaustan við íbúðarhúsið," segir í örnefnalýsingu.

Húsið stendur í stóru túni, Krókvelli það er í dag alveg sléttað og girt mestanpart, nema sunnan megin. Túnin voru á sínum tíma jöfnuð með því að bera mold töluverðan veg og leggja yfir grjót og ójöfnur, og þarnæst var það ræktað upp.

Húsið var byggt á tímabilinu 1897-1905 og tún í kring jöfnuð. Um 1965 var svo braggi byggður norðaustan við húsið, en sá er nú (2008) horfinn, en til stendur að byggja þar skúr, og er nú kominn grunnur að því. Við rask þegar grunnurinn var grafinn komu aðeins 20. aldar gripir í ljós, samkvæmt ábúanda. Húsið var stækkað í kringum 1980. Undir húsinu er kjallari. Enginn eiginlegur bæjarhóll er á staðnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Krókvöllur, 1

64°04.422N 22°39.650V



*Bæjarstæðið á Krókvelli, horft til suðvesturs*

### GK-090:002 heimild um kálgarð

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður tæpa 20 m austur af bæjarhól 001. Nú er þar sléttað tún. Kálgarðurinn er með öllu horfinn vegna sléttunar túns.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

64°04.421N 22°39.623V

**GK-090:003** heimild um kálgarð 64°04.440N 22°39.700V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 60 m norðvestur af bæjarhól 001.

Vel hirt tún er í kringum Krókvöll, en utan við túngarð tekur mikil órækt við í norður. Af garðinum er ekkert sýnilegt, en á 8 x 8 m reit er jörðin upphafin um 0,5 m, og í suðurenda þess svæðis stóð útihús 004. Þessi upphafni stallur er tættur í dag (2008).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919


**GK-090:004** tóft hæsnakofi 64°04.437N 22°39.704V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús við norðurenda kálgarðs 003 og ekki fyllilega ljóst hvort það hefur tilheyrt Krókvelli. Hæsnakofi sem tilheyrði Krókvelli var á þessu svæði samkvæmt heimildarmanni og þar sést tóft. Vel hirt tún er í kringum Krókvöll, en utan við túngarð tekur mikil órækt við í norður.

Tóftin er 1 x 3 m að innanmáli og snýr í austur-vestur. Að innan er hleðslan áþekkt hleðslu túngarðs kringum Krókvöll. Tóftin er vel gróin og hlaðin. Í kringum hleðslurnar er algróinn torfveggur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919



*Tóft 004*

**GK-090:005** tóft óþekkt  
64°04.467N 22°39.674V

Um 80 m norðan við Krókvöll 001 eru leifar af tóft og gryfju. Ekki eru þær merktar á túnakort eða nefndar í heimildum.

Utan túngarðs í órækt.

Um er að ræða tóft og litla gryfju. Hleðslan er að innanmáli 5 x 2 m og snýr í norðvestur-suðaustur. Hleðsluhæðin er um 0,6 m og þykkt veggjanna um 1 m. Hleðslurnar eru afar grónar. Gryfjan er 2 x 2 m, og um 0,9 m djúp. Að innan má sjá hleðslur í hliðunum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-090:006** gata leið 64°04.478N 22°39.593V


Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur eða traðir til norðurs eða norðausturs frá Krókvelli. Hann sameinaðist annarri leið sem tengdi Smærnavöll GK-089:012 og Lykkju GK-089:007.

Leiðin er sjánleg á svæði sem er nú (2008) í órækt.

Um 50 m af leiðinni sjást sem óljós slóði í túninu, en hún liggur frá girðingunni á landamerkjum Krókvallar og Króks og að þeim stað er þessi leið og leið GK-089:010 mætast.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919



Tóft 005

**GK-090:007** garðlag túngarður

"Smærnavallatún tók við neðan við tún Krókvallar nema alveg yzt, þar lá það að Krókstúni. Grjótgarður skildi þessi tún að," segir í örnefnalýsingu.

Garðurinn liggur milli Smærnavallatúns, sem er beitt er undir hesta og Krókvallatúns sem er slegið. Á garðinum liggur rafmagnsgirðing.

Garðurinn er um 0,75 m þykkur og verður hæstur um 0,8 m. Hann er alls um 300 m langur. Enn sést í hleðslur en þær eru mjög grónar, og huldar punti. Milli Smærnavallatúns og Krókvallatúns er garðurinn 120 m langur og liggur í norðvestur frá nýbýlinu Bræðraborg, en yst tekur við 50 m kafli meðfram órækt í vestur. Síðast liggur túngarðurinn svo í 130 m í suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Krókvöllur, 1

64°04.431N 22°39.596V



Túngarður 007, horft til suðausturs

**GK-090:008** brunnur brunnur

64°04.404N 22°39.612V

40 m suðaustan við Krókvöll 001 er brunnur, sem fyllt var upp í um miðja 20.



Brunnur 008, horft til suðausturs

öld, til að koma í veg fyrir slys. Brunnurinn er um 12 m austan við heimreið að Krókvelli.

Brunnurinn er í túnjaðrinum, en suðaustan við hann tekur við hryggur úr skeljasandi og órækt.

Brunnurinn er um 1,2 m í þvermál, hlaðinn en er nú (2008) fylltur með grjóti. Hann er mjög greinilegur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-090:009** heimild um leið

64°04.437N 22°39.692V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur eða traðir við norðurenda Krókvallartúns.

Þar er nú sléttað tún og órækt norðan megin við túngarð.

Ekki sjást ummerki um þessar traðir í dag (2008). Sennilega hafa þær tengst leið 006.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-090:010** heimild um hjall

64°04.370N 22°39.608V

"... Fiskhús voru upp við veginn, alveg suður við merki milli Smærnavallar og Krókvallar. Þar var einnig stakkstæði," segir í örnefnalýsingu. Fiskhúsin voru rúma 100 m SSA af Krókvelli 001, fast austan við heimreiðina að bænum.

Lítillgar hækkanir og órækt er á svæðinu þar sem fiskhúsin stóðu.

Ekki sést til leifa fiskhúsanna í dag (2008). Til er ljósmynd af fiskvinnsluhúsi í landi Krókvallar og stakkstæði við það, varðveitt hjá Ásgeiri Kjartanssyni. Sennilega er það sama húsið og minnst er á í örnefnaskrá og hefur líkast til ekki verið byggt fyrr en eftir 1920, enda sést það ekki á túnakorti 1919. Því er ekki víst að þessi staður sé fornleif skv. skilgreiningu laganna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Krókvöllur, 1

## GK-091 Gerðar

1703, jarðardýrleiki óviss. Konungseign. 1847, 25 hdr. Bændaeign. Þrjár hjáleigur eru nefndar á jörðinni í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703, tvær þeirra eru þá í byggð en Skúlahús sögð forn eyðijörð í eyði umliðin átta ár.

1703: "Fóðrast kann ii kýr laklega. ... Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin í almenningum. Lýngrif í óskiftu landi lítillfjörlegt og lángan veg í burtu. Torfrista og stúnga í sendinni jörðu valla nýtandi. Rekavon lítil. Eldiviðartak af fjörupáangi laklegt, og þarf annarsstaðar til að fá. Fjörugrasatekja lítil. Murukjarnar og annað þvílíkt má taka um vortíma til að næra pening í heyskorti. Heimræði er hjer árið um kríng ... Lending voveifleg. Tún, hús og garða jarðarinnar fordjarfar árlega sjáfar og vatnagangur til so stórra meina heimilisins, að þar sem menn skyldu á þurru landi gánga, verða skinnklæddir menn að bera kvenfólk heimiliss nauðsynja þjónustu, innan bæjar og utan þegar vetrarleysingar með sjáfangangi uppá falla, og er það stór mein ábúandans að byggja jafnoft aftur garðana og bera sand og grjót af túninu. Engjar eru öngvar. Útigangur í lakasta máta sumur og vetur, og landþrengsli mikil. Vatnsból um sumar og á vetur þegar stórfrost eru, er til stórmeina af miklum skorti og í lakasta máta." JÁM III, 87-88. 1919: Tún 1,5 teigar; kálgarðar 860 m<sup>2</sup>.

1919: Austurbær: Tún 2 teigar, kálgarðar 2140 m<sup>2</sup>. Vesturbær: Tún 1,5 teigar, kálgarðar 860 m<sup>2</sup>.

### GK-091:001 Gerðar bæjarhóll bústaður

64°04.457N 22°38.851V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tveir bæir í Gerðum, austur- og vesturbær. Hér er austurbærinn skráður. Hann var um 70 m suðaustan við vestari bæinn 002. Samkvæmt túnakortinu tilheyrðu bænum 2 teigar túns og um 2140 m<sup>2</sup> kálgarða. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "hjáleiga ein, áföst við bæinn." Heimildamanni þykir líklegra að hjáleiga hafi verið áföst vestari bænum, en ekki eru nein efnisleg ummerki um það. Bærinn stendur fast norðvestan við Gerðavegin (013).

Hús stendur á snyrtilegum litlum graspalli, um 0,7 m hár, en ekki er um eiginlegan bæjarhól að ræða. Húsið er byggt á 20. öldinni.

Hóllinn, eða upphækkunin, er 35 x 20 m og snýr í austur-vestur, en upphleðslan er ekki nema um 0,7 m há. Hleðslan er svo til eingöngu sunnan megin, sem gefur til kynna að pallur hafi verið gerður undir húsið þegar það var upphaflega byggt. Suðvestan við húsið er um 2 x 1 m þúst út úr hólnum en ekki er vítað neitt um hana. Nú er húsið í eigu Nesfisks og hýsir starfsmenn þess.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; JÁM III, 88.



Bæjarhóllinn 001

### GK-091:002 Vestri-Gerðar bæjarhóll bústaður

64°04.522N 22°38.861V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tveir bæir í Gerðum, austur- og vestur-bær. Hér er vesturbærinn skráður. Hann var um 70 m norðvestan við eystri bæinn 001. Samkvæmt túnakortinu tilheyrðu bænum 1,5 teigar túns og um 860 m<sup>2</sup> kálgarða. Á túnakortinu voru einnig þrjú útihús í hnapp innan kálgarðs um 10 m norðan við vesturbæinn. Eitt útihúsanna var forgryfja og/eða salerni. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "hjáleiga ein, áföst við bæinn." Heimildamanni þykir líklegra að hjáleiga hafi verið áföst vestari bænum, en ekki eru nein efnisleg ummerki um það. Bærinn er nú (2008) um 40 m norðan við frystihús Nesfisks. Á túnakorti er merktur brunmur, útihús og tveir kálgarðar sem nú eru horfnir, mest farið undir malbikað plan frystihússins. Húsin standa við malbikuð bílaplön frystihúss Nesfisks, og við hrossatún. Upp við húsin er mikill hvanngróður, en sú órækt hefur verið þar að minnsta kosti frá 1970.

Íbúðarhúsið stendur á um 50 x 50 m hól sem nær mest um 2 m hæð. Einnig er þar skúr, sem eitt sinn var fjós Gerða, og er merkt inná túnakortið. Íbúðarhúsið hefur gengið í gegnum einhverjar breytingar frá 1919, og er í dag (2008) í eigu Nesfisks. Austur af fjósinu er sýnileg garðhleðsla en samkvæmt túnakorti var kálgarður enn austar sem ekki er til staðar í dag. Innan í þeim garði er merkt forað, en vegna mikillar hvannaróræktar reynist ördugt að finna ummerki þess.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; JÁM III, 88.



**GK-091:003** *Auðunnarbær* bæjarstæði bústaður  
Í grein Hallmanns Sigurðssonar um býli og búendur í Garði 1903-1915 segir: "Næst Gerðum var lítið timburhús. Þar bjuggu Auðunn Eiríksson og kona hans, aHalldóra." Þessi bær var nefndur Auðunnarbær og var hann um 100 m norður af Vestri-Gerðum 002, og 7 m suður af grjótgardi við sjávarlínu Garðs.

Rústímar eru í túnjafri Kirkjuflatar (009). Við og í bæjarstæðinu vex mikið af hundasúru.

Tóftin er um 5 x 3 m og snýr í norður-suður. Tóftin er úr einfaldri steinaröð sem myndar e.k. grunn. Ekki er um eiginlegar hleðslur að ræða, en í heimild segir að um timburhús hafi verið að ræða. Innan grunns er jörðin grafin niður um 0,2 m. Túngarður liggur að tóftinni að vestan.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Hallmann Sigurðsson 1966a, 89

**GK-091:004** *Nielsarbær* bæjarstæði bústaður  
64°04.593N 22°38.989V

Í grein Hallmanns Sigurðssonar um býli og búendur í Garði 1903-1915 segir: "Næsta hús [við Auðunnarbæ 003] var torfbær og bjuggu þar ýmsir. Sá, sem ég man helst eftir, hét Niels." Bærinn mun hafa verið kallaður Nielsarbær, í það minnsta á þessum tíma. Grunnur Nielsarbæjar er um 100 m frá Jaðri 018 og 85 m norðvestan við Auðunnarbæ 003, 15 m sunnan við grjótgard. Grunnurinn er merktur með skilti.

Í dag (2008) er aðeins suðurhlíð grunnsins sjánleg. Hún er 7 m á lengd frá austri til vesturs, og um 0,5 á breidd. Sé miðað við gróðurfarsmun gæti breiddin hafa verið 4 m. Troðin leið liggur þétt upp við suðurhlíðina og meðfram henni 5 m sunnar er túngarður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Hallmann Sigurðsson 1966a, 89

**GK-091:005** *Gerðaskóli* heimild um bústað

64°04.435N 22°38.743V

Í örnefnalýsingu Gauksstaða, Skeggjastaða og Brekku segir ennfremur: "Það sem myndar Skólatjörmina að utan, er Gauksstaðaurð. Þess má geta að þarna var fyrsti skólinn." Í 90 ára afmælisriti Gerðahrepps er birt grein Ögmundar Sigurðssonar frá 1890 en hann var þá skólastjóri Gerðaskóla, þar segir: "Í Garðinum var stofnaður barnaskóli árið 1871 og byrjaði þar kennsla 1872 ... En hvað, sem um það var, þá komst skólinn á fyrir dugnað sjera Sigurðar [Brynjólfssonar] og fáeinna annarra dugandi bænda, og ljet hann reisa hús fyrir hann á sinni eigin lóð í Gerðum. ... En hjer fór sem opt vill verða, þegar næga þekkingu vantar á hlutunum, að þetta dýra hús, sem byggt var fyrir skólann, reyndist mjög óhentugt; staðurinn var hinn verst, þar sem húsið stóð; sjór fjell upp að því og rann allt í kringum það í stórfloðum, svo að ekkert leiksvið varð fyrir börn úti við. Herbergin voru mjög óhentug, bæði vegna þess hvað birtan var slæm, og svo voru þau þröng. ... Árið 1887 tók sjera Jens Pálsson, sem nú er prestur á Útskálum, við stjórn skólans ... Þá var afráðið að selja skólahúsið í Gerðum og flytja skólann heim að Útskálum, en vissra orsaka vegna gat þessu ekki orðið framgengt. Skólanefndin fékk því til leigu tvö herbergi handa skólanum hjá bónda einum í Garðinum ... Á næsta sumri [þá líklega um 1891] er í ráði að gera við hús það sem skólinn á á Útskálum svo að eigi þurfi lengur að legja húsnæði handa honum." Minnismerki um skólann er um 90 m suðaustan við Eystri-Gerðar 001 og um 20 m austan við Valbraut 022.

Þar er malarhrúga með minnisvarða um Gerðaskólann.

Skólinn, sem var steinhús, var rifinn á seinni hluta 20. aldar að tillögu februnarnefndar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 1; Jón Þ. Þór 1998, 155


**GK-091:006** tóft hjallur

64°04.449N 22°38.750V

Tóft er um 25 m norðan við Gerðaskólann 005 og 25 m austan við Valbraut 022. Heimildamaður segir að hér hafi staðið fiskihjallur. Tóftin er á grónum sjávarkambi. Óljóst má sjá móta fyrir smágrunni sem er um 2,5 x 4 m og snýr austur-vestur. Hann er ekki augljóslega hlaðinn en vottar fyrir honum vegna gróðubreytinga. Enn ógreinilegri merki á svæðinu í kring benda til þess að fleiri slík stæði hafi verið þar, og rennir stoðum undir það að hér hafi verið fiskihjallar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

64°04.574N 22°38.886V



Bæjarstæði 003, Auðunnarbær

**GK-091:007** *Gerðavör* heimild um lendingu 64°04.478N 22°38.762V  
Í Jarðarbók Árna og Páls er Gerðavör nefnd sem sérlega slæm vör. Vörin hefur nú (2008) verið merkt með skilti á útihústöft 008. Vörin hefur verið um 30 m suðaustan við útihús 008, um 50 m sunnan við frystihús Nesfisks. . Hér reis höfn á seinni hluta 20. aldar og rudd lending fyrir stærri skip. Af upprunalegri vör er ekkert eftir í dag. Vörin er nú (2008) horfin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**JÁM III, 103

**GK-091:008** heimild um útihús 64°04.494N 22°38.787V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 50 m norðaustan við eystri bæinn 001 og um 70 m suðaustan við vesturbæinn 002.

Svæðið er allt undirlagt fyrir vélar frystihúss Nesfisks. Elsti hluti frystihússins er að minnsta kosti frá því fyrir 1943, en síðan hafa nokkur byggingarstig bæst við. Elsti partur hússins er um 5 x 15 m að stærð í norður-suður. Samkvæmt heimildamanni var húsið notað sem frystihús til 1943. Þá var ís tekinn úr Gerðatjörn og hlaðinn á loft þess og meðfram veggjum. Um 1955 var húsið notað sem fjós fyrir Eystri-Gerðar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919.

**GK-091:009** *Kirkjuflöt* örnefni kirkja 64°04.558N 22°38.887V  
"Í túninu næst sjávangarði [054] utan heimagötu heitir Nýjatún ... Nær bæ [001] heim að vír [girðingu] er Kirkjuflöt," segir í örnefnalýsingu. Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar Kirkjuflöt var. Afgirt tún er á milli bæjar 001 og sjávangarðs 046. Smá hóll er í túninu miðju. Engar leifar mannvirkis er að sjá þar á yfirborði.

**Heimildir:**Ö-Gerðar, 1.

**GK-091:010** *Bakki* bæjarstæði bústaður 64°04.592N 22°39.153V  
"Gerðabakkar eru sjávarbakkinn fyrir neðan Síkið. Þar var áður bær, sem líklega hefur heitið Bakki," segir í athugasemdum við örnefnalýsingu Gerða. Samkvæmt heimildamanni heitir tóft sem hér er skráð Bakki og einnig nefna heimildir nafnið Bjarnabær, en á túnakorti er þessi staðsetning merkt bænum Þjóðbraut. Það nafn kannast heimildamenn ekki við. Tóftin er um 350 m NV af bæ 001.

Jörð bæjarins er afgirt og innan girðingar er hestum beitt. Hesthús stendur í dag (2008) innan þessarar girðingar og tilheyrir nýbýlinu Bræðraborg.

Um er að ræða tvær tóftir og gryfja á svæði sem er alls um 21 x 12 m stórt. Tóft A er 4 x 2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er hlaðin að innan, og niðurgráfin og full af hleðslugrjóti. Í kring er svo 5 x 5 m gróin hleðsla sem myndar bakka. Í rofi bakkans má sjá hvítan skeljasand. Bakkinn er um 0,4 m hár, 1,5 m á breidd og í honum má á stöku stað sjá steinhleðslur. Að innan er tóft A niðurgráfin um 0,7 m. Tóft B er um 3 x 4 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðsla hennar er gróin og er fast austan við tóft A. Rétt sunnan við A er 2 x 1 m gryfja sem er gráfin niður um 0,1 m. Hún snýr í norðvestur-suðaustur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö\_Gerðar, aths., 1.; Túnakort 1919

**GK-091:011** heimild um leið 64°04.477N 22°38.787V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur eða traðir að eystri-bænum úr suðri, út frá vegi 012.

Nú er þar malarplan fyrir vinnuvélar Nesfisks. Hvergi sér móta fyrir leiðinni í dag.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919

**GK-091:012** heimild um leið 64°04.461N 22°38.896V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur frá Klöpp 030 til austurs þvert á veg 013. Lá rétt norðan við Eystri-Gerðar 001. Grasi gróin tún, sem eru nú (2008) í órækt. Enginn sýnilegur slóði er til í dag. Leiðin lá um tún sem nú er sléttað. Hún hefur verið um 100 m löng.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919.

**GK-091:013** *Gerðavegur* vegur leið 64°04.407N 22°38.860V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur úr suðri, fram hjá Sigurjónshúsi 041 , Haraldshúsi 039 , Þorsteinshúsi 033 og Eyjólfshúsi 038 að vesturbænum 002. Leiðin heitir nú (2008) Gerðavegur og er malbikaður. Leiðin liggur frá Bæjarskrifsstofum Garðs niður að bílaplani Nesfisks.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919

**GK-091:014** heimild um leið

64°04.428N 22°38.836V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur til suðvesturs, út frá Gerðavegi (013), norðan við Eyjólfsþús 038. Íbúabyggð er allt í kring. Vegurinn á upphaf norðan við Gerðarveg 22. Eftir u.þ.b. 50 m mætir hann malbikaðri götu sem hvítmálað hús með bláu þaki stendur við. Liggur vegurinn að öllum líkindum undir þeim malbikaða áfram.

**Hættumat:** hætta**Heimildir:** Túnakort 1919, Stúdentakort 1954**GK-091:015** vegur leið

64°04.474N 22°38.916V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur eða traðir til suðurs frá tjörninni, sem þá er sögð gróin, til suðvesturs. Hrossum er í dag (2008) beitt á þetta svæði. Tjörnin hverfur á sumrin og var þurr er skráningarmaður kom að. Suður út frá tjörninni liggur 20 x 2 m smáskurður. Hugsanlega er það skurður sem er merktur á kortið en ekki traðir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1919.**GK-091:016** gata leið

64°04.568N 22°38.926V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur til norðurs frá vesturbænum 002 í átt til sjávar.

Nú er svæðið girt af með girðingum tveggja túna. Vegur er enn á staðnum, líklega notaður að vissu marki, fram til nútíma (2008). Um er að ræða gróinn slóða sem er um 1,5 m á breidd og um 120 m langur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1919.*Vegur 016, horft til suðurs***GK-091:017** vegur leið

64°04.534N 22°38.988V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur frá vestribænum 002 til vesturs út túnið.

Nú (2008) er þetta malarborin heimreið að Jaðri 018. Heimreiðin er malarborinn og nothæf. Hún liggur milli Jaðars og Vestri-Gerða meðfram túni. Lengd leiðinnar er um 250 m og vegurinn er víðast hvar um 2,5 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1919.**GK-091:018** Jaðar hús býli

64°04.558N 22°39.080V


Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð býlið Jaðar um 160 m vestan við vestari-bæinn í Gerðum. Tún býlisins voru árið 1919 0,1 teigur og kálgarðar alls 330 m<sup>2</sup>. Í örnefnaýsingu Gerða segir: "Fyrir ofan kampinn og Gerðabakkanna tekur við síki, sem er framhald af Krókasíki, og eru hér sem tvö smávötn, Innrasíki og Ytrasíki. Neðan við síkin móti Króki heitir Jaðar."

Nú (2008) stendur á malarplani tveggja hæða hús, jarðhæð nokkuð niðurgráfin. Nokkur órækt er í kringum húsið. Meðfram malarplani og litlum hluta heimreiðinnar eru grjóthnullungar.

Húsið var byggt í tveim áföngum, sá fyrri (norðvesturparturinn) 1905 og sá seinni 2002. Þar sem nýrri hlutinn stendur var áður útihús og einhver slóði samkvæmt túnakorti, sem er nú horfið með öllu. Heildarstærð byggingar er 14 x 7 m og snýr í norðvestur-suðaustur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar*Brunnur 019, horft til suðvestur*

**Heimildir:** Túnakort 1919; ÖGerðar



*Jaðar 018, horft til suðvesturs*

**GK-091:019** brunnur brunnur 64°04.555N 22°39.088V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 10 m suðaustan við bæinn í Jaðri (018).

Brunnurinn er rétt utan við malarplanið í hrossbeitarjaðri.

Brunnurinn er bygður en upp úr honum stendur vatnshani og sá hefur verið þar frá því fyrir 1960. Brunnurinn er 1 x 1 m ferningur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-091:020** heimild um hæsnakofa

64°04.564N 22°39.054V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru útihús frá Jaðri um 10 m norðan við Jaðar (018).

Fast við suðurhlíð túngarðs norðan við hús 018 er nú mikil órækt, grasvöxtur oft yfir 1 m á hæð.

Heimildamaður minnst þess að hér hafi verið hæsnakofi, en slíkar minjar eru nú horfnar með öllu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-091:021** garðlag túngarður

64°04.563N 22°39.043V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 10 m austan við Jaðar (018).

Hluti kálgarðsins var sameiginlegur túngarði samkvæmt túnakorti, en sá hluti er sá eini sem í dag (2008) sést. Því er í raun ekki hægt að tala um að kálgarðurinn sjáist. Innan svæðisins sem hefði verið innan kálgarðsins er þó töluvert meiri og hærri órækt en í kring.

Sá hluti sem enn sést, norður- og austurhlíð kálgarðs, er reisulegur og lítið er úr honum hrunið. Hann liggur í L og er norðurhlíðin rúmlega 70 m löng en austurhlíðin 30-40 m löng. Í garðshorninu var kálgarður skv. kortinu en hann sést ekki lengur. Garðurinn er víðast hvar gróinn en þó sést í grjót þar sem hann tekur að fjara út til suðurs. Mikil jarðvegssöfnun hefur átt sér stað upp við garðinn. Skv. túnakorti hefur garðurinn verið rúmlega 20 x 10 m stór N-S.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-091:022** Valbraut bæjarstæði býli

Býlið Valbraut stóð skv. Stúdentakorti frá 1954 í Gerðalandi, um 150 m suður af Neðri-Gerðum. Á þeim stað er tóftaþyrping tveggja býla, Valbrautar og Fjósa. Staðurinn er hér skráður undir einu númeri, 034.

**Heimildir:** Stúdentakort 1954

**GK-091:023** bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Hjáleiga önnur. Jarðardýrleiki óviss." Nú er ekki vitað hvar þessi hjáleiga var en gæti þó sjálfsagt verið á einu af fjölmörgum bæjarstæðum í landi Gerða.

**Heimildir:** JÁM III, 88.

**GK-091:024** gerði kálgarður

64°04.606N 22°39.176V


Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður í norðvesturhorni túns í Þjóðbraut, fast norðvestan við Bakka 010 (Þjóðbraut).

Túnið er í dag (2008) bitið af hrossum.

Útlínur kálgarðsins eru um 15 x 12 m og snúa í norðvestur-suðaustur. Veggir garðsins eru alveg útflattir, en hann er þó greinanlegur. Í norðurhorni garðsins sést í hleðslur og jörðin er niðurgrafin um 0,2 m innan þeirra.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.



**GK-091:025** heimild um útihús

64°04.606N 22°39.149V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 10 m norðan við Þjóðbraut 010 (Bakka). Melvaxið beitarsvæði. Engin merki eru um útihús á svæðinu í dag (2008).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

0 2,5 5  
metrar

*Kálgarður 024*

**GK-091:026** heimild um útihús

64°04.608N 22°39.142V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 25 m norðaustan við Þjóðbraut 010 (Bakka) og um 10 m austan við útihús 025. Melvaxið beitarsvæði. Engin merki eru um útihús á svæðinu í dag (2008).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-091:027** *Skúlahús* bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Skulahús. Forn eyðijörð, hefur í eyði legið næst umliðin átta ár. Jarðardýrleiki er óviss. Eigandi er kóngl. Majestat. Ábúandinn nú sem komið er Eyjólfur Bjarnhjeðinsson, sem næst umliðið ár tók þessa jörð úr auðn með þeim skilmála að vera landskuldafrí um næst umliðin þrjú ár." Í athugasemdum við örnefnalýsingu Gerða segir ennfremur: "Skúlahús ... Þau voru skammt þar frá sem gamli skólinn [005] er, þó fjær honum en Fjósar (hús) [034]" Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar Skúlahús stóðu. Fjósar stóðu 50 m VNV við gamla skólann og virðist helst af lýsingunni að Skúlahús hafi verið í sömu stefnu frá honum en heldur fjær.

**Heimildir:** JÁM III, 88-89; Ö-Gerðar, aths., 1.



*Brunnur 028, horft til norðvesturs*

**GK-091:028** hleðsla brunnur

64°04.465N 22°38.965V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 20 m norðvestan við Klöpp 030. Hann sést enn um 100 m suðvestur af Neðri-Gerðum 002 og 110 m austur af útihúsi 008.

Rétt innan girðingar túns sem nýtt er til beitar við Neðri-Gerðar.

Hringinn í kringum brunninn hefur verið hlaðið með grjóti. Er hleðslan um 6 m að þvermáli. Steypt hefur verið ofan á hleðsluna og upphækkað ferhyrnt op verið sett á brunninn. Að austanverðu eru steypa og hleðslan nokkuð illa farin en greinilega sést þó móta fyrir hleðslunni. Að innan er brunnurinn steypur. Plasti hefur verið troðið ofan í bruninn svo ekki er unnt að sjá hversu djúpur hann er.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-091:029** Önnuhús bæjarstæði býli  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð býlið Önnuhús um 50 m sunnan við Klöpp 030 og um 20 m VSV við Einarshús 031. Tún býlisins voru árið 1919 0,25 teigar og kálgarðar alls 680 m<sup>2</sup>. Rústir býlisins eru um 180 m suðvestan við Neðra-Gerði 002 og 140 m vestan við útihús 008. Á skilti sem sett hefur verið á rústina stendur "Vorhús" og er talið líklegt að Önnuhús og Vorhús sé einn og sami staður. Um Vorhús segir í örnefnalýsingu: "Sjávarmegin var svæði, sem kallað var Skákir, þar sem nú eru fiskihús og athafnasvæði fiskútgerðarinnar. Þar upp af eru bæði Vorhús og Mjósund [040], sem hvort tveggja var býli, en nú í eyði," segir í örnefnalýsingu.

64°04.426N 22°38.982V



*Bæjarstæði 029, horft í norður*

Tóftirnar eru mitt í óræktuðu landi. Afgirt tún liggja að þeim og þvert á túngarða býlisins. Norðaustan við tóftirnar er niðurgrafið svæði sem virðist hafa verið notað til ræktunar. Meðfram því eru leifar timburpils.

Alls sjást minjar á svæði sem er a.m.k. 20 x 20 m stórt. A: Tóftin er grjóthlaðin að neðan en þar ofan við sést víða í steinsteypu. Er hún ferhyrnd, 8 x 8 m að stærð og snýr í suðvestur-norðaustur. Breidd veggja er 0,3 - 0,4 m og hæð þeirra 0,3 m. Tóftin skiptist í tvö hólf. Hið stærra er 8 x 6 m að utanmáli en hið minna er 4 x 2 m að stærð. Er það norðaustan við hið stærra og er ekki eins greinilegt. Fyllt hefur verið í tóftina að innan með mól og vex nokkuð gras innan hennar. Stór steinn stendur í stærra hólfinu miðju að suðvestanverðu. B: Kálgarðar voru við býlið skv. túnakorti. Voru þeir umluktir grjóthlöðnum gördum sem enn sjást greinilega. Breidd þeirra er um 0,6 m og hæð þeirra 1 m. Tóftin sjálf er innan í ferhyrndu, afmörkuðu hólfu, 50 x 15 m að stærð. Snýr það í A-V. Út frá norðausturhorni tóftarinnar sveigir garðlagið örlítið til austurs og er um 2 m breitt op á honum sem hefur rofnað í burtu í u.þ.b. 2 m fjarlægð frá tóftinni. Sunnan við það er minnsti kálgarðurinn. Hann er 12 x 10 m að stærð og snýr einnig í A-V. Tvö hólf til viðbótar eru norðan við tóftina. Voru líklega kálgarðar innan þeirra. Sá vestari er 27 x 18 m stór og snýr í A-V. Hinn austari snýr hins vegar í N-S og er 20 x 30 m að stærð. Vestan og sunnan við hólfid sem tóftin er í er garðlag, að öllum líkindum túngarður, sem afmarkar 80 x 75 m stórt svæði. Í austri liggja kálgarðarnir upp að gördum sem tilheyrðu Einarshúsi (031).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Gerðar, 1-2

**GK-091:030** Klöpp bæjarstæði bústaður  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð býlið Klöpp um 100 m sunnan við vestari-bæinn 002 og um 40 m norðvestan við Einarshús 031. Um 120 m suðvestur af Neðra-Gerði 002 og 100 m suðvestur af 008 er tóft sem kemur heim og saman við staðinn. Við hana hefur verið sett skilti sem á stendur "Miðengi" en ekki ljóst hvaðan sú heimild er fengin.

64°04.455N 22°38.954V



*Bæjarstæði 030, horft til vesturs*

Tóftin er í órækt aðeins 10 m suðvestur af girtu túni. Grjóthlaðinn grunnur húss sem stendur frekar hátt. Er hann 7 x 5 m að stærð að utanmáli og er hæð hans 0,5 m. Grunnurinn snýr í austur-vestur og er nokkuð lægri til vesturs. Grjótið í honum virðist að einhverju leyti tilhöggið. Fyllt hefur verið í grunninn og er fremur grýtt og gróið grasi innan hans. Leifar af gaddavír og járnplötu eru sunnan við tóftina og umhverfis hana er nokkuð af grjóti.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-091:031** Einarshús bæjarstæði býli

64°04.426N 22°38.948V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð býlið Einarshús um 140 m sunnan við vestari-bæinn 002 og um 20 m ANA við Önnuhús 029. Tún býlisins voru árið 1919 0,01 teigar og kálgarðar alls 300 m<sup>2</sup>.

Minjarnar eru í afgirtu en óræktuðu túni. A: Steinsteyptur, feryrndur grunnur. Er hann 8 x 5 m að utanmáli og snýr u.þ.b. í austur-vestur. Breidd veggja er 0,3 m og mesta hæð þeirra er 0,8 m. Á syðri langvegg um 0,5 m frá horni sést móta fyrir dyraopi. Báðir gaflar ásamt suðvesturhorni eru fremur rofnir en þó sést móta fyrir þeim.

Nokkuð af steypubítum hefur hrunið inn í grunninn og er þar fremur grýtt en einnig grasi gróíð. B: Grjóthlaðinn garður, kál- eða túngarður er utan um grunninn, u.þ.b. 50 x 50 m að stærð, og innan hans eru þrír afmarkaðir kálgarðar. Tveir eru austan við grunn og einn norðan við skv. túnakorti. Sjást þeirra enn merki. Sá sem er norðan við tóftina er 30 x 17 m að stærð og snýr í N-S. Sá norðaustari er 33 x 17 m stór og snýr einnig í N-S. Sá minnsti sem er vestan við tóftina er 17 x 13 m að stærð og snýr í A-V. Breidd garðlaganna er 0,6 m og hæð þeirra um 0,5 m. Sunnan til eru garðarnir fremur rofnir. Vestari jaðar garðlaganna liggur upp að kálgorðum Önnuhúsa (029), Alls er svæðið um

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.



*Bæjarstæði 031, horft til suðurs*

**GK-091:032** *Gerðastekkur* heimild um stekk

"Ofan við þjóðveginn að sjá í Ósvörðuna [080:043] frá bæ [001 eða 002] heitir Gerðastekkur," segir í örnefnalýsingu. Ofan við þjóðveginn eru íbúðahverfi.

Heimildamenn þekkja ekki til að hér hafi verið stekkur, og leit milli Gerða og Ósvörðu skilaði ekki árangri. Líkast til hefur stekkurinn farið undir íbúðahverfi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gerðar, 2.

**GK-091:033** *Þorsteinshús* bæjarstæði býli

64°04.413N 22°38.873V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð býlið Þorsteinshús um 100 m sunnan við eystri-bæinn 001 og um 10 m vestan við Eyjólfs húsa 038. Bæjarröðin sneri norður-suður, fast vestan við veg 013. Tún býlisins voru árið 1919 0,65 teigar og kálgarðar alls 660 m<sup>2</sup>. Þorsteinshús stóð líklega þar sem Gerðavegur 21 er nú.

Íbúðahverfi, sléttuð grasflöt í garði við Gerðaveg 21, sunnan við það eru hins vegar óhirt tún.

Gerðavegur 21 stendur á lágum hól sem gæti verið bæjarhóll Þorsteinshúsa. Norðan við húsið er ógreinilegt garðlag sem liggur til vesturs í átt að nyrsta enda garðlaganna við Einarshús 031. Er það m 1,5 m breidd og 0,2 m að hæð. Um 50 m norðvestan við íbúðarhúsið og 4 m frá garðlaginu er ferhyrnd lægð, 4 x 1,5 m að stærð og 0,3 m djúp. Er grjót sums staðar í köntum hennar og er gróður ofan í henni frábrugðinn þeim í kring. Gæti þarna hafa staðið eitt þeirra útihúsa sem sýnd eru á túnakorti þó erfitt sé að skera úr um það þar sem sléttað hefur verið úr túninu. Um 40 m vestsuðvestur af íbúðarhúsinu er steynsteyptur jafnarma þríhyrningur. Er hann um 1 m á hvern kant og 1,3 m hár.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919, Stúdentakort 1954

**GK-091:034** *Fjósar* bæjarstæði býli

64°04.437N 22°38.806V

"Skúlahús [027] ... Þau voru skammt þar frá sem gamli skólinn [005] er, þó fjær honum en Fjósar (hús)," segir í athugasemdum við örnefnalýsingu Gerða. Þetta mun hafa verið á h.u.b. sama stað og býlið Valbraut en skv. Stúdentakorti frá 1954 stóð Valbraut um 150 m suður af Neðri-Gerðum, aðeins fáeinum metrum austan við Gerðaveg. Í grein Hallmanns Sigurðssonar um búendur og býli í Garði 1903-1915 segir: "Eru nú ótalin tvö býli: Valbraut og Fjósar." Ekki er bæjunum lýst nánar. Nú hafa verið sett niður tvö skilti í rústum á þessum stað. Á öðru stendur Valbraut og hinu Fjósar.

Tóftirnar eru í afar grónu en ónýttu túni.

Svæðið skiptist í fjórar tóftir, tvo kálgarða og garðlag og ná minjarnar alls yfir svæði sem er um 50 x 30 m stór A-V. A er tóft nyrst og austast á svæðinu. Tóftin er 6 x 4 m að stærð og greinilegust þeirra allra. Hún snýr í norðvestur-suðaustur og er breidd veggja hennar um 0,8 m. Hæð þeirra er 0,5 m. Víða sést greinilega í grjóthleðslur. Líklegt er að veggimir hafi verið úr grjóti að neðanverðu en torfi að ofan. Um 1 m



*Bæjarstæði 034, horft til suðurs*

breitt dyraop er í suðausturhorni. Sunnanmegin í því stendur stór steinn. Meðfram langhliðum innanverðum er 0,4 m breiddur og 0,2 m hár stallur sem afmarkaður er af steinaröð. B er tóft um 10 m SSA af A. Tóftin er 3 x 3 m að utanmáli og stendur nokkuð hærra en umhverfið. Erfitt er að greina veggj nákvæmlega en þeir eru líklega um 1 m að breidd. Hæð þeirra er innan við 0,2 m. Út frá norðvestur enda tóftarinnar liggur garðlag. Er það riflega 1 m að breidd og 8 m langt. Hæð þess er um 0,3 m. C er tóft um 10 m suðvestur af B. Tóftin er u.þ.b. 5 x 4 m að stærð en fremur ógreinileg. Snýr hún í norðvestur-

suðaustur og stendur fremur hátt í landslaginu. Erfitt er að greina veggj tóftarinnar en líklega hafa þeir verið um 1 m að breidd. Hæð þeirra er aðeins um 0,1 m og liggur timburbjálki meðfram innanverðum nyrðri gaffli tóftarinnar. Á milli tófta B og C er afar grýtt svæði, tæplega 4 m breitt. D er tóft, rúma 10 m suðvestur af C. Líkt og C er tóft D 5 x 4 að stærð, stendur hátt og snýr í norðvestur-suðaustur. Veggir eru einnig ógreinilegir og því erfitt að meta breidd þeirra. Sennilegt er þó að þeir hafi verið riflega 1 m breiðir og nemur hæð þeirra tæplega 0,1 m. E er kálgarður fast vestan við D, 19 x 18 m að stærð og snýr í norðvestur-suðaustur. Er hann grafinn niður um 0,3 m. Vestan við kálgarðinn liggur garðlag og afmarkar hann. Gróður innan kálgarðsins er frábrugðinn þeim í kring og er garðurinn því afar auðgreinanlegur. F: Norðaustan við og meðfram túngarði G er lítill kálgarður. Er hann 4 x 2,5 m að stærð og afmarkaður af garðlagi á alla kanta. Líkt og í kálgarði E er gróður kálgarðsins frábrugðinn umhverfinu. Norðvestan við tóftir A og B er tún afmarkað með túngarði G, um 32 x 17 m að stærð. Breidd veggja hans er um 1,2 m og hæð þeirra 0,5 m. Suðausturhluti garðsins er eyddur en hann má þó greina sem breytingu í gróðrinum frá tóft A til suðurs að horni kálgarðar E. Enn fremur virðist hann teygja sig til austurs að tóft C.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gerðar aths., 1; Stúdentakort 1954; Hallmann Sigurðsson 1966a, 89

**GK-091:035** heimild um útihús

64°04.416N 22°38.877V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 5 m norðan við Þorsteinshús 033. Grasi gróið svæði norðan við Gerðaveg 21. Húsið er horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-091:036** heimild um útihús

64°04.410N 22°38.878V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 10 m suðvestan við Þorsteinshús 033. Grasi gróið svæði suðvestan við Gerðaveg 21. Húsið er horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-091:037** heimild um kálgarð

64°04.371N 22°38.982V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 90 m SSA við Einarshús 031. Hann er innan túns sem tilheyrir Steinshúsi 045. Íbúahverfi. Túnið sjálft hefur verið slétta að hluta og er slegið. Utan þess er órákt.

Nú er ekki vitað hvar Steinshús sjálf stóðu. Við Gerðarveg 28 um 110 m suður af Neðri-Gerðum 002 og um 200 m NA af áður nefndum kálgarði er hús merkt Steinshús. Var það reist árið 1942. Hugsanlegt er að þar hafi býlið Steinshús staðið áður. Við húsið er merkt inn grjóthlaðið garðlag á Stúdentakorti frá árinu 1954. Er það gert úr tveimur röðum af tilhöggnu grjóti. Það hefur a.m.k. verið reist fyrir árið 1954 en virðist ekki vera mikið eldra en það. 270 m suðvestan við Neðri-Gerðar (002) og 200 m suðvestan við Austurbæinn (001) er túnskikinn sem tilheyrði Steinsstöðum skv. túnakorti og Stúdentakorti. Hefur norðurhluti hans verið sléttaður og er nú notaður sem fótboltavöllur. Grjóthlaðinn túngarður er greinilegur í kringum hann þó hann sé nokkuð rofinn. Mesta breidd hans er 0,8 m og er hæstur er hann 0,3. Syðri skammhliðin er horfin undir malarplan sem og sú langhlið sem snýr að Gerðarvegi. Ská í gegnum túnið er rás, 0,4 m breið og 0,2 m djúp. Sést glitta í grjót í botni hennar. Gætu þetta verið leifar garðlags sem hefur verið sléttað úr. Engin merki kálgarðs sem sýndur er á túnakorti og Stúdentakorti í suðvesturhluta túnsins er nú að finna. C: 2 m norðvestan við túngarðinn er tóft, 7 x 5 m að stærð. Snýr hún í norðvestur- suðaustur. Breidd veggja er 1,5 m og eru þeir um 0,7 m háir. Ágætlega sést í grjóthleðslur neðst í veggjum en tóftin sjálf er gróin grasi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919, Stúdentakort 1954

**GK-091:038** *Eyjólfshús* bæjarstæði býli

64°04.418N 22°38.848V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð býlið Eyjólfshús um 100 m sunnan við eystri-bæinn 001 og um 10 m austan við Þorsteinshús 033. Tún býlisins voru árið 1919 0,01 teigar og kálgarðar alls 200 m<sup>2</sup>. Býlið var líklega þar sem nú er Gerðavegur 23. Þar sjást engar minjar lengur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.



**GK-091:039** *Haraldshús* bæjarstæði býli  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð býlið Haraldshús um 80 m sunnan við Eyjólfsús 038. Tún býlisins voru árið 1919 0,08 teigar og kálgarðar alls 480 m<sup>2</sup>. Óræktað land, fremur blautt.

64°04.381N 22°38.870V



*Bæjarstæði 039, horft til norðurs*

A: 240 m suður af Neðri-Gerðum (002) er lítill hóll. Hann er um 3 m í þvermál og um 0,3 m há. Heimildir benda til að þar hafi Haraldshús staðið. Á hólnum vex hvönn sem gerir það erfitt um vik að greina nokkrar fornleifar á honum. B: 50 m austan við Haraldshús er tóft. Á Stúdentakorti eru hún nefnd Steinbogi. Á svipuðum stað er sýnt útihús frá Haraldshúsum á túnakorti og gætu þetta verið leifar þess. Tóftin er ferhyrnd, 5 x 4 m að stærð og snýr í norðvestur-suðaustur. Syðri langhlið er veglegust. Er hún 1,5 m breið og 1 m að há. Nyrðri gafl og langhlið eru hins vegar 0,8 m breið og 0,4 m há. Syðri gafl er opin. Veggjahleðslur eru allar úr grjóti og eru þær grasi grónar. Í suðvesturhorni er steinsteypur stöpull. Hann er 1 x 1 m að stærð og ríflega 1 m há. Er hann líklega seinni tíma viðbót. Stuttur grjóthlaðinn garður liggur út frá norðvesturhorni tóftarinnar. Er hann um 3 m langur, 0,5 m breiður og 0,3 m há.

**Heimildir:** Túnakort 1919, Stúdentakort 1954

**GK-091:040** *Mjósund* bæjarstæði býli

"Sjávarmegin var svæði, sem kallað var Skákir, þar sem nú eru fiskihús og athafnasvæði fiskútgerðarinnar. Þar upp af eru bæði Vorhús [029] og Mjósund, sem hvort tveggja var býli, en nú í eyði," segir í örnefnalýsingu. Nú er ekki vitað hvar Mjósund hefur staðið og nafnið er ekki vel þekkt í dag. Líklegast er að skipt hafi verið um nafn á býlinu og um sé að ræða annaðhvort Settubæ 043 eða Einarshús 031.

**Heimildir:** Ó-Gerðar, 2.

**GK-091:041** *Sigurjónshús* bæjarstæði býli

64°04.371N 22°38.864V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð býlið Sigurjónshús um 30 m SSA við Haraldshús 039. Tún býlisins voru árið 1919 0,11 teigar og kálgarðar alls 800 m<sup>2</sup>. Nú stendur þar íbúðarhús, Gerðavegur 16. Svæðið í kringum íbúðarhúsið er sléttað og ekki eru nein ummerki um tóftir eða garða.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-091:042** heimild um útihús

64°04.362N 22°38.868V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 20 m sunnan við Sigurjónshús 041. Þar hefur verið forgryfja og/eða salerni. Nú standa þar hús, Gerðavegur 14 a og b. Útihúsið er horfið.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-091:043** *Settubær* tóft bústaður

64°04.396N 22°39.143V

Settubær stóð um 260 m suðvestur af Eystri-Gerðum 001. Þar eru rústir. Grasi gróið svæði. Rústir Settubæjar ná yfir svæði sem er alls um 45 x 20 m norðaustur-suðvestur. Tóft A er austast, tvíhólfra tóft með áföstum garði, og er um 8x8 m að stærð. Stærri hólfíð er um 4x3 m NA-SV og er opið út í garðinn í suðaustur og annað op út í suðvestur. Minna hólfíð er um 1,5x1 m NV-SA er innst norðaustast og er op í suðvestur í hitt hólfíð. Garðurinn áfasti teygir sig í suðaustur út frá norðausturhliðinni í 4 m, og síðan í 7 m í suðvestur. Allar hleðslurnar eru grónar en vel sést í steinhleðslurnar, sérilagi á norðausturhlið kálgarðsins. Tóftin er á um 0,5m háum hól. Kálgarður B, sem er fast suðvestan við tóftina, er 12x10 m stór og snýr NA-SV. Í norðurhorni hans eru steinhleðslurnar greinilegastar en ekki stendur stinn yfir steini. Annarsstaðar eru þær greinanlegar en daufar. Innan garðsins er nær ekkert þýft en svæðið í kring er afar þýft enda er hér um mójörð að ræða. Gryfja C sem er 15-20 m norður af A er um 2,5x4,5 m stór og snýr NA-SV. Hún er full af grjóti, og nokkuð er af grjóti við bakka gryfjunnar og í nágrenni. Líklegt er að í gryfjuna hafi verið fyllt til að koma í veg fyrir slys, en hver upphaflegur tilgangur hennar hefur verið er óljóst. Þó er hugsanlegt að um brunn sé að ræða. Í suðvestur frá henni liggur ríflega 40m rás sem greinilega er manngerð. grafið hefur verið um 0,3 m niður. Um 35 m suðvestur frá gryfju C byrjar grjótgarður í rásinni, sem liggur í átt að sundlaug bæjarfélagsins. Hann er um 1,5 m breiður. Garðurinn liggur í tvöfalda röð og er greinilegur, en ekki reisulegur. Umhverfið virðist ekki hafa verið notað sem tún, svo hugsanlegt er að hér sé um merkjarð að ræða.



*Tóft 043b, horft i austur*

**GK-091:044** mannvirki rétt

64°04.310N 22°39.117V

Um 100 m suðaustan við barnaskólann í Garði og fast norðan við íbúðarhús þar er mannvirki, e.t.v. einhversskonar rétt. Réttin stendur á klöpp. Réttin er um 6 x 7 m að stærð og hleðslan um 0,5 m há, algróin en þó finnst grjót í henni. Við stungu þar, fannst eitt sinn skeifa, og telur því heimildamaður að hér gæti eitt sinn hafa verið aðhald fyrir hesta. Hvergi sést op á mannvirkinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-091:045** Steinshús bæjarstæði býli

64°04.462N 22°38.808V

Á túnakort Gerða frá 1919 er túnskiki merktur Steinshúsi og í honum kálgarður 037. Engin hús eru merkt við garðinn og ekki ljóst hvar bærinn stóð. Tún býlisins voru, samkvæmt túnakortinu, 0,23

teigar og kálgarðar alls 200 m<sup>2</sup>. Líklegast er að Steinshús hafi staðið rúma 200 m norðaustur af kálgarði 037, þar sem nú stendur íbúðarhúsið Steinshús. Í grein Hallmanns Sigurðssonar um búendur og býli í Garði 1903-1915 er minnst stuttlega á Steinshús en ekki getið um staðsetningu þess.

**Heimildir:** Túnakort 1919; Hallmann Sigurðsson 1966a, 89



*Þúst 044, horft til austurs*

**GK-091:046** heimild um varnargarður

64°04.586N 22°38.905V

"Í túninu næst sjávargarði utan heimagötu heitir Nýjatún," segir í örnefnalýsingu. Á túnakorti frá 1919 stendur: "Malarkambur fá metra út frá sjógarðinum. Tún og tjarnir mikið lægri en flóðfar". Gamli varnargarðurinn er nú (2008) undir þeim nýja sem var reistur fyrir 2-3 áratugum. Ekki sést í garðinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gerðar, 1; Túnakort 1919.

**GK-091:047**

Á loftmynd sést garðlag sem liggur nálægt sjávarbakka fyrir vestan hús Nesfisks, um 80 m norðan við bæjarhól í Gerðum 001. Sjávarbakki. Garðlagið, sem virðist allgreinilegt, má rekja alls um 200 m til vesturs

## GK-092 Gaukstaðir

1703, jarðardýrleiki óviss. Konungseign. 1847, 29 1/6 hdr. Kirkjueign. Jarðarinnar er getið í grein um hvalskipti á Rosmhvalanesi frá um 1270: "...Hinn þridia þridvng taka gvkstader ok skeggiastader...", DI II, 78. Þá er hennar getið í álitserð vegna landamerkjaágreinings milli Skálholtsstólsjarða og Gauksstaða frá árinu 1528, DI IX, 465. Árið 1919 var tvíbýli á Gauksstöðum.

1703: "Fóðrast kann iiii kýr naumlega á allri jörðinni ...Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin í almenníngum. Torfrista og stúnga engin. Lýngrif lítið og í fjarska uppá heiðum í óskiftu landi. Fjörugrasatekja nokkur. Rekavon lítil. Murukjarnatekja nokkuð lítil sem brúkuð er til að næra pening á heyskorti. Heimræði er árið um kríng, þó um vetur valla nýtandi, því lending er mjög slæm ... Eldiviðartak af fjöruþangi naumlega til heimamanna brúkonar. Túnum og görðum spillir sjáfaragangur og so hjallhúsum. Engjar eru öngvar. Útigangur engin sumar nje vetur. Vatnsból merkilega slæmt og bregðst sumar og vetur." JÁM III, 90.

1919: Austurbær: Tún 1,5 teigar, kálgarðar 870 m<sup>2</sup>. Vesturbær: Tún 1 teigur, kálgarðar 880 m<sup>2</sup>.

### GK-092:001 Gaukstaðir bæjarhóll bústaður

64°04.277N 22°38.643V

Gaukstaðir eru um 180 m norður af Skeggjastöðum, við enda Gauksstaðavegar. Árið 1919 þegar túnakort var gert af Gauksstöðum voru þar tveir bæir. Á túnakortið er merkt þyrping húsa sem nær yfir svæði sem snýr norður-suður. Þar hafa bæirnir líklega staðið. Elsti hluti hússins sem nú stendur á bæjarstæðinu hefur sennilega þegar verið reistur þegar túnakortið var teiknað en byggt var sunnan við húsið á 5. áratug 20. aldar. Greinilegur bæjarhóll er undir íbúðarhúsinu. Í grein Hallmanns Sigurðssonar um býli og búendur í Garði segir að Gísli Einarsson hafi reist stórt timburhús á Gauksstöðum, væntanlega fyrir aldamótin 1900. Það var tekið niður og flutt til Reykjavíkur en steinhús, sem er væntanlega að hluta enn uppistandandi, var reist 1913.



*Bæjarhóllinn á Gauksstöðum, horft í norðvestur*

Bæjarstæðið er fast niður við sjóinn. Stórt, slegið tún er sunnan við bæ.

Alls er bæjarhóllinn um 50 x 30 m stór frá austri til vesturs. Á honum stendur stórt íbúðarhús, skemma norðan við það og gamalla bárujárnsskúr austast. Sunnan í hólnum er ferhyrndur kálgarður með grónum torfveggjum, allt að 0,8 m háum (sjá 003). Bæjarhóllinn virðist ná þónokkuð norður fyrir heimkeyrsluna. Hann er allt að 2-3 m hár en hliðarnar mjög aflíðandi. Ekki er kjallari undir íbúðarhúsinu þótt undirstöður þess kunni að hafa verið grafnar eitthvað niður. Skv. Ara Svavarssyni sem nú býr á Gauksstöðum er komið niður á ösku og fiskibein ef grafið er í kálgarðinum. Þar stóð einhverntíma til að gera hundagerði en var hætt við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Hallmann Sigurðsson 1966a, 88

### GK-092:002 heimild um útihús

64°04.297N 22°38.661V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 20 m norðan við bæ 001. Það hefur verið austan við götu 007 sem lá til norðurs frá bæ. Sléttað tún. Húsið er horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

### GK-092:003 gerði kálgarður

64°04.269N 22°38.643V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru kálgarðar norðan og sunnan við bæ 001. Einn þeirra er enn varðveittur sunnan við bæ, utan í bæjarhól 001. Bæjarstæðið er fast niður við sjóinn. Stórt, slegið tún er sunnan við bæ. Kálgarðurinn er alls rúmlega 20 x 20 m stór með grónum veggjum sem ná allt að 0,8 m hæð. Sennilega hefur ösku og úrgangi verið kastað inn í garðinn, enda koma menn niður á slíkt þegar grafið er í garðinum. Sennilega er þetta sá austari af tveimur kálgörðum sem voru sunnan við bæ. Sá sem var áfastur bæjarstæði að norðanverðu er hins vegar alveg horfinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

### GK-092:004 heimild um útihús

64°04.265N 22°38.625V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús við vesturenda kálgarðs, um 20 m VSV við bæjarstæðið 001.

Þar er nú hátt óræktargras milli kálgarðs (sjá 003) og núverandi sjóvarnargarðs. Húsið er horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-092:005** *Gauksstaðavör* mannvirki lending

64°04.348N 22°38.599V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var vör við norðvesturhorn túns. Vörin er um 20 m norðan við fiskvinnsluhúsið Þorsteinsbúð.

Fjaran er stórgrýtt og klapparmikil þegar nær kemur landi. Vörin er manngerð, um 10 m á breidd og um 35 m löng. Vesturhlið hennar er vel hlaðin. Botn hennar er ójafn ruðningur, en neðst í henni sér móta í rákir, hugsanlega för eftir bátskili. Þar sem hleðslur hennar eru hæstar verður dýpt hennar um 2 m.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1919.



*Gauksstaðavör 005, horft til norðurs*

**GK-092:006** heimild um útihús

64°04.345N 22°38.636V

Á túnakort frá 1919 stendur ritað: "fiskihús og hróf [016]" við vörina (005). Húsið er ekki merkt á kortið.

Ekki er vitað hvar fiskihúsið hefur staðið nákvæmlega en það hlýtur þó að hafa verið í námunda við vör 005.

Húsið hefur líkast til staðið í grýttri fjöru.

Engar leifar af húsinu sjást. Hugsanlegt er að það hafi farið undir grjóttgarð sem hlaðinn var við fjöruborð Garðs.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-092:007** heimild um leið

64°04.319N 22°38.664V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur frá vörinni 005 til suðausturs að bæ 001. Vegurinn hefur legið um þar sem nú eru sléttuð tún. Næst sjó er nú stórt og mikið hús sem hýsir slysavarnarsafn. Ekki sjást merki um leið þar í dag, utan smá lægðar í túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919


**GK-092:008** þúst brunnur

64°04.251N 22°38.629V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 60 m austan við bæ 001. Svo virðist af kortinu sem grjóthleðsla hafi verið umhverfis brunninn. Leifar brunnsins sjást enn vel. Sléttuð tún og nýslegið þegar þetta er ritað og gerir það brunninn enn greinilegri en ella. Brunnurinn líkist þúst með dæld í miðju. Þústin er alls um 8 m í þvermál og nokkurn veginn hringlaga en dældin um 2 m í þvermál. Þústin er um 0,5 m há og dældin um 0,2 m djúp. Ekki sést í grjóthleðslur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.



*Brunnur 008, horft til suðvesturs*

**GK-092:009** heimild um varnargarður

Samvæmt túnakorti frá 1919 var sjóvarnargarður fyrir jörðunum Gauksstöðum, Vörum, Kothúsum og Ívarshúsum, Meiðarstöðum og Rafnkelsstöðum. Sumsstaðar hefur verið skrifað við garðinn að hann sé orðinn gróinn. Varnargarðurinn hefur legið efst í fjöruborðinu, þar sem nú er mikill grjótgarður. Sjávarnargarður þessi liggur nú undir grjótgarði sem byggður var á seinni hluta 20. aldar. Leifar eldri sjóvarnargarðs finnast ekki.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-092:010** *Lambhús* heimild um lambhús

64°04.271N 22°38.871V

"Upp af bæ [001] er lambhús, og þar austur af er Eiði [GK-093:011]," segir í örnefnalýsingu. Íbúðarhús sem nefnist Lambhús stendur að því er virðist nálægt þessum stað. Það er um 180 m vestur af Gauksstöðum 001. Í grein Hallmanns Sigurðssonar um býli og búendur í Garði á árunum 1903-1915 segir: "Á Gauksstaðalóðinni var eitt tómt húsbýli, Lambhús."

Gamall, einlyftur steinbær og þétt byggð í kring nema Gauksstaðatúnið er að austanverðu. Engar leifar sjást af eldri húsum og raunar ekki fullvíst að umrædd lambhús hafi staðið á nákvæmlega sama stað og íbúðarhúsið, þótt líkur bendi til þess.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 1; Hallmann Sigurðsson 1966a, 88

**GK-092:011** *Bjarghús* bæjarstaði býli

"... er túngarður úr grjóti [017] upp fyrir tómt húsið Bjarghús," segir í örnefnalýsingu. Síðar í sömu lýsingu segir: "Svo er Hábaer [012] ofan við Bjarghús." Hér hefur verið giskað á að rústir 012 séu af Hábaer en þeirri ágiskun fylgir nokkur óvissa. Staðsetning Bjarghúsa verður að teljast óþekkt að svo komnu máli þótt sennilega hafi þau verið í námunda við Hábaer. Benda má á tóft GK-093:019 sem mögulegan kost.

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 1,2.

**GK-092:012** *Hábaer* bæjarstaði býli

64°04.244N 22°38.823V

Í örnefnalýsingu segir: "Ofan við bæ [Skeggjastaði], upp við veg, er nýbýli, sem heitir Steinstaðir [GK-

093:009], vestur af Eiði [GK-093:011]. Svo er Hábaer ofan við Bjarghús." Hábaer var í landi Gauksstaða en í raun er nákvæm staðsetning hans óþekkt. Af lýsingum að dæma gæti hann þó hafa verið þar sem nú er rúst inni í hestagirðingu um 140 m norðvestur af Skeggjastöðum GK-093:001 og um 160 m suðvestur af Gauksstöðum 001. Skv. grein Hallmanns Sigurðssonar um búendur í Garði á árunum 1903-1915 bjó þá fjörgamall maður, Árni Pálsson, í Hábaer. Þess má geta að hús er merkt með nafninu Hábaer inn á loftmynd frá sveitarfélaginu. Það virðist standa við Sunnubraut 9 en ekki fékkst staðfest hvort það er á bæjarstaði gamla Hábaerjar.

Vel bitin hestagirðing. Landamerkjagarður milli Skeggjastaða og Gauksstaða (GK-093:004) er um 10 m sunnan við rústina.

Reisuleg og skýr rúst, alls 12 x 8 m stór og snýr frá norðaustri til suðvesturs. Hún er þrískipt. Stærsta hólfíð (A) er í miðjunni, um 3 x 2,5 m stórt frá norðaustri til suðvesturs. Hólf B er norðaustan við það, lítil hola sem er tæpur 1 m í þvermál og um 0,4 m djúp. Þá er hólf C sambyggt að suðvestan, alveg opið í suðaustur eða jafnvel er mögulegt að veggur hafi verið fjarlægður þaðan. Því er erfitt að segja til um hve langt hólfíð hefur verið en breidd að innanmáli er um 2-3 m. Veggir eru mikið grónir en sér þó í grjót á nokkrum stöðum. Suðausturbrún er einna óskýrust, rennur saman við sléttan stall að suðaustan og gæti hafa verið kálgarður þar.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 2; Hallmann Sigurðsson 1966a, 88

**GK-092:013** hleðsla varnargarður

64°04.319N 22°38.664V

Upphlaðinn kantur liggur til norðvesturs frá norðvesturenda bæjarhóls á Gauksstöðum 001.



*Bæjarstaði 012*

Kanturinn liggur samhliða núverandi sjóvarnargarði, sem er ungt mannvirki (um 20 ára gamall) og liggur 10-15 m sunnar. Sléttað og slegið tún er sunnan við kantinn. Vegur liggur uppi á kantinum, að stóru húsi við sjávarkampinn sem hýsir m.a. slysavarnarsafn og björgunarsveit.

Kanturinn er grjóthlaðinn og liggur NV-SA, allt að 1,2 m hár og ógróinn að mestu, sést aðeins suðvestuhlið hans. Hann er sjáanlegur á um 25 m löngum kafla og sjást 4-5 umför grjóts í hleðslum. Nokkuð erfitt er að segja til um hlutverk hans en þó líklegt að annaðhvort sé um að ræða eldri sjóvarnargarð eða upphlaðinn veg nema hvort tveggja sé. Mannvirkið er ekki sýnt á túnakorti frá 1919.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-092:014** *Steinbogi* heimild

"Eiðið ofan við tjörnina er nefnt Steinbogi. Þar var kringlótt byrgi til að þurrka fisk," segir í örnefnalýsingu. Ekki er nú vitað nákvæmlega hvar byrgið var en tjörnin er löngu horfin vegna bygginga og annars rasks. Hún var vestan við Gauksstaði.

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 1.



*Varnargarður 013, horft til norðurs*

**GK-092:015** heimild

"Það, sem myndar Skólatjörnina að utan, er Gauksstaðaurð. Þess má geta að þarna var fyrsti skólinn [005]. Grjótgarður var þar yfir túnið," segir í örnefnalýsingu. Þessi garður er væntanlega horfinn, hefur legið yfir tún í námunda við skólann.

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 1.

**GK-092:016** *Skipanaust* heimild um naust

Á túnakort frá 1919 stendur ritað "fiskihús [006] og hróf" við vörina 005. Hrófið er ekki merkt á kortið. Í örnefnalýsingu segir ennfremur "Annarsstaðar er þetta orðað svo [landamerkjalyásingin], að vestan frá Skipanausti er túngarður 021 úr grjóti," segir í örnefnalýsingu. Túngarður sá hverfur undir undir Fiskvinnsluhús sunnan við vör 005. Líklegt þykir að hróf þetta og skipanaust séu eitt og sama naustið og það því skráð undir sama númeri. Fast norðan við fiskvinnsluhúsið Þorsteinsbúð er grjótgarður og neðan hans tekur við mikil víðfem grjót og klapparfjara. Utan varinnar 005 eru engar minjar um mannvirki í fjörunni. Líklegt þykir að naustið hafi farið undir grjótgarðinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 1.

**GK-092:017** garðlag landamerki

64°04.352N 22°38.802V

"Annarsstaðar er þetta orðað svo [landamerkjalyásingin], að vestan frá Skipanausti [016] er túngarður úr grjóti," segir í örnefnalýsingu. Garðurinn var landamerkjagarður milli Gerða og Gauksstaða. Hann sést vel um 180 m norðvestur af Gauksstöðum 001 á stuttum kafla.

Mikið rask hefur orðið í kring. Húsnæði H. Pétursson hefur verið reist á norðurhluta garðsins og sunnar er hann horfinn undir íbúðahverfi. Garðurinn sést fyrst fast sunnan við veg sem liggur milli H. Péturssonar og slysavarnarsafns. Þaðan má rekja hann um 70 m til suðvesturs áður en hann hverfur alveg undir byggingar. Garðurinn er veglegastur þar sem kálgarður hefur verið gerður upp við hann norðanverðan og sennilega verið hlaðinn upp þar. Sennilega er kálgarðurinn sá ekki gamall. Annars stendur ekki steinn yfir steini í garðinum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 1.

**GK-092:018** *Tjarnarkot* bæjarstæði býli

"Ofan við Skólatjörnina var Tjarnarkot," segir í örnefnalýsingu. Tjarnarkot hefur líkast til verið um 100 m suðaustur af bæjarstæði Gerða GK-091:002 en staðsetningin er ekki mjög nákvæm, enda hefur svæðinu verið raskað mjög mikið. Þar sem Skólatjörn var áður hefur átt sér stað mikil uppfylling, og stendur þar nú fiskvinnsluhús.

Ekki sjást nú (2008) leifar Tjarnarkots.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 1.

**GK-092:019** heimild um landamerki

"Móti Gerðum eru merki Gauksstaða steinn fremst í þangi, sem er merktur LM, en hefur þó ekki neitt nafn," segir í örnefnalýsingu. Ætla má að steinninn hafi verið um 180 m norður af bæ, milli húss sem hýsir slysavarnarsafn og húss sem merkt er H.Pétursson.

Grýtt þangvaxin fjara. Leit að steini í fjöru bar ekki árangur. Heimildamenn sem leitað hafa að honum hafa ekki heldur fundið hann. Hugsanlegt er að í raski fylgjandi framkvæmdum við grjótgarð við fjöruna fyrir um 20 árum hafi steinninn glatast.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 1.

## GK-093 Skeggjastaðir

1703, jarðardýrleiki óviss. Konungseign. 1847, 8 1/8 hdr. Bændaeign. Jarðarinnar er getið í grein um hvalskipti á Rosmhvalanesi frá um 1270: "...Hinn þriðja þridivng taka gavgstader ok skeggiastadir...", DI II, 78. Þá er hennar getið í hlutabók eða sjávargerðarreikningi Kristjáns skrifara frá 1548, DI XII, 127 og í jarðaskiptabréfi hirðstjóra fyrir hönd konungs við Skálholtsstól frá 1563, DI XIV, 156.

Árið 1919 var tvíbýli á Skeggjastöðum.

1703: "Fóðrast kann í kyr riflega ...Skóg til kolgjörðar hefur jörðin í almenningum. Torfristu og stúngu þar í annars jarða löndum til að fá. Eldiviðartak af fjörupangi mjög lítið. Rekavon því næsta engin. Murukjarnatekja með stórstraumi nokkur til að næra pening á heyskortí. Heimræði er árið um kring og landing frí á Gaukstaðalandi ...Engjar eru öngvar. Útigangur enginn sumar nje vetur. Vatnsból er ekkert í landareign jarðarinnar." JÁM III, 90-91.

1919: Norðurbær: 0,82 teigar, kálgarðar 1150 m<sup>2</sup>. Suðurbær: Tún 0,78 teigar, kálgarðar 910 m<sup>2</sup>.

### GK-093:001 Skeggjastaðir bæjarhóll bústaður 64°04.182N 22°38.717V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þá tvíbýli á Skeggjastöðum. Það kemur heim og saman við það sem segir í grein Hallmanns Sigurðssonar um búendur í Garði 1903-1915: "Á Skeggjastöðum var tvíbýli. Á öðrum bænum bjó Ólafur Gíslason.....Á hinum jarðarpartinum byrjaði að búa 1910 Tryggvi Matthiasson trésmiður." Syðri bærinn stóð um 10 m ASA við nyrðri bæinn 012. Þar er merkt T-laga húsaþyrping og kálgarður fast austan við. Skeggjastaðir eru um 70 m norðvestan við Brekku. Núverandi bæjarhús standa klárlega á bæjarstæði syðri bæjarins en hér er samt öllum bæjarhólum lýst.

Hús stendur á hólum miðjum, afgirtur garður er sunnan við húsið og bílastæði norðan og vestan við það. Enginn kjallari er undir íbúðarhúsinu. Austan og norðan við hólinn eru tún, niður að sjó. Bílskúr stendur við húsið. Bæjarhóllinn er um 40 x 30 m og snýr í norður-suður. Í hólinn hafa hundar grafið holu um 5 m austur frá húsinu, sem leiðir í ljós kolaleifar, bein og annað sem bendir til að þeir hafi fundið öskuhaug. Um 10 m sunnan við hólinn er garður, sem liggur í austur-vestur. Hann er væntanlega leifar kálgarðs (016). Á bílastæðinu norðan við húsið er röð af hellusteinum sem gætu hafa verið stétt að húsi. Þessir steinar eru um 10 m vestur frá miðjum bæjarhólum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Hallmann Sigurðsson 1966a, 88

### GK-093:002 Húsatóftir tóft bústaður 64°04.202N 22°38.802V

Hústóft er um 65 m vestur af Skeggjastöðum 001, fast norðan við heimreiðina. Þetta gætu verið Húsatóftir eða Húsatættur en um staðinn segir í örnefnalýsingu "Svo er Háabær [GK-092:012] ofan við Bjarghús [GK-092:015]. Þar neðar og nær bæ [001] eru Húsatættur." Um tómthúsið segir í grein Hallmanns Sigurðssonar um búendur í Garði 1903-1915: "Guðmundur Jónsson bjó að Húsatóftum. Hann gerði oftast út skip á vertíð og bát haust og vor."



Tóft 002, horft til norður

Tóftin er á grónu óræktarsvæði, gróðurinn þar nær allt að 2 m hæð við vegkant.

Um er að ræða tóft af litlu útihúsi með áföstum garði, líklega kálgarði. Alls er mannvirkið um 9 x 5 m stórt. Útihúsið er 4 x 3 m og snýr í austur-vestur, dyr hafa verið í austur. Veggir þess eru um 1 m á breidd. Hleðslan er mest er um 1 m á hæð. Garðurinn, sem er austan og sunnan við tóftina, er um 7 x 3 m að stærð og snýr í austur-vestur. Garðlagið er um 0,5 m á breidd og hæðin um 0,3 m. Á loftmynd virðist sem kálgarður gægist fram sunnan undan heimreiðinni og hefur þá sennilega tilheyrð þessu húsi. Hann er ferkantaður, hátt í 17 x 17 m stór. Hann hefur verið á kafi í órækt þegar svæðið var skráð á vettvangi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir og Brekka, 2; Hallmann Sigurðsson 1966a, 88



**GK-093:003** garðlag landamerki

64°04.158N 22°38.702V

Um 100 m austur af Skeggjastöðum (001) og 100 m vestur af Brekku (GK-094:001) er garðlag. Liggur það frá suðvestri til norðausturs á landamerkjum bæjanna. Garðlagið og kálgarðurinn eru í ósléttuðu túni.

Garðlagið er grjóthlaðið og vel gróið. Er það um 2 m að breidd og hæst um 1 m. Liggur það um 90 m frá norðaustri (við Brekkuhöfða) til suðvesturs en hverfur þar sem nýleg byggð við Sunnubraut 19-21 er. Um 15 m frá vestari enda garðlagsins skiptist það í tvennt og beygir til norðurs, sjá garð 019. Við miðbik garðlagsins er kálgarður sambyggður honum, Skeggjastaðamegin við merkin. Hann er 8 x 8 m að stærð og afmarkast af garðlaginu í suðri. Þvert á garðinn eru tveir grjóthlaðnir veggir utan um kálgarðinn sem snúa til norðurs-suðurs. Hæð þeirra er 0,5 m og breidd 0,7 m. Innan kálgarðsins vex nú rabbabari.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Stúdentakort 1954

*Garðlag 003, horft í suður*

**GK-093:004** garðlag landamerki

64°04.180N 22°38.580V

Landamerkjagarður er milli Gauksstaða og Skeggjastaða. Mætir hann landamerkjagarði 095:010 milli Gauksstaða og Vara austast, um 160 m austur af Skeggjastöðum 001.

Garðurinn liggur um óslegið tún neðan við Brekku.

Lýsingin hefst hér austast, norðaustan við Brekkuhöfða. Grjóthlaðinn garður, sem liggur fyrst í norðvestur-suðaustur um 230 m vegalengd. Er hann breiddastur um 1 m og hæstur 0,6 m. Viðast hvar er hann þó um 0,4 m hár. Greinilega sést í grjóthleðsluna þó garðurinn sé nokkuð gróinn en aðeins í stöku steina á syðstu 20 m. U.þ.b. 5 m frá syðri enda garðsins er garðurinn afar rofinn á um 8 m löngum kafla. Eftir um 230 m sveigir garðurinn í suðurátt, um 50 m vegalengd en þá skiptist hann í tvennt. Annar armurinn sveigir til vesturs og mætir þar landamerkjagarði milli Gauksstaða og Gerða eftir um 110 m. Þessi armur þjónar sem sagt sem landamerki milli Gauksstaða og Skeggjastaða. Hinn armurinn heldur áfram í suður, undir heimreiðina að Skeggjastöðum og endar þar eftir um 100 m til viðbótar, um 60 m suðvestan við Skeggjastaði. Þar mætir hann landamerkjagarði milli Brekku og Skeggjastaða, sjá 003.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

*Garðlag 004, horft til norðvesturs*

**GK-093:005** bæjarstæði býli

64°04.127N 22°38.827V

Undir nýlegum húsum við Sunnubraut 22 var túngarður og býli. Lá túngarðurinn upp að garðlagi 003, þeim hluta þess sem er horfinn undir íbúabyggð.

Nýtt íbúðahúsahverfi hefur verið reist þar sem býlið stóð. Sjást nú hvorki merki þess né túngarðsins. Á Stúdentakorti frá árinu 1954 er býlið sýnt ásamt gjóthleðnum túngarði umhverfis. Stóð býlið í norðausturhorni túnsins. Garðlagið afmarkaði 30 x 20 m stórt svæði. Syðri skammhliðin var sameiginleg garðlagi 003 sem þá lá þar framhjá að Garðbraut. Þessi hluti garðlags 003 er nú horfinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Stúdentakort 1954

*Þúst 006, horft til austurs*

**GK-093:006** þúst útihús

64°04.175N 22°38.716V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 3 m sunnan við útihús 014, um 10 m suðaustan við syðri bæinn 001.

Þar er nú (2008) mikil órækt, og nokkuð af hruni. Svæðið er í fullkominni órækt. Grjóthrúgur sjást hér og þar en ekkert sérstakt lag að sjá á þeim.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-093:007** heimild um leið 64°04.199N 22°38.704V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata að nyrðri bænum 012 úr norðri frá Gauksstöðum 092:001.  
Þar sem leiðin lá er nú (2008) sléttað tún Gauksstaðamegin og órákt Skeggjastaðamegin.  
Ekkert greinilegt er eftir af götunni nema tæplega 3 m vik í garð sem liggur norðaustan við bæinn. Frá vikin og að Gauksstöðum sést svo ekkert af leiðinni en rétt neðan við vikið er dálítið forarsvað, aflangt, sem gæti hafa verið partur af veginum og þannig troðist niður. Allt sést þetta mjög illa vegna mikils gróðurs Skeggjastaðamegin.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-093:008** heimild um leið 64°04.195N 22°38.783V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata til vesturs frá Skeggjastaðabæjunum 001 og 012, niður túnið. Hún hefur legið á sama stað og heimreiðin gerir nú. Uppbyggð heimreið, tún eru bæði norðan og sunnan megin við.  
Gamla heimreiðin er horfin undir núverandi veg.  
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-093:009** *Steinsstaðir* bæjarstæði býli 64°04.256N 22°38.966V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð þurrabýlið Steinsstaðir um 220 m VSV við Garðstaði GK-096:008 og um 50 m norðvestan við Eiði 011. Samkvæmt túnakortinu voru tún býlisins 0,09 teigar og kálgarðar alls 300 m<sup>2</sup>. Í örnefnalýsingu segir: "Ofan [sunnan] við bæ [001/012], uppi við veg, er nýbýlið Steinsstaðir, vestur af Eiði." Hugsanlega hafa Steinsstaðir fallið í eyði og verið byggðir upp aftur um það leyti sem örnefnalýsingin var skráð, þ.e. um miðbik 20. aldar, en staðsetning þess í lýsingunni kemur vel heim og saman við staðsetningu Steinsstaða á túnakortinu frá 1919 og því líklega um einn og sama staðinn að ræða. Steinsstaðir eru í Skeggjastaðalandi, um 260 m VSV af Gauksstaðabænum GK-092:001. Í grein Hallmanns Sigurðssonar um búendur í Garði 1903-1915 kemur fram að Steinsstaðir hafi verið mjög lítill bær.  
Þar er nú stórt og veglegt einbýlishús, merkt Steinsstaðir á loftmynd frá sveitarfélaginu.  
Allar leifar um eldri byggingar eru horfnar. Óræktarlóð er austan við húsið og þar sjást reyndar talsverðar ójöfnur.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919; Hallmann Sigurðsson, 88; Ö-

**GK-093:010** heimild um útihús 64°04.246N 22°38.917V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús 20-30 m vestur af Eiði 011. Á svipuðum slóðum er nú stórt íbúðarhús, garður umhverfis og götur í kring. Útihúsið er horfið.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-093:011** *Eiði* bæjarstæði býli 64°04.243N 22°38.891V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð þurrabýlið Eiði um 50 m suðaustan við Steinsstaði 009. Þá var tvíbýlt á jörðinni en bæirnir sambyggðir. Bæjarröðin snýr austur-vestur. Samkvæmt túnakortinu voru tún eystri bæjarins 0,03 teigar og kálgarðar alls 550 m<sup>2</sup>. Tún vestri bæjarins voru 0,09 teigar og kálgarðar 540 m<sup>2</sup>. Í örnefnalýsingu segir: "Upp af bæ [001] er lambhús [GK-092:010], og þar austur af er Eiði." Eiði var þar sem nú er lóð leikskólans í Garði, nánar tiltekið þar sem nú leikkastali á lóðinni. Þetta er um 180 m norðvestur af Skeggjastöðum 001. Sléttuð lóð með leiktækjum.  
Öll ummerki um Eiði eru horfin. Eiði mun hafa verið síðasti uppistandandi torfbærinn í Garði.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 1.

**GK-093:012** heimild um bústað 64°04.190N 22°38.718V  
Þegar túnakort var gert af Skeggjastöðum og nágrenni árið 1919 var tvíbýli á bænum. Syðri bærinn stóð þar sem bæjarhús eru nú (sjá 001) en nyrðri bærinn hefur verið norðar og um 10 m breitt bil skilið milli bæjanna. Nyrðri bærinn hefur einnig staðið á bæjarhól sem annars er lýst í 001.  
Þar sem nyrðri bærinn stóð er nú skúr á hlaðinu norðan við íbúðarhúsið og óræktarsvæði þar norðan og austan við. Engar leifar sjást nú af bænum.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-093:013** heimild um útihús 64°04.179N 22°38.706V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús um 10 m austan við syðri bæinn 001, nánast í suðausturhorni kálgarðs.

Þar er nú (2008) mikil órækt, og nokkuð af hruni.  
Svæðið er í fullkominni órækt. Grjóthrúgur sjást hér og þar en ekkert sérstakt lag að sjá á þeim.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-093:014** heimild um útihús 64°04.177N 22°38.716V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 5 m norðaustan við syðri bæinn 001. Þar var forgryfja og/eða salerni. Þetta hús var fast norðan við útihús 006. Þar er nú (2008) mikil órækt, og nokkuð af hruni. Svæðið er í fullkominni órækt. Grjóthrúgur sjást hér og þar en ekkert sérstakt lag að sjá á þeim.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-093:015** heimild um útihús 64°04.191N 22°38.714V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús um 5 m austan við nyrðri bæinn 012, innan kálgarðs.  
Þar er óræktarsvæði. Engar leifar sjást af húsinu þótt víða sé töluvert grjót.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-093:016** gerði kálgarður 64°04.183N 22°38.702V  
Skv. túnakorti frá 1917 var girðing umhverfis bæina á Skeggjastöðum 001 og 012, sennilega kálgarður. Alls afmarkaði hann svæði sem var rúmlega 60 x 40 m stórt frá norðri til suðurs. Innan garðsins voru einnig útihús 006 og 013-015.  
Megnið af garðinum sést enn, þ.e. norður-, austur- og hluti af suðurhlið. Alls er svæðið um 45 x 20 m stórt en syðsti hluti garðsins virðist horfinn og einnig vesturhliðin að mestu leyti. Garðurinn er mest um 1,5 m á hæð og rúmir 2 m á breidd. Garðurinn liggur þvert á svæðið sem girt er af austan við íbúðarhúsið á Skeggjastöðum. Op eða hlið er á garðinum nálægt norðurenda hans. Sunnan við hliðið er garðurinn hærri og veglegri á allan hátt, og úr grófara grjóti. Norðan megin er garðurinn ógreinilegri, og hlaðið ávölu fjörugrjóti. Norðan megin verður garðurinn sjaldan meira en 0,5 m. Líklega er þessi garður leifar kálgarðs.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-093:017** *Garðsviki* bærjarstæði býli  
"Þar neðar og nær bæ [001/002] eru Húsatættur [002], og efst er Garðsviki," segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum við lýsinguna segir ennfremur: "Kot var í Garðsvika." Í grein Hallmanns Sigurðssonar um búendur og býli í Garði 1903-1915 er ekki minnst á Garðsvika en þar er hins vegar talað um Garðsríki og ekki ólíklegt að það hafi verið sami bær: "Í Garðsríki bjó á þessum árum maður að nafni Matthías, var hann aðfluttur og dvaldi þar fremur stutt og veit ég ekki meira um hann að segja." Ekki fengust upplýsingar um hvar bærinn stóð. Í lýsingu Hallmanns er það Garðsríki upp milli Steinsstaða og Sigríðarstaða sem er síðasti bærinn sem minnst er á áður en komið er í Gerðahverfi. Erfitt er að átta sig á staðháttum út frá þessum lýsingum.  
**Heimildir:** Ó-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 2; Ó-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, aths., 1; Hallmann Sigurðsson 1966b, 88

**GK-093:018** *Sigríðarstaðir* heimild um býli  
Í grein Hallmanns Sigurðssonar um býli og búendur í Garði 1903-1915 segir: "Sigríðarstaðir er næsti bær [við Garðsríki 017]...Eru þá upptaldir bæir, sem ég man eftir fyrir innan Gerðar." Ekki fundust aðrar heimildir sem minnst á Sigríðarstaði og ekki ljóst hvar bærinn stóð.  
**Heimildir:** Hallmann Sigurðsson 1966b, 88

**GK-093:019** tóft óþekkt 64°04.219N 22°38.829V  
Tóftir eru um 40 m VNV af tóft GK-093:002.  
Þar er grasi gróið óræktarsvæði, hestagirðing er um 15 m norðar.  
Tóftin (A) er alls um 7 x 7 m stór og tvískipt en sambyggð tóft (B) er skammt suðaustan við og að henni meðtaldri er mannvirkið alls um 18 x 7 m stórt. Hólfin í A eru samhliða og snúa bæði með op í ASA, í átt að Skeggjastöðum. Nyrðra hólfið er stærra, um 5 x 2 m að innanmáli frá NV-SA en syðra hólfið rís lægra og er ekki nema 3 x 1 m að innan frá NV-SA. Grjót er



*Tóft 019, horft til norðvesturs*

greinilega í veggjum en þeir eru samt að mestu grónir. Hæð slagar hátt í 2 m að austanverðu. Hola hefur verið grafinn framman við minna hólfid, um 2 x 1 m stór SA-NV og um 1 m djúp og í henni liggur rusl. Leifar af steiptum vegg sjást fast norðvestan við tóftina. Um 5 m suðaustan við tóft er lítil tóft, samtengd hinni með einfaldri röð af stórgrýti. Hún er ferköntuð, um 4 x 4 m stór, hlaðin úr stórgrýti en nú mikið til mosavaxin. Ekki sjást dyr á veggjum og raunar ólíklegt að um raunverulega hústóft sé að ræða.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

## GK-094 Brekka

1703, jarðardýrleiki óviss. Konungsiegn. 1847, 6 1/4 hdr. Konungseign. Jarðarinnar er getið í afgjaldareikningi Eggerts fögeta Hannessonar frá 1552, DI XII, 418, 421 og í jarðaskiptabréfi hirðstjóra fyrir hönd konungs við Skálholtsstól frá 1563, DI XIV, 156.

1703: "Fóðrast kann í kýr riflega ... Skóg til kolgjörðar hefur jörðin í almenningum. Torfrista og stúnga engin í landi jarðarinnar það menn vitu til vissu, en lánga vegu burt upp í heiði hafa ábuendur um nokkrar studnir stúngið torf á hey og eldivið, og hefur ekki átalíð verið. Elddiviðartak af fjörupáangi mjög lítið. Rekavon lítil mjög eður engin. Murukjarnatekja nærri því engin. Heimræði er árið um kring ... Tún jarðarinnar blæs upp árlega og gengur upp fastagrjót. Engjar öngvar. Úthagar öngvir sumar nje vetur. Vatnsból næsta því ekkert í landeign jarðarinnar," JÁM III, 91-92.

1919: Tún 1,6 teigar, kálgarðar 1020 m<sup>2</sup>.

### GK-094:001 Brekka bæjarhóll bústaður

64°04.145N 22°38.653V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð Brekka um 60 m norðvestan við syðri bæinn á Skeggjastöðum GK-093:001. Þetta er um 170 m norðvestur af Vörum GK-095:001.

Steinsteypt hús á greinilegum hól, grasi vaxið umhverfi. Þéttbýli er um 100 m suðvestar en ágætis tún er umhverfis Brekku. Vegur liggur upp að húsinu úr suðri.

Hóllinn er alls um 60 x 50 m stór frá norðri til suðurs, sennilega náttúrulegur að hluta. Á honum stendur einlyft steinhús. Austurhluti þess var byggður árið 1937 af eiginmanni Steinunnar Sigurðardóttur en vesturhlutinn er yngri viðbygging. Árið 1937 hafði ekki verið búið í Brekku um nokkurra ára skeið. Rústir voru á staðnum, aðallega man Steinunn eftir einum hlöðnum vegg og hlóðaeldhúsi vestan við norðurhluta hússins. Þar var fagurlega hlaðinn veggur, eins og klömbruhnaus en úr grjóti. Framan við húsið, þ.e. um 20 m norðaustan við, eru smáhólar sem skera sig úr. Þar fann sonur Steinunnar mikið af öðuskel þegar hann lék sér að því að grafa í hólinn. Því má ætla að öskuhaugur sé undir. Framan við suðausturhorn steinhússins var kvarnarsteinn sem nú liggur brotinn framman við bæjardyr - þeir voru reyndar tveir upphaflega en hinn var mun þynnri og eyðilagðist. Kálgarður er sunnan í hólum, sjá 005, og liggur heimreiðin í gegnum hann.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.



Bæjarhóllinn á Brekku, horft í austur og kvarnarsteinninn

### GK-094:002 heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti var útihús um 25 m suðaustan við bæ 001. Útihúsið var innan kálgarðs og gata er merkt að húsinu, í gegnum garðinn miðjan. Þar var forgryfja og/eða salerni. Nú (2008) liggur malbikaður vegur yfir forgryfjuna. Horfin undir heimreið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

### GK-094:003 tóft hesthús

64°04.135N 22°38.576V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 40 m norðaustan við bæ 001. Þar er tóft.

Grasi vaxið, óræktað tún. Stæðileg tóft, 7 x 6 m stór frá austri til vesturs. Hún er einföld og dyr eru vestast á norðurvegg. Mikið grjót er í veggjum sem ná allt að 1,5 m hæð og timbur og járnrusl inni í tóftinni. Innanmál er um 4 x 3 m frá austri til vesturs. Þegar Steinunn Sigurðardóttir og maður hennar fluttust að Brekku laust fyrir

1940 var tóft á þessum stað. Þau löppuðu fljótlega upp á hana og hýstu þar hryssu með folald um tíma. Ekki er þó fullvíst hvort húsið hafði áður gegnt öðru hlutverki. Tóftin virðist nú vera leikstaður barna. Þar er búið að reisa skilti sem á stendur "Blómastellustaðir".

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-094:004** Brekkukot bæjarstæði býli

64°04.094N 22°38.693V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð býlið Brekkukot um 85 m suðaustan við bæ 001. Bæjarhóllinn er fast norðaustan við nýbýlið Bjarmaland (1945). Jóhanna Kjartansdóttir þekkir bæinn sem Brekkubæ, og kannast ekki við Brekkukot. Á túnakorti frá 1919 er þessi staður þó greinilega merktur sem Brekkukot. Í örnefnalýsingu er minnst á Brekkubæ: "Brekkubær er uppi í móa." Í athugasemdum við lýsinguna segir ennfremur: "Brekkubær er eyðikot." Ekki er ljóst hvort þar er átt við þennan stað eða jafnvel Brekku 001 en hún var í eyði, í það minnsta upp úr 1930.

Ekkert hús stendur nú á hólnum en hann er sleginn reglulega. Umhverfis hóllinn voru nokkrir kálgarðar ræktaðir fram á 20. öldina samkvæmt heimildamanni, en nú sjást þeirra engin merki. Svæðið austan við hólinn er í órækt og lítið hægt að sjá þar.

Hóllinn er um 10 x 20 m og snýr í norðvestur-suðaustur. Um 2 m norður af hólnum er lítil bunga. Sunnan megin á hólnum er annar hól, sá er eftir flaggstöng sem reist var af föður heimildamanns á fyrri part 20. aldar. Í hólnum glittir svo í steina á stöku stað sem gætu verið hleðslur. Heimildamaður segir að meðan grasið var slegið hafi mátt sjá steinstétt liggja norður frá hólnum, en ekki er hægt að greina hana í dag.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 2; Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, aths., 1.



Tóft 003 horft til suðurs



Bæjarstæði 004, horft til austurs


**GK-094:005** heimild um kálgarð

64°04.088N 22°38.706V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður og e.t.v. afgirtur túnskiki fast suðvestan við Brekkukot 004.

Þar er nú afgirt lóð og órækt utan hennar. Skikinn virðist alveg horfinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



0 1 2  
metrar

Brunnur 007

athugasemdum við lýsinguna segir ennfremur: "Vatnsbólið, sem nefnt er, var brunnur, og lágu steintröppur ofan í hann." Brunnurinn er 65 m norðaustur af Brekku 001. Brunnurinn er í grónum hvammi, neðan við Brekku 001. Hvammurinn er markaður af Brekkuhöfða 008. Brunnurinn hefur að einhverju leyti verið fylltur upp með

**GK-094:006** gerði kálgarður

Skv. túnakorti frá 1919 var kálgarður fast sunnan við Brekku 001. Leifar hans sjást enn.

Heimreiðin liggur gegnum kálgarðinn upp að bænum.

Austan heimreiðar hefur kálgarðurinn verið sléttaður að mestu en vestan við stendur hann þökkalega en er undirlagður af gróðri. Víða sést í grjóti í hleðslum en þær standa þó hvergi hátt. Alls hefur garðurinn verið um 50 x 20 m stór frá norðvestri til suðausturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-094:007** brunnur brunnur

64°04.156N 22°38.573V

"Svo ræður hann [Vestri-Traðargarður 009] frá Höfðanum sem bærinn stendur á, og eftir þúfnaröð, er liggur norðan við vatnsbólið í svonefndum Hvammi," segir í örnefnalýsingu. Í

bárujárnsplötum og öðru rusli.

Brunnurinn er nokkurn veginn hringlaga mannvirki og virðist hafa verið gengið niður í hann nokkur þrep, enda sést op eða inngangur í norðaustur. Hann er um 0,75 m djúpur, og um 2 m í þvermál. Inngangurinn er rúmur metri á lengd og um hálfur metri á breidd. Í hliðum brunnsins norðan megin má greina hleðslur en annars hefur hann verið fylltur upp.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 2; Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, aths., 1.

**GK-094:008** *Brekkuhöfði* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 64°04.148N 22°38.552V

"Svo ræður hann [Traðargarður 009] frá Höfðanum sem bærinn stendur á ... Í Brekkuhöfða bjó huldufólk," segir í örnefnalýsingu. Höfðinn liggur frá garði milli merkjasteina Brekku og Vara, og Brekkubærinn stendur á honum. Svæðið er um 100 x 40 m í norðvestur-suðaustur. Höfðinn er grasi gróinn, og í mikilli órækt.

Í hliðum höfðans eru víða björg, stórgrýti og hellur, sem minna á dæmigerðar álfaborgir. Í kringum höfðann má sjá miklar hellur sem höggvið hefur verið í, og hefur þarna líklega verið grjótnám, sjá 015.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 2.

**GK-094:009** *Vestri-Traðargarður* örnefni

"Frá klöpp þessari liggur uppstungin gata [GK-095:004] að Vestri-Vara-Kálgarðshorni [GK-095:006] og með honum að Vestri-Traðargarði," segir í örnefnalýsingu. Nú er erfitt að átta sig á því hvaða garður var kallaður Vestri-Traðargarður en sennilegt þó að þetta hafi verið heiti á kálgarði, líklega skammt vestan við veginn heim að Vörum.

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 2.

**GK-094:010** *Brekkuvör* hleðsla lending

64°04.171N 22°38.425V

"Brekkuvör er á merkjum, og þar upp af á kámpinum var hróf [011]," segir í örnefnalýsingu. Vörin er merkt á túnakort frá 1919. Brekkuvör er nánast beint niður eða norðaustur af merkjagarði milli Brekku og Vara 095:001, hátt í 200 m norðaustur af Brekku 001. Hún er merkt með skilti á sjávarkámpinum.

Mjög stórgrýtt fjara og hlaðinn sjóvarnargarður ofan við. Vörin er þökkalega greinileg en blasir vafalaust betur við þegar fjara er. Grjótlaus eyða sést í fjörunni, 5 - 6 m breidd og hleðsla eða grjótruðningur meðfram henni að vestanverðu sem nær a.m.k. 10 m út í sjó til norðausturs. 10-15 m austar vottar fyrir annarri hleðslu, væntanlega með hinni hlið vararinnar en hún er þó strjál og verr farin og liggur skáhallt á hina, hér um bil beint í norður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 2; Túnakort 1919.



*Brekkuvör 010, horft til norðaustur*

**GK-094:011** heimild um naust

64°04.165N 22°38.444V

"Brekkuvör [010] er á merkjum, og þar upp af á kámpinum var hróf," segir í örnefnalýsingu. Naustið er merkt á túnakort frá 1919. Það hefur verið hér um bil beint upp af vör 010, við enda landamerkjagarðs GK-095:010.

Nú er sjóvarnargarður á þessum stað.

Þorvaldur Þorvaldsson í Vörum man eftir tóft á staðnum sem hvarf undir nýjan sjóvarnargarð fyrir um 20 árum. Á þessum stað er garðurinn rúmlega 2 m hár og eins og uppfylling sé undir honum að sunnan.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 2; Túnakort 1919.



*Náma 012, horft til suðurs*

**GK-094:012** náma

64°04.158N 22°38.585V

Margt bendir til að grjótnám hafi verið í norðanverðum Brekkuhöfða, 40-50 m norðaustur af íbúðarhúsinu á bæjarhól 001. Brekkuhöfði er hóll, að mestu gróinn en þó með klöppum og klettum í hliðum.

Í hólnum er dokk sem ekki ber mikið á á jörðu niðri. Á loftmynd sést hins vegar að hún hefur reglulegar og stöllóttar brúnir ekki ósvipað og mógröf. Svæðið gæti verið alls um 50 x 20 m stórt frá austri til vesturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-094:013** *Brekkukúatraðir* heimild um traðir

64°04.107N 22°38.582V

"... þar til kemur að stórum steini [GK-095:012] merktum við þjóðveginn. Þaðan sjónhending í garðsenda [sjá Sjá 095:010] fyrir austan Brekkukúatraðir," segir í örnefnalýsingu Vara. Ekki er nafnið þekkt nú (2008) og í lýsingu er aðeins hægt að lesa að traðirnar séu vestan við garðsenda. Líklegast er að traðirnar hafi verið í túni milli Brekku 001 og Vara GK-095:001.

Hestabeit er í túninu.

Með góðum vilja er hægt að sjá leið eða traðir, sem liggur milli túna en það er eins og jarðvegurinn sé troðinn milli hleðsluraða í garðinum. Sunnan við garðinn, fyrir miðbik túns eru miklar þústir og grjót. Líklegt er að traðirnar hafi legið á þessu svæði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Varir, 1.



*Traðir 013, horft til norðausturs*

**GK-094:014** heimild um túngarð

64°04.095N 22°38.710V

Ríflega 100 m suðvestan við Brekku var skv. Stúdentakorti frá árinu 1954 túngarður. Nú er þar íbúabyggð og sjást hans engin merki. Nú er nýleg íbúabyggð þar sem garðlagið stóð áður.

Á Stúdentakorti frá árinu 1954 er sýndur grjóthlaðinn garður sem nær á tvo vegu að steinsteyptum vegg sem liggur frá norðri til suðurs. Við hann stóð lítið hús. Garðlagið lá annars vegar meðfram Garðbraut um 40 m leið en hins vegar frá steypa veggnum um 30 m til norðausturs, beygði þá til austurs um 10 m leið og hlykkjaðist að lokum aftur til suðurs um 30 m. Nú sjást hans engin merki.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Stúdentakort 1954



## GK-095 Varir

1703. jarðardýrleiki óviss. Konungseign. 1847, 25 hdr. Bændaeign. Jarðarinnar er getið á skrá yfir hvalskipti á Rosmhvalanesi frá um 1270: "...Annan þriðvng varer ok straglastader ok darrastader...", DI II, 78. Þá er hennar getið í máldaga Hvalnesskirkju frá 1370, DI III, 256 og í jarðaskiptabréfi hirðstjóra fyrir hönd konungs við Skálholtsstól frá 1563, DI XIV, 156.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 nefnir tvær hjáleigur á jörðinni og er þá önnur í eyði.

Árið 1919 var tvíbýli í Vörum samkvæmt túnakorti jarðarinnar. "Fyrir ofan Varir eru þrjú nýbýli úr landi jarðarinnar," segir í örnefnalýsingu Vara, 3.

1703: "Fóðrast kann í kýr og önnur að tveim þriðjungum ... Skóg til kolgjörðar hefur jörðin í almenníngum. Torfrista og stúnga engin nema sú, er brúkuð er lág frá upp í heiði. Eldiviðartak af fjöruþangi hvörgi nærri sem nauðsyn er til, og þarf annarsstaðar til að fá. Fjörugrasatekja lítil. Rekavon nokkur með stórstraumi. Heimræði er árið um kríng og lending hin besta ...Engjar eru öngvar. Útigangur enginn sumar nje vetur. Vatnsból er ekkert í landeign jarðarinnar." JÁM III, 92-93.

1919: Neðri bær: Tún 0,9 teigar, kálgarðar 720 m<sup>2</sup>. Efri bær: Tún 1 teigur, kálgarðar 840 m<sup>2</sup>.

### GK-095:001 Varir bæjarhóll bústaður

64°04.093N 22°38.447V

Árið 1919 var tvíbýli í Vörum, efri- og neðri-bær. Neðri bærinn hefur staðið vestar og norðar samkvæmt túnakorti frá 1919. Í örnefnalýsingu jarðarinnar segir: "Varabærinn stendur á háum hól niður við sjó. Þar stóð áður baðstofa, sem nefnd var Höllin sökum stærðar sinnar. Hana byggði Einar Sigurðsson, sem bjó í Vörum næst á undan Halldóri [Þorsteinssyni sem kom að Vörum 1911]. Hann byggði einnig útihús með gestaherbergjum og lokrekkju. Ekkert stendur nú eftir af húsum þessum." Í lýsingunni segir ennfremur: "Steinsnar fyrir ofan og innan Varir er nýtt hús, Varir II (eða Efri-Varir í daglegu tali). Standa Vararbæirnir báðir í sama túninu." Varir standa næst sjó af öllum bæjum á svæðinu. Bærinn er um 170 m suðaustur af Brekku GK-094:001 og um 120 m vestur af Kothúsum GK-096:001.



Bæjarhóllinn í Vörum, horft til suðurs

Á hólnum stendur myndarlegt, gult bárujárnshús.

Hóllinn er mjög myndarlegur, hátt í 50-60 m langur frá austri til vesturs og um 30 m frá norðri til suðurs, allt að 5 m hár að norðan. Honum hefur talsvert verið raskað. Þannig hefur hann verið sléttaður að ofanverðu, bílskúr verið byggður inn í hólinn austan við íbúðarhúsið og þá er einnig lítið, stakstætt hús grafið inn í hólinn norðan við húsið. Kjallari virðist undir íbúðarhúsinu. Skv. Þorvaldi Þorvaldssyni var húsið sem nú stendur reist um 1920. Fjós var austan við það og man hann eftir tóftinni. Bílskúrin sem áður var getið var byggður fyrir nokkrum árum og einnig steypar tröppur austan við húsið. Þá var grafið allt að 3-4 m niður í hólinn og kom í ljós mikið af hleðslum, ösku og beinum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Varir, 2-3.

### GK-095:002 Varir bæjarhóll bústaður

64°04.090N 22°38.445V

Árið 1919 var tvíbýli í Vörum, efri- og neðri-bær. Efri bærinn hefur staðið austar og sunnar samkvæmt túnakorti frá 1919. Í örnefnalýsingu jarðarinnar segir: "Varabærinn stendur á háum hól niður við sjó. Þar stóð áður baðstofa, sem nefnd var Höllinn sökum stærðar sinnar. Hana byggði Einar Sigurðsson, sem bjó í Vörum næst á undan Halldóri [Þorsteinssyni sem kom að Vörum 1911]. Hann byggði einnig útihús með gestaherbergjum og lokrekkju. Ekkert stendur nú eftir af húsum þessum." Ekki er ljóst hvort um vestari eða eystri 002 bæinn er að ræða. Í lýsingunni segir ennfremur: "Steinsnar fyrir ofan og innan Varir er nýtt hús, Varir II (eða Efri-Varir í daglegu tali). Standa Vararbæirnir báðir í sama túninu." Austari bærinn hefur staðið austarlega á bæjarhól 001 og gæti hluti þess bæjarstæðis meira að segja hafa farið undir veg sem liggur að steypu fiskhúsi við sjóinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

### GK-095:003 öskuhaugur huldufólksbústaður

64°04.119N 22°38.441V

Öskuhaugur er fast norðvestan við bæjarhólinn 001, um 30 m beint norður af núverandi íbúðarhúsi.

Haugurinn er í hólfi sem er nýtt fyrir hrossabeit. Efst á haugnum er fúin flaggstöng, en í austurhliðinni standa stórir hellulaga steinar á rönd.

Haugurinn er mest um 2 m á hæð og um 10 m í þvermál. Hann virðist náttúrulegur að einhverju leyti, í það minnsta standa stórir steinar, sennilega jarðfastir, upp úr honum hér og þar. Haugurinn hefur verið rofinn að einhverju leyti í hliðunum, þar sem greinilega má merkja skelja- og beinaleifar, ásamt kolaöngnum. Móðir heimildamanns gerði eitt sinn lagfæringar á haugnum, en um nóttina dreymdi hana að huldufólk kæmi og þakkaði henni fyrir greiðann, og hefur ekki verið snert við haugnum síðan.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.



*Öskuhaugur 003, horft í suðvestur*

**GK-095:004** heimild um traðir

64°04.088N 22°38.503V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir til suðurs frá bænum. Nú liggur malbikaður vegur, Varavegur, á sömu slóðum. Traðirnar eru horfnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 2.

**GK-095:005** heimild um leið

64°04.127N 22°38.496V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata frá vestari Varabænum til vesturs út túnið. Gatan virðist hafa legið hér um bil í stefnu á Gauksstaði. Nú er girðing fyrir hrossabeit vestan við íbúðarhúsið í Vörum.

Ekki vottar fyrir götunni í túninu. Á kortinu virðist gatan hafa endað við landamerki Brekku og Vara.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-095:006** *Vestri-Vara-Kálgarður* gerði kálgarður

64°04.088N 22°38.495V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður sunnan við vestari Varabæinn. Útihús, forgryfja og/eða salerni, var innan hans. Í örnefnalýsingu Brekku segir: ":" Brekka. Þar eru merkin þannig: ... Frá klöpp þessari liggur uppstungin gata [sjá lýsingu á landamerkjum 010] að Vestri-Vara-kálgarðshorni." Um einn og sama kálgarðinn er að ræða. Garðurinn er áfastur bæjarhól Vara 001 að vestanverðu og sjást leifar hans enn. Austurhliðin er horfin, líklega fylling undir veg/bílastæði.

Garðurinn er girtur á austur- og suðurhlið. Tún í kringum kálgarðinn eru notuð sem hrossabeit.

Garðurinn stendur en er afar gróinn. Hleðsluhæðin er víðast um 0,6 m en nær 1 m þar sem hann stendur best. Vesturhliðin er best farin, og hefur líklega verið haldið við eitthvað fram á síðustu öld. Alls hefur garðurinn afmarkað svæði sem var um 33 x 22 m stórt frá NA-SV. Þess má geta að suðvesturhlið garðsins heldur áfram til norðvesturs og er landamerki milli Brekku og Vara.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, 2.



*Kálgarður 006, horft til austurs*

**GK-095:007** garðlag landamerki

64°04.071N 22°38.380V

"Frá sjó ræður garðlag að austanverðu milli Kothúsa [GK-096:001] og Vara, er liggur í boga upp í stein í sjávarkampum merktan LM [011]," segir í örnefnalýsingu. Garðurinn liggur milli túna Kothúsa og Vara. Hann sést um 70 m austur af bæjarhól 001, ofan við fiskvinnsluhús sem stendur á sjávarkampinum. Þaðan stefnir hann til suðvesturs. Nyrsti hluti garðsins, sá sem lá norðan við landamerkjastein 011, er væntanlega löngu horfinn. Garðurinn liggur að mestu um tún.

Lýsingin hefst hér syðst. Syðstu 150 m garðsins eru horfnir, þar eð malbikað hefur verið yfir hann. Um 310 m suðsuðvestur af Vörum 001 má þó sjá grýtta, afar óljósa þúst sem gæti verið leifar hans, en það hverfur þegar nær dregur íbúðahverfi. Eftir að komið er norður yfir Garðbraut verður garðurinn heillegur, hefur lítið sem ekkert verið raskað og raunar líklega verið haldið við að hluta. Þar er garðlagið mest um 1 m á hæð og um 1 m á breidd. Á hluta liggur garðurinn að einkagarði Vara II og þar hefur torfi verið hlaðið á hann. Alls má ætla að garðurinn hafi verið um 500 m langur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Varir, 1.

**GK-095:008** garðlag túngarður

Um 200 m suðvestan við Varir 001, við Varaveg, er garðlag.

Garðlagið liggur í ósléttu túni.

Garðlagið er grjóthlaðið og liggur til norðausturs 100 m vegalengd. Hæð þess þar er 0,3 m og breidd um 1 m. Er það nokkuð sigið og grasi gróið. Sést þó greinilega í stórgrýti í hleðslunum. Við norðausturendann skiptist garðlagið í tvennt og beygir til norðvesturs og suðausturs. Þar er garðurinn nokkuð hærri, um 1 m, og örlítið breiðari, u.þ.b. 1,2 m. Sést þar afar lítið í grjót enda er garðlagið mjög gróið á þessum hluta. Þar sem garðurinn skiptist vex mikill rósarrunni á honum. Til suðausturs liggur garðurinn aftur að Vararvegi og hverfur þar. Gæti hluti hans hafa markað landamerki milli Vara og Brekku, sjá 010. Í norðvestri liggur garðurinn beint um 65 m til viðbótar. Meiri gróska er á þesum hluta garðsins en öðrum. Um 15 m frá vestari enda garðsins skiptist hann aftur í tvennt og liggur grein úr honum til vesturs og síðan suðvesturs um 30 m leið. Þeir hlutar sem liggja til norðvestur og suðausturs liggja á landamerkjum Varar og Brekku og því líklega hluti af landamerkjagarði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Stúdentakort 1954

64°04.054N 22°38.672V



*Túngarður 008, horft til suðaustur*

**GK-095:009** áletrun landamerki

"Er þar jarðfastur steinn LM [016]. Svo norður með höfðanum í stein merktan LM við norðurenda höfðans. Er þá Brekkuland búið," segir í örnefnalýsingu. Landamerkjasteinn milli Brekku og Vara er utan í Brekkuhöfða norðaustanverðum, um 60 m norðan við landamerkjastein 016.

Stór og aflangur, jarðfastur klettur. Leifar af landamerkjagarði 010 liggja utan í höfðanum, óljósar þó.

Áletrunin LM er fremst eða austast á steininum, ofan á honum. Stafirnir eru mjög svipaðir og á steini 016, hvorutveggja hástafir, einfaldir að gerð og um 10 cm háir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Varir, 2.

64°04.146N 22°38.528V



*Áletrun á landamerkjasteini 009*

**GK-095:010** garðlag landamerki

64°04.104N 22°38.529V

Í lýsingu á merkjum milli Vara og Brekku, frá landamerkjasteini 012 norður að sjó segir: "Þaðan [frá landamerkjasteini 012] sjónhending í garðsenda fyrir austan Brekkukúatraðir [GK-094:013]. Svo ræður grjótgarður, þar til kemur að aðaltúngarði milli Brekku og Vara. Þaðan sjónhending heim með traðargarði í kálgarðshorn, svo eftir útsuðurkanti kálgarðsins og í vesturhorn hans. Þar frá beina sjónhending ræður uppstungin gata í svokallaðan Brekkuhöfða. Er þar merktur jarðfastur steinn LM [sjá 009]. Svo norður með höfðanum í stein merktan LM við norðurenda höfðans [sjá 016]. Er þá Brekkuland búið. Úr þessum meerkta steini í Höfðanum ræður fornaldargrjótgarður fram á sjávarkamp milli Vara og Gauksstaða." Hér þykir ekki stætt á öðru en að lýsa garðlögum á merkjum Brekku og Vara í heilu lagi, jafnvel þótt þau kunni að vera misgömul.

Ekki er ljóst hvað átt er við með fyrsta og syðsti hluti garðlagsins, þ.e. "aðaltúngarði milli Brekku og Vara". Hann gæti þó verið horfinn undir veg eða tún. "Traðargarður í kálgarðshorn" hefur sennilega verið vestari traðargarður á tröðunum 003 heim að Vörum, sem nú eru horfnar undir veg. Þá er komið að kálgarðshorni [þ.e.

horn kálgarðs 006] og það sést enn. Landamerkin fylgja semsagt suðvesturhlið kálgarðsins, en hún stefnir í norðvestur. Þar sem kálgarði sleppir heldur garður áfram í sömu stefnu og er það landamerkjagarðurinn. Hann má rekja rúma 60 m, allt að landamerkjasteini 016. Í lýsingunni er talað um þennan hluta sem "uppstungna götu" en engu að síður er þarna garður. Rétt er þó að geta þess að næst kálgarðinum virðist hann tvöfaldur á kafla og minnir sá hluti á traðir. Við landamerkjastein 016 sveigir garðurinn til norðausturs um 90°. Hann er mjög óljós á 50-60 m kafla utan í Brekkuhöfða, varla meira en steinadreif hér og þar, en þar sem höfðanum sleppir (og Brekkulandi einnig því Brekka á ekki land að sjó) tekur við garður sem nefndur er "fornaldargarður" í lýsingunni og er á merkjum Vara og Gauksstaða. Hann er fremur óljós og líklega fornlegasti hluti garðsins, sennilega gjóthlaðinn og næstum algróinn og siginn grunnur eftir, alls rúmlega 50 m langur og er þá komið fram á sjávarkampinn. Girðing er á þessum hluta garðsins. Alls er því sjáanlegur landamerkjagarður á vesturmerkjum Vara um 200 m langur ef suðvesturhlið kálgarðs 006 er meðtalin.



*Garðlag 010 horft til vesturs*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Varir, 1-2.

**GK-095:011** heimild um landamerki

64°04.088N 22°38.304V

"Frá sjó ræður garðlag að austanverðu milli Kothúsa og Vara, er liggur í boga upp í stein á sjávarkampi merktan LM," segir í örnefnalýsingu. Steinninn fannst ekki við leit en hann hlýtur að hafa verið 90-100 m austnorðaustur af Vörum 001. Steinninn finnst ekki við leit og er að öllum líkindum horfinn, skýringu þess má líklega rekja til þess að mikill varnargarður var reistur við fjöruborðið, og mikið rót hefur fylgt þeirri framkvæmd.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Varir, 1.

**GK-095:012** áletrun landamerki

"...sjónhending upp á þjóðveginn. Þá norður með þjóðveginum, þar til kemur að stórum steini merktum við þjóðveginn," segir í örnefnalýsingu. Steinninn er um 390 m suðsuðvestur af Vörum 001, á suðvesturhornmörkum jarðarinnar. Um 20 m sunnan við steinninn er íbúðasvæði í byggingu. Steinninn hefur naumlega sloppið við íbúðaframkvæmdir, um 20 m sunnar. Steinninn er við vesturenda garðs 014.

Steinninn er jarðfastur, um 0,6 m á hæð. Letrunin er höggvin í norðurhlið hans, og er um 0,1 x 0,15 m að stærð. Á honum stendur LM með hástöfum. L-ið hefur króka á endunum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Varir, 1.



*Áletrun á landamerkjasteini 012, horft til suðurs*

**GK-095:013** tóft útihús

64°04.091N 22°38.497V

Útihús er sýnt á túnakorti fast vestan við traðir 004, 40-50 m sunnan við bæ. Það hefur verið sambyggt kálgarði 006.

Þar er nú tóft í girðingu þar sem hrossum er beitt.

Tóftin er mjög greinileg en nokkuð tröðkuð og bitin. Hún er í krika milli vegarins heim að bæ og kálgarðs 006. Aðeins sjást vestur- og suðurhlið tóftarinnar. Innra byrði er illgreinilegt og dyr sjást ekki. Vesturveggur er hátt í 1 m hár að utanverðu og grillir í grjót í honum. Af umfangi uppistandandi veggja að dæma hefur tóftin verið um 5 x 3 m stór frá norðaustri til suðvesturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-095:014** garðlag landamerki

64°03.991N 22°38.870V

Hlaðinn garður ræður landamerkjum Vara til suðurs. Hluti af honum sést enn rétt tæpa 400 m suðvestur af Vörum.

Harðlendur mói, nýbyggt hverfi (Silfurtún) er fast ofan eða sunnan við garðinn og rask tengt því er einungis 6-7 m frá garðinum á kafla.

Garðurinn liggur frá landamerkjasteini 012 til austsuðausturs. Hann á þó ekki upptök sín fast við steininn heldur við garðinn (sjá 010) sem markar Varaland til vesturs og liggur frá steininum til norðurs. Er raunar smábíl milli þessa garðs og hans. Garðurinn hefur verið hlaðinn úr stórgryti en er nú býsna sokkinn og alveg hruninn og nær varla meira en um 10 cm hæð. Hann er allt að 1,5 m breiður og býsna fornlegur. Hægt er að rekja hann um 80 m til austurs en þar hefur verið byggð jarðvegsmön ofan á hann nýlega. Garðurinn er greinilegastur vestast en austurendinn, við mönina er mjög ógreinilegur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar



*Garðlag 014, horft til austurs*

**GK-095:015** heimild um útihús

64°04.093N 22°38.445V

Skv. túnakorti frá 1919 var útihús á bæjarhól 001, sennilega milli eystra og vestra íbúðarhúss (001 og 002).

Á hólnum stendur myndarlegt, gult bárujárnhús.

Engar eldri minjar sjást nú á hólnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-095:016** áletrun landamerki

64°04.119N 22°38.572V

"Er þar jarðfastur steinn LM. Svo norður með höfðanum í stein merktan LM [009] við norðurenda höfðans. Er þá Brekkuland búið," segir í örnefnalýsingu. Syðri landamerkjasteinninn í Brekkuhöfða er í horni landamerkjagarðs 010, um 110 m vestur af bæjarhól 001.

Á þessum stað eru nokkrir jarðfastir klettur í þyrpingu utan í höfðanum.

Áletrinin er ofan á flatasta steininum sem er nokkuð mosavaxinn en virðist hafa verið kroppað ofan af honum. Áletrunin er LM og stafirnir einfaldir að gerð, um 10 cm háir. Grunnt er rist.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Varir, 2.



*Áletrun á landamerkjasteini 016*

**GK-095:017** heimild um landamerki

"Fjörumörk ... Að vestanverðu, milli Brekku og

Vara: Við sjávarkampinn úr merktum með LM stórum steini sjónhending ofan í fjöru í þar merktan stein LM [018]. Úr þeim steini sjónhending í sjó fram," segir í örnefnalýsingu. Ekki er alveg ljóst hvar umræddur steinn hefur verið en Brekka átti skv. landamerkjalyásingu ekki land að sjó. Sennilegast er þó að Brekka hafi átt fjörunytjar áleiðis inn í Varaland og báðir steinarnir sem hér er um rætt hafi verið á svæðinu austan við Brekkuvör GK-094:010.

Allri strandlengjunni er búið að raska mikið með byggingu sjóvarnargarðs og lítil von til að steinarnir finnast.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Varir, 2.

**GK-095:018** heimild um landamerki

"Fjörumörk ... Að vestanverðu, milli Brekku og Vara: Við sjávarkampinn úr merktum með LM stórum steini [017] sjónhending ofan í fjöru í þar merktan stein LM. Úr þeim steini sjónhending í sjó fram," segir í örnefnalýsingu. Ekki er alveg ljóst hvar umræddur steinn hefur verið en Brekka átti skv. landamerkjalyásingu ekki land að sjó. Sennilegast er þó að Brekka hafi átt fjörunytjar áleiðis inn í Varaland og báðir steinarnir sem hér er um rætt hafi verið á svæðinu austan við Brekkuvör GK-094:010.

Allri strandlengjunni er búið að raska mikið með byggingu sjóvarnargarðs og lítil von til að steinarnir finnast.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Varir, 2.

**GK-095:019** Þjóðvegur gata leið

64°01.535N 22°35.153V

"Upp undan Rafnkellsstöðum er eyðibær, sem heita Heiðarhús [GK-633:021], á vinstri hönd við alfaraveg, þegar farið er frá Keflavík að Útskálum," segir í grein Magnúsar Grímssonar um fornleifar á Reykjanesskaga. Þjóðvegur er víða getið í landamerkjalyðingu Vara frá 1889 sem er uppskrifuð í örnefnalýsingu jarðarinnar. Í örnefnalýsingunni segir ennfremur: "Vegurinn lá áður aðeins ofar en nú er. Þar fyrir ofan er óskipt land." Guðmundur Garðason sagði frá því að gamli vegurinn inn í Garð hefði legið neðan við núverandi veg sunnan við Berghóla en þar hafi hann sveigt til norðvesturs og þaðan legið ofanvert við núverandi veg. Guðmundur sagði að enn sæist til vegarins á köflum en engin ummerki hans fundust innan þess svæðis sem skráð var í mars 2008. Þar sem vegurinn lá innan svæðisins er nú gróinn melur.

Nóvember 2008: Við þetta má bæta að leifar gamla þjóðvegarins sjást þokkalega á nokkrum stöðum á loftmynd og raunar einnig á jörðu niðri. Hann hefur verið merktur með stikum, t.d. þar sem hann liggur fast norðaustan við túngarðinn í Heiðarhúsum GK-633:021 og sést þar eins og niðurgrafin rás. Vegurinn stefnir á stórt iðnaðarhúsnæði við Iðngarða 14 en hverfur þá á kafla. Sennilega sjást leifar hans á svæði sem markast af Heiðartúni að austan og Heiðarbraut að vestan, skammt sunnan við húsaröðina næst Garðbraut, í það minnsta vottar þar fyrir rásum á loftmynd. Lega vegarins á þessum kafla er nokkuð vel þekkt þótt hann sé að mestu horfinn, enda miðast landamerki nokkurra jarða til suðurs við hann og þau hafa verið kortlögð. Eftir að komið er að húsi sem merkt er Garðbraut 69a tekur land Gerða við og nær langt suður fyrir gamla þjóðveg. Ekki því augljóst hvar hann lá í framhaldinu en er að líkindum kominn undir byggð að mestu leyti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Varir, 1-2.

**GK-095:020** Konungsvör mannvirki lending

64°04.123N 22°38.389V

"Niður undan bæ [001/002] var talin vera ein bezta lending, sem til var. Hún hét Varaós. ... Inn úr Varaós voru fyrrum fjórar lendingar eða varir. Vestast var Brekkuvör [GK-094:010], þá smálæna sem nefnd var Konungsvör ... Fyrr á tímum hefur konungstúgerðin haft uppsátur í Konungsvör. Sú lending er nú löngu niður lögð," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Hann [Kristján IV] hafði útgerð frá Kóngsgerði í Leiru ... Kóngsmenn hafa séð það, að betra var að róa úr Garði, þegar fiskur var í Garðsjó, og búið til vör í Varós, sem síðan var kölluð Kóngsvör." Kóngsvör er merkt með skilti, beint niðrundan íbúðarhúsinu í Vörum, sjá 001.

Nú er sjóvarnargarður ofan við vörina en grýtt og þangi vafain fjara neðan við hann.

Óljós mótar fyrir hvar vörin hefur verið, þe. rás sem er lægri en grjóthrúgöldin umhverfis liggur út í sjó og mótar fyrir ruðningum beggja vegna við, einkum að vestan. Vörin er líklega 20-30 m löng nú og 4-5 m breið.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Varir, 3; Ö-Varir, sv. við sp., 1.

**GK-095:021** Varavör mannvirki lending

64°04.105N 22°38.347V

"Niður undan bæ [001/002] var talin vera ein bezta lending, sem til var. Hún hét Varaós. ... Inn úr Varaós voru fyrrum fjórar lendingar eða varir. Vestast var Brekkuvör [GK-094:010], þá smálæna sem nefnd var Konungsvör [020], síðan Varavör," segir í örnefnalýsingu.

Í grein Hallmanns Sigurðssonar um lendingar í Garði segir: "Vara-vörin hafði þann ókost, að uppsetningur var þar mjög erfiður, vegna þess, hve hátt var frá flóðfari uppí naustin. Af því leiddi, að síðasti spottinn af "setningunum" var snarbrattur og fundu karlarnir oft fyrir því, áður



*Konungsvör 020, horft til norðausturs*



*Varavör 021, horft til norðausturs*

en spilin komu til sögu." Varavör er um 40 m austan við Konungsvör 020.

Hlaðinn grjótgarður er ofan við vörin og þar uppi á bakkanum austan við er gamalt fiskvinnsluhús.

Vörin er mikið mannvirki. Fjaran er grýtt en vörin svotil grjótlaus í botni og hlaðnir kantar meðfram henni bæði að norðvestan og suðaustan en hún opnast til norðausturs. Vesturkanturinn er 40-50 m langur hið minnsta en sá eystri 15-20 m og nær skemmra út. Við enda hans opnast Kothúsavör 022 inn til suðurs en þessar tvær varir hafa átt sameiginlega innsiglingu. Varavör er um 15-20 m breið. Spil var ofan við hana áður fyrr og á það sennilega við um margar varanna í Garði.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Varir, 3; Hallmann Sigurðsson 169

**GK-095:022** *Kothúsavör* mannvirki lending

64°04.104N 22°38.291V

"Niður undan bæ [001/002] var talin vera ein bezta lending, sem til var. Hún hét Varaós. ... Inn úr Varaós voru fyrrum fjórar lendingar eða varir. Vestast var Brekkuvör [GK-094:010], þá smálæna sem nefnd var Konungsvör [020], síðan Varavör [021] og loks Kothúsavör austast," segir í örnefnalýsingu. Um Varaós segir Hallmann Sigurðsson í grein um lendingar í Garði: "...Varaós hafa verið talinn beztur, enda sú eina lending sem nokkur sómi var sýndur. Þar voru hlaðnar sundvörður úr höggnu grjóti, lögðu í sement og stóð tré upp úr með þríhyrning á endanum, sem upp snéri [sjá 027]. Þar var skylda að hafa ljós allt haustið og veturinn og var þess vel gætt. Þetta er nú aflagt fyrir alllöngu."



*Kothúsavör 022, horft til norðurs*

Vörin er vel sýnileg og ákaflega vel varðveitt. Hún hefur sloppið við uppfyllingar vegna grjótgarðs sem liggur meðfram stranlengjunni.

Meðfram eystri hliðinni hefur ruddu grjóti verið hlaðið svo þar er nú regluleg lína frá ósi að bakka. Hleðsluhæðin er um 1 metri, og vörin er um 25 m löng. Hún er um 10 m breið næst ósnum en mjókkar lítillaga inn að bakka. Vestri hliðin er ekki eins vandlega hlaðin, en hún skiptir sundur Varavör [021] og Kothúsavör. Í botni hennar er mest gróf mól, og mjög sorfið grjót.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Varir, 3; Hallmann Sigurðsson 1966b, 169

**GK-095:023** *Heiðarhúsavör* heimild um lendingu

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Í Varalandi heitir enn í dag Heiðarhúsavör, hvar af auðráðið er að Heiðarhús [GK-633:021] hafi þar uppsátur átt. Fyrir ofan vörina sjest enn nú tóftarstæði [024], og segist eftir eldri manna sögn að þar hafi búið staðið og tilheyrt Heiðarhúsum." Nú er ekki vitað hvar Heiðarhúsavör var en þó líklegast að hún hafi verið í Varaós (sjá 020 og 021) eða jafnvel sami staður og Brekkuvör GK-094:010.

**Heimildir:** JÁM III, 98.

**GK-095:024** heimild um sjóbúð

"Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Í Varalandi heitir enn í dag Heiðarhúsavör [023], hvar af auðráðið er að Heiðarhús [GK-633:021] hafi þar uppsátur átt. Fyrir ofan vörina sjest enn nú tóftarstæði, og segist eftir eldri manna sögn að þar hafi búið staðið og tilheyrt Heiðarhúsum." Nú er ekki vitað hvar tóftarstæðið var, enda er staðsetning Heiðarhúsavara ekki þekkt. Þó er næstum hægt að fullyrða að tóftarstæðið sé horfið, enda sjást hvergi tóftir á sjávarkampinum á svæðinu sem helst kemur til greina.

**Heimildir:** JÁM III, 98.

**GK-095:025** bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Hjáleiga ein, bygd ei fyrir alls löngu. Jarðardýrleiki er óviss. ... Fóðrast kann i kýr af tveim þriðjungum." Ekki er nú vitað hvar þessi hjáleiga í landi Vara stóð.

**Heimildir:** JÁM III, 93.

**GK-095:026** bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Hjáleiga önnur, heima við bæinn, hefur fyrir

löngum tíma byggð verið, en liggur nú í auðn um næstu tvö ár ... er nú grasnautn undir brúkum heimabóndans, og kann ei að missast án hans skaða, so valla sýnist hjáleigan aftur byggjast kunni." Ekki er nú vitað hvar þessi hjáleiga stóð.

**Heimildir:**Jám III, 93.

**GK-095:027** mannvirki samgöngubót

64°04.105N 22°38.355V

Á túnakorti frá 1919 stendur ritað, skammt ofan við Varavör: "Sundtré með lukt á steiptum palli." Um Varaós segir Hallmann Sigurðsson í grein um lendingar í Garði: "...Varaós hafa verið talinn beztur, enda sú eina lending sem nokkur sómi var sýndur. Þar voru hlaðnar sundvörður úr höggnu grjóti, lögðu í sement og stóð tré upp úr með þríhyrning á endanum, sem upp snéri. Þar var skylda að hafa ljós allt haustið og veturinn og var þess vel gætt. Þetta er nú aflagt fyrir allöngu." Leifar af einu sundtré sjást enn í kampinum fast ofan og austan við Varavör 021.

Grjótkampur, hluti af nýlegum sjóvarnargarði.

Leifar af sundmerki eru í grjótkampinum fast ofan og austan við Varavör. Þetta er steiptur pallur, um 1,5 m hár með tröppulagi að sunnan. Á honum var lukt en síðar tré með þríhyrningi.

Annað sundmerki (B) var ofar eða sunnar, líklega innan við 10 m sunnan við A og átti þau að bera saman ef rétt stefna var tekin inn vörina. Syðra sundmerkið er horfið undir fiskvinnsluhús eða plan þar sunnan við en á hinn bóginn var þess sérstaklega gætt að varðveita leifar hins merkisins þegar sjóvarnargarður var endurnýjaður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1919; Hallmann Sigurðsson 1966b, 169



*Steiptur pallur undan sundtré 027, horfi til norðurs*



## GK-096 Kothús

1703, jarðardýrleiki óviss. Konungseign. 1847, 14 1/6 hdr. Bændaeign. Kothúsa er getið í neðanmáls við grein um hvalskipti á Rosmhvalanesi. Þar stendur að bærinn sé þar sem áður voru Darrarstaðir (096:015), DI II, 78. Þá er jarðarinnar einnig getið í jarðaskiptabréfi hirðstjóra fyrir hönd konungs við Skálholtsstól frá 1563, DI XIV, 156.

1703: "Fóðrast kann ii kýr naumlega. ... Skóg til kolgjörðar hefur jörðin í almenningum. Torfristu og stúngu á jörðin öngva, en er þó ekki meinað að brúka það í landi eyðijarðarinnar Heiðarhúsa [GK-099:021], og tekur það þó mjög að eyðast. Lýngrif nokkuð brúkar jörðin fjarlæggt í heiðum uppi. Fjörugrasatekja lítil. Rekavon lítil. Skelfiskfjara lítil. Eldivíðartekja af fjörupáangi lítið mjög, og þarf annarstaðar til að fá, ef bjarglegt skal vera. Heimræði er árið í kring ... Engjar öngvar. Útihagar öngvir. Vatnból ekkert nema fjöruvatn." JAM III, 94.

1919: Efri bær: Tún 0,6 teigar, kálgarðar 1500 m<sup>2</sup>. Neðri bær: 0,64 teigar, kálgarðar 1370 m<sup>2</sup>.

**GK-096:001** *Kothús* bæjarstæði bústaður  
Kothús stóðu 30-40 m norður af Ívarshúsum GK-097:001 og rúma 100 m SSA af Vörum GK-095:001. Árið 1919 var tvíbyli í Kothúsum, efri og neðri bær. Á bæjarstæðinu standa nú tvö hús líkt og sýnt er á kortinu 1919 og skilja einungis nokkrir metrar milli hússtæðanna. er líklega um sömu hús að ræða, í það minnsta virðast þau komin til ára sinna. Húsin standa á marflötu svæði og enga hólmyndun er þar að sjá. Malarplan er vestan við húsin en annars órækt í kring.

Hér er syðra húsið skráð. Það er steinhús eða mögulega forskalað timburhús og enginn kjallari undir því. Ekki er kjallari undir húsinu og vottar alls ekki fyrir upphleðslu eða bæjarhól undir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

64°04.027N 22°38.394V



*Bæjarstæðið í Kothúsum, horft til norðausturs*

**GK-096:002** *Kothús* bæjarstæði bústaður

64°04.031N 22°38.374V

Kothús stóðu 30-40 m norður af Ívarshúsum GK-097:001 og rúma 100 m SSA af Vörum GK-095:001. Árið 1919 var tvíbyli í Kothúsum, efri og neðri bær. Á bæjarstæðinu standa nú tvö hús líkt og sýnt er á kortinu 1919 og skilja einungis nokkrir metrar milli hússtæðanna.

Húsin standa á marflötu svæði og enga hólmyndun er þar að sjá. Malarplan er vestan við húsin en annars órækt í kring. Hér er nyrðra húsið skráð. Það er steinhús eða mögulega forskalað timburhús, heldur stærra en syðra húsið. Ekki er kjallari undir húsinu og vottar alls ekki fyrir upphleðslu eða bæjarhól undir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-096:003** heimild um útihús

64°04.028N 22°38.403V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 5 m sunnan við efri bæinn í Kothúsum 002. Þar var forgryfja og/eða salerni. Nú er þar vegur heim að húsinu og bílastæði. Rennislétt bílastæði og engar minjar sjást.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-096:004** heimild um útihús

64°04.030N 22°38.411V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 10 m suðvestan við efri bæinn 002. Útihús þetta hefur verið því sem næst þar sem nú liggur vegur milli Kothúsa og fjóss 005. Malbikaður vegur. Engar fornleifar sjást.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-096:005** tóftir fjós

64°04.037N 22°38.421V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 20 m suðvestan við efri bæinn 002. Þar eru nú tóftir og aðrar húsaleifar fast vestan við veg, þ.e. veg sem liggur milli tófta og Kothúsa og áfram niður að sjó.

Svæðið er á kafi í grasi. Hestagirðing er vestan og norðan við.

Alls ná minjarnar yfir svæði sem er um 26 x 12 m stórt frá NA-SV. Mest áberandi er kálgarðstóft syðst á

svæðinu. Garðurinn rís hátt, allt að rúnum 1,5 m og er veggjabykkt allt að 1,5-2 m. Grjót er í veggjum sem þó eru að mestu leyti grónir. Alls er garðurinn um 12 x 10 m stór frá NV-SA, alveg opinn í norðaustur. Suðausturhliðin er hrúgaldsleg og úr lagi gengin. Rabbabari vex í suðausturhorni. Fjós var líkast til norðan við austurvegginn en þar var síðar reistur bílskúr. Nú sést þar ekkert nema slétt, graslaust svæði, um 2 x 2 m stórt og gæti verið steipt plata undir því. Í þriðja lagi var hlaða nyrst og vestast á svæðinu. Þar sést húsgrunnur, hlaðinn úr tilhöggnu, samanlímdu grjóti og steipt plata ofaná. Grunnurinn er 7 x 5 m stór frá norðaustri til suðvesturs og gengur smáhleðslubútur frá honum til suðvesturs nyrst.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.



*Tóft 005, horft til norðurs*

**GK-096:006** heimild um kálgarð

64°04.010N 22°38.511V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður efst, syðst, í túni. Hann var um 100 m sunnan við efri bæinn 002. Kálgarðurinn hefur verið fast norðan við hús á horni Garðbrautar og Kothúsavegar. Á korti frá sveitarfélagi er það nefnt Ásbyrgi. Grasi gróid óræktarsvæði.

Garðurinn virðist horfinn og gæti að hluta hafa farið undir húsið og húsagarð við það. Á loftmynd vottar hins vegar fyrir útlinum, hugsanlega leifum garðlags, sem hafa tengt þennan kálgarð og annan kálgarð, sjá 019.

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-096:007** heimild um útihús

64°04.081N 22°38.322V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús nyrst í túni. Það var um 90 m NNV við neðri bæinn 001.

Minjar á svæðinu eru horfnar. Stakir steinar liggja á dreif í grasi vöxnu undirlendinu en líklega var garði rutt þar í burt til að koma fyrir fiskvinnsluhúsi, sem nú (2008) stendur þar. Greina má örliða hækun í grasinu sem gætu bent til minja undir sverðinum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-096:008** Garðstaðir hús býli

64°03.969N 22°38.590V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð þurrabýlið Garðstaðir um 20 m vestan við Hausthús 015. Samkvæmt túnakortinu voru tón býlisins 0,12 teigar og kálgarðar alls 720 m<sup>2</sup>. Húsið Garðstaðir stendur enn við Garðbraut 33, um 190 m suðvestur af Kothúsum 001. Í grein Hallmanns Sigurðssonar um býli og búendur í Garði 1903-1915 segir: "Um þetta leyti [virðist miðað við árið 1911] byggði Ingimundur Guðjónsson býlið Garðstaði á Kothúsálóðinni og bjó þar til æviloka. hann gerði út áttæring úr Kothúsavörinni á tímabili, en hætti litlu seinna við útgerð og stundaði eftir það smíðar."

Garðstaðir er myndarlegt, rauðmálað timburhús. Það er tvílyft og stendur fast við götuna, hefur sennilega verið risið þegar 1919 þannig að átt er einmitt við þetta hús á kortinu en ekki forvera þess. Slétt grasflöt er sunnan við húsið, enginn hóll undir því og engin merki um eldri byggingu. Kálgarður sunnan við húsið og túnskiki suðvestan við eru nú ekki mjög greinilegir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Hallmann Sigurðsson 1966a, 87-88

**GK-096:009** gata leið

64°04.052N 22°38.336V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata eða traðir frá neðri bænum 001 til norðurs út að sjó. Nú (2008) liggur eftir leiðinni malbikaður vegur. Lengd frá húsi niður að sjó er um 150 m, en samkvæmt túnakorti hafa traðirnar aðeins verið um 120 m, niður að Kothúsavör (GK-095:022).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-096:010** *Vatnasker* lind vatnsból

64°04.101N 22°38.277V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Vatnból ekkert nema fjöruvatn." Í örnefnaskrá Kothúsa segir enn fremur: "Sunnan við Varaós [sjá fornleifar GK-095:020-22] í Ballestinni, eru Vatnasker. Jarðvatn síast þangað niður, og var drykkjarvatn sótt þangað um fjöru hér áður fyrr. Þá voru engir brunnar, og þetta var eina ósalta vatnið sem til var." Ballestin er líkast til pallur suðsuðaustan við Kothúsavör [GK-095:022] og í um 150 m norðaustur af Kothúsi 001. Erfitt er að átta sig á staðsetningu vegna grjótgarðs, þó er líklegast að Vatnaskerinn sé um 25 m norðaustan af grjótgarðinum.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots**Heimildir:**JÁM III, 94; Ö-Kothús, 1.**GK-096:011** *Blómsturvellir* bæjarstæði býli

64°04.022N 22°38.270V

"Upp af Vatnaskeri [010], neðan Kothúsa [001/002], eru rústir eftir tómthusbýli, sem hét Blómsturvellir. Þar var byggð um aldamótin. Tæturnar sáust vel fyrir nokkrum áratugum, en eru nú horfnar," segir í örnefnalýsingu. Heimildamenn telja Blómsturvellir hafa verið beint vestur af Meiðastaðakotunum (GK-098:004 og GK-098:005). Í örnefnalýsingu Meiðastaða segir: "Milli fiskhúsanna og bæjar [Meiðastaða], vestan við götuna niður að sjó eru tvö kot sem heita Meiðastaðakot. Þau eru í líkri línu og Blómsturvellir í Kothúsalandi." Staðsetning kotsins verður þó að teljast ónákvæm. Svæðið er sléttað tún og hvergi sér móta fyrir minjum nú (2008).


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:**Ö-Kothús, 1; Ö-Meiðastaðir, 2**GK-096:012** *Kaldbak* tóftir býli

64°03.912N 22°38.574V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð þurrabýlið Kaldbak um 30 m vestan við Móabæ 013, kálgarðar eru merktir fast norðan, sunnan og austan við húsið. Samkvæmt túnakortinu voru tún býlisins um 0,07 teigar og kálgarðar alls 550 m<sup>2</sup>. Í örnefnalýsingu Kothúsa segir: "Í Kothúsalandi var Kallbak (ur) fyrir ofan veginn. Aðeins innar var Móabær [013]." Rústir Kaldbaks eru enn greinilegar, um 250 m sunnan við Kothús 001. Þær eru 50-60 m sunnan við aðalgötuna Garðbraut. Grasi vaxið óræktarsvæði sem markast af iðnaðarhúsnæði að sunnan og vestan en götum að austan og norðan.

Þokkalega greinileg tóft en veggir þó mikið farnir að síga. Hún er alls 12 x 7 m stór frá NA-SV og skiptist í tvennt. Vestar er eins og lítil hústóft, um 5 x 5 m stór að utanmáli. Hún virðist opin í suður eða suðvestur, með nokkuð óreglulega veggir sem eru hæstir að norðanverðu, hátt í 2 m. Austar er lægra hólf, um 7 x 7 m stórt að utanmáli. Norðurveggur er veglegastur, rúmlega 1 m hár og hátt í 1,5 m þykkur en næstum algróinn. Suðurveggur er mjög óskýr og má vera að þar hafi verið timburgafl. Í vesturenda tóftarinnar er dæld með töluverðu grjóti, um 2 m í þvermál, 0,4 m á dýpt. Hugsanlega er það uppfyllt kjallahola eða jafnvel brunnur. Í vesturvegg sést greinileg, einföld grjóthleðsla sem er hægt að rekja 7-

8 m suður fyrir húshornið en virðist þar sveigja í vestur og fjara út skammt frá vegi. Sennilega eru það leifar af kálgarði.

**Heimildir:**Túnakort 1919; Ö-Kothús, 2.

Tóft 012

**GK-096:013** *Móabær* þúst býli

64°03.893N 22°38.541V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð þurrabýlið Móabær um 30 m austan við Kaldbak 012. Kálgarður var fast vestan við bæinn. Samkvæmt túnakortinu voru tún býlisins 0,4 teigar og kálgarðar alls 470 m<sup>2</sup>. Í örnefnaskrá Kothúsa segir: "Í Kothúsalandi var Kallbak(ur) fyrir ofan veginn. Aðeins innar var Móabær. Hann var í byggð fram yfir aldamót." Í grein Hallmanns Sigurðssonar um býli og búendur í Garði 1903-

1915 er minnst á Nóabæ en ekki Móabæ og má ætla að



Þúst 013, horft til norðurs

það sé sami staður. Staðsetningu tilgreinir Hallmann ekki að öðru leyti en því að Nóabær hafi verið í Kothúsalandi. Móabær stóð um 45 m suðaustan við Kaldbak 012.

Þar er mjög grösugt óræktarsvæði fast sunnan við íbúðarhús.

Engin tóft sést, aðeins lágreist og ávöl þúst á kafi í grasi. Brúnir hennar eru hvergi skýrar heldur fjarar hún út í landið umhverfis. Nú er búið að reka staur niður í þústina og þar á að setja skilti með heiti bæjarins. Þústin er 10-15 m í þvermál og 0,5-0,7 m há. Ekkert grjót sést í henni og ekkert rústalag. Kálgarðurinn sem var við Móabæ virðist nú alveg horfinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Kothús, 2; Hallmann Sigurðsson 1966a, 87

**GK-096:014** þúst útihús

64°03.936N 22°38.586V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um miðja vegu milli Hausthúsa 015 og Kaldbaks 012, í kálgarðshorni 017 suðaustur af Hausthúsum. Þetta hús hefur verið um 40-50 m norðvestur af Kaldbak 012.

Óræktarsvæði á mörkum slegins húsagarðs. Garðinum vestan við hefur verið rutt og mikil mold er í honum.

Eins og kortið sýnir liggja garðlög bæði austan við tóftina frá norðri til suðurs og til vesturs frá því, sjá kálgarð 017. Þar sem húsið hefur verið, í SA-horni kálgarðs er ekki tóft heldur hrúgald sem gæti mögulega verið leifar af tóft sem hefur verið rutt um eða jarðvegi verið ýtt yfir. Af ummerkjum að dæma hefur tóftin varla verið stærri en 4 x 4 m eða þar um bil.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Þúst 014, horft til suðurs*

**GK-096:015** *Hausthús* hús býli

64°03.965N 22°38.583V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð þurrabýlið Hausthús um 50 m norðvestan við Kaldbak 012. Samkvæmt túnakortinu voru tún býlisins 0,06 teigar og kálgarðar alls 600 m<sup>2</sup>. Hausthús standa enn, næsta hús austan við Garðstaði eða Garðbraut 31. Hausthúsa er getið í grein Hallmanns Sigurðssonar um býli og búendur í Garði 1903-1915. Þá bjó þar Sigurður Bjarnason.

Þar stendur tvílyft bárujárnshús sem sennilega hefur verið risið þegar árið 1919. Enginn hóll er undir því og engin merki sjást um eldra hús.

**Heimildir:** Túnakort 1919; Hallmann Sigurðsson 1966a, 87

**GK-096:016** garðlag óþekkt

64°04.047N 22°38.183V

Um 175 m suðaustan við Kothús og um 40 m austan við garðlag GK-098:017 var skv. Stúdentakorti 1954 grjótgardur. Nú er þar malarplan og nýlegur sjóvarnargardur.

**Heimildir:** Stúdentakort 1954

**GK-096:017** gerði kálgarður

64°03.947N 22°38.615V

Kálgarður var skv. túnakorti frá 1919 sunnan við Hausthús 015. Leifar hans sjást enn. Í horni kálgarðsins var útihús 014. Húsagarður aftan við íbúðarhús.

A.m.k. tvær hliðar garðsins standa og marka nú útlínur húsagarðsins. Alls hefur garðurinn verið rúmlega 25 x 25 m stór. Austur- og suðurhlið sjást vel. Þær standa býsna vel, eru grjóthlaðnar en nú að mestu grónar. Hæð veggja er víðast hvar nálægt 1 m. Austurhliðin heldur raunar áfram um 20 m suður fyrir garðinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-096:018** *Darrarstaðir* heimild um býli

"...Annan þridvíng varer ok straglastader ok darrastader er þar okk v stada skipte: taka tvo hlute varer: enn hin tvo þira ok jafnmikit hvort," segir í grein um hvalskipti á Romshvalanesi í Fornbréfasafni Íslands. Í neðanmálgrein segir ennfremur að Straglastaðir og Darrarstaðir séu nú (1893) Ívarshús og Kothús. Darrastaða er getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1703: "So segja góðir menn, að í þessari sveit hafi þeir heyrt til forna verið hafa jarðir tvær, sem kallaðar skuli verið hafa Darrastaðir og Straglastaðir, sumir segja Stranglastaðir. Hvar þær jarðir sjeu nú eður hafi verið, þykist enginn vita, nema hvað eftir því sem segir í gömlum rosmshvalaness rekaskiftamáldaga nefnir þessar ádurgreindar tvær jarðir, og standa þær í tölu jarðanna

hjer í Garði so niður settar, að skynsamir menn ætla þær sjeu hinar sömu, sem nú eru kölluð Kothús og Ívarshús. Því að so sem i þeim máldögum er i þessari röð Darrastaðir og Straglastaðir nenfdir, so finst í hvörugum Kothús nje Ívarshús nefnd vera, og standa þó báðar þessar jarðir í sömu röð sem hinar áður." Hér verða þessar kenningar látnar liggja milli hluta. Staðsetning Darrastaða er með öðrum orðum ekki þekkt en vel má vera að bærinn hafi verið þar sem síðar byggðust Ívarshús eða Kothús. Ummerki, þ.e. magn uppsafnaðra mannvistarleifa, benda frekar til að Ívarshús geti verið gamalt bæjarstæði.

**Heimildir:**DI II, 78; JÁM III, 106

**GK-096:019** gerði kálgarður

64°04.034N 22°38.431V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður sunnan við fjós 005. Hann sést enn.

Tún í órækt. Garðurinn er að hluta sameiginlegur með kálgarði sem lýst var með fjósi 005, þ.e. sá kálgarður hefur verið reistur inni í þessum og stuðst við hann að hluta, þ.e. norðurhliðina. Þessi garður er töluvert stærri, alls um 30 x 30 m stór og aðeins hlaðið með honum að norðan og vestan. Hleðslurnar eru grónar en þó greinilega grjót í þeim. Vegurinn heim að Kothúsum markar garðinn að sunnanverðu en handan hans vottar reyndar fyrir hleðslu í framhaldinu, allt að kálgarði sunnan við Ívarshús GK-097:001.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

## GK-097 Ívarshús

1703, jarðardýrleiki óviss. Konungseign. 1847, 11 2/3 hdr. Bændaeign. Ívarshúsa er getið í neðanmálgrein við grein um hvalskipti á Rosmhvalanesi. Þar segir að bærinn sér þar sem Straglastaðir (097:010) voru áður, DI II, 78. Jarðarinnar er getið í afgangssreikningi Eggerts hirðstjóra Hannessonar frá 1553, DI XII, 578 og í jarðaskiptabréfi hirðstjóra fyrir hönd konungs við Skálholtsstól frá 1563, DI XIV, 156.

Árið 1919 er tvíbýli í Ívarshúsum en bæirnir sambyggðir.

1703: "Fóðrast kann í kýr og í úngneyti. ... Skóg til kolgjörðar hefur jörðin í almenningum. Torfristu og stúngu á jörðin öngva, en er þó ekki meinað það að brúka í landi eyðijarðarinnar Heiðarhúsa [GK-099:021], og tekur það þó mjög að eyðast. Lýngrif nokkuð brúkar jörðin í heiðinni langt í burtu í óskiftu landi. Fjörugrasatekja lítil mjög og næsta engin. Rekavon næsta því engin. Skelfiskfjara lítil. Eldiviðartak af fjöruþangi næsta því ekkert. Heimræði á jörðunni, en uppsátur frí í Kothúsalandi ... Engjar öngvar. Útihagar öngvir. Vatnsból er ekkert í landi jarðarinnar, og brúkar hún frí fjöruvatn í Kothúsalandi." JÁM III, 94-95.

1919: Efri bær: Tún 1 teigur, kálgarðar 750 m<sup>2</sup>. Neðri bær: Tún 1 teigur, kálgarðar 200 m<sup>2</sup>.

**GK-097:001** *Ívarshús* bæjarhóll bústaður 64°04.004N 22°38.401V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvíbýli í Ívarshúsum það ár. Bæirnir voru sambyggðir og sneri bæjarröðin norðvestur-suðaustur. Í örnefnalýsingu Kothúsa segir: "Rétt fyrir ofan Kothúsabæinn [GK-096:001/002] eru greinilegir kálgarðsveggir. Þarna var áður hjáleigan Ívarshús, sem nú er löngu í eyði fallin. Enn heitir Ívarshúsátún samhlíða bænum, en það hefur nú verið lagt undir heimajörðina." Bæjarhóll Ívarshúsa er mjög greinilegur, 20-30 m suður af Kothúsum GK-096:001 og um 160m vesutr af bæjarhól Meidastaða GK-098:001. Í grein Hallmanns Sigurðssonar, Býli og búendur í Garði 1903-1915 er talinn Kristján Jónsson, ábúandi í Ívarshúsum og þar var því enn búið í upphafi 20. aldar.

Greinilegur og kúptur rústahóll í túni. Á honum standa engin hús.

Hóllinn er myndarlegur og sker sig úr, vaxinn ræktarlegu grasi. Honum virðist ekkert hafa verið raskað. Vegur framhjá Kothúsum liggur 20-30 m vestan við hann. Hóllinn snýr nokkurnveginn norður-suður og er um það bil 50 x 40 m stór. Allar brúnir eru vel skarpar og hóllinn virðist allt að 4 m hár sé staðið við hann að vestan. Nyrst í hólnum vottar fyrri dæld sem er nokkurnveginn ferköntuð, um 10 x 6 m stór frá norðri til suðurs. Sennilega er þetta far eftir hús. Greinilega sjást leifar kálgarðs austan við hólinn, líkt og sést á túnakorti frá 1919, sjá 003. Þá vottar líka fyrir hleðslu eftir endilöngum hólnum efst frá suðvestri til norðausturs sem má ímynda sér að hafi verið að húsabaki. Annars vottar ekki fyrir húsaskipan á hólnum en hann á honum er kafagras.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Kothús, 1-2; Hallmann Sigurðsson 1966a, 87

**GK-097:002** heimild um útihús 64°03.997N 22°38.385V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 10 m austan við bæinn 001. Það hefur verið á milli kálgarða 003 og 004. Þar er grasi gróið óræktarsvæðið. Húsið virðist horfið þótt ekki sé útilokað að einhverjar hleðslur leynist í háu grasinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-097:003** heimild um kálgarð 64°04.005N 22°38.370V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 5 m norðaustan við bæ 001. Hann virðist horfinn en aftur á móti sést kálgarður 004 enn vel. Þar er grasi gróið óræktarsvæðið.

Leifar kálgarðsins sjást ekki og sennilega hefur svæðið verið tekið undir tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-097:004** gerði kálgarður 64°03.985N 22°38.417V  
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 5 m suðaustan við bæ 001. Þessi kálgarður sést enn vel og er raunar sýnilegustu mannvistarmerkin á bæjarhól Ívarshúsa.

Kálgarðurinn er umvafinn gríðarháu grasi, enda er svæðið hvorki beitt né slegið, í það minnsta ekki þegar þetta er ritað (2008).

Alls er garðurinn um 30 x 30 m stór og verður að teljast sennilegt að kál hafi verið ræktað í honum eftir að Ívarshús fóru í eyði. Hleðslur standa vel, allt að 1 m og finnst fyrir grjóti í þeim þótt þær séu nú alveg grónar. Þrjár hliðar garðsins sjást vel en norðurhliðin rennur saman við bæjarhól 001. Garðurinn er hér um bil ferkantaður en syðri hliðin þó heldur skemmri en sú syðri og eystri.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-097:005** heimild um kálgarð

64°04.019N 22°38.237V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður í norðausturhorni túns, um 130 m norðaustan við bæ 001.

Þar sem kálgarðurinn var er nú plan austan við steipt fiskhús við sjóinn.

Garðurinn virðist alveg horfinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-097:006** gerði kálgarður

64°03.981N 22°38.498V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 60 m sunnan við bæ, syðst í túni. Hann hefur verið um 60 m suðvestan við SV-horn á kálgarði 004 sem enn sést. Þessi garður hefur verið gegnt kálgarði í Kothúsalandi, sjá GK-096:006.

Þar sem kálgarðurinn var er nú grasi vaxið svæði en engin byggð í krikanum austan við Garðbraut en sunnan við Kothúsaveg. Svæðið er á kafi í grasi og ekki sést móta greinilega fyrir hleðslum á yfirborði. Ef loftmynd er skoðuð má þó sjá marka fyrir útlínunum gerðis sem er ferkantað og um 30 x 20 m stórt frá NA-SV. Ekki kemur lögunin þó alveg heim og saman við lögun kálgarðs á túnakorti. Austan við þetta gerði vottar fyrir öðru gerði sambyggðu sem er a.m.k. 50 x 25 m stórt frá NV-SA. Þessi ummerki eru óljós og voru ekki skoðuð rækilega á vettvangi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-097:007** heimild um útihús

64°04.036N 22°38.177V

Á túnakorti frá 1919 er merking norðan við tún, úti við sjó. Þar stendur: "3 hús og 2 hjallar, fiskimalir". Húsin eru ekki merkt á kortið. Vitað er að hjallar stóðu í nágrenni við fiskvinnsluhús sem er nú við sjóinn á svipuðum slóðum. Mikil órækt er á svæðinu.

Ekki er um neinar sýnilegar minjar er að ræða, en á 10 x 10 m bletti er gróðurfarsmunur, svo eitthvað gæti leynst undir sverðinum. Ekki eru þó neinar þústir þar. Einnig er hugsanlegt að fiskvinnsluhús þar hafi verið reist á minjunum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-097:008** *Litlibær* bæjarstæði býli

"Fyrir ofan [sunnan?] Ívarshús voru áður tvær hjáleigur, sem hétu Litlibær og Litlu-Kothús [009],"segir í örnefnalýsingu Kothúsa. Ekki er nú vitað hvar þessar hjáleigur stóðu og engin ummerki hafa fundist ofan við Ívarshús sem gætu komið heim og saman við lýsinguna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Kothús, 2.

**GK-097:009** *Litlu-Kothús* bæjarstæði býli

"Fyrir ofan [sunnan] Ívarshús voru áður tvær hjáleigur, sem hétu Litlibær [008] og Litlu-Kothús,"segir í örnefnalýsingu Kothúsa. Ekki er nú vitað hvar þessar hjáleigur stóðu og engin ummerki hafa fundist ofan við Ívarshús sem gætu komið heim og saman við lýsinguna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Kothús, 2.

**GK-097:010** heimild um brunn

64°04.017N 22°38.425V

Hringlaga mannvirki, sennilega brunnur, er merkt á túnakort frá 1919 tæpa 20 m norðvestur af bænum í Ívarshúsum 001. Þar er kafagras fast suðaustan við Kothúsaveg.

Engar leifar sjást af brunni á yfirborði en ekki útilokað að hann leynist í grasinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-097:011** *Straglastaðir* heimild um býli

"...Annan þridvng varer ok straglastader ok darrastader [sjá GK-096:018] er þar okk v stada skipte: taka tvo hlute varer: enn hin tvo þira ok jafnmikit hvort," segir í grein um hvalskipti á Romshvalanesi í Fornbréfasafni Íslands. Í neðanmálgrein segir ennfremur að Straglastaðir og Darrarstaðir séu nú (1893) Ívarshús og Kothús. Straglastaða er getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1703: "So segja góðir menn, að í þessari sveit hafi þeir heyrt til forna verið hafa jarðir tvær, sem kallaðar skuli verið hafa Darrarstaðir og Straglastaðir, sumir segja Stranglastaðir. Hvar þær jarðir sjeu nú eður hafi verið, þykist enginn vita, nema hvað eftir því sem segir í gömlum rosmshvalaness rekaskiftamáldaga nefnir þessar áðurgreindar tvær jarðir, og standa þær í tölu jarðanna hjer í Garði so niður settar, að skynsamir menn ætla þær sjeu hinar sömu, sem nú eru kölluð Kothús og

Ívarshús. Því að so sem i þeim máldögum er i þessari röð Darrastaðir og Straglastaðir nefndir, so finst i hvörugum Kothús nje Ívarshús nefnd vera, og standa þó báðar þessar jarðir i sömu röð sem hinar áður." Hér verða þessar kenningar látnar liggja milli hluta. Staðsetning Straglastaða er með öðrum orðum ekki þekkt en vel má vera að bærinn hafi verið þar sem síðar byggðust Ívarshús eða Kothús. Ummerki, þ.e. magn uppsafnaðra mannvistarleifa, benda frekar til að Ívarshús geti verið gamalt bæjarstæði.

**Heimildir:**DI II, 78; JÁM III, 106



## GK-098 Meidastaðir (Meiríðarstaðir)

1703, jarðardýrleiki óviss. Konungseign. 1847, 16 2/3 hdr. Konungseign. Jarðarinnar er getið í grein umn hvalskipti á Rosmhvalanesi frá um 1270: "...þar af einn hlvt homvr. Annan hlvt midskala gardvr. skal honum skipta j þridivnga taka einn þridivng ... ok meidarstader...", DI II, 78. Þá er hennar einnig getið í jarðaskiptabréfi hirðstjóra fyrir hönd konungs við Skálholtsstól frá 1563, DI XIV, 156.

Í örnefnaskrá jarðarinnar sem rituð er 1978 segir: "Nýbýli eru hér einhver, og nú eru þrjú íbúðarhús á jörðinni, heimabænum."

1703: "Fóðrast kann ii kýr ... Skóg til kolgjörðar hefur jörðin í almenningum. Torfrista og túnga engin í heimajarðarinnar landi, en þó brúkuð í eyðijörðunni Heiðarhúsum. Lýngrif nokkuð lítið fjarlægt upp í heiði. Fjörugrasatekja nokkur. Rekavon lítill. Murukjarni lítill með stórstraumum og þó erfitt að sækja. Heimræði er árið um kring ... Lending í lakara lagi. Túnin spillast af leysingarvötnum árlega. Engjar eru öngvar. Útigangur enginn sumur nje vetur, nema á túnstæði eyðijarðarinnar Heiðarhúsa. Vatnsból er ekkert í landeign jarðarinnar." JÁM III, 95-96.

1919: Tún 2,8 teigar, kálgarðar 1200 m<sup>2</sup>.

**GK-098:001** Meidastaðir bæjarhóll bústaður  
(Meiríðarstaðir)

64°03.935N 22°38.238V

Bæjarhóll Meidastaða er um 120 m norðvestur af Rafnkelsstöðum. Hann er fast vestan við Meidastaðaveg, um miðja vegu milli strandlínu og Garðbrautar.

Tvö aðskilin hús standa á hólum, sem er allgreinilegur. Snýr húsaröðin frá norðvestri til suðausturs líkt og gamli bæirinn hefur gert. Mikil órækt er kringum húsin og bílastæði sunnan við þau. Kringum hólinn eru annars tún.

Hóllinn er alls um 50 x 40 m stór, vel gróinn. Hóllinn er afliðandi til vesturs en mest áberandi sé staðið norðan við hann, sennilega allt að 2 m hár. Líklegt er að honum hafi verið spilt mikið við húsbýggingar. Aðalíbúðarhúsið á hólum var reist á árunum milli 1950-60 en Anton og Guðlaugur Sumarliðasynir fæddust í eldra timburhúsi sem stóð á sama stað og var sennilega byggt um 1860. Vestan við húsið var áður lágreistari skemma sem í voru hross og kýr. Þeir muna eftir niðugröfnu íshúsi í bæjarhólum norðan við húsið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.



Bæjarhóllinn á Meidastöðum, horft í norður

**GK-098:002** heimild um fjós

64°03.946N 22°38.240V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihúsamstæða um 5 m norðaustan við bæ 001, í norðausturhorni kálgarðs 003. Þar er nú óræktarsvæði. Öll mannvirki eru horfin. Bræðurnir Anton og Guðlaugur sumarliðasynir muna eftir fjósi og hlöðu á þessum slöðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-098:003** heimild um kálgarð

64°03.935N 22°38.256V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður á vesturhluta bæjarhóls 001 og sunnan við hann. Nú standa íbúðarhús á bæjarhól og bílastæði er þar sunnan við, á hlaðinu. Aðeins vottar óljóst fyrir leifum syðri kálgarðsins. Þær sjást á loftmynd sem gróðurskil og marka þau væntanlega syðri kálgarðsbrún. Ekki ber á eiginlegum hleðslum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-098:004** Meidastaðakot vestara þúst býli

64°03.978N 22°38.204V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var hús um 90 m norðaustan við bæ 001. Það er merkt eins og forgryfja og/eða salerni. Þetta var Meidastaðakotið vestara en ekki ljóst hvort þar var húsmannskofi eða útihús árið 1919. Um Meidastaðakot segir í örnefnalýsingu: "Milli fiskhúsanna og bæjar, vestan við götuna niður að sjó, eru tvö kot, sem heita Meidastaðakot." Ekki er vitað hvenær þau voru í byggð en ekki getur Hallmann Sigurðsson um þau í

grein sinni um býli og búendur í Garði 1903-1915.

Tún með geysilega háu og ræktarlegu grasi.

Greinilegur rústahóll er í túninu en vonlaust að dæma hvort þar sjást eiginlegar veggjaleifar því að grasið er svo hátt. Hóllinn er alls um 10 x 6 m stór frá austri til vesturs. Norðan í hólnum, fast norðan við hússtaði 004 er dæld með gríðarlegu stórgrýti. Tenging sést milli 004 og 005, einkum því gróður er þar mun ræktarmeiri en annarstaðar í kring. Þar á milli var kálgarður skv. túnakorti en nú mótur ekki fyrir honum á jörðu niðri að öðru leyti en því að brúnir hólsins eru býsna reglulegar. Á loftmynd mótur reyndar fyrir ferköntuðu gerði sunnan við hóllinn sem virðist um 30 x 20 m stórt frá norðvestri til suðausturs. Hugsanlega eru uppsafnaðar mannvistarleifar bæði undir 004 og 005.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Meiðastaðir, 2.

**GK-098:005** *Meiðastaðakot*  
eystra þúst býli

64°03.967N 22°38.181V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var hús um 90 m norðaustan við bæ 001 og um 20 m austur af 004. Það er merkt eins og forgryfja og/eða salerni. Þetta

var Meiðastaðakotið eystra en ekki ljóst hvort þar var húsmannskofi eða útihús árið 1919. Um Meiðastaðakot segir í örnefnalýsingu: "Milli fiskhúsanna og bæjar, vestan við götuna niður að sjó, eru tvö kot, sem heita Meiðastaðakot." Ekki er vitað hvenær þau voru í byggð en ekki getur Hallmann Sigurðsson um þau í grein sinni um býli og búendur í Garði 1903 - 1915.

Tún með geysilega háu og ræktarlegu grasi. Þetta hús hefur staðið fast við Meiðastaðavegin sem liggur niður að sjó og sennilega hefur hóllinn sem húsið stóð á farið undir veginn að hluta. Rústahóll. Veggir eru ekki greinilegir en sennilega hefur uppfylling undir veg lent ofan á hússtaðinu. Hóllinn er um 10 x 5 m stór frá norðri til suðurs en gefur þó e.t.v. ekki rétta mynd af upphaflegri stærð vegna rasksins.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Meiðastaðir, 2.

**GK-098:006** heimild um brunn

64°03.975N 22°38.314V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 80 m VNV við bæ 001, þar stendur ritað "brunngröftur". Á þessum stað muna Anton og Guðlaugur Sumarliðasynir ekki eftir brunni en minnst þess á hinn bóginn að þar hafi verið reynt að grafa fyrir brunni. Á þessum stað er nú tún sem var rækilega sléttað á 5. áratug 20. aldar.

Ekkert sést til brunns. Aðalbrunnurinn á Meiðastöðum þegar Anton og Guðlaugur muna til er hér skráður númer 007 en sá þornaði reyndar stundum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-098:007** heimild um brunn

64°03.958N 22°38.174V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 70 m norðaustan við bæ 001. "Í skrá Ara [Gíslasonar] segir að grýttur hóll sé milli kotanna [004 og 005], er heiti Steinaholt. Halldór [Þorsteinsson í Vörum] kannast ekki við Steinaholt. Hér gæti þó verið átt við grjóthól, sem er austan við götuna [010] á móts við Meiðastaðakot [004 og 005]. Þar var brunnur með jarðsigingi," segir í örnefnalýsingu. Þessi brunnur var rúma 20 m suðaustur af Meiðastaðakoti eystra 005.

Fyrrum tún, nú óræktarsvæði. Skemma er um 20 m neðan eða norðaustan við brunnstaðið. Brunnurinn er horfinn, enda var fyllt upp í hann. Þetta var smáhola, ekki hlaðin að innan. Brunnurinn átti það til að þorna en var þó stundum notaður í æsku Antons og Guðlaugs Sumarliðasona.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-098:008** heimild um brunn

64°03.939N 22°38.218V

Á túnakorti frá 1919 er egglega merking með skástriki í gegn. Ekki er ljóst hvað hefur verið þar, hugsanlega brunnur eða forgryfja. Þetta mannvirki hefur verið um 15-20 m norðaustan við NA-horn núverandi íbúðarhúss á bæjarhól, innan við 10 m norðan við veg sem liggur niður að sjó.



Þústir 004 og 005

Mikil órækt neðan undir bæjarhól 001. Ekki sést til mannvirkja á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-098:009** heimild um kálgarð

64°03.925N 22°38.221V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 5 m suðaustan við bæ 001. Hann hefur verið nokkurn veginn stakstæður. Þar sem kálgarðurinn var liggur nú vegur í sveig austan við bæjarhól og áfram niður að sjó.

Garðurinn er horfinn. Þó gægist upphækkuð brún undan vegarkantinum að austan á rúmlega 20 m kafla og má vera að þar séu leifar af austurvegg kálgarðsins eða leifar af landamerkjagarði 014, en þeir voru sambyggðir.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-098:010** heimild um leið

64°03.984N 22°38.150V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata eða traðir til norðausturs frá bæ 001 að sjó. Lá líklega um 10 m norðvestan við núverandi veg, frá Meiðastöðum 001 að Meiðastaðavör 018. Þangað eru um 130 m.

Samkvæmt heimildamanni voru tún í kring um Meiðastaði sléttuð um 1945. Gatan hefur því að öllum líkindum verið sléttuð með túnunum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-098:011** garðlag túngarður

64°03.865N 22°38.279V

Samkvæmt stúdentakorti frá 1954 var afgirt hólfr umhverfis yngri Meiðastaði (Meiðastaðaveg 2) en það hús stendur um 70-80 m sunnan við gömlu Meiðastaði 001. Suðurhluti er ekki sýndur á eldra túnakorti, frá 1919, enda nær það ekki svo sunnarlega.

Sléttuð tún er að miklu leyti innangarðs en svæðinu hefur verið töluvert raskað vegna íbúðarhúsabyggingar.

Garðshorn sést ágætlega um 60-80 m sunnan við Meiðastaðaveg 3. Þar hafa væntanlega mæst merkjagarður milli Meiðastaða og Rafnkelsstaða 014 og þessi garður. Hægt er að rekja garðinn 20-30 m að Meiðastaðavegi en allra næst veginum hefur honum næstum verið rutt út. Leifarnar eru yfirgróinn, 1,5 m breiður ruðningur. Garðurinn hverfur á 20-30 m kafla vestan Meiðastaðvegur en

birtist svo aftur sem einföld grjótröð, um 0,3 m há. Þá mætir hann merkjagarði milli Kothúsa og Meiðastaða, en hann myndar í raun vesturhlið hins afgirta hólfs sem hér er lýst. Suðurhlið hólfsins hefur þá verið um 160 m löng. Vesturhliðin, sem er sameiginleg með landamerkjagarði, er um 70 m löng. Sá partur er vel gróinn, 2 m breiður neðst og allt að 1,2 m hár. Eftir 70 m birtist norðuhlið hólfsins og líkist sú helst ruðningi, allt að 3 m breiðum og 1,5 m háum, mjög grösugum. Þessi hluti garðs liggur eins og sýnt er á kortinu frá 1954 og endar skammt frá Meiðastöðum yngri. Hugsanlega hefur verið átt við norðurhliðina að hluta, í það minnsta líkist hún alls ekki venjulegri hleðslu heldur lítur út eins og jarðvegi hafi verið rutt upp að henni. Alls hefur hólflið verið um 160 m langt og á bilinu 50-80 m breitt. Þess má geta að á loftmynd vottar óljóst fyrir garðlagi í framhaldi af norðurhlið hólfsins til austurs og stefnir það hér um bil beint á hús sem er merkt "Efri-Rafnkelsstaðir" eða Rafnkelsstaðavegur 8 á korti frá bænum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Túnakort 1954



*Garðlag 011, horfi til norðvesturs*

**GK-098:012** heimild um leið

64°03.966N 22°38.314V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata fram hjá bæ 001 sunnan við hann, til norðvesturs út túnið í átt að Kothúsum GK-096 og til suðausturs í átt að Rafnkelsstöðum GK-099. Í örnefnalýsingu segir: "Vestast í túni ofan húsanna er gata að Kothúsum." Miðað við stefnu á korti virðist gatan hafa legið í stefnu á Ívarshús fremur en Kothús. Á þessum slóðum er nú slétt tún.

Gatan er alveg horfin en skarð virðist í landamerkjagarð milli Kothúsa og Meiðastaða þar sem hún gæti hafa legið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Meiðastaðir, 2.

**GK-098:013** heimild um landamerki

64°03.988N 22°38.083V

"Að austanverðu skilur lönd Meiðastaða og Rafnkelsstaða frá túngarðsenda [014] á marbakka í merktan stein með LM niður í fjöru," segir í örnefnalýsingu. Þessi steinn ætti að hafa verið við sjávarsíðuna um 140 m norðaustur af bæ 001. Þar er nú plan framan við steinsteypt fiskhús.

Steinn finnst ekki við leit. Hefur líklega horfið við byggingu grjóttgarðs eða þegar húsið var byggt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Meiðastaðir, 1.

**GK-098:014** garðlag landamerki

64°03.868N 22°38.283V

Garður skildi að lönd Rafnkelsstaða og Meiðastaða. Hann er sýndur á túnakorti frá 1919. "Að austanverðu skilur lönd Meiðastaða og Rafnkelsstaða frá túngarðsenda ... Sá áðurminnztí túngarður skilur tún jarðarinnar Meiðastaða frá túni Rafnkelsstaða allt upp að enda," segir í örnefnalýsingu. Nyrsti hluti garðsins er kominn undir fiskvinnsluhús en hann sést fyrst um 70 m norðaustur af Meiðastöðum 001.

Garðurinn er óburðugur fyrstu 60 m. Hvergi er um að ræða eiginlegar hleðslur, fremur línu garðs, og grjóthrun við línuna. Þegar komið er upp að Meiðastöðum hverfur veggurinn undir steypa plötu, en heldur áfram strax eftir það. Hér liggur garðurinn svo meðfram kanti Meiðastadavegar og er líklega að hluta notaður sem grunnur undir veginn. Nokkru ofar sveigir vegurinn aftur frá garðinum, sem aftur verður hrörlegur. Þegar komið er upp að íbúðahverfi er greinilegt að garðurinn er notaður sem hluti einkagarða, og þar hefur honum því verið haldið við á parti, meira og minna alla leið upp að Garðbraut. Handan hennar er hann ógreinilegur en hefur líklega legið austan við Garðbraut 17 og upp í gamla þjóðveginn GK-095:019 sem markaði land Meiðastaða til suðurs. Alls hefur garðurinn verið rúmlega 500 m langur, þ.e. hafi hann náð alla leið upp að gamla þjóðvegi. Þá mætti þó e.t.v. búast við að finna leifar hans á óspilltu svæði sunnan Garðbrautar. Nú sjást eftir um 200 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Meiðastaðir, 1.



*Garðlag 014, horft til norðvestur*

**GK-098:015** heimild um landamerki

64°03.730N 22°38.494V

"Þaðan [eftir garði 014] beina línu upp að þjóðvegi [GK-095:019] í merktan stein við þjóðveginn er stendur við vestri enda svonefndrar Heiðarhúsabráar [016]," segir í örnefnalýsingu. Steinninn ætti skv. þessu að hafa verið á suðvesturhornmörkum Meiðastaða, um 360 m suðsuðvestur af bæ 001. Samkvæmt skipulagaskorti ætti steinninn að sitja í miðju lúpínubedi, um 10 m norðan við malarveg upp að Heiðarhúsum GK-633:021, en hann er hvergi að finna nú (2008). Ekki er loku fyrir það skotið að hann sé á kafi í lúpínu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Meiðastaðir, 1.

**GK-098:016** Heiðarhúsabrá örnefni brú

"... beina línu upp að þjóðvegi [GK-095:019] í merktan stein [015] við þjóðveginn er stendur við vestri enda svonefndrar Heiðarhúsabráar," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar umrædd brú hefur verið eða hvort um mannvirki var að ræða. Hún hlýtur þó að hafa verið í námunda við landamerkjastein 015.

Mikil lúpína er á svæðinu.

Enginn þekkir til örnefnisins, og ekkert fannst sem líklegt er að nafnið eigi við. Sennilega hefur hluti þjóðvegarins gamla á þessu svæði verið kallaður Heiðarhúsabrá og má vera að hann hafi verið upphlaðinn á kafla þótt þess sjáist ekki merki nú.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Meiðastaðir, 1.

**GK-098:017** heimild um landamerki

64°04.048N 22°38.142V

"Þaðan beina línu ofan í túngarðinn, sem skilur tún jarðarinnar Meiðastaða og Ívarshúsa fram á marbakka, frá enda garðsins beina línu í merktan stein með LM niður í fjöru og þaðan sjónhending út á sjó," segir í örnefnalýsingu. Þessi steinn hefur verið rúma 200 m NNA af bæjarhól Meiðastaða 001.

Þar er fremur nýlegur sjóvarnargarður Steinn finnst ekki við leit. Hann hefur líklega horfið við byggingu grjótgarðs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**GK-098:018** *Meiðastaðavör* heimild um lendingu

64°03.997N 22°38.096V

"Neðan við fiskhúsin er ós, sem nefnist Kópa. Fyrir framan hana er sandgljá og klettur. Inn úr henni eru Meiðastaðavör og Rafnkelsstaðavör [GK-099:016]," segir í örnefnalýsingu. Meiðastaðavör er merkt á túnakort frá 1919 og þar er spil merkt framan, sunnan við hana. Vörin er um 150 norðaustan af Meiðastöðum 001.

Ekki er op í grjótgarði niður að vörinni, en vörin hefur þó sloppið við rask þegar grjótgarðurinn var reistur. Vörin liggur inn úr Kópuós og myndar 90° horn við Rafnkelsstaðavör. Vörin er þangi vaxin upp að grjótgarðinum.

Vörin er um 8 m breið að innan og um 40 m eru niður að ósi. Vörin er mjög greinileg í fjöru, hliðar hennar víðast um 0,5 - 1 m á hæð, og stórgrýti hefur greinilega verið rutt. Vörin er jafnbreið frá grjótgarði að ósi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Meiðastaðir, 2; Túnakort 1919.



*Meiðastaðavör 018, horft til norðausturs*

**GK-098:019** *Kaupmannaföt* heimild um áfangastað

64°03.873N 22°38.475V

"Ofan þessarar götu [012], upp undir Móabæ [GK-096:013], er Kaupmannaföt. Er talið, að þar hafi kaupmenn haft girðingu fyrir hesta," segir í örnefnalýsingu. Óvíst er hvar Kaupmannaföt hefur verið. Líklegt er þó að hún hafi verið norðvestan eða vestan við Garðbraut 22.

Þar er fyrrum tún en nú órækt. Mögulegt er að Garðbraut liggja yfir Kaupmannaföt, nema hún sé skammt norðan eða sunnan við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Meiðastaðir, 2.

**GK-098:020** heimild um fiskreitir

64°03.820N 22°38.534V

Um 20 m norðaustan við byggingu sem kennd er við Karl Niélsson muna heimildamenn að hafi verið fiskreitir. Þetta er um 320 m suðvestur af bæ. Ekki sjást leifar af fiskreitnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Meiðastaðir, 2.

**GK-098:021** garðlag landamerki

64°03.966N 22°38.385V

Garðlag liggur á landamerkjum Meiðastaða og Kothúsa/Ívarshúsa, frá Garðbraut í átt að sjó. Garðurinn sést t.d. vel rúma 100 m vestur af Meiðastöðum 001. Óslegin tún eru sitt hvoru megin garðlagsins.

Landamerkjagarðurinn á upptök um 40 m frá sjó og liggur til suðvesturs. Er hann alls um 315 m langur. Fyrstu 70 m garðlagsins frá sjó eru úr afar stórgerðu grjóti. Þar vestan við er garðurinn grasi gróinn svo ekki sést í hleðslur. Breidd garðlagsins er um 2 m og hæð hans 1,5 m. Fyrir garðinum miðjum er um 8 m langt rof í honum. Suðvestasti hluti garðlagsins, um 80 m að lengd, er sameiginlegur með garðlagi 011 sem liggur umhverfis Meiðastaðaveg 3. Garðurinn hefur sennilega náð allt upp að gamla þjóðvegi (GK-095:019) sem markar land Meiðastaða til suðurs. Þessi syðsti hluti sést þó ekki nema sem lína á loftmynd. Sjáanlegur hluti garðsins nú er um 340 m langur en upphaflega gæti hann hafa verið allt að 6-700 m langur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Stúdentakort 1954

**GK-098:022** heimild um hjall

Á túnakort frá 1919 er merkt mannvirki skammt frá Meiðastaðavör 018, sunnan við austurenda leiðar 010. Staðurinn var ekki skráður á vettvangi en af loftmynd að dæma virðist einsýnt að mannvirkið sé komið undir fiskvinnsluhús. Ofan við hann er ritað á túnakorti: Fiskireitur.

**GK-098:022** heimild

Á túnakort frá 1919 er merkt mannvirki beint upp af Meiðastaðavör 018. Það hefur vafalítið verið bygging tengd sjósókn: naust, sjóbúð eða kannski hjallur.

Staðurinn var ekki skráður á vettvangi en á loftmynd sést að hús stendur nú á sama stað, nánast á sjávarkampi. Því eru ummerki um eldri byggingu sennilega horfin.

## GK-099 Rafnkelsstaðir

1703, 20 hdr. Bændaeign. 1847, 20 hdr. Bændaeign. Jarðarinnar er getið í grein um hvalskipti á Rosmhvalanesi frá um 1270: "... þar af einn hlvt holmvr. Annan hlvt midskala gardvr. skal honum skipta j þirivnga taka inn þridivng hrafnkjeldstader...", DI II, 78. Þá er hennar getið í vitnisburðarbréfi frá 1418, DI IV, 265 og öðru frá 1428, DI VI, 42. Jarðarinnar er einnig getið í afgangsdareikningi Eggerts hirðstjóra Hannessonar frá 1553, DI XII, 580.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er ein hjáleiga sögð á jörðinni.

Árið 1919 var tvíbýli á Rafnkelsstöðum.

1703: "Fóðrast kann ii kýr ... Torfrista til húsbótar er í allra naumasta máta, í heypöku engin nema tilfengin annarstaðar. Fjörugrasatekja mjög lítil. Rekavon nokkur. Skelfiskfjara hefur áður verið góð, nú aldeiliss af, síðan síðasti lagnaðaris fordjarfaði þessa gagnsmuni. Murukjarni fæst nokkur með stórstraumum, og er brúkaður til að næra pening í heyskorti. Eldiviðartak af fjörupangi var áður nokkurneiginn bjarglegt, en síðan hinn mikili lagnaðaris fordjarfaði fjöruna, hefur ábúandinn neyðst til að kaupa eldiviðartak annarsstaðar. Heimræði er hjer árið um kríng ... Lending er aðgætnissöm. Tún jarðarinnar blásast upp af stórviðrum og þó enn meir af leysingarvatnságangi; að n eðanverðu grandar túninu sjór, og fyrir þá sök hefur ábúandinn í næstu xxx ár þrisvar sinnum tilþrengdur að færa skipanaustin inn á túnið. Engjar eru öngvar. Útihagar utangarðsöngvir ... Vatnsból hefur jörðin í betra lagi og líður fyrir það mikinn átroðning" JÁM III, 96-97.

### GK-099:001 Rafnkelsstaðir bæjarhóll bústaður

64°03.899N 22°38.116V

Rafnkelsstaðir eru austarlega í þéttbýlinu í Garði, rúma 100 m austur af Meiðastöðum 098:001. Þegar túnakort var teiknað árið 1919 stóðu þar tvö íbúðarhús, nyrðri og syðri bær (sjá 002). Nyrðra húsið hefur staðið nokkurn veginn á sama stað og núverandi íbúðarhús, á bæjarhólnum.

Þéttbýli en langt er á milli húsa á þessum slóðum. Grasi gróid, afgirt svæði er fast austan við húsið sem nú stendur á bæjarhólnum. Bílastæði er austan við húsið, á bæjarhól.

Steinsteypt hús stendur að því er virðist í vesturjaðri bæjarhóls. Nokkuð greinileg hólmyndum er austan hússins, á afgirtu svæði. Hóllinn er mjög grösugur og ekki sjást greinilegar rústir á honum. Hann er aflangur frá austri til vesturs, um 50 x 40 m stór. Mjög skarpar brúnir eru á hólnum að norðan og austan og þar er hann allt að 3 m hár. Suðurbrún hólsins, austan bílastæðis, er mjög bein og gæti verið brún á gömlum kálgarði. Mótar óljóst fyrir hleðslu sunnarlega á miðjum hólnum. Gamalt og illa farið steinhús stendur fast sunnan við bæjarhólinn. Grjóthleðsla gengur út frá bæjarhólnum austan við þetta steinhús, um 10 m löng.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.



*Bæjarhóllinn á Rafnkelsstöðum, horft til norðurs*

### GK-099:002 Rafnkelsstaðir bæjarhóll bústaður

64°03.880N 22°38.188V

Árið 1919 var tvíbýli á Rafnkelsstöðum, nyrðri og syðri bær. Syðri bærinn stóð skv. túnakorti um 40 m sunnan við hinn nyrðri. Þar sem húsið stóð liggur nú malbikaður vegur.

Öll ummerki eru horfin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

### GK-099:003 heimild um útihús

64°03.889N 22°38.122V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 20 m suðaustan við nyrðri bæinn 001. Það var í suðvesturhorni kálgarðs. Húsið hefur verið norðan við vesturenda traða 011. Grasi gróid svæði, nú beitt sem hestagirðing. Húsið er horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

### GK-099:004 heimild um útihús

64°03.887N 22°38.113V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 30 m suðaustan við nyrðri bæinn 001, um 5 m austan við útihús

003. Það var innan sama kálgarðs og útihús 003. Grasi gróið svæði, nú beitt sem hestagirðing. Húsið er horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-099:005** tóft útihús

64°03.885N 22°38.140V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 30 m sunnan við nyrðri bæinn 001 og um 30 m norðaustan við syðri bæinn 002. Útihúsið var í norðausturhorni kálgarðs. Kálgarðurinn er nú (2008) sleginn blettur, en tóftin sjálf er í órækt og mikið gróin.

Um er að ræða tvískipta tóft sem er alls 7 x 5 m stór. Vestara hólfíð er um 3 x 2 m að innanmáli, en ytri mörkin eru mjög óljós. Austara hólfíð er heldur ógreinilegra, og er um 1,5 x 1,5 m að innanmáli. Ekki er innangengt milli hólfana og þau opnast bæði til suðurs, og snúa í norður-suður.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

1919.



*Tóft 005, horft til norðausturs*



**GK-099:006** heimild um kálgarð

64°03.916N 22°37.919V

Samkvæmt stúdentakorti frá 1954 var lítill kálgarður vestan við hús sem er fast sunnan við húsið Réttarholt. Þetta er um 160 m suðaustan við bæjarhól 001. Malarplan og órækt er nú á staðnum. Húsið er enn uppistandandi en illa farið, sennilega geymsla. Öll ummerki um kálgarðinn eru horfin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Stúdentakort 1954

**GK-099:007** heimild um útihús

64°03.875N 22°38.188V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 5 m suðaustan við syðri bæinn 002. Þar var forgryfja og/eða salerni. Húsið hefur staðið þar sem nú liggur malbikaður vegur. Ummerki um forgryfjuna er hvergi að sjá.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-099:008** heimild um brunn

64°03.882N 22°38.201V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 10 m VSV við syðri bæinn 002.

Brunnurinn hefur verið í túni sem hefur verið sléttað. Túnið er nú í órækt og sjást engin merki um brunninn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-099:009** heimild um útihús

64°03.856N 22°38.227V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 50 m SSV við syðri bæinn 002.

Stóð þar sem nú liggur malbikaður vegur, Rafnkeisstaðavegur. Ekki sjást merki um tóftir í vegakantinum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-099:010** heimild um útihús

64°03.885N 22°38.125V



Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 5 m sunnan við útihús 003, fast sunnan við traðir 011. Það var um 30 m austan við syðri bæinn 002. Ummerki um útihúsið eru 5 m austan við útihús 005.

Hér eru mjög skörp skil niður á tún sunnan Rafnkelsstaða, um 1,3 m hár bakki.

Töluvert þurr gróðurreit er þar með nokkru magni af steypubrotum. Reiturinn er réttþyrndur um 3 x 2 m í austur-vestur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-099:011** garðlag traðir

64°03.881N 22°38.109V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir sunnan við nyrðri bæinn 001 og norðan við hinn syðri 002. Þær lágu annars vegar til norðvesturs þar sem þær mæta götu 098:011 í Meiðastaðalandi og hins vegar til suðausturs út túnið. Sá hluti traðanna er horfinn. Um 20 m suðaustan við bæjarhús á Rafnkelsstöðum og um 170 m norður af Garðbraut sést hins vegar sá hluti traðanna sem lá til austurs.

Norðan við traðirnar eru hestar í rafmagnsgirðingu.

Þar sunnan við er óslegið tún.

Tvöfalt garðlag, sem myndar traðir, liggur í suðaustur skammt suðaustan við bæjarhús á Rafnkelsstöðum. Lengd traðanna er u.þ.b. 40 m og hæð hleðslna mest um 1 m. Traðirnar eru alls um 5 m breiðar, vaxnar háu grasi og töluvert er af stórgrýti í þeim. Bæjarhóllinn nær að tröðunum austanverðum og liggur nyrðri veggurinn meðfram honum. Grjóthlaðið garðlag liggur í framhaldi af austurenda syðri traðarveggjar til suðvesturs um 20 m og mætir þar garðlagi. Breidd garðlagsins er 1,2 m og mesta hæð þess 0,4 m en það er að miklu leyti hrunið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919, Stúdentakort 1954

**GK-099:012** gata leið

64°03.914N 22°38.099V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata frá norðurbænum 001 til norðurs að útihúsum 014 og 015. Liggur meðfram tunggirðingu frá bæjarhól 001 niður að sjó. Þar sést nú malarborin slóð. Leiðin er merkt með brotalínu á kortinu og bendir fátt til að þetta hafi verið eiginlegar traðir.

Túnin norðan við bæjarhól 001 eru í órækt og leiðin sjálf nokkuð gróin á parti.

Slóðin er um 1,5 m breið og um 0,2 m djúp þar sem hún verður dýpst. Leiðin er um 140 m löng. Í botni slóðarinnar er möl, næst bæjarhólnum 001.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-099:013** tóft útihús

64°03.924N 22°38.089V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 50 m NNA við nyrðri bæinn 001. Tóftir sem koma heim og saman við staðsetninguna eru um 5 m austan við leið 012.

Tóftirnar eru í ósléttuðum mó, aflíðandi brekku, sem liggur niður að sjó.


Hér er um að ræða annars vegar tóft og hins vegar steypugrunn. Tóftin (A) er hlaðin úr torfi og grjóti og um 3 x 5 m að utanmáli og liggur í norðaustur-suðvestur. Hleðslan er um 0,5 m há. Steypugrunnurinn (B) eða steypugólfíð er um 4 x 5 m stór og liggur í norðvestur-suðaustur, fast suðaustan við tóftina. Mikið er af stökum steinum í kringum grunninn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.



*Traðir 011, horft til norðvesturs*



Tóft 013, horft til suðausturs

**GK-099:014** þúst útihús

64°03.892N 22°38.120V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús norðan við tún um 130 m norðan við bæinn 001. Það var við vörina 016. Annað útihús 015 var um 5 m vestan við það. Húsið hefur líklega staðið um 10 m austan við fiskvinnsluhús, sem stendur um 15 m sunnan við Kópu. Húsið sem hér um ræðir var þrískipt skv. kortinu. Fjörubakkinn er hlaupinn í mikla órækt svo erfitt er að sjá nokkuð þar.

Hægt er að greina litla þúst austan við fiskvinnsluhúsið sem nú stendur, og einnig er þar um 1 m löng steinaröð. Aðrar leifar eru ekki sýnilegar. Samkvæmt heimildamanni voru þónokkrir hjallar á svæðinu á fyrri hluta 20. aldarinnar en voru rifnir. Sennilega hafa þessi hús tengst sjósókn á einhvern hátt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-099:015** þúst útihús

64°03.967N 22°38.071V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús norðan við tún um 130 m norðan við bæinn 001. Það var við vörina 016, um 5 m vestan við útihús 014. Fjörubakkinn er hlaupinn í mikla órækt svo erfitt er að sjá nokkuð þar. Húsið er sennilega alveg horfið.

**GK-099:016** Rafnkelsstaðavör mannvirki landing

64°03.981N 22°38.058V

"Neðan við fiskhúsin er ós, sem nefnist Kópa. Fyrir framan hana er sandgljá og klettur. Inn úr henni eru Meiðastaðavör [098:018] og Rafnkelsstaðavör," segir í örnefnalýsingu Meiðastaða. Í örnefnaskrá Rafnkelsstaða segir ennfremur: "Kópa heitir aðallendingin á Hrafnkelsstöðum. Hér var mikil sjósókn áður fyrr, og Kópa var sú eina, þar sem enginn maður fórst. Hún var þó um leið sú versta, en hér brotnuðu skipin ekki fyrr en upp í landsteinum, svo mennirnir náðust. Þetta var huldufólksvernd." Hallmann Sigurðsson er sammála því að vörin hafi ekki verið góð: "Rafnkelsstaðavörin var mikið verri [en Meiðastaðavörin]. Á henni var beygja til austurs, og mjög óslétt vegna klappaþrepa og var þar líka þröngt til hliða. Hygg ég að hún hafi verið versta landingin í Garði." Vörin er merkt á túnakort frá 1919. Vörin er fast austan við Meiðastaðavör [098:018] og um 150 m norðaustan við Rafnkelsstaði 001.

Vörin er í þangvaxinni fjöru við enda nýlegs grjótgarðs sem liggur meðfram sjávarlínunni í Garði.

Vörin er ekki regluleg og botn hennar er grófur og mishæðottur. Breidd vararinnar er ekki jöfn og er frá 4 - 7 m. Lengd hennar er um 40 m. Til hliðar við vörina er mikið stórgrýti en eiginleg hlið er afar götött og er mest um 1 m há.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Meiðastaðir, 2; Ö-Hrafnkelsstaðir, 1; Túnakort 1919; Hallmann Sigurðsson 1966b, 171

**GK-099:017** þúst brunnur

64°03.888N 22°38.086V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 40 m austan við bæinn 001. Brunnurinn er í hestagirðingu austan við bílastæðið sem er á bæjarhól. Innan hestagirðingarinnar er grasið vel hrossbitið svo auðvelt var að sjá smásteina í lítilli þúst. Það gætu verið leifar brunnsins, og er í raun það eina í nágrenninu sem minnir á slíkt. Þústin er um 1 m í þvermál og um 0,4 m há.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-099:018** heimild um útihús

64°03.905N 22°38.114V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 10 m norðaustan við nyrðri bæinn 001. Þar var forgrýfja og/eða salerni. Það hefur líklega verið fast norðan við bæjarhól 001 og fast vestan við leið [012].

Mikil hvanngróska og órækt er á svæðinu. Eina vísbendingin um forað er hvanngróskan en engar mannvistarleifar sjást..

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919.

**GK-099:019** *Kistugerði* áletrun óþekkt

64°03.924N 22°37.865V

"Upp undan Skarfaklettum er Kistugerði. Ofan til við Kistugerði er hamrabelti. Þar í er klettur sá, sem Kista heitir. Undir honum á kista Rafnkels að vera grafín. Þarna er rúnasteinn allmerkur, sem menn hafa getað lesið rúnir á. Stað þessum fylgir sú sögn, að Rafnkell hafi svo fyrir mælt, að ef bóndi sá, er hér byggji, léti heita Rafnkel, ætti hann að finna peningana. Ekki hefur þetta gerzt enn. Aftur á móti hafa menn reynt að grafa, og hafa þá ýms býsn gerst," segir í örnefnalýsingu. Í grein Magnúsar Grímssonar um fornleifar á Reykjanesskaga segir enn fremur: "Rafnkelsstaðir er innsti bær í Gardi. Þar á að vera leiði [020] Rafnkels þess, sem bærinn er kendur við og gullkista hans í Kistugerði, en svo heitir brekkuhorn eitt fyrir innan bæinn, við sjóinn. Í Kistugerði, sem er þýft og grýtt nokkuð, sjást engin fornvirki nema rúnir á kletti óhöggnum. Klettur þessi er ekki stór, og geta 3 eða 4 menn hæglega velt honum. Hann er þríhyrndur á hvern veg, sem á hann er litið af 4. Rúnirnar eru fremur illa ristar og nokkuð daufar ... Ofan til í Kistugerði er hamrabelti og þar í klettur sá, sem kallaður er Kista. Það er jarðfastur hamar, hár og mikill. Undir honum á kista Rafnkels að vera. Þar hefir nú fyrir stuttu verið grafið niður með, og tók þar klöpp við, svo ekki varð meira gjört. Þá var og rúnasteininum velt við, svo hann liggur nú á þeirri hlið, sem áður sneri út." Heimildamaður getur þess að ein bölvunin á klettinum var, að ef reynt var að grafa eftir kistunni átti Útskálakirkja að standa ljósum logum. Rúnasteinninn er um 250 m ANA af Rafnkelsstöðum 001.

Ofan Skarfakletta er uppspretta, hún kemur undan Kistuklettum. Grafið hefur verið meðfram klettum, efalaust í þeim tilgangi að finna fjársjóðinn. Það verk komst þó ekki lengra en svo að aðeins hefur verið grafið um 0,2 - 0,3 m áður en komið hefur verið niður á fast.

Áletraður steinn er um 30 m norður af "Kistunni". Þeir sem rýnt hafa í rúnirnar telja að þar standi "Mikael" eða "Mikaela".

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Magnús

Grímsson.

1940,

243



Áletrunin á rúnasteini



Uppsprettan undan Kistuklettum, horft til suðvesturs

**GK-099:020** *Rafnkelsleiði* heimild um legstað

64°03.896N 22°37.868V

"Uppi á hól uppi í túni er leiði Rafnkels," segir í örnefnalýsingu. Í Frásögum um fornaldarleifar segir enn fremur: "Rafnkels-leiði, er lörden Rafnkelsstaðir í Gardi tekur Nafn af; haldid er ad Leidi þetta muni vera i - svokölludu - Kistugerði [019], sem er skamt fyrir innan nefndrar Iardar Tun, vid Sjóin; Enn ey eru þar til önnur Merki sjáanleg enn lítil gömul Girðing á tvo Vegi, þar lágjir Hamrar halda ad á hina tvo; Innan þessarar Girðingar eru margir stórir Steinar, er liggja óreglulega, líka sem þeir Tid efftir adra hefdu losnad vid og fallid frá Hömrunum. Þó er þar eim Steirn ödrum stærri, ferkantadur, líkur i stærra lagi Kistu ad lögun og Stærd, og horfir austur og Vestur eins og áður nefnd Leidi, enn þó ey frá Sjó og ad, sem þaug, heldur ad Leingdinni med Sjó. Rett skamt frá hönum stendur Steirnin med Letrinu [sjá 019], sem sídar skal ámynnst." Rafnkelsleiði er um 200 m austur af bæ.

Klettótt svæði. Neðar hallar klettunum að sjónum. Innan túngarðsins 026 er mest upphækkun ofan við Skarfakletta. Þar eru þó engin merki um leiði, svo hnit voru tekin á hæsta punkti. Einnig gæti verið átt við rúnastein 019.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hrafnkelsstaðir, 2; FF, 234-238

**GK-099:021** heimild um útihús

64°03.879N 22°38.182V

Skv. túnakorti frá 1919 stóð útihús um 5 m austan við syðri bæinn 001.

Á þeim stað stendur nú íbúðarhús merkt Efri Rafnkelsstaðir á korti frá sveitarfélaginu.

Ekkert sést af eldra húsi.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**GK-099:022** garðlag óþekkt

Af loftmynd á GoogleEarth má greina hrygg eða garðlag norðvestan við bæjarhólinn á Rafnkelsstöðum 001. Garðlagið sést um 25 norður af núverandi íbúðarhúsi á Rafnkelsstöðum. Tún. Garðlagið má rekja um 70 m leið til vestsuðvesturs.

**Heimildir:** GoogleEarth



Garðlag 022

**GK-099:023** *Huldufólksvör* huldufólksbústaður lending

64°03.956N 22°37.930V

"... og rétt innan við Skarfakletta er Huldufólksvör, samfelldir klettur með sandviki inn í. Svo tekur við Rafnkelsstaðaberg og síðar getur. Hér dó maður, Guðmundur Sigurðsson, sem hafði mikla trú á huldufólki og vernd þess. Vildi hann t.d. ekki lenda neins staðar nema í Huldufólksvör," segir í örnefnalýsingu. Vörin er um 220 m norðaustur af bæjarhól 001.

Lendingin hefur verið í hrjóstugri klettafjöru. Innan við Skarfakletta er hvergi augljós lendingastaður, og ekki kannast heimildamaður við Huldufólksvör. Hinsvegar nefndi hann að á milli Rafnkelsstaðavara [016] og Skarfakletta hafi eitt sinn verið vör, Soffiuvör, sem nefnd var eftir Soffiu sem lengi hélt úti útræði frá Holti. Sú lending sást ágætlega fyrir 50 árum en er nú alveg horfin. Líklegast er að um eina og sömu vörina sé að ræða.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hrafnkelsstaðir, 1.

**GK-099:024** *Réttarholt* hús bústaður

64°03.931N 22°37.933V

"Rétt innan við Kópu eru klettur þeir, sem nefndir eru Skarfaklettur. Þeir eru fyrir neðan Réttarholt," segir í örnefnalýsingu. Réttarholt er um 180 m norðaustur af Rafnkelsstöðum 001. Þar stendur samnefnt hús. Um Réttarholt er skrifað á túnakorti frá 1919: "Réttarholt, þ.búð við sjó, bygd fyrir ca 36 árum. Nýlega bygt þar upp aftur steypuhús og afgirt, er þó manna laust nú. Túnblettur í órækt..." Snyrtilegir slegnir blettir eru í kringum húsið, og norðan við er aflíðandi brekka niður að sjó.

Húsið sem nú heitir Réttarholt er byggt á árunum 1910-1912 og byggt er við það 1939. Ekki er kjallari undir því. Heimildamaður segir frá því að áður en það hús er byggt hafi verið torfbær rétt austan við núverandi hús sem hét Réttarholt, sem nú (2008) er horfið. Uppruni nafnsins er ekki þekktur en talið er kálgarðar sunnan við húsið, sjá 028, hafi eitt sinn verið rétt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919



Réttarholt 024, horft til suðurs

**GK-099:025** *Þórðarbær/Bjarnabær/F innsbær/Berg* bæjarstæði býli

64°03.837N 22°37.905V

"Hér voru býli, sem farin eru í eyði: Þórðarbær, Bjarnabær [sjá að neðan], Pálsbær [027], og Finnsbær [sjá að neðan]," segir í örnefnalýsingu. Leifar býlanna eru um 130 m austan við Rafnkelsstaði 001. Til er túnakort af svæðinu frá árinu 1919. Þá virðast önnur bæjanöfn hafa verið við lýði, í það minnsta er bæjarstæði Finnsbæjar, sem nú er horfinn undir íbúðarhús norðvestast á svæðinu, nefnt Holt og Bjarnastaðir nefndir Grund. Önnur heiti eru ekki sýnd á kortinu en annars koma allar útlínur á því mjög vel heim og saman við garðlög og rústir sem nú sjást.

Nálægt þéttbýli, grasi gróið. Svæðið er vel varðveitt utan norðvestasta hlutann þar sem Finnsbær stóð, en þar er nú íbúðarhúsið Holt sem var reist í nokkrum stigum. Árin 1908-1910 var timburhús byggt ásamt kjallara sem upphaflega var fjós. Það var byggt við hliðina gamalli torfbaðstofu, sem þá var gömul. Bætt var við húsið í kringum 1960, og seinna 1974. Undir nýrri viðbyggingum var ekki grafinn kjallari. Þegar íbúar grófu fyrir jurtagarði (2008) var komið niður á hleðslusteina og öskuhaugsleifar fast suðaustan við íbúðarhúsið. Ekki var nema rétt rist ofan af þeim leifum. Gamla baðstofan liggur líklega undir viðbyggingunum. Búið var í torfbænum þar til timburhúsið var byggt.



*Bæjarstæði 025, horft til austurs*

Bæirnir þrjú mynduðu í raun lítið hverfi og minna minjarnar, sem eru vel varðveittar, einna helst á margskipta rétt. Þar stóðu bæirnir þrjú og kálgarðar í kring. Rústirnir mynda heillega einingu og hefur hver bær grjóthlaðin hólf í kringum sig, kálgarða eða túnbletti, en alls ekki er augljóst hvaða hólf tilheyrði hverjum. Hér verður kerfinu lýst sem einni heild og hverjum bæ gefinn bókstafur. Þess má geta að rústunum var lýst rækilega með könnun af jörðu niðri en flóknu kerfi kálgarða umhverfis er að mestu lýst af loftmynd. Í stuttu má skipta svæðinu í þrennt. Syðst er opið, aflangt hólf sem liggur frá austri til vesturs. Innan þess er Þórðarbær. Norðaustan við það er eining sem skiptist 4-5 hólf. Innan þess er Bjarnabær. Vestan við það, norðan við Þórðarbæ, er svo þriðja einingin sem skiptist einnig í 4-5 hólf. Til viðbótar má nefna að norðvestast á svæðinu hafa verið fleiri hólf en þar er nú íbúðarhús sem mun hafa verið reist þar sem Finnsbær stóð áður.

Alls er svæðið 180 x 80 m að stærð og liggur frá austri til vesturs. Allra vestast í aflöngu hólfu sem er syðst á svæðinu er um 0,3 m djúp hringlaga lægd. Er hún um 1 m í þvermál og sést í nokkra steina í jaðrinum. Líklegt er að þar hafi verið brunnur. Um 20 m þar austan við eru ummerki um jarðrask. Sennilega hefur þar verið gert kartöflubeð. Þórðarbær (A) var syðstur þeirra bæja sem tilheyrðu heildinni. Er tóftin staðsett sunnarlega við miðbik svæðisins, merkt með skilti. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og er tóftin ferhyrmd. Er hún 8 x 14 m að utanmáli og snýr í austur-vestur. Austurgافل og suðurlanghlið standa langhæst og eru um 1,6 m að hæð. Aðrar hleðslur eru nokkuð rofnar og er hæð þeirra um 0,8 m. Breidd veggja er 1,2 m. Um 3 m frá gaffli í suðausturhorni tóftarinnar er dyraop. Við norðvesturhorn er lítið hólf sambyggt, 2 x 2 m að stærð. eru hleðslur þess öllu lægri og mjórrí. Hæð veggja er 0,4 m og breidd þeirra er sömuleiðis 0,4 m. Tóftin lítur út fyrir að vera fremur ung og eru engi merki um uppsöfnun umdir henni. Út frá suðausturhorni tóftarinnar liggur til austurs afar rofinn garður, um 7 m að lengd, þvert á annan túngarð. B: Um 6 m suðaustan við A er önnur tóft (B). Stærð hennar er 7 x 6 m að utanmáli. Líklega er um tvö byggingarstig að ræða. Yst eru veggir afmarkaðir með grjóti og virðist sem fyllt hafi verið með því í eldri tóftina austanverða. Í miðjunni er niðurgrafin tóft sem er líklega frá yngra byggingarstiginu. Er hún um 2 x 2 m að stærð og 1 m djúp. Ekki sjást dyr inn í tóftina. Á þessum stað er merktur kross á túnakorti og skýring skráð á spássiu: "Var þ.búð, hét Berg. Lögð í eyði f. ca. 12 árum, en um 20 ár í bygd." Tóft C er merkt með skilti sem á stendur „Bjarnabær“, rúma 20 m norðvestur af B. Tóftin er 10 x 10 m að utanmáli og skiptist í þrjú hólf og göng. Stærsta hólfíð (I), er 9 x 4 m að innanmáli og snýr í norðaustur-suðvestur. Er það torf- og grjóthlaðið. Breidd veggja er um 1 m og hæð þeirra 1,3 m. Leifar af bárujarni liggja suðaustan megin í tóftinni og ker úr málm í vesturhluta hennar. Fyrir nyrðri langveggnum miðjum er dyraop sem liggur að göngum sem opnast til vesturs. eru þau um 0,6 m breidd og 5 m löng. Steinhleðslur þar nokkuð fallnar og er hæð þeirra um 1 m. Hólf II er inn af göngunum til vesturs. Stærð þess er 1 x 1,5 m að innanmáli. Veggir eru 1,3 m að hæð og breidd þeirra er ríflega 1 m. Dyraop, 0,8 m breitt, er í norðaustur horni og vetsurveggur er nánast horfin. Austan við göngin er þriðja hólfíð, III. Ekki er innangengt í það úr göngunum heldur er tæplega 1 m breitt dyraop norðvestan megin í því. Stærð hólfisins er 2 x 3 m. Þeir veggir sem snúa inn í tóftina eru ríflega 1 m breiðir en útveggurinn aðeins um 0,6 m. Hæð veggja er mest 1,4 m og standa þeir hæst í suðri og vestri. Mögulegt er að hér sé um feiri en eitt byggingarstig að ræða því hér virðist uppsöfnun vera mest bæjanna á svæðinu og stendur tóftin því örlítið hærra en aðrar í nágrenninu. Ef lítið er á samhengi kálgarðahleðslna á svæðinu í kring virðist líklegast að kálgarðar kringum Bjarnabæ hafi byggst fyrst en svo hafi verið hlaðið út frá þeim til suðurs og vesturs. Að lokum má nefna að garðlag liggur frá norðausturhorni svæðisins, í sveig um 100 m vegalengd niður að sjó.



*Garðlag 026, horft til austurs*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hrafnkelsstaðir, 2; Túnakort 1919

**GK-099:026** garðlag

64°03.881N 22°37.902V

Fornlegt garðlag liggur til austurs frá húsi sem nefnist Holt (sjá 025, hét áður Finnsbær á þessum stað). Holt stendur um 160 m austur af Rafnkelsstöðum 001.

Vestast kemur garðurinn undan uppfyllingu á húslóð en liggur svo um óræktað svæði sem er óslétt og grýtt frá náttúrunnar hendi en ágætlega gróið.

Í garðinum er geysistört grjótt og sumstaðar hefur verið hlaðið um náttúrulega, jarðfasta kletta. Garðurinn er alveg hruninn og nánast sokkinn og ekki stendur steinn yfir steini í hleðslum. Garðurinn liggur um 80 m til norðausturs, upp á aflangt

klapparholt og niður í dálitla dæld austan við það. Þá áfram um 20-30 m fram á klettasnös ofan við sjávarkamp. Undir snösinni, reyndar dálítið sunnar en í beinu framhaldi af garðinum, er svo um 6 m langur garðstubbur til viðbótar en óljóst hvort hann stendur í beinum tengslum við garðinn þótt þeir séu hafðir undir sama númeri hér. Garðurinn verður annars smám saman skýrari eftir því sem nær dregur sjó og má vera að grjótt hafi verið fjarlæggt úr honum næst Holti. Þegar loftmynd er skoðuð kemur samhengi garðsins við umhverfið nánar í ljós. Þannig virðist hann ná vesturfyrir Holt og af samhengi við garðlagakerfi við býlin Bjarnabæ, Þórðarbæ og Finnsbæ má ráða að garðurinn hljóti að vera eldri en þau. Garðinn má semsagt rekja um 80 til suðvesturs frá Holti, allt að garði sem túlka má sem túngarð um Rafnkelsstaði. Í Rafnkelsstaðatúni sést síðan óljós upphækkun í beinu framhaldi af garðendanum og má vera að hann hafi náð enn lengra. Má færa rök fyrir því að heildalengd kunní að hafa verið allt að 350 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hrafnkelsstaðir, 2.

**GK-099:027** Pálsbær bæjarstæði býli 64°03.896N 22°37.913V

Um 20 m austur af húsinu Holti og 10 m suður af Esjubergi er gerði og í norðausturhorni þess er tóft eða þúst. Á þessum stað stóð býlið Pálsbær og hefur nú verið merkt með skilti. Þetta er 150 m austur af Rafnkelsstöðum 001.

Innan garðsins er afar gróið og hátt gras. Utan hans er einnig tún, þó ekki eins gróðursælt.

Garðurinn er grjóthlaðinn og hefur væntanlega afmarkað kálgarð frekar en tún. Hann snýr í norðvestur-

suðaustur. Er hann ferhyrndur og er stærð hans 30 x 15 m að utanmáli. Breidd veggja er um 0,5 m og hæð þeirra er 0,4 m. Að austanverðu standa hleðslurnar í brekku. í norðausturhorni er upphækkun þúst. Þar hefur bæjarstæðið líklega verið. Er þústin einnig ferhyrnd og snýr á sömu vegu og túngarðurinn. Er hún 9 x 6 m að stærð og 1,5 m há. Í suðausturhorni er önnur þúst eða upphækkun, um 5 x 4 m að stærð. Þar sér í kletta undir grassverðinum. Við suðvesturhorn garðlagsins sér glitta í fjóra steina sem standa upp úr grassverðinum í fremur reglulegri röð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hrafnkelsstaðir, 2, Stúdentakort 1954.

**GK-099:028** garðlag kálgarður

64°03.935N 22°37.919V


Samkvæmt stúdentakorti frá 1954 voru garðlög, sennilega kálgarðar, nálægt sjávarkampnum austan við bæinn Réttarholt, en það er nýbýli. Þau sjást enn vel.

Fremur óslétt og klettótt brekka í hallla mót norðaustri. Réttarholt trónir efst á hæðinni.

Í brekkunni eru tveir sléttir og aflangir stallar hvor upp af öðrum. Hvor um sig er um 10 m breiður og hátt í 30 m langur frá norðvestri til suðausturs.



*Garðlag 028, horft til norðvestur*



*Bæjarstæði 027*

Grjóthleðslur, að mestu hrundar, marka báða stallana af að norðaustanverðu og koma ágætlega heim og saman við það sem stúdentakortið sýnir. Alls er svæðið um 30 x 20 m stórt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hrafnkelsstaðir, 2.

**GK-099:029** *Grænugróf* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 64°03.723N 22°37.399V

"Þar innan við [Gjár] er hrjóstrugt land inn að Gufuskálalandi í Leiru, en þar á milli eru merkin svonefnda Grænugróf ... Grænugróf er dokk niður í bergið, þar er mikil huldufólksbyggð," segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum við lýsinguna segir ennfremur: "Grænugróf er fyrir neðan veginn, niður af Ellustekki [030]." Grófin er um 540 m suðaustan af Kistugerði 019 og liggur niður í fjöru.

Hún er gróin að mestu.

Grófin liggur frá fjörunni og um 140 m upp í land og verður mest um 25 m breið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hrafnkelsstaðir, 2; Ö-Rafnkelsstaðir, aths., 1.

**GK-099:030** *Ellustekkur* tóft

stekkur

64°03.632N

22°37.668V

"Rétt fyrir ofan nýja veginn er Ellustekkur, sem ber við himin frá bæ séð," segir í örnefnalýsingu.

Í athugasemdum við lýsinguna segir ennfremur:

"Ellustekkur er grasi vaxinn og sýnist eins og hóll, þegar komið er í byggðina. Hann er eflaust kenndur við einhverja Elínu, sem þar hefur haft stekk, en



Tóft 030. horft til suðausturs

óralangt mun orðið síðan." Stekkjarinn er einnig getið í örnefnalýsingu Gufuskála, þar segir: "Upp af Grænugróf [029] er Elínarstekkur, oftast nefndur Ellustekkur. Hann er u.þ.b. 10 m 10 m ofan við þjóðveginn (núverandi) út í Garð. Þar eru gróin stekkiarbrott." Ellustekkur er um 630 m suðaustur af Rafnkelsstöðum 001.

Stekkurinn er grænn og gróinn en svæðið í kring er malarauðn sem lúpína hefur verið gróðursett í.

Stekkurinn er um 1,8 m hár gróinn hóll, sem er um 8 m í þvermál. Í miðju hólans er um 1 m djúp laut. Einhverjar hleðslur eru í lautinni og sýnilegastar í norðurhlíðinni, en þær eru annars mjög signar og grónar. Svæðið innan hleðslanna er um 3 m í þvermál. Næst stekkið eru smá upphækkanir að hólnum norðan og sunnan megin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hrafnkelsstaðir, 2; Ö-Rafnkelsstaðir, aths., 1; Ö-Gufuskálar, 6.

**GK-099:031** garðlag óþekkt

Af loftmynd á GoogleEarth má greina garðlag sem liggur til norðvesturs frá bæjarhól Rafnkelsstaða 001, í beina stefnu á Meidastaði.

Tún. Garðlagið virðist hafa verið sléttað að nokkru leyti. Það er alls rúmlega 60 m langt. Á þessum slóðum er reyndar sýnd gata eða traðir með brotalínu á túnakorti frá 1919.

**Heimildir:** GoogleEarth; Túnakort 1919

**GK-099:032** garðlag óþekkt

Af loftmynd á GoogleEarth má greina garðlag sem liggur um tún, til vesturs frá húsi sem merkt er Efri Rafnkelsstaðir eða Rafnkelsstaðavegur 8 á korti frá sveitarfélaginu

Garðlagið liggur um tún. Garðlagið virðist hafa verið sléttað að nokkru leyti. Það má rekja um 60 m til vesturs en svo hverfur það austan við Meidastaðaveg 3.

**Heimildir:** GoogleEarth

**GK-099:033** garðlag túngarður

Tveir óljósir, samhliða hryggir sjást í túninu norðaustan við Garðbraut 8. Af loftmynd frá GoogleEarth að dæma eru þeir líkir þriðja hryggnum sem er um 20-30 m norðar í túninu, en sá er hér talinn líklegt framhald á garði 026. Hryggir þessir voru ekki skoðaðir á vettvangi, enda voru þeir greindir af loftmynd eftir að vettvangsvinnu

lauk. Grösugt svæði.

Báðir hryggirnir eru bogadregnir og eiga báðir upptök sín við innanverðan túngarð 036. Sá nyrðri er um 100 m langur en hverfur skammt austan við Rafnkelsstaðaveg 4. Hinn syðri er 60-70 m langur og hverfur við Garðbraut 8. Viðast hvar eru um 20 m milli garðbrotanna, sem eru fremur bogadregin.

**Heimildir:** GoogleEarth



*Áletrunin "ML" á merkjasteini 034*

**GK-099:034** áletrun landamerki

64°03.712N 22°37.372V

Merkjasteinninn er inn í Grænugróf, neðst í grófinni, á bakkanum við fjöruna. Hann er um 670 m suðaustur af Rafnkelsstöðum og markaði land jarðarinnar til austurs.

Steinninn er á grýttum hluta neðst í grænni grófinni. Áletrun á steininum er afar greinileg, en hann er merktur ML í stað LM sem er á öðrum merkjasteinum í Garðinum.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-099:035** garðlag túngarður

64°03.890N 22°38.072V

Um 50 m austan við bæjarhúsið á Rafnkelsstöðum er garðlag. Liggur það í raun í framhaldi af túngarði 036 sem tengist tröðum 011.

Norð-austan við garðinn á bæjarhólnum eru hestar í rafmagnsgirðingu. Þar sunnan við er óslegið tún.

Garðlagið hefst um 150 m norður af Garðbraut og liggur um 180 m til norðausturs. Við upphaf garðlagsins í suðri liggur það um 20 m til norðurs. Þá sveigir það örlítið að tröðum 011 sem þar liggja en heldur því næst áfram aðra 20 m. Við tekur 100 m langur kafli sem stefnir í norðaustur, í átt að sjó. Síðustu 40 m liggja til norðurs. Grjótgarðurinn er hlaðinn og liggja fyrstu 20 m utan í bæjarhólnum. Þar standa hleðslur vel. Við enda bæjarhólsins er um 7-8 m stórt rof í garðinum. Eftir því sem norðar dregur verða hleðslurnar rofnari og lægri. Breidd garðlagsins er um 1 m og mesta hæð hans 1,2 m. Heildarlengd hans er um 180 m. Víða er allstórt grjót í garðlaginu og hefur girðing staðið ofan á honum að hluta.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919



*Garðlag 035, horft til vesturs*

**GK-099:036** garðlag túngarður

64°03.855N 22°38.080V

Garðlag liggur meðfram austur- og suðurjaðri túnsins á Rafnkelsstöðum.

Óslegið tún er sitt hvoru megin garðlagsins.

Grjóthlaðið garðlag sem liggur í norðaustur-suðvestur. Á það upphaf um 20 m sunnan við traðagarð 011 í norðaustri og liggur í suðvestur í átt að Garðbraut. Eftir um 100 m tekur það hér um bil 90° beygju til vesturs í átt að húsinu Melstað eða Garðbraut 8 en fjarar út eftir um 40 m til viðbótar. Breidd garðsins er um 1,5 m og er hæð hans 1,3 m. Hleðslur eru nokkuð fallnar saman en heillegastar eru þær nyrst á um 6 m



*Garðlag 036, horft til austurs*



kafla. Leifar girðingar eru ofan á garðinum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Stúdentakort 1954

**GK-099:037** garðlag túngarður

64°03.861N 22°38.044V

Garðlag liggur milli túngarðs 036 og túngarðs sem umlykur rústaþyrpingu 025.

Óslegið tún er sitt hvoru megin við garðlagið.

Grjóthlaðinn garður sem liggur frá norðvestri til suðausturs þvert á garðlag 036. Um miðbikið sveigir það örlítið til norðurs. Hleðslur eru mikið fallnar saman en ná hæstar tæplega 1 m hæð og eru um 1 m breiðar. Alls er garðurinn um 40 m langur. Sennilega er þetta framhald garðlags sem hér er skráð nr. 026 en þessum hluta þess hefur þá verið haldið við frameftir 20. öld.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Stúdentakort 1954

**GK-099:038** tóft herslubyrgi

64°03.827N 22°37.691V


Tóft er um 40 m sunnan við tóft 041 og sést vel þegar að er gengið.

Hún er um 350 m austur af bæ 001.

Tóftin er í hrjóstugum og grýttum mel. Hvönn er innan veggja, sú eina í um 200 m rafi.

Tóftin er um 6 x 4 m stór og snýr í norður-suður. Hleðslurnar standa um 1 m hátt og eru um 0,6 m breiðar. Nú (2008) standa aðeins austur- og suðurhliðar, en grjótið úr hinum hliðunum er alhrunið og liggur í og við tóftina. Grjótið er fremur stórt. Heimildamaður telur að þetta hafi verið fiskbyrgi.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft 038

64°03.825N 22°37.734V

**GK-099:039** tóft herslubyrgi

Tóft er 35 m vestur af tóft 038 og 50 m suðvestan við tóft 041.


Tóftin er í grýttum mel. Hún er að nokkru gróin að innan.

Um er að ræða tvö lítil grjóthlaðin hólfa, annað 8 x 5 m og snýr norður-suður og gæti verið tvískipt, en í því miðju er eitthvert grjót. Hitt hólfið er 5 x 4 og snýr í austur-vestur. Hleðslurnar standa hæst um 0,6 m. Ekki er opið milli hólfa. Heimildamaður telur að tóftin sé af fiskbyrgi, og er það sennilegt.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft 039, horft til norðurs



**GK-099:040** tóft herslubyrgi

64°03.806N 22°37.709V

Tóft er um 40 m suðvestur af tóft 038 og 40 m suðaustur af tóft 039.

Melarnir í kringum tóftina eru ekki eins hrjóstugir og auðnin sem er um mest svæðið í kring.

Tóftin er um 3 x 4 m sporöskjulaga hleðsla sem snýr suðaustur-norðvestur. Hleðslurnar ná um 0,5 m hæð. Nokkuð er af hrundu grjóti innan hennar. Samkvæmt heimildamanni er hér um fiskbyrgi að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-099:041** tóft herslubyrgi

64°03.846N 22°37.695V

Tóft er um 35 m norður af tóft 038.

Byrjun grýttra mela í suðri en grösug gróf er norðan við tóftina.

Nær hringlaga 1,5 x 1,5 m hleðsla, sem stendur um 0,7 m hátt. Veggimir eru um 0,4 m á þykkt. Op er út í suðvestur. Heimildamaður telur að tóftin sé af fiskbyrgi, og er það sennilegt.

**Hættumat:** engin hættu

## GK-633 Óskipt land

Landið ofan vegar og byggðarinnar í Rosmhvalanesi var óskipt og samnýtt. Hluti af því var tekinn eignanámi af ríkinu árið 1941. Í örnefnalýsingu Innleiru segir: "Heiðarlandið tók svo við suðvestan þjóðvegarsins. Voru það einkum blásnir melar og börð á stöku stað. Engin örnefni voru á því ... Svæði þetta var einu nafni nefnt Heiði." Ó-Innleira, 13. Í lýsingu Útskálaprestakalls frá 1839 segir ennfremur: "...í svokallaðri Heiði, í hverri helztu jarðirnar eiga ítök; hún er mikið uppblásin og grýtt, með moldarflögum og melum. Í henni vex beiti- og berjalýng, sem rifid er til eldis skepnum á vetrum." SSLN, 163.

Landsvæðið er að mestu leyti grónir móar, víða allgrýttir og sumstaðar eru uppblásinn moldarflög.

**GK-633:001** varða óþekkt

64°01.958N 22°39.032V

Um 300 m suðvestan við veg sem liggur frá Rokkvill til Garðs, um 10 m suðvestan við tóft 002.

Varðan er á grónu hraunholti á hálfgrónum mel.

Varðan er um 1,6 m há og um 2x1,5 m stór, snýr austur-vestur. Hún er ágætlega hlaðin og allfornleg.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-633:002** tóft óþekkt


64°11.996N 22°38.967V

Um 80 m norðaustan við vörðu 001 er tóft.

Tóftin er á grónu hraunholti á hálfgrónum mel.

Tóftin er einföld um 3x3 m stór, opin til vesturs. Hún er hlaðin úr grjóti sem nú er nokkuð gróið. Hleðsluhæð hennar er mest um 0,7 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hugsanlega hefur hér verið smalakofi eða sæluhús.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft 002, horft til suðvesturs

**GK-633:003** tóft óþekkt

64°02.158N 22°38.683V

Um 380 m norðaustan við tóft 002 er önnur tóft.

Tóftin er á grónu klapparholti á hálfgrónum mel.

Tóftin er um 4x3 m stór og snýr austur-vestur. Hún er einföld, opin til vesturs. Tóftin er hlaðin úr grjóti sem nú er hálfgróið. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,7 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hugsanlega hefur hér verið smalakofi eða sæluhús.

**Hættumat:** engin hætta


**GK-633:004** tóft óþekkt

64°02.423N 22°38.555V

Um 500 m NNV við tóft 003 er önnur tóft.

Tóftin er á grónu klapparholti á hálfgrónum mel.

Tóftin er einföld um 6x4 m stór og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er hlaðin úr grjóti en einnig hefur verið notast við jarðfasta steina sem gægjast upp úr holtinu. Tóftin er einföld opin til norðvesturs. Um 2 m austan við tóftina hefur skilti verið rekið niður í melinn og svo virðist sem skotið hafi verið á það. Því má vera að tóftin tengist veru hersins á svæðinu þó hún hafi eflaust upphaflega verið byggð í öðrum tilgangi, hugsanlega sem smalakofi eða sæluhús.



Tóft 004

**GK-633:005** varða

64°01.833N 22°37.433V

Um 1,2 km suðaustan við tóft 003 og um 1,4 km sunnan við tóft 004 er varða.

Varðan er í þýfðum móa. Varðan virðist einungis hlaðin úr torfi. Hún er ferhyrnd um 1x1 m stór og um 0,5 m há. Vera má að grjót leynist undir torfinu en hvergi sér í það. Hundapúfur eru víða í móanum en engin eins regluleg og þessi og því þykir sýnt að hér sé um raunverulega hleðslu að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-633:006** hleðsla óþekkt

64°01.735N 22°37.242V

Um 240 m sunnan við vörðu 005 er stór hundapúfa á sinuvöxnu holti sem virðist hafa safnast ofan á hleðslu.

Hleðslan er á 3sinuvöxnu holti í grónum móanum.

Erfitt er að greina hleðsluna frá þúfunni en hún virðist vera skeifulaga og snýr austur-vestur. Rétt glittir í grjóti í vestur enda hennar. Hleðslan er um 3 m löng og um 2 m breið, hæst um 1 m, með þúfunni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



0 2,5 5  
metrar

Hleðsla 006

**GK-633:007** vegur leið

64°01.719N 22°37.036V

Greinilegur vegslóði er í móanum um 140 m austan við hleðslu 006 og um 30 m norðan við vörðu 008.

Slóðinn er í grónum móa.

Slóðinn liggur norður-suður og beygir til suðausturs við vörðu 008.



Vegur 007, horft til suðurs

Hann er um 2,5 m breiður og um 0,15 m djúpur. Rekja má slóðann eftir loftmynd

um 1 km til norðurs frá þeims stað er hniðið var tekið en ekki sást hann liggja lengra á vettvangi enda snjó á svæðinu. Hann sást hins vegar liggja lengra til suðvesturs fram hjá vörðunni 008 og þaðan má rekja hann af loftmynd alla leið suður að kartöflugörðum 011. Ekki er víst að vegurinn sé fornleif í lagalegum skilningi, þar sem miðað er við minjar 100 ára og eldri. Varðan við veginn þótti þó benda til þess að hér gæti verið um gamla leið að ræða.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-633:008** varða samgöngubót

64°01.636N 22°36.842V

Um 30 m sunnan við leið 007 er varða.

Varðan er á grónu klapparholti á hálfgrónum mel.

Varðan er um 1,1 m há. Hún er um 0,8x0,5 m stór og snýr austur-vestur. Varðan hefur líklega verið leiðarvarða við leið 007.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Varða 008, Horft til suðurs

**GK-633:009** varða

64°01.294N 22°37.081V

Um 130 m norðan við gatnamót Sandgerðisvegur og vegar frá Garði að Sandgerði er varða. Hún er um 290 m suðvestan við vörðu 010. Varðan er á mosavöxnu holti.

Varðan er lítil um 0,5x0,5 m stór og um 0,6 m há. Um 2 m sunnan við hana er steypur stöpull. Varðan er ekki mjög fornleg.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-633:010** varða

64°01.389N 22°37.365V

Lítið vörðubrot er um 150 m norðan við Sandgerðisveg, um 290 m norðaustan við vörðu 009.

Varðan er á grónu klapparholti. Vestan við það er ber melur en að austan er hann gróinn.

Varðan er illa hlaðin, hún er um 0,6 m há og um 1x0,5 m stór, snýr norður-suður. Hún er ekki mjög fornleg.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-633:011** garðlag kartöflugarður

64°01.338N 22°36.342V

Fast norðan við vegslóða sem liggur framhjá hesthúsahverfinu í Garði og til vesturs að Sangerðisvegi eru kartöflugarðar. Þeir eru um 450 m sunnan við vörðu 008 og um 400 m vestan við vörðu 009.

Garðarnir eru á grónum fremur grýttum mel. Hér og þar sér í beran jarðveginn.

Garðarnir eru á svæði sem er alls um 260x330 m stórt og snýr austur-vestur. Alls voru 15 garðar skráðir á svæðinu en af loftmynd má sjá að fleiri garðar eru sunnan við veginn. Görðunum var gefinn bókstafur til aðgreiningar. Garður A er suðvestast á svæðinu. Hann skiptist í fjögur hól og er alls um 18x12 m stór, snýr austur-vestur. Hólf I er austast, það snýr norður-suður og op er á miðjum suðurvegg þess. Fast austan við það er

hólf II, það snýr einnig norður-suður, opið til suðurs. Vestan við hólf II er hólf III, það snýr austur-vestur og op er vestast á suðurvegg þess. Hólf IV er svo fast norðan við hólf III. Það snýr norður-suður en ekkert op er á því. Á milli hólfa III og IV er jarðhýsi og með dyrum á miðjum suðurvegg. Hleðslur garðsins eru hæstar um 1 m en húsið er um 1,7 m hátt. Hvergi sér í grjót í hleðslum. Um 7 m vestan við garð A er garður B. Hann er einfaldur um 10x10 m stór. Ekkert op er á honum. Garðurinn er stunginn niður og er mest um 0,6 m djúpur. Hvergi sér í grjót í honum. Garður C er um 5 m norðvestan við B. Hann er einnig einfaldur um 15x10 m stór og snýr norður suður. Hleðslur hans eru rofnar í suðvestur og suðausturhorni sem og vesturhliðin er nær alveg horfinn en þar vex stórt grenitré. Hleðslur C eru hæstar um 0,5 m og hvergi sér í grjót í þeim. Garður D er um 10 m vestan við garð B. Hann er einnig einfaldur um 15x12 m stór og snýr austur-vestur. Op er syðst á austurhlið hans. Hleðslur hans eru hæstar um 0,8 m en hvergi sér í grjót í þeim. Garður E er um 55 m vestan við D. Hann er tvískiptur um 17x12 m stór og snýr norður suður. Hólf I er sunnar, það snýr austur-vestur, ekkert op er á því. Hólf II er norðan við I það snýr norður-suður og austast í því er jarðhýsi. Hleðslur garðsins eru hæstar um 0,7 m og vel sér í grjót í veggnum á milli hólfa. Húsið er hæst um 1,2 m en þakið er fallið inn í það sjálft. Garður F er um 15 m norðan við E. Hann er alls um 35x20 m stór og snýr austur-vestur. Garðurinn skiptist í 4 hólf og í suðausturhorni hans er um 1,5 m djúp gryfja og ofan í henni timburkofi. Hólf I er austast. Það er opið vestast á norðurvegg. Hólf II er vestan við það, það er opið til norðurs. Sunnan við hólf II er hólf III, það er opið til suðvesturs inn í hólf IV sem er alveg opið til suðurs. Hleðslur garðsins eru hæstar um 1,2 m og hvergi sér í grjót í þeim. Garður G er um 15 m suðaustan við F. Hann er um 10x7 m stór og snýr norðvestur-suðausturs. Hann er einfaldur opinn til suðausturs. Hleðslur hans eru hæstar um 1 m og hvergi sér í grjót í þeim. Garður H er um 45 m sunnan við G Hann er um 40x25 m stór og snýr austur-vestur. Garðurinn skiptist í fimm hólf. Hólf I er austast. Op er á því vestast á suðurvegg. Hólf II er vestan við I. Það er opið til suðurs. Hólf III er þá vestan við II, það er einnig opið til suðurs. Hólf IV er norðan við hólf II og III. Ekkert op er á því. Hólf V er svo vestan við hólf III, það er opið austast á suðurvegg. Við suðvestur horn hólfs V er jarðhýsi að hluta hrúnið, það er um 2 m hátt. Hleðslur garðsins eru hæstar um 0,5 m. Garður I er um 20 m sunnan við garð H. Hann er um 10x7 m stór og snýr austur-vestur. Garðurinn skiptist í tvö jafnstór hólf. Engin op eru á þeim. Hleðslur garðsins eru hæstar um 0,6 m. Garður J er um 10 m vestan við garð I. Hann er um 17x15 m stór og snýr austur-vestur. Hann skiptist í þrjú hólf. Hólf I er austast, op er á því nyrst á vesturvegg. Hólf II er vestan við II, ekkert op er á því. Hólf III er loks norðan við I og II. Ekkert op er á því heldur. Hleðslur garðsins eru hæstar um 0,8 m og hvergi sér í grjót í þeim. Garður K er um 10 m norðvestan við garð J. Hann er um 15x10 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hann skiptist í tvö hólf sem eru svipuð að stærð og bæði opin til suðausturs. Garðurinn er mjög reglulegur og lítið siginn og hugsanlega enn í notkun. Hleðslur hans eru um 1 m háar og hvergi sér í grjót í þeim. Garður L er um 40 m norðan við K. Hann er einfaldur um 15x15 m stór með opi á miðjum suðurvegg. Hleðslur hans eru hæstar um 0,5 m og hvergi sér í grjót í þeim. Garður M er um 70 m norðan við L. Hann er tvískiptur um 15x20 m stór og snýr norður-suður. Hólfín eru svipuð að stærð og ekkert op er á þeim. Garðurinn er líkt og garður K mjög reglulegur og hugsanlega enn í notkun. Hleðslur hans eru um 0,8 m háar. Garður N er um 95 m austan við F og um 60 m norðan við A. Hann er einfaldur um 15x10 m stór og snýr norður-suður. Ekkert op er á honum. Hleðslur garðsins eru hæstar um 0,5 m. Garður P er um 25 m austan við N. Hann er um 25x25 m stór og þrískiptur. Hólf I er norðaustast. Það er opið til suðurs. Hólf II er við suðvesturhorn þess, ekkert op er á því. Hólf III er sunnan við hólf II það er opið til vesturs. Hleðslur garðsins eru um 0,8 m háar og hvergi sér í grjót í þeim. Fleiri garðar voru ekki skráðir á vettvangi en af loftmynd má greina að minnsta kosti tvo aðra garða sunnan við veginn. Um 40 m sunnan við garð A er garður sem sýnist þrískiptur um 20x30 m stór og snýr norður-suður. Þá virðist annar stór garður vera um 10 m austan við hann. Hann virðist vera fimmskiptur og um 50x20 m stór. Augjóst er að kartöflurækt hefur lengi verið á svæðinu líklega mestan hluta 20. aldar. Upp úr seinna stríði hófst mikil kartöflurækt í Garðinum og má vera að þessir garðar séu hluti af þeim framkvæmdum. Enginn þeirra ber með sér að vera sérstaklega fornlegur en jafnframt virðast fáir þeirra vera enn í notkun. Öll þessi mannvirki, garðarnir og jarðhýsin eru byggð úr torfi og grjóti og eru því skráð þó það megi vera að þau séu ekki fornleifar í lagalegum skilningi þess orðs, þar sem miðað er við mannvirki 100 ára og eldri. Þessi mikla kartöflurækt er hluti af sögu byggðalagsins og garðarnir minnisvarði um þá tíð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Yfirlitsmynd af kartöflugarðinum 011, horft til norðurs*

**GK-633:012** varða

64°01.150N 22°37.066V

Um 80 m vestan við Sandgerðisveg er varða. Hún er um 270 m sunnan við vörðu 009.

Varðan er í grónum móa. Varðan er um 1,5x1,5 m stór og um 1,8 m há. Hún er vel hlaðin og fornleg.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Varða 012, horft til suðurs*

**GK-633:013** varða

64°01.192N 22°37.183V

Um 125 m norðvestan við vörðu 012 er önnur varða.

Varðan er á grónu klapparholti í hálfgrónum móa.

Varðan er um 1x0,6 m stór og snýr austur-vestur.

Hún er um 1,1 m há. Varðan er ágætlega hlaðin og nokkuð fornleg.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**GK-633:014** tóft óþekkt

64°01.208N 22°37.164V

Um 135 m norðan við vörðu 012 og um 35 m austan við vörðu 013 er tóft.

Tóftin er á grónu klapparholti á hálfgrónum mel. Tóftin er einföld, um 3x3 m stór, opin til norðurs. Hún er eingöngu hlaðin úr grjóti sem nú er að hluta hrunið úr skorðum. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,5 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hugsanlega hefur hér verið smalakofi eða sæluhús.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Tóft 014, horft til suðurs*

**GK-633:015** varða

64°01.057N 22°35.753V

Um 70 m sunnan við veg sem liggur frá Garði að Sandgerðisvegi og um 720 m suðvestan við kartöflugarð 011A er varða. Varðan er á mosavöxnu klapparholti á grónum og grýttum mel.

Varðan er um 2,5x1,5 m stór og snýr norður-suður. Hún er um 1,1 m há. Hún er hálfhrunin til norðurs en virðist vera nokkuð forn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-633:016** varða

64°01.099N 22°35.763V

Um 90 m sunnan við vörðu 015 er önnur varða. Varðan stendur á hálfgrónu holti á grýttum en grónum mel.

Varðan er að hluta hrunin til norðurs. Hún er um 2x1 m stór og snýr norður-suður, um 1 m há.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-633:017** tóftir óþekkt

64°00.917N 22°35.759V

Um 170 m sunnan við vörðu 016 eru tvær tóftir.

Tóftirnar eru á klapparholti á stórgrýttum mel. Holtið er gróið mosa og sinu en allviða skín í bera klöppina.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 10x5 m stórt og snýr austur-vestur. Þær eru aðgreindar með bókstaf A og B. A er hæst á holtinu. Hún er um 4x4 m stór, einföld og opin til norðurs. Á þremur stöðum sér í grjóti í hleðslum

hennar sem eru hæstar um 0,8 m. Tóft B er við suðvesturhorn holtsins, um 3 m vestan við A. Hún er einföld, opin til vesturs. Tóftin er að miklu leyti mynduð úr jarðföstum steinum en þó er sem suðurveggur hennar sé hlaðinn úr torfi. Tóftin er um 3x4 m stór og snýr austur-vestur. Hlutverk tóftanna er óþekkt en hugsanlega hefur hér verið stekkur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-633:018** varða

64°00.800N 22°36.299V

Um 500 m vestan við tóftir 017 er vörðubrot.

Vörðubrotið er á mosavöxnum mel.

Brotið er um 1x1 m stórt og um 0,2 m hátt.

Hugsanlega hefur grjót verið tekið úr vörðunni en líklegra er að hún hafi hrunið fyrir allöngu og gróið sé yfir hrunið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Tóft 017, horft til suðurs*

**GK-633:019** hleðsla óþekkt

64°00.594N 22°36.872V

Um 600 m vestan við vörðu 018 og um 1 km sunnan við vörðu 012 er hleðsla.

Hleðslan er á grónu klapparholti í mosavöxnum móa.

Hleðslan er úr grjóti. Hún er ferhyrnd um 1x1 m stór og um 0,3 m há. Hún er velhlaðin og regluleg. Hugsanlega er hún grunnur af vörðu sem aldrei hefur verið fullgerð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-633:020** Ósvarða varða eyktamark

64°04.074N 22°40.149V

"Frá Skálareykjum [080:037] breytist línan og stefnan verður meir suðlæg. Sunnar, aðeins austan við merkin, er varða, sem er hádegismark úr hverfinu, og heitir hún Ósvarða," segir í örnefnalýsingu. "Þegar miðað var af sjó, var helzt miðað við Skipból uppi í heiði, Ósvörðu, sem er frá Miðhúsum sunnar en suðvestur að sjá ..." Varðan er 250 m suðaustan við Sandgerðisveginn og um 600 m suðvestan við íþróttavöllinn í Garði. Hún er í óskiptu landi sunnan við Miðhús, Krók og Krókvöll.

Lynggróður og melar eru í kringum vörðuna. Norðan og vestan við vörðuna hefur jarðvegi verið raskað töluvert með stórum vinnuvélum.

Varðan er 5 x 5 m í þvermál og um 1,6 m há. Er hún grasi gróin en víða sést í grjóti í henni og meðfram henni austanverði er steinaröð. Varðan er bjúglaga í laginu og myndar skjólgóða laut austan til. Eftir er að átta sig á hvort þarna hafi staðið náttúrulegur hóll sem hlaðið hefur verið í eða varðan hlaðin upp frá grunni. Varðan hefur verið merkt með skilti.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Útskálar, 3-4; Ö-Krókur og Miðhús aths., 1

**GK-633:021** Heiðarhús tóftir býli

64°03.631N 22°38.449V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Heiðarhús. Nú í auðn um langar stundir. Jarðardýrleiki óviss. Eigandinn kólngr. Majestat. ... Túnstæðið er nú komið í órækt, sýnist þó ekki óbyggilegra en sumar hvörjar smájarðir hjer um pláts. Landið út frá því blásið og graslítið. Jörðin meinast ei kunna aftur byggjast sökum landþrengsla .. Vatnsból skal hjer gott og nægilegt verið ... So vitt af skilvísra gamalla manna sögnum skilja er, þá hefur þessi jörð í eyði lagst í þeim hallæris árum, sem geysuðu um og eftir 1600." Í örnefnalýsingu segir: "Þá er hið óskifta land uppi í heiðinni. Beint hér upp af er eyðibýlið Heiðarhús. Virðist það hafa verið allmiklar byggingar og mikil jörð."

Magnús Grímsson fjallar um Heiðarhús í grein sinni um fornminjar á Reykjanesskaga. Þar segir: "Upp undan Rafnkellsstöðum er eyðibær, sem heita Heiðarhús, á vinstri hönd við alfaraveg, þegar farið er frá Keflavík að Útskálum. Þar sér enn fyrir bæjarrústum, túni og túngörðum, og hefir túnið verið æði stórt. Nú er það allt komið í móa og órækt og haft til beitar." Á túnakort frá 1919 er skrifað suðaustan við tún Rafnkelsstaða: "Heiðabær, stórbýlið forna var hér ekki langt frá". Brynjúlfur Jónsson nefnir Heiðarhús í ritgerð sinni um rannsóknir í Gullbringu- og Árnessýslu sumarið 1902 sem birt var í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1903. Þar segir: "Heiðarhús kallast rúst nokkur skamt uppi í heiðinni fyrir ofan inn-Leiruna. Þar hefir fyrrum verið bær. Er það sögn, að þar hafi á sínum tíma verið slíkt stórbýli, að næst hafi gengið Uppsölum og Melabergi..." Rústir heiðarhúsa eru sunnan við Garðbraut og austan við þéttbýlið í Garði, 4-500 m SSV af bæjarhól Rafnkelsstaða 001.

Nú er svæðið mjög gróið og nær gróðurinn víðast um metra hæð. Tveir malarvegir liggja í gegnum eyðibýlið og

ein fyrrum þjóðleið 095:019 er fast við það norðanvert. Utan veganna er svæðið lítt snortið og því er lega býlisins að mestu leyti sýnileg, þrátt fyrir að hafa legið í auðn í fleiri hundruð ára. Hringinn í kringum býlið liggja 2 stórir túngarðar, sá stærri umlykur hinn, og töluvert er af kálgorðum innan þeirra. Að norðan og vestan við býlið er mikil lúpinurækt, mest rétt utan við og á ysta túngarðinum. Í norðvesturhorninu er þó garður innan ysta garðsins sem settur er lúpinum. Víða um svæðið má sjá leifar 20. alda girðinga svosem staura, gaddavír og aðrar víraflækjur. Svæðið er þó hvergi girt í dag (2008).

Um er að ræða allstórt tóftasvæði sem teygir sig út frá háum, mjög grösugum hól, sem er líkast til bæjarhóll eldri byggðar Heiðarhúsa. Nú eru á honum tvær tóftir, en ummerki eru um að hólinn sé töluvert eldri en þær tóftir. Mikið af þeim tóftum sem nú standa tilheyra yngri notkunarstigum, og hefur mikið af yngri minjunum raskað þeim eldri. Tóftasvæðið er umlukið túngarði (O) sem er á um 200x200 m svæði. Um er að ræða 10 leifar sem flokkast ekki sem garðar, mikill hluti þeirra tóftir, og að minnsta kosti 7 kálgarðar. Hólinn er um 40 x 20 m stór og snýr norðvestur-suðaustur, og er um 2 m að hæð. Tvær tóftir eru á hólnum, (A og B). Sunnan við kálgarðana er mikil gryfja (C). Hún er hringlaga, 15 m í þvermál og um 1,5 m á dýpt. Fyrir miðju gryfjunnar er mýrargróður þrátt fyrir algert vatnsleysi. Í Garði er þó ekki óalgenget að tjarnir þorni upp á sumrin svo líklegt er að hér sé vatn á öðrum árstímum. Ekki er ljóst hvort gryfjan er manngerð.

Tóft A sem er 2 m vestan við tóft B er tvískipt, 8 x 5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Nyrðra hólfið er um 1,5 x 1,5 m að innanmáli og hleðsla þess um 0,8 m. Það er hlaðið úr grjóti og torf en lítið hefur hrunið úr veggjunum sem eru 0,8 m háir. Op er úr hólfinu í suðaustur í næsta hól sem er um 3 x 3 m að innanmáli. Í miðju hólfsins er hlaðinn garði eða stétt í botninum. Vegg-hleðslur þessa hólfs eru mjög svipaðar og í nyrðra hólfinu, um 0,8 m háar. Hleðslurnar eru ekki mjög grónar, og eru þær vel greinanlegar.

Tóft B 2 m austan við tóft A er tvískipt, 7 x 5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólfin eru sömu stærðar, 2 x 2,5 m að innanmáli og snúa í norðvestur-suðaustur. Í nyrðra hólfinu er nokkuð af hruni en lítið er í því syðra. Norðan við tóftina, í norðausturhlið bæjarhólsins sér í hleðslur, sem gætu verið eldri byggingarstig, en þær tilheyra ekki tóft B. Op er í tóftina á suðausturhlið hennar, og er innangengt í bæði hólfin þaðan. Veggir tóftarinnar eru töluvert signir suðaustan megin, en standa í um 1 m hæð norðvestan megin.


75 m austan við gryfju C og 100 m norðaustan við tóft A er þúst D. Þústin er 3 x 1,5 m að stærð, sennilega leifar af mannvirki.

Í miðjum garði (S) er 0,3 m hár upphækkunarflötur, um 5 x 5 m að stærð. Í miðju flatarins er um 1,5x1,5 m gróf (E), sem fyllt hefur verið af grjóti. Tilgangur hennar er óþekktur en hugsanlega hefur hún þjónað tilgangi brunns.


75m austan við tóft A er um 0,6 m hár hól sem á eru tvær útflattar tóftir, F og G.

Tóft F sem er 3 m suðaustan við tóft G er 4 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðslur hennar eru um 0,2 m háar og algrónar. Innan tóftinnar er um 0,7 m djúp hola. Inngangur er á vesturhlið tóftar.


Tóft G sem er 3 m norðvestan við tóft F er 2 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er afar illa farin, og nær hleðsluhæðin hvergi 0,2 m. Í veggjum hennar er einn stór steinn. Inngangur er í norðurhlið. 60 m vestan við bæjarhólinn er afar reisuleg tóft, H, með áföstum garði. Hleðslurnar eru allt að 1,4 m háar og afar greinilegar, í þeim sést grjót greinilega. Tóftin



Tóft 021 C



Tóft 021 A



Tóft 021 B

er um eitt hól að ræða og er inngangur þess vestan megin í suðurhlið, og liggur því ekki út í garðinn. Innan tóftinnar er nokkuð af njóla en vestan við hana er hrun. Áfast gerðið er um 5 x 6 m að stærð og snýr norður suður. Þó hefur garðurinn líkast til umlukið tóftina að sunnan, en þær hleðslur eru nú alveg útflattar. Líklegt er að tóft þessi hafi verið notuð á 20. öldinni, en hún er með eindæmum vel varðveitt miðað við aðrar leifar á svæðinu.

Um 1 m austan við austurgarðshorn tóftar H er 4 x 4 m stór tóft, hér nefnd I. Hleðslan er afar sigin, og nær ógreinanleg ef ekki væri fyrir holu í henni miðri. Holan er um 0,8 m djúp og í botni hennar má finna fyrir hleðslugrjóti.

80 m norðaustan við tóft H og 80 m norðan við tóft A er 2 x 1 m þúst, J, sem sést vel vegna gróðurfarsmunar. Ekki er vitað hvað hér hefur verið en ekki þykir ósennilegt að um brunn hafi verið að ræða.



60 m sunnan við bæjarhól má á fjórum stöðum sjá greinilegar torfristur (K). Jarðarbók Árna og Páls nefnir að jarðir neðan við gamla þjóðveginn [095:019] hafi nýtt sér torftökurétt í óskiptu landi "án betalnings". Um er að ræða grunnar ristur, í frekar óreglulegum reitum. Þeir eru misstórir og liggja á 30 x 12 m svæði, sem snýr í austur-vestur. Í austurhorni ysta túngarðsins (O), 75 m sunnan við bæjarhól er gryfja (L), 2 x 2 m að innanmáli og ríflega 1 m á dýpt. Þessi gryfja er greinilega manngerð en er nú (2008) farin að gróa allvel.

Norðaustan við bæjarhólinn eru tvær rásir (N). Sú dýpri er um 1 m djúp. Kantar rásanna eru frekar skarpir. Ekki er vitað um hvað er að ræða, þetta gæti verið einhversskonar garður, leið eða jafnvel yngri tíma rask, t.d. vatnslagnir.

110 m sunnan við bæjarhól er tóft M, hugsanlega brunnur. Hún er hringlaga og 3 m í þvermál. Í miðju hennar er hola. Tóft þessi er algróin. Töluvert er af garðlögum við þetta eyðibýli. Í kringum bæjarhólinn er nokkuð af hleðslum sem minna á kálgarða, en erfitt er að átta sig á á jörðu niðri. Á loftmynd er hægt að greina 3 garða, líklegast kálgarða. 2 þeirra (P) liggja inn í bæjarhólinn, og virðast mynda norðurhluta tófta A og B. Hleðslurnar eru nú algrónar, og um 0,7 – 0,8 m háar austan megin, en nær ógreinanlegar vestan megin. Kálgarðarnir 2 (P) eru hvor um sig 15x30 m og snúa norður-suður, en sundurkliptir af bæjarhólnum. Garðarnir (P) liggja

**Hættumat:** fast upp við hvorn annan. 5 m austan við kálgarðana (P) er svo vel afmarkaður kálgarður (T) sem er 15 x engin hætta 15 m sem snýr 45° miðað við kálgarða (P). Malarvegur liggur í norður-suður í gegnum alla kálgarðana (P

**Heimildir:** og T) og gerir þá illgreinanlega. JÁM III, 97-98; Ó-Hrafnkellsstaðir, 2; Magnús Grímsson. 1940, 244; Um 15 m vestur af Heiðarhússhólum er 20 x 12 m stór kálgarður (U) sem snýr suðvestur-norðaustur. Í Túnakort, 1919; Árbók 1903, 35.

suðvestur út frá honum liggja svo tveir aflangir garðar (V) sem hvor um sig eru 15 x 70 m að stærð.

Líklegt er að kartöflur hafi verið ræktaðar í þeim austari á 20. Öldinni. Garðarnir eru afgangir með lágum, um 0,4 m háum hleðslum sem nú eru algrónar.

100 m suðsuðvestan við bæjarhólinn eru tveir reitir umluktir gördum, sá syðri (R) er sennilega gamall kálgarður, en tilgangur nyrðri reitsins (S) er óljósari. Syðri reiturinn (R) er 12 x 30 m að stærð og snýr austur-vestur, en sá nyrðri (S) er 30 x 50 m að stærð og snýr norður-suður.

Norðaustan við hólinn er í dag (2008) ákaflega þýft svæði og á stöku stað má finna hleðslur undir jarðvegi en ekki tekst að rekja þær. Ekki sjást traðir niður að gamla þjóðvegnum (095:019). Utan um Heiðarhús er túngarður (O) sem hefur um 200 m þvermál. Svæðið innan hans er eina svæðið á heiðinni sem telst fullgróid, og gefur það vísbendingu um mikinn og næringarríkan jarðveg.


**GK-633:022** tóft óþekkt

64°03.700N 22°38.488V

Tóft er um 130 m norðan við bæjarhól á Heiðarhúsum 021. Tóftin er á þýfðum upplásnum hól, sem umlukinn er malarblettum.

Hóllinn er um 10 m í þvermál, nær hringlaga. Tóftin er sunnarlega á hólnum á honum. Tóftin er afar ógreinileg en virðist vera um 4 x 2,5 m stór og snýr í norðvestur-suðaustur. Í miðju tóftar má greina einhversskonar rás en veggirnir eru um 0,5 m háar en hlaupnir í þúfur svo engin samfella er í þeim.

**Hættumat:** hætta, vegna upplásturs



Tóft 021 D



Yfirlitsmynd af tóftasvæðinu 021



Tóft 023, horft til suðvesturs

**GK-633:023** *Smalaskálaflatir* tóft rét

t64°03.268N 22°39.052V

"Þar innar [en Heiðarhús 021] eru Smalaskálaflatir," segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum við lýsinguna segir ennfremur: "Á Smalaskálaflötum sést móta aðeins fyrir smárétt, en engu smalabyrgi." Réttin er 870 m norðan við Árnarétt og um 1,5 km suðvestur af sjávarlínunni. Hún er um 1,4 km suðvestur af Rafnkelsstöðum 001. Réttin er í hlíðum hæðar í heiðinni sunnan við Garð. Í nágrenninu eru nokkrir svipaðir hæðatoppar. Réttin er lauslega hlaðin, um 6 x 6 m að utanmáli en um 4 m í þvermál að innan.. Hleðslurnar eru um 0,6 m á breidd og hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:**Ö-Hrafnkelsstaðir, 2; Ö-Rafnkelsstaðir, aths., 2.**GK-633:024** *Hríshólavarða* varða landamerki

64°03.326N 22°38.032V

"Þar innar [en Heiðarhús 021] eru Smalaskálaflatir [633:023] og Hríshólavarða," segir í örnefnalýsingu. Landamerkjalyking Gufuskála frá 1889 er endurskrifuð í örnefnalýsingu jarðarinnar, þar segir: "Úr Grænugróf [099:029] í, stein merktan með LM [100:014] er liggur við aukavegin [100:015]. Þaðan beina sjónhendingu í Hríshalavörðu," og síðar "Hríshólavarða er í stefnu vestsuðvestur af Ellustekk [099:030] og er merki í hana eins og áður segir." Hríshólavarða liggur í norðurhorni kross sem myndast við krossgötur tveggja malarvega. Varðan er 625 m suðaustan við Heiðarhús 021.

Varðan stendur efst á hæð í múnum suðaustan við þéttbýlið.

Um er að ræða ferningslaga hleðslur og gróf í miðju þeirra. Grófin er hálf full af hleðslugrjóti. Hleðslurnar eru um 2 m á kant, en eru að nokkru leyti hrundar austan megin. Varðan er um 1 m á hæð og hlaðin úr mjög grófu grjóti.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:**Ö-Hrafnkelsstaðir, 2; Ö-Gufuskálar, 2,7.**GK-633:025** *Árnarétt* tóft rétt

64°02.875N 22°38.453V

"Fyrir ofan veg er óskift land, beutiland, er nær alla leið inn á Háaleiti, inn á flugvöll. Hér upp af uppi í heiði er Árnarétt, skilarétt. Hana byggði Árni Þorvaldsson, sem hér var stórbóndi og flutti svo að Innra-

Hólmi. Réttin er skemmtilega hlaðin og mjög lítið dottið úr henni. Hún er víðast mannhæðarhá," segir í örnefnalýsingu. Réttin er 1,4 km sunnan við Heiðarhús 021.

Þýfðir móar allt í kring. Mikið mávavarp er í þeim.

Réttin er vel hlaðin og stendur nær óskert í dag (2008).

Hún er um 9m í þvermál, og myndar nær fullkominn hring. Hleðslurnar eru um 1,5 m á breidd og um 2 m á hæð allan hringinn. Op í réttina er í suðvestur og er um 1 m á breidd. Innan réttinnar er eitthvað hrútið inn, en greinilega hefur verið bætt í hana á seinni tímum.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:**JÁM III, 97

*Tóft 025, horft til norðurs*

## 5. Fornleifar og byggð

Enn er of snemmt að draga almennar ályktanir um fornleifar í sveitarfélaginu Garði í heild, enda skráningu ekki nærri því lokið. Hér að aftan verður þó reynt að draga saman helstu niðurstöður um einstaka minjaflokka úr áfanganum 2008 en varðandi umfjöllun um eldri skráningarhluta vísast í eldri skýrslur sem eru upptaldar í inngangi.

### ***Bæjarhólar og býli***

Margra jarða á skráningarsvæðinu er getið í skrá um hvalskipti á Rosmhvalanesi 1270.<sup>5</sup> Þetta eru: Miðhús, Krókur, Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Varir, Meiðastaðir og Rafnkelsstaðir. Að auki er getið um tvö býli sem nú eru óþekkt, Straglastaði og Darrastaði og giskað hefur verið á að þau hafi staðið þar sem Ívarshús og Kothús voru í seinni tíð. Af þessu sést að lögbýli hafa snemma staðið ákaflega þétt á svæðinu, svo jaðrar við að hægt væri að kalla það hverfi eða þorp. Val á bæjarstæðum hefur væntanlega að miklu leyti miðast við aðgengi að sjó, enda raðast þessir elstu bæir í línu meðfram sjávarsíðunni. Hjáleigubýggð virðist ekki hafa aukist að marki fyrr en á 19. öld, í það minnsta eru ekki taldar margar slíkar í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem var rituð árið 1703.

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir og má heimfæra það upp á flest gömlu lögbýlanna, þ.e. á þeim sjást bæjarhólar en almennt ekki á yngri hjáleigum. Hólarnir verða til úr gólfögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakort, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem hefur farið einna verst í uppbyggingu í landbúnaði og endurbótum á húsakosti á 20. og 21. öld.

Myndarlegustu bæjarhólarnir á skráningarsvæðinu eru í Vörum (GK-095:001) og Ívarshúsum (GK-097:001) en á síðarnefnda staðnum hafa sennilega ekki staðið hús síðan snemma á 20. öld. Virðist hóllinn, sem er stór og myndarlegur, afar vel varðveittur. Menn hafa getið þess til að annaðhvort tveggja fornþýla, Darrastaðir eða Straglastaðir, hafi hugsanlega staðið á þessum stað löngu áður en Ívarshús komu til sögunnar. Varir eiga sér einnig langa sögu, er fyrst getið í skrá yfir hvalskipti um 1270. Bæjarhóllinn, sem hefur verið

---

<sup>5</sup> DI II, 76-80.

mjög myndarlegur, er þó illa farinn eftir að bílskúr var grafinn inn í hann fyrir nokkrum árum. Vitað er um lítinn öskuhaug (GK-095:003) skammt norðan við íbúðarhúsið í Vörum og virðist hann óskemmdur að mestu.

Á Miðhúsum (GK-088:001), Gerðum (GK-091:001), Gauksstöðum (GK-092:001), Skeggjastöðum (GK-093:001), Brekku (GK-094:001) og Meiðastöðum (GK-092:001) eru vel greinilegir bæjarhólar en 20. aldar byggingar standa á þeim öllum og hafa sjálfsagt haft áhrif á varðveislu fornleifa í öllum tilvikum. Kola- og beinaleifar hafa fundist í hólum bæði á Gauksstöðum og Skeggjastöðum og sennilega er öskuhaugur skammt norðan við íbúðarhúsið á Brekku (sjá GK-094:001).

Ekki er ljóst hvenær hjáleigu- og þurrabúðabyggð tekur að þéttast að ráði í Garði. Eins og áður segir eru aðeins fáeinir hjáleigir eru nefndar í Jarðabók Árna og Páls árið 1703 en svæðið kringum Útskála er þó undantekning, enda okkrar hjáleigir þaðan orðnar að lögbýlum árið 1847 og sumar sennilega löngu fyrr (Lónshús, Akurhús, Nýibær, Móakot, Presthús, Garðhús, Vatnagarður). Þegar komið er fram á 19. og 20. öld er ljóst að býlum hefur fjölgað gríðarlega á svæðinu en mörg hafa haft litlar sem engar grasnytjar. Byggð á mörgum þessara kota hefur verið óstöðug, sum aðeins varað um skamma hríð og greinilega hefur verið algengt að nafnabreytingar á býlunum fylgdu nýjum ábúendum. Öll þessi býli eru upptalin í töflu aftar í þessum kafla og stuttlega getið um ástand minja, þar sem enn sást til rústa. Ástæða er til að verkja sérstaka athygli á vel varðveittum rústum þriggja býla og kálgarða í Rafnkelsstaðalandi en þau hétu Bjarnabær, Finnsbær og Þórðarbær (GK-099:025). Þar sem rústir þurrabúða eru varðveittar eru þær yfirleitt svo smáar að það vekur furðu að fólk geti hafa hafst við í slíkum kytrum. Oft hafa bæjarhús verið á bilinu 4-5 m í þvermál að utanmáli. Yfirleitt fylgja þeim kálgarðar eða litlir, afgirtir túnskikar og stöku sinnum agnarsmáar kofatóftir sem gætu hafa hýst nokkrar skepnur eða jafnvel verið kartöflukofar. Mest hefur hjáleigugerið verið í landi Gerða, a.m.k. 18 býli og er t.d. umhugsunarvert hvers vegna bændur í Vörum hafa ekki sóst eftir fleira þurrabúðarfólki þar sem besta lendingin var einmitt fyrir landi Vara.

Rústir tveggja býla, hugsanlega fornra, skera sig nokkuð úr fornleifaflórunni í Garði, enda hafa þau haft afgirt tún og bæði verið nokkuð fjarri sjónum. Þetta eru Heiðarhús (GK-633:021) og Skálareykir (GK-080:037). Á báðum stöðum eru túnstæði þökkalega vel varðveitt og fornlegir garðar umhverfis en jafnframt eiga rústasvæðin sammerkt að þar hafa menn haldið áfram að nýlja landið, sennilega fram á 20. öld, þótt byggð liði undir lok, bæði með kálgörðum og sennilega skepnuhaldi og beit. Af þeim sökum eru rústir sem hafa tilheyrt upphaflegum bæjarstæðum ekki augljósar. Ekki er vitað hvenær Heiðarhús byggðust fyrst.

Jarðarinnar er getið þegar árið 1478 en hún var löngu komin í eyði þegar Árni og Páll rituðu jarðabók sína árið 1703. Skálareykja er ekki getið í jarðabókum, hvorki 1703 né 1847.

Í töflunni hér að neðan er gerð grein fyrir öllum bæjarstæðum á skráningarsvæðinu en nánari umfjöllun er að finna í fornleifaskrá:

Númer	Heiti	Í byggð	Ástand
080:037	Skálareykir	?	Tóftir og garðlag (yngri minjar áberandi)
087:001 og 002	Vatnagarðar	Hjáleiga Útskála, fyrst byggð 1703	Steyptur grunnur undan húsi, enginn eiginlegur bæjarhóll
088:001	Miðhús	Fyrst getið um 1270	Bæjarhóll varðveittur að nokkru leyti
089:001	Krókur/Sólbakki	Fyrst getið um 1270	
089:002	Grund	19.-20. öld?	Horfið
089:006	Garðbær	19.-20. öld	Horfið
089:007	Lykkja	19.-20. öld?	Horfið (smápústir)
089:012	Smærnavöllur/Bræðraborg	19.-20. öld?	Bæjarhóll og tvær litlar tóftir
089:017	Krókshjáleiga	Getið 1703	Óþekkt staðsetning – hugsanlega sama og Smærnavöllur 012 eða Lykkja 007
089:018	Ónefnd hjáleiga	Getið 1703	Óþekkt staðsetning
089:019	Ónefnd hjáleiga	Getið 1703	Óþekkt staðsetning
089:022	Vegamót	Í byggð 1919	tóft
089:024	Sólbakki	19. öld?	Horfið v/ sjávarágangs
089:025	Bali	19.-20. öld	Tóft
090:001	Krökkvöllur	Getið 1847	Íbúðarhús, enginn bæjarhóll
091:001	Gerðar	Fyrst getið 1703	Íbúðarhús á mögulegum bæjarhól
091:002	Gerðar		Íbúðarhús á bæjarhól
091:003	Auðunnarbær	Í byggð upp úr 1900	Tóft eða grunnur
091:004	Nielsarbær	Í byggð upp úr 1900	Leifar af grunni
091:010	Bakki (Þjóðbraut)	Sýnt á túnakorti 1919	Tvær tóftir
091:018	Jaðar	Í byggð 1919	Íbúðarhús undir þaki
091:022	Valbraut		Sjá 034
091:023	Ónefnd hjáleiga	Getið 1703	Óþekkt staðsetning
091:027	Skúlahús	Getið 1703, í byggð á 19. öld	Óviss staðsetning
091:029	Önnuhús, sennilega sama og Vorhús	Í byggð 1919	Tóftir, kálgarðar og grunnar
091:030	Klökk (Miðengi?)	Í byggð 1919	Grjóthlaðinn grunnur
091:031	Einarshús	Í byggð 1919	Steyptur grunnur og kálgarðar
091:033	Þorsteinshús	Í byggð 1919	Óverulegar hleðsluleifar
091:034	Fjósar (Valbraut 022 fast við)	Í byggð upp úr 1900	Tóftir
091:038	Eyjólfshús	Í byggð 1919	Horfið undir byggð
091:039	Haraldshús (Steinbogi)	Í byggð 1919	Tófta- og garðleifar
091:040	Mjósund	19. eða 20. öld?	Staðsetning óþekkt
091:041	Sigurjónshús	Í byggð 1919	Horfið undir byggð
091:043	Settubær	20. öld?	Tóftir og garðlög
091:045	Steinshús	Í byggð 1919	Íbúðarhús
092:001	Gauksstaðir	Fyrst getið um 1270	Íbúðarhús á bæjarhól
092:012	Hábær	Í byggð upp úr 1900	Rústir á meintu

092:011	Bjarghús	19.-20. öld?	bæjarstæði Háþéjar Nákvæm staðsetning óþekkt, hugsanlega sama og tóftir 092:011.
092:018	Tjarnarkot	19.-20. öld?	Nákvæm staðsetning óþekkt, sennilega horfið
093:001	Skeggjastaðir	Fyrst getið um 1270	Þokkalegur bæjarhóll með íbúðarhúsi
093:002	Húsatóftir	Í byggð upp úr 1900	Tóftir
093:005	Ónefnt býli	Í byggð um miðja 20. öld	Horfið undir byggð
093:009	Steinsstaðir	Í byggð upp úr 1900	Stórt íbúðarhús
093:011	Eiði	Í byggð upp úr 1900	Horfið undir byggð
093:017	Garðsvíki/Garðsríki	Í byggð upp úr 1900	Nákvæm staðsetning óþekkt
093:018	Sigríðarstaðir	Í byggð upp úr 1900	Nákvæm staðsetning óþekkt
094:001	Brekka	Fyrst getið um miðja 16. öld	Þokkalegur bæjarhóll með íbúðarhúsi
094:004	Brekkukot/Brekkubær	Í byggð upp úr 1900	Að mestu horfið undir íbúðarhús
095:001/002	Varir	Fyrst getið um 1270	Myndarlegur bæjarhóll með íbúðarhúsi, mikið skemmdur
095:025	Ónefnd hjáleiga	Getið 1703	Staðsetning óþekkt
095:026	Ónefnd hjáleiga	Getið 1703	Staðsetning óþekkt
096:001/002	Kothús	Getið 1703	Íbúðarhús á bæjarstæði, engin upphleðsla
096:008	Garðsstaðir	Í byggð upp úr 1900	Uppistandandi timburhús
096:011	Blómsturvellir	Í byggð um 1900	Horfið í tún
096:012	Kaldbak	Í byggð upp úr 1900	Tóftir
096:013	Móabær/Nóabær	Í byggð framyfir 1900	Horfið, smáhóll
096:015	Hausthús	Í byggð upp úr 1900	Uppistandandi timburhús
096:018	Darrarstaðir	Getið um 1270	Staðsetning óþekkt; gæti verið sama og Kothús/Ívarshús
097:001	Ívarshús	Getið um miðja 16. öld	Myndarlegur og vel varðveittur bæjarhóll
097:008	Litlibær	19.-20. öld??	Staðsetning óþekkt, sennilega horfið
097:009	Litlu-Kothús	19.-20. öld??	Staðsetning óþekkt, sennilega horfið
097:011	Straglastaðir/Stranglastaðir	Getið um 1270	Staðsetning óþekkt; gæti verið sama og Kothús/Ívarshús
098:001	Meiðastaðir	Getið um 1270	Þokkalegur bæjarhóll með íbúðarhúsi
098:004	Meiðastaðakot vestara	19. öld?	Lítill rústahóll
098:005	Meiðastaðakot eystra	19. öld?	Lítill rústahóll
099:001/2	Rafnkelsstaðir	Getið um 1270	Þokkalegur bæjarhóll með íbúðarhúsi
099:024	Réttarholt	19.-20. öld	Íbúðarhús
099:025	Finnsbær/Holt	Í byggð 1919	Horfið undir íbúðarhús
099:025	Bjarnastaðir/Grund	Í byggð 1919	Tóftir og garðlög
099:025	Þórðarbær	19. öld (virðist kominn í eyði 1919)	Tóftir og garðlög
099:027	Pálsbær	19.-20. öld	Þúst og garðlag
633:021	Heiðarhús	Fyrst getið 1478	Tóftir og garðlag

## **Kirkjur, kuml og legstaðir**

Ekki er vitað um nein kuml á skráningarsvæðinu og raunar hafa aðeins tvö slík verið staðfest á öllum Reykjanesskaganum: Á Hafurbjarnarstöðum og Gerðakoti suðvestan Hvalsness. Sóknarkirkja var og er á Útskálum en engar heimildir greina frá bænhúsum eða hálfkirkjum á jörðum á skráningarsvæðinu. Af heimildum að dæma hefur því ekkert guðshús verið milli Útskála og Hólms í Leiru. Þó má nefna að í landi Gerða heitir Kirkjuflöt (GK-091:009) skammt frá bæ en ekki þó vitað nákvæmlega hvar hún var. Hugsanlega er örnefnið vísbending um að bænhús eða hálfkirkja hafi verið í Gerðalandi. Bærinn var einmitt meðal hinna hæst metnu á skráningarsvæðinu, 25 HDR., og má ætla að hann hafi byggst snemma. Bænhús er einmitt helst að finna á slíkum stöðum.

## **Garðlög**

Garðlög eru stærsti minjaflokkurinn í Garði og án efa sá flokkur minja sem setur mestan svip á umhverfið þar. Eins og nefnt var í 2. kafla er nokkrum vandkvæðum bundið að skrá garðlögin, enda mynda þau flókið kerfi og eru sýnilega misgömul. Ekki er alltaf auðvelt að ákveða hvaða garðlög tilheyra sama mannvirki eða byggingarstigi og því er erfitt að birta tölulegar upplýsingar um garðlög líkt og aðra minjastaði, enda geta fleiri en eitt garðlag stundum verið skráð undir einu númeri.

Garðlögin þjónuðu ýmsum hlutverkum. Sum voru hlaðin milli jarða (sjá kafla um landamerki) og hafa þá væntanlega einnig þjónað hlutverki túngarða, enda hefur eignarland jarða neðan gamla þjóðvegjar, sem skilur þær frá óskiptu landi sunnar, nánast allt verið ræktað land, tún og/eða kálgarðar. Eftir því sem byggð þéttist á svæðinu hefur garðhleðsla væntanlega aukist um hinar nýju byggðaeiningar og garðanetið orðið flóknara eftir því sem leið á 19. öldina. Sumum görðum hefur verið haldið við allt fram á þennan dag en erfitt er að ráða af yfirborðsummerkjum hvort þeir eru gamlir að stofni til eða jafnvel nýhleðslur frá 20. öld. Af þeim sökum voru einfaldlega öll sýnleg garðlög á svæðinu skráð, jafnvel þótt sum gætu mögulega verið yngri en 100 ára. Það er þó rétt að hafa þann fyrirvara á að jafnvel þótt garðlag sé nýlegt að sjá getur það hafa verið endureist á fornum grunni. Sumir garðar hafa verið hlaðnir meðfram fjölförnum leiðum, svonefndar traðir. Þær best varðveittu á skráningarsvæðinu eru austan við Rafnkelsstaði (GK-099:011). Aðrir hafa verið hlaðnir um kálgarða eða túnskika sem tilheyrðu ákveðnum býlum en um þá er nánar fjallað í kafla um kálgarða hér að aftan. Sum garðlög teljast einfaldlega með óþekkt hlutverk, enda er alls ekki

alltaf hægt að ráða í hlutverk þeirra. Á þetta bæði við um nýhleðslur og garðlög sem tilheyra sýnilega eldri byggingarskeiðum.

Fjöldi garðlaga í Garði helgast sennilega fyrst og fremst af þéttbýlinu, en ljóst er að þéttbýlt hefur verið þar allt frá fyrstu tíð, jafnvel áður en hjáleigubýggð tók að aukast að marki á 19.-20. öld. Gömlu lögbýlin Rafnkelsstaðir, Meiðastaðir, Varir, Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka og Gerðar standa mjög þétt og hefur ástæðan væntanlega verið sú að skipulag byggðarinnar miðaðist fyrst og fremst við sjósókn og góðar lendingar. Hver einasti túnskiki hefur verið verðmætur og menn þurft að grípa til allra tiltækra ráða til að verja túnin fyrir skepnum og ágangi nágranna. Garðlögin gætu verið lykillinn að því að ráða í þróun byggðarinnar, sérstaklega ef hægt væri að aldursgreina þau. Stundum er hægt að setja fram tilgátur um í hvaða röð garðlögin hafi verið reist út frá afstöðu þeirra í milli. Varlega verður að fara í kenningasmíð að svo stöddu en til að nefna dæmi má halda því fram að garður sem liggur í Rafnkelsstaðalandi (GK-099:026), frá nýbýlinu Holti og að sjó, hljóti að vera meðal eldri garða á svæðinu. Austasti hluti hans er fornlegur og býlin Finnsbær (nú Holt), Þórðarbær og Bjarnabær (sjá GK-099:025) eru líklega tilkomin síðar en hann. Þá sést útsléttaður, fornlegur hryggur í túni í framhaldi af garðinum sem gætu verið frekari leifar af honum. Þessi garður er mjög sennilega til vitnis um eldra skipulag í Garði og má jafnvel geta þess til að hann hafi upphaflega afmarkað sameiginlega tún Rafnkelsstaða og Meiðastaða með líku fyrirkomulagi og enn sést t.d. á Gufuskálum, næsta bæ austan við Rafnkelsstaði. Þar er tún einmitt markað með bogadregnum garði upp frá sjávarsíðunni. Annars eru bogadregnar línur sjaldséðar meðal unglegra garða á svæðinu en yfirleitt afmarka garðlög ferkantaða reiti.

### **Kálgarðar**

Kál- og kartöflurækt virðist hafa blómstrað í Garði á 20. öld ef marka má fjölda kálgarða sem sýndir eru á túnakortum frá 1919. Sennilega hefur ræktunin þá verið tiltölulega nýtilkomin, enda telur Jón Þ. Þór að jarðrækt hafi fyrst færst í aukana á 19. öld.<sup>6</sup> Þegar sóknarlýsing Útskálaprestakalls var rituð árið 1839 var sóknarpresturinn í það minnsta ekki upprifinn yfir kálrækt samsveitunga sinna: „Kálgarðarækt er á sumum stöðum vel stunduð, en víða líka miklu verr en vera ber.“<sup>7</sup> Fjöldinn allur af kálgörðum var skráður sumarið 2008 eins og sést í töflunni hér að neðan og í sumum tilvikum eru þeir vel varðveittir, t.d. kálgarður utan í bæjarhól á Skeggjastöðum (GK-093:001) og annar á bæjarhól Ívarshúsa (GK-097:001), sem

---

<sup>6</sup> Jón Þ. Þór 1998, 91.

<sup>7</sup> SSGK, 177.



hefur sennilega verið notaður lengi eftir að bærinn fór í eyði snemma á 20. öld. Einnig hefur kálgarðarækt sýnilega verið stunduð á rústum Heiðarhúsa (GK-633:021) fram eftir öldinni. Væntanlega hefur verið góð rækt í hólunum og spretta góð. Sérstaklega má benda á flókin net kálgarða sem sennilega hafa verið í notkun allt fram á 20. öld, annars vegar við þurrabýlin Þórðarbæ, Bjarnabæ og Finnsbæ (GK-099:025) og hins vegar við Önnuhús, Einarshús o.fl. býli (GK-091:029, 031). Margir kálgarðar eru á hinn bóginn horfnir nú vegna túnasléttunar og bygginga. Kálgarðar í Garði eru sennilega fleiri en þeir sem taldir eru í töflunni hér að neðan, enda oft sambyggðir t.d. bæjarhólum og öðrum garðlögum og þá skráðir með þeim.

Samtala	Heiti jarðar	Hlutverk	Tegund
GK-080:081	Útskálar	kálgarður	gerði
GK-080:082	Útskálar	kálgarður	gerði
GK-080:083	Útskálar	kálgarður	gerði
GK-080:084	Útskálar	kálgarður	gerði
GK-080:085	Útskálar	kálgarður	gerði
GK-080:086	Útskálar	kálgarður	gerði
GK-087:003	Vatnagarður	kálgarður	gerði
GK-087:005	Vatnagarður	kálgarður	gerði
GK-088:003	Miðhús	kálgarður	heimild
GK-089:004	Krókur	kálgarður	gerði
GK-089:009	Krókur	kálgarður	gerði
GK-089:011	Krókur	kálgarður	heimild
GK-089:013	Krókur	kálgarður	gerði
GK-089:014	Krókur	kálgarður	gerði
GK-089:015	Krókur	kálgarður	heimild
GK-089:016	Krókur	kálgarður	heimild
GK-090:002	Krókvöllur	kálgarður	heimild
GK-090:003	Krókvöllur	kálgarður	heimild

GK-091:024	Gerðar	kálgarður	gerði
GK-091:037	Gerðar	kálgarður	heimild
GK-092:003	Gaukstaðir	kálgarður	gerði
GK-093:016	Skeggjastaðir	kálgarður	gerði
GK-094:005	Brekka	kálgarður	heimild
GK-094:006	Brekka	kálgarður	gerði
GK-095:006	Varir	kálgarður	gerði
GK-096:006	Kothús	kálgarður	heimild
GK-096:017	Kothús	kálgarður	gerði
GK-096:019	Kothús	kálgarður	gerði
GK-097:003	Ívarshús	kálgarður	heimild
GK-097:004	Ívarshús	kálgarður	gerði
GK-097:005	Ívarshús	kálgarður	heimild
GK-097:006	Ívarshús	kálgarður	gerði
GK-098:003	Meiðastaðir (Meiríðarstaðir)	kálgarður	heimild
GK-098:009	Meiðastaðir (Meiríðarstaðir)	kálgarður	heimild
GK-099:006	Rafnkelsstaðir	kálgarður	heimild
GK-099:028	Rafnkelsstaðir	kálgarður	garðlag

## Landamerki

Landamerki eru fyrirferðarmikill minjaflokkur á skráningarsvæðinu, annars vegar hlaðnir landamerkjagarðar og hins vegar steinar eða jarðfastir klettur með áletruninni LM. Það er óvenjulegt að menn hafi stuðst að svo miklu leyti við landamerkjasteina, enda eru vörður miklu algengari landamerki. Sennilega hafa steinarnir verið álitnir stöðugri viðmið, enda hætta á að hleðslumenn fjarlægðu lausagrjót þegar gördum á svæðinu var haldið við. Það er óvenjulegt að landamerki hafi verið mörkuð jafn rækilega og í Garði en þar ræður sennilega þéttbýli og lítið landrymi mestu en einnig sú staðreynd að þar er fátt um náttúruleg kennileiti sem hægt er að nota til að afmarka jarðir. Hver einasti skiki sem hægt var að rækta eða beita hefur skipt máli og hætt við að árekstrar yrði milli granna ef landamerki voru ekki skýr. Ekki er ljóst hversu gamlar minjar í þessum flokki eru en þó má giska á að áhersla á merki hafi aukist eftir því sem byggð í Garði tók að þéttast á 19. öld. Það litla sem hægt er að ráða í garðlög út frá afstöðu bendir líka til þess að þvergarðar milli jarða, a.m.k. sumir þeirra, kunni að vera yngri en aðrir hlutar garðakerfisins. Þetta á t.d. við um garð austan Rafnkelsstaða sem áður hefur verið minnst á (sjá GK-099:026). Eftirfarandi landamerkjagarðar voru skráðir og sjást þeir allir að einhverju leyti:

Samtala	Heiti jarðar	Hlutverk	Tegund
GK-095:007	Varir	landamerki	garðlag
GK-092:017	Gaukstaðir	landamerki	garðlag
GK-098:021	Meiðastaðir (Meiríðarstaðir)	landamerki	garðlag
GK-098:014	Meiðastaðir (Meiríðarstaðir)	landamerki	garðlag
GK-095:014	Varir	landamerki	garðlag
GK-095:010	Varir	landamerki	garðlag
GK-088:014	Miðhús	landamerki	garðlag
GK-088:016	Miðhús	landamerki	garðlag
GK-093:004	Skeggjastaðir	landamerki	garðlag
GK-093:003	Skeggjastaðir	landamerki	garðlag
GK-080:044	Útskálar	landamerki	garðlag

Upplýsingar um fjölmarga landamerkjasteina voru skráðar upp úr heimildum, aðallega örnefnaskrá, en aðeins fannst lítill hluti af þeim á vettvangi. Áletranir eru varðveittar á þremur steinum sem marka Varaland og einum milli Rafnkelsstaða og Gufuskála:

Samtala	Heiti jarðar	Hlutverk	Tegund
GK-095:012	Varir	landamerki	áletrun
GK-099:034	Rafnkelsstaðir	landamerki	áletrun
GK-095:009	Varir	landamerki	áletrun
GK-095:016	Varir	landamerki	áletrun

Steinninn sem markar Varaland til suðvesturs (GK-095:012) hefur rétt sloppið við framkvæmdir nýverið og eru nýbyggingar fast sunnan við hann.

Heimildir geta um a.m.k. 14 landamerkjasteina til viðbótar sem enginn þekkir nú og fundust ekki á vettvangi. Líklegt er að flestir þeirra séu horfnir. Þetta á sérstaklega við um steina sem hafa verið við fjöruborðið þar sem mikið rask hefur orðið á síðustu áratugum vegna byggingar sjóvarnargarðs og annars konar byggingarframkvæmda. Upplýsingar um landamerkjasteina voru næstum allar fengnar úr örnefnalýsingum, eins og venjan er við aðalskráningu fornleifa. Eftir að skráningu lauk fengust afrit af rúmlega 100 ára gömlum landamerkjaskráum hjá sveitarfélaginu og benda þær til að steinarnir kunni að hafa verið nokkru fleiri en hér er sýnt.

Samtala	Heiti jarðar	Hlutverk	Tegund
GK-098:015	Meiðastaðir (Meiríðarstaðir)	landamerki	heimild
GK-095:011	Varir	landamerki	heimild
GK-095:017	Varir	landamerki	heimild
GK-092:019	Gaukstaðir	landamerki	heimild
GK-095:018	Varir	landamerki	heimild
GK-098:013	Meiðastaðir (Meiríðarstaðir)	landamerki	heimild
GK-088:011	Miðhús	landamerki	heimild
GK-088:010	Miðhús	landamerki	heimild
GK-088:012	Miðhús	landamerki	heimild
GK-088:015	Miðhús	landamerki	heimild
GK-088:019	Miðhús	landamerki	heimild
GK-088:009	Miðhús	landamerki	heimild
GK-088:017	Miðhús	landamerki	heimild
GK-098:017	Meiðastaðir (Meiríðarstaðir)	landamerki	heimild

Það er býsna athyglisvert að gamli þjóðvegurinn (GK-095:019) skuli ráða merkjum flestra jarðanna að sunnanverðu. Þetta eru í það minnsta Rafnkelsstaðir, Meiðastaðir, Kothús, Varir, Brekka og Skeggjastaðir. Setja má fram þá tilgátu að í upphafi hafi garðlög verið hlaðin með suðurjaðri þessara jarða og umferð verið stýrt út fyrir jarðirnar, enda hafa bændur þurft að passa vel upp á það litla graslendi sem hægt var að halda í rækt. Smám saman hefur svo verið hætt að halda garðlögunum við en þjóðvegurinn, sem lá fast upp að þeim, orðið betra viðmið. Fornleifar styðja þessa hugmynd en leifar af suðurgarði (GK-095:014) má sjá í landi Vara en

þó hefur mátt litlu muna að honum væri raskað við framkvæmdir á síðustu árum.

### **Skepnuhald**

Lítið er varðveitt af minjum um skepnuhald á skráningarsvæðinu annað en garðlög þau sem áður er getið sem hafa sjálfsagt mörg þjónað hlutverki aðhalda eða vörslugarða. Þær útihúsatóftir sem eru varðveittar vitna ekki um mikinn skepnubúskap, enda virðist hann nánast hafa verið aukabúgrein á þessu svæði en sjósóknin í aðalhlutverki. Árið 1837 voru t.a.m. ekki nema 130 ær í Útskálaprestakalli, heldur fleiri brúkunarfar hross eða 142 og 133 kýr.<sup>8</sup> Á þeim tíma var kúpeningur talinn arðlítill vegna lélegra úthaga en líklegt er að ástandið hafi verið heldur skárri fyrr á öldum og svæðið þá kannski ekki jafn rýrt og blásið og á okkar dögum.

Nokkrar útihústóftir með þekkt hlutverk eru enn varðveittar á skráningarsvæðinu. Engin þeirra er af fjárhúsum, sem er sérstakt ef miðað er við landsvísu, en fjárhús eru víða meðal algengustu útihúsa. Niðurstaðan kemur þó kannski ekki á óvart á þessu svæði sé miðað við fjárfjölda í hreppnum á seinni öldum, en það verður að teljast óvenjulegt að ær séu færri en bæði hross og kýr.

Hesthústóft (GK-094:003) er skammt austan við bæ á Brekku. Þar var hýst hryssa með folald um 1940 eftir að húsið hafði verið endurreist úr rústum. Ekki er vitað um hlutverk eldri rústa.

Nokkur fjós eru þekkt á skráningarsvæðinu en oft er reyndar líklegt að upplýsingar um þau hafi ekki ratað inn í heimildir hafi þau verið sambyggð bæjarhúsum eins og víðast tíðkaðist. Á Meiðastöðum var fjós (GK-098:002) skammt norðaustan við bæ, nú löngu horfið. Sennilega hefur verið fjós skammt suðvestan við Kothús (GK-096:005) og sjást þar byggingaleifar sem tilheyra að líkindum yngri byggingastigum bílskúrs og hlöðu. Þá er ónefnt býlið Fjósar í Gerðalandi (GK-091:034). Ekki er vitað um uppruna nafnsins en verður þó að teljast líklegt að býlið hafi verið reist á gömlu fjósstæði, þá sennilega frá Gerðum.

Mjólkurdropar hafa verið kreistir úr þessum fáu ám í Garði líkt og annarsstaðar á landinu ef marka má heimildir um tvo stekki, en það voru aðhöld sem ær og lömb voru aðskilin í að vorinu. Gerðastekkur virðist nú týndur, líklega horfinn undir byggð (GK-091:032) en Ellustekkur (GK-099:030) í Rafnkelsstaðalandi er ágætlega varðveittur skammt ofan Garðbrautar. Kannski er stærð hans til vitnis um hvað búskapurinn hefur verið smár í

---

<sup>8</sup> SSGK, 178

sniðum en tóftin virðist aðeins eitt hólfi, varla nema 4-5 m í þvermál að utanmáli.

Þá eru ónefnd tvö mannvirki í óskiptu landi ofan byggðarinnar sem tengjast skepnuhaldi. Á Smalaskálaflötum (GK-633:023) er lítil rúst, sennilega smárétt frekar en smalakofi. Árnarétt (GK-633:025) er stæðileg rúst sem líkist fjárborg, hlaðin af Árna Þorvaldssyni bónda í Hólmi. Ekki fundust upplýsingar um hvenær Árni var upp á sitt besta en réttin er varla mjög gömul. Hún er kölluð skilarétt í örnefnalýsingu en líkist þó meira fjárskýlum þar sem fé gekk við opið að vetrinum.

### **Sjósókn**

Flestar minjar um sjósókn í þéttbýlinu í Garði hafa horfið vegna tíðra framkvæmda við sjávarsíðuna á 20. öld. Þetta á við um naust, fiskreiti, sundmerki o.fl. Undantekningin frá þessu eru ruddar varir, en margar slíkar eru ágætlega varðveittar og hafa verið merktar með skiltum á undanförunum árum af Guðmundi Garðarssyni og Vilhelm Guðmundssyni. Augsýnilega hefur mikil vinna verið lögð í að halda vörunum þökkalegum, enda líf manna komið undir því að hægt væri að ná landi. Í heimildum er besta lendingin talin Varaós sem skiptist í Brekkuvör (GK-094:010), Konungsvör (GK-095:020), Varavör (GK-095:021) og Kothúsavör (GK-095:022). Sumar aðrar voru taldar varasamar, t.d. er Gerðavör (GK-091:007) sögð „voveifleg“ í jarðabók árið 1703.<sup>9</sup> Rafnkelsstaðavörin (GK-099:016) var talin ein sú versta á svæðinu en naut þó huldufólksverndar skv. alþýðutrú, enda fórst þar enginn maður. Skýringin var talin sú að bátar brotnuðu ekki fyrr en upp í landsteinunum – sannkallað lán í óláni.

Samtala	Heiti jarðar	Hlutverk	Tegund
GK-091:007	Gerðar	lending	heimild
GK-092:005	Gaukstaðir	lending	mannvirki
GK-094:010	Brekka	lending	hleðsla
GK-095:020	Varir	lending	mannvirki
GK-095:021	Varir	lending	mannvirki
GK-095:022	Varir	lending	mannvirki
GK-095:023	Varir	lending	heimild
GK-098:018	Meiðastaðir (Meiríðarstaðir)	lending	heimild
GK-099:016	Rafnkelsstaðir	lending	mannvirki
GK-099:023	Rafnkelsstaðir	lending	huldufólksbústaður

Leifar af einu sundmerki (GK-095:027) eru varðveittar ofan við Varavör. Þetta er nánar tiltekið steypur pallur undan sundtré sem var lukt var á. Sundtrén voru reyndar tvö

<sup>9</sup> JÁM III, 87

upphaflega en annað er löngu horfið undir plan eða byggingu. Ljós átti að loga á luktunum haust og vetur.

Leifar af nokkrum hlöðnum byrgjum sem talin eru herslubyrgi eru í Rafnkelsstaðalandi (GK-099:038-041). Ef satt reynist eru það einu herslubyrgin sem hafa varðveist á skráningarsvæðinu en vitað er um eitt slíkt til viðbótar (GK-092:014) sem var í Gauksstaðalandi en er löngu horfið.

## 6. Niðurstöður

### *Minjar í hættu*

Langflestar þeirra minja sem skráðir voru sumarið 2008 eru taldar í hættu vegna nálægðar við byggð. Aðeins rúmlega 20 staðir eru utan hættusvæða, flestir annaðhvort austast í landi Rafnkelsstaða, sem er óbyggt að mestu, eða í óskiptu landi sunnan byggðarinnar. Tveir staðir eru taldir í stórhættu vegna framkvæmda: Landamerkjagarður og áletraður steinn á suðurmerkjum Vara (GK-095:012 og 014) en báðir eru fast við nýbyggingar. Á svæðum eins og í Garði þar sem frekari byggð vegna iðnaðar og íbúðarbyggðar er fyrirhuguð eru auðvitað enn ríkari ástæða til að gæta að fornleifum heldur en til sveita þar sem menn eru ekki jafn stórtækir í framkvæmdum. Þá er mikilvægt að sýna aðgát við framkvæmdir þar sem þéttbýli hefur verið viðvarandi svo lengi, enda líklegt að rekast á minjar sem eru ekki þekktar úr heimildum og sjást ekki á yfirborði.

### *Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu*

Enn er of snemmt að setja fram tillögur um verndun og kynningu minja á skráningarsvæðinu í heild sinni. Hér eru þó nefndir þeir staðir sem helst þykja koma til greina vegna góðrar varðveislu eða heimildagildis. Hér eru taldir með nokkri staðir sem skráðir voru í landi Útskála í október 2007<sup>10</sup>:

- Bæjarhóll á Útskálum (GK-080:001). Grafið var í hólinn vegna fyrirhugaðra framkvæmda haustið 2005. Varðveisla reyndist með eindæmum góð og fannst m.a. útskorinn kambur af norrænni miðaldagerð, sennilega frá 11.-13. öld.
- Bæjarhóll Ívarshúsa (GK-097:001) virðist mjög vel varðveittur og ljóst að þar gætu verið margir tugir rúmmetra af mannvistarleifum. Skemmst er að minnast uppgraftar á bæjarhól á Útskálum, en þar fundust m.a. mjög vel varðveittar minjar sem voru eldri en gjóska frá 1226.
- Heiðarhús og Skálareykir (GK-633:021 og GK-080:037). Leifar tveggja eyðibýla sem gætu verið forn að stofni til. Býlin henta bæði til kynningar og rannsókna.

---

<sup>10</sup> Sjá Ágústa Edwald 2008.

- Skagagarður (GK-080:036). Þessi forni garður er ein þekktasta fornleif á svæðinu og oft nefnd sem möguleg skýring á örnefninu „Garður“. Garðurinn hefur verið aldursgreindur og benda gjóskulög til að hann hafi verið reistur skömmu eftir landnám.
- Rústir tómhúsa í Rafnkelsstaðalandi (GK-099:025). Vel varðveitt þyrping tómhúsa og kálgarða sem hefur að mestu sloppið við rask vegna þéttbýlismyndunar.
- Pallur undan sundtré (GK-095:027) ofan við Varavör. Flestar minjar um sjósókn í Garði eru nú horfnar en pallurinn er verðugt minnismarki jafnvel þótt hann sé ekki mjög gamall. Í námunda við hann má sjá leifar nokkurra vara sem hafa verið merktar með skiltum.
- Landamerkjasteinar. Einungis fundust áletranir á fjórum landamerkjasteinum í Garði (sjá lista í kafla um landamerki) en ljóst að þeir hljóta að hafa verið mun fleiri og nokkra til viðbótar mætti kannski staðsetja með frekari leit. Full ástæða er til að varðveita þessa steina sem eftir eru.
- Ellustekkur (GK-099:030) er eina varðveitta stekkjartóftin á skráningarsvæðinu, skammt sunnan við Garðbraut.
- Fornlegur garður í Rafnkelsstaðalandi (GK-099:026). Fornlegur garður sem gæti verið einn lykillinn af því að skilja þróun garðlagakerfisins í Garði.



## Heimildamenn

Anton Sumarliðason, Meiðastöðum, f. 1931

Ari Svavarsson, Gauksstöðum, f. 1964

Ásgeir Hjálmarsson f. 1943

Ásgeir Kjartansson f. 1948

Birgir Guðmundsson, Réttarholti, f. 1964

Erla Þorsteinsdóttir

Guðlaugur Sumarliðason, Meiðastöðum, f. 1931

Guðmundur Garðarsson f. 1943

Friðrik Árnason f. 1930

Jóhanna Kjartansdóttir f. 1957

Kristín Magnúsdóttir

Rafn Torfason f. 1950

Steinunn Sigurðardóttir, Brekku, f. 1917

Vilhelm Guðmundsson f. 1937

Þorbjörg Haraldsdóttir f. 1958

Þorvaldur Þorvaldsson, Vörum, f. 1965

## Heimildaskrá

- Adolf Friðriksson. 2006. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helgavík* [FS324-06201]. Fornleifastofnun Íslands.
- ÁFÍ 1977:** Kristján Eldjárn. 1977. „Skagagarður – fornmannaverk“. *Árbók ferðafélags Íslands*. Ferðafélag Íslands.
- Ágústa Edwald. 2008. *Fornleifar á Garðskaga. Deiliskráning* [FS367-07221]. Fornleifastofnun Íslands.
- Ágústa Edwald. 2008. *Aðalskráning fornleifa við suðurmörk sveitarfélagsins Garðs*. Óútgefin bráðabirgðaskýrsla. Fornleifastofnun Íslands.
- ÁG:** *Skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.
- Árbók 1903:** sjá Brynjúlfur Jónsson 1903.
- Árni Magnússon. 1953. „Chorographica Islandica.“ *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju: annar flokkur*. Bókmenntafélagið, Reykjavík.
- Brynjúlfur Jónsson. 1903. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Hið íslenska fornleifafélag, Reykjavík.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn og Reykjavík. 1853-1976.
- FEB I:** 1943. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. I. bindi. Reykjavík.
- FF:** 1983. *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík.
- Fornleifaskrá:** *Skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990. Fornleifanefnd.
- Gunnar M. Magnúss. 1963. *Undir Garðskagavita*. Ægisútgáfan Reykjavík.
- Hallmann Sigurðsson. 1966a. „Býli og búendur í Garði 1903-1915.“ *Faxi*, júníblað bls. 87-91.
- Hallmann Sigurðsson. 1966b. „Uppsátur og landingastaðir í Garði.“ *Faxi*, desemberblað bls. 169-175.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11. Kaupmannahöfn, 1913-43.
- JJ:** J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.
- Jón Böðvarsson. 1988. Suður með sjó: leiðsögn um Suðurnes. Rótaríklúbbur Keflavíkur, Keflavík.
- Jón Þ. Þór. 1998. *Gerðahreppur 90 ára*. Útg. Gerðahreppur.
- Loftmyndir af GoogleEarth.

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Magnús Grímsson, „Fornminjar á Reykjanesskaga.“ *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II, Ýmsar ritgerðir*, Reykjavík 1940, 243-62.

**NJ:** Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Reykjavík, 1981.

**PP:** Sveinn Nielsson. 1950. Prestatal og prófaste. 2. útg. Reykjavík.

**SSGK:** Sýslu- og sóknalýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Reykjavík. 1937-39.

**Skýrsla FÍ I:** Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík I. 1863-1866, Kaupmannahöfn 1868.

**Undir Garðskagavita:** Sjá Gunnar M. Magnúss.

**ÞJÁ I:** *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. Jón Árnason safnaði. I. bindi. Bókaútgáfan Þjóðsaga. 1961.

### Óprentaðar heimildir

Guðrún Alda Gísladóttir, munnleg heimild.

**Stúdentakort 1954:** Uppmæling af þéttbýli í Garði árið 1954. Gerð af stúdentum í verkfræði. Frumrit varðveitt á skrifstofu sveitarfélagsins.

**Túnakort 1919:** Túnakort fyrir Rosmhvalaneshrepp frá því um 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Ö-Garðskagi:** Örnefnaskrá fyrir Garðskaga, Hof og Lambastaði. Sigríður Jóhannesdóttir skráði. Örnefnasafn.

**Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir og Brekka:** Örnefnaskrá fyrir Gauksstaði, Skeggjastaði og Brekku. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn.

**Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir og Brekka, aths.:** Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka. Athugasemdir. Sigríður Jóhannsdóttir skráði. Örnefnasafn.

**Ö-Gerðar:** Örnefnaskrá fyrir Gerðar. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn.

**Ö-Gerðar, aths.:** Gerðar. Athugasemdir. Sigríður Jóhannsdóttir skráði. Örnefnasafn.

**Ö-Gufuskálar:** Örnefnaskrá fyrir Gufuskála í Leiru. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnasafn.

**Ö-Hrafnkellsstaðir:** Örnefnaskrá fyrir Hrafnkellsstaði. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn.

**Ö-Kothús:** Örnefnaskrá fyrir Kothús. Ari Gíslason og Sigríður Jóhannsdóttir skráðu. Örnefnasafn.

**Ö-Krókur:** Örnefnaskrá fyrir Krók. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnasafn.

**Ö-Krókur og Miðhús, aths.:** Miðhús og Krókurí Garði. Athugasemdir Torfa Sigurjónssonar við skrá Ara Gíslasonar. S. S. Skráði. Örnefnasafn.

**Ö-Krókvöllur:** Örnefnaskrá fyrir Krókvöll. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnasafn.

**Ö-Meiðastaðir:** Örnefnaskrá fyrir Meiðastaði. Ari Gíslason og Sigríður Jóhannsdóttir skráðu. Örnefnasafn.

**Ö-Miðhús og Krókur:** Örnefnaskrá fyrir Miðhús og Krók. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn.

**Ö-Nýlenda:** Örnefnaskrá fyrir Nýlendu, Akurhús og Lónshús. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn.

**Ö-Rafnkelsstaðir, aths.:** Rafnkelsstaðir. Athugasemdir. Sigríður Jóhannsdóttir skráði. Örnefnasafn.

**Ö-Útskálar:** Örnefnaskrá fyrir Útskála. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn.

**Ö-Varir:** Örnefnaskrá fyrir Varir. Ari Gíslason og Sigríður Jóhannsdóttir skráðu. Örnefnasafn.

**Ö-Varir, sv. við sp.:** Varir. Svör við spurningum. Njáll Benediktsson skráði. Örnefnasafn.

## Sérheitaskrá

Sérheiti	Samtala
Akurgerði	GK-080:047
Akurhús	GK-082:001
Akurhúsavör	GK-082:007
Auðunnarbær	GK-091:003
Árnarétt	GK-633:025
Bakki	GK-091:010
Bali	GK-089:025
Bjarghús	GK-092:011
Blómsturvellir	GK-080:018
Blómsturvellir	GK-096:011
Blómsturvellir	GK-080:058
Brekka	GK-094:001
Brekkuhöfði	GK-094:008
Brekukot	GK-094:004
Brekkuútraðir	GK-094:013
Brekkuvör	GK-094:010
Darrarstaðir	GK-096:018
Eiði	GK-093:011
Einarshús	GK-091:031
Ellustekkur	GK-099:030
Eyjólfshús	GK-091:038
Fjósaflatir	GK-080:033
Fjósar	GK-091:034
Fögruvellir	GK-080:055
Garðbær	GK-089:006
Garðhús	GK-086:001
Garðskagaviti	GK-080:060
Garðskagi	GK-080:062
Garðskagi	GK-080:035
Garðstaðir	GK-096:008
Garðsviki	GK-093:017
Gauksstaðavör	GK-092:005
Gaukstaðir	GK-092:001
Geirfuglasker	GK-080:073
Gerðar	GK-091:001
Gerðaskóli	GK-091:005
Gerðastekkur	GK-091:032
Gerðavegur	GK-091:013
Gerðavör	GK-091:007
Grund	GK-089:002
Grundargarður	GK-088:005
Grænugróf	GK-099:029
Guðlaugsstaðir	GK-080:045
Haraldshús	GK-091:039
Hausthús	GK-096:015
Hábær	GK-092:012
Heiðarhús	GK-633:021
Heiðarhúsabru	GK-098:016
Heiðarhúsavör	GK-095:023
Hellukot	GK-080:027
Hestasteinn	GK-080:040
Hesthús	GK-080:032

Sérheiti	Samtala
Hlið	GK-080:080
Hólavellir	GK-080:064
Hrúshólavarða	GK-633:024
Huldufólksvör	GK-099:023
Húsatóftir	GK-093:002
Ívarshús	GK-097:001
Jaðar	GK-091:018
Kaldbak	GK-096:012
Kaupmannaföt	GK-098:019
Kirkjuflöt	GK-091:009
Kistugerði	GK-099:019
Klökk	GK-091:030
Konungsvör	GK-095:020
Kothús	GK-096:001
Kothús	GK-096:002
Kothúsavör	GK-095:022
Krökshjáleiga	GK-089:017
Kröksós	GK-080:019
Krókur	GK-089:001
Krókvöllur	GK-090:001
Lambhús	GK-092:010
Langigarður	GK-080:021
Litlibær	GK-097:008
Litlu-Kothús	GK-097:009
Lónið	GK-080:020
Lónshús	GK-081:002
Lónshús	GK-081:001
Lykkja	GK-089:007
Meiðastaðakot eystra	GK-098:005
Meiðastaðakot vestara	GK-098:004
Meiðastaðavör	GK-098:018
Meiðastaðir (Meiriðarstaðir)	GK-098:001
Miðhús	GK-088:001
Miðhús	GK-088:002
Miðvör	GK-081:006
Mjósund	GK-091:040
Móabær	GK-096:013
Móakot	GK-084:001
Móhús	GK-080:023
Naust	GK-080:015
Naustakot	GK-080:022
Nielsarbær	GK-091:004
Nýibær	GK-083:001
Nýlenda	GK-080:048
Ósvarða	GK-633:020
Pálsbær	GK-099:027
Presthús	GK-085:001
Rafnkelsleiði	GK-099:020
Rafnkelsstaðavör	GK-099:016
Rafnkelsstaðir	GK-099:002
Rafnkelsstaðir	GK-099:001
Réttarholt	GK-099:024
Settubær	GK-091:043

Sérheiti	Samtala
Sigríðarstaðir	GK-093:018
Sigurjónshús	GK-091:041
Sjávargata	GK-080:054
Skagagarður	GK-080:036
Skálareykir	GK-080:037
Skeggjastaðir	GK-093:001
Skipanaust	GK-092:016
Skúlahús	GK-091:027
Smalaskálaflatir	GK-633:023
Smærnavöllur	GK-089:012
Sólbakki	GK-089:024
Steinbogi	GK-092:014
Steinsholt	GK-080:034
Steinshús	GK-080:069
Steinshús	GK-091:045
Steinsstaðir	GK-093:009
Straglastaðir	GK-097:011
Sæból	GK-080:052
Tjarnarkot	GK-092:018
Útskálar	GK-080:001
Valbraut	GK-091:022
Varavör	GK-095:021
Varir	GK-095:002
Varir	GK-095:001
Vatnagarðar	GK-087:002
Vatnagarður	GK-087:001
Vatnasker	GK-096:010
Vegamót	GK-089:022
Vestri-Gerðar	GK-091:002
Vestri-Traðargarður	GK-094:009
Vestri-Vara-Kálgarður	GK-095:006
Þjóðvegur	GK-095:019
Þorsteinshús	GK-091:033
Þórðarbær/Bjarnabær/Finnsbær/Berg	GK-099:025
Önnuhús	GK-091:029

## Viðauki 1: Hnitaskrár á ISN93

Hér að aftan eru birt hnitaskrár frá 2007 og 2008 á ISN93.

<b>Samtala</b>	<b>Longitute</b>	<b>Latitute</b>
GK-078:002	320656.38	402745.75
GK-078:003	320630.74	402778.09
GK-078:003B	320611.81	402742.59
GK-078:004	320617.92	402633.52
GK-078:005	320747.9	402637.27
GK-078:006	320644.16	402610.05
GK-078:006B	320607.47	402609.06
GK-078:006C	320605.69	402634.31
GK-078:006D	320644.35	402634.11
GK-078:007A	320619.7	402557.19
GK-078:007B	320565.06	402579.28
GK-078:007C	320686.76	402636.08
GK-078:007D	320690.31	402576.12
GK-078:007E	320731.14	402585
GK-078:007F	320729.76	402616.95
GK-078:008	320600.96	402638.25
GK-078:009	320734.88	402639.83
GK-078:010A	320652.24	402636.08
GK-078:010B	320782.02	402635.69
GK-078:010C	320800.76	402682.63
GK-078:013	320225.82	402706.5
GK-078:017	320587.35	402616.95
GK-079:001	320479.86	402792.69
GK-079:002	320477.29	402717.34
GK-079:003	320498.79	402786.38
GK-079:004	320538.44	402766.65
GK-079:005	320480.85	402782.63
GK-079:005	320481.24	402782.83
GK-079:006	320430.75	402796.83
GK-079:007	320462.5	402672.57
GK-079:008	320443.17	402725.23
GK-079:009A	320427	402799.79
GK-079:009B	320496.43	402791.7
GK-079:009C	320540.61	402779.08
GK-079:010	320372.96	402688.55
GK-079:011A	320447.71	402669.81
GK-079:011B	320415.95	402679.67
GK-079:011C	320421.48	402707.68
GK-079:011D	320453.03	402700.18
GK-079:012A	320460.14	402693.68
GK-079:013A	320268.42	402719.51
GK-079:013B	320226.21	402735.69
GK-079:013C	320269.21	402853.24

GK-079:013D	320329.17	402675.14
GK-079:013E	320362.7	402794.86
GK-079:013F	320457.97	402728.39
GK-079:013H	320467.43	402770.6
GK-079:013J	320483.21	402771.39
GK-079:013K	320551.85	402697.42
GK-079:013M	320465.26	402659.95
GK-079:013N	320536.86	402633.91
GK-079:013P	320596.82	402630.95
GK-079:014	320380.06	402684.41
GK-079:015	320277.89	402865.86
GK-079:016	320267.44	402871.58
GK-079:017	320551.46	402712.81
GK-080:001	321186.16	402375.14
GK-080:002	321236.85	402380.66
GK-080:003	321178.66	402389.74
GK-080:004	321172.75	402366.66
GK-080:005	321164.66	402377.9
GK-080:006	321221.66	402356.4
GK-080:007	321215.74	402515.77
GK-080:008	321160.71	402551.07
GK-080:009	321108.45	402573.16
GK-080:010	321317.12	402514.78
GK-080:010D	320840.21	402526.62
GK-080:011	321374.32	402488.35
GK-080:012A	321364.66	402416.56
GK-080:012B	321342.37	402417.94
GK-080:012C	321338.23	402368.83
GK-080:012D	321365.44	402368.04
GK-080:013	321116.93	402221.69
GK-080:014	321353.61	402364.49
GK-080:015	321409.63	402546.93
GK-080:019	321473.33	402456.8
GK-080:020	320904.7	402663.5
GK-080:022	321368.4	402494.47
GK-080:023	320842.57	402429.18
GK-080:024	320834.09	402416.95
GK-080:025	320827.78	402408.28
GK-080:026	320808.85	402407.68
GK-080:027	321240.99	402176.72
GK-080:028	321231.13	402180.67
GK-080:029	321234.48	402170.61
GK-080:030	321223.04	402148.71
GK-080:033	321104.7	402528
GK-080:035	320100.97	402755.41
GK-080:036	320948.29	402273.76
GK-080:037A	320568.81	401983.63
GK-080:037B	320564.28	401999.21
GK-080:037C	320531.73	401952.47
GK-080:037D	320556.19	401983.04
GK-080:037F	320569.21	401889.15
GK-080:037G	320584.99	401942.8
GK-080:038	321135.67	402424.84
GK-080:039	321183.79	402433.92



GK-080:043	320597.61	402444.37
GK-080:044A	321215.74	402129.78
GK-080:044B	321283.59	402243.39
GK-080:045	320686.36	402396.05
GK-080:046	320691.69	402445.95
GK-080:047A	320646.72	402444.76
GK-080:047B	320624.83	402436.48
GK-080:048	320735.48	402507.09
GK-080:049A	320790.7	402432.14
GK-080:049B	320802.34	402449.7
GK-080:049C	320809.44	402461.73
GK-080:049D	320824.23	402450.09
GK-080:050A	320741.2	402589.14
GK-080:050B	320763.68	402582.24
GK-080:050C	320761.91	402562.71
GK-080:050D	320757.17	402552.65
GK-080:050E	320739.42	402557.78
GK-080:050F	320747.51	402594.07
GK-080:050G	320774.73	402566.06
GK-080:051A	320735.28	402633.52
GK-080:051B	320742.77	402594.47
GK-080:051C	320721.27	402521.69
GK-080:052	320428.97	402588.35
GK-080:053	320457.97	402645.35
GK-080:053B	320520.88	402617.54
GK-080:054	320450.67	402584.6
GK-080:055	320431.93	402633.52
GK-080:056	320426.21	402635.89
GK-080:057	320414.18	402581.84
GK-080:058	320409.25	402614.98
GK-080:058B	320353.63	402656.6
GK-080:059A	320394.65	402590.13
GK-080:060	319899.99	403032.72
GK-080:061	319912.22	403014.18
GK-080:062	320062.9	402856.99
GK-080:063	320068.62	402797.03
GK-080:064	320219.51	402729.57
GK-080:065	321067.03	402522.87
GK-080:066	320998	402382.64
GK-080:067	321087.34	402543.38
GK-080:069	320451.46	402627.21
GK-080:070	321083.2	402395.06
GK-080:071	321284.18	402272.18
GK-080:072	321310.22	402287.57
GK-080:075	321292.27	402399.99
GK-080:076	319996.24	402752.65
GK-080:077	320220.89	402749.49
GK-080:078A	320198.4	402461.33
GK-080:078B	320241.8	402468.83
GK-080:079	320268.42	402430.17
GK-080:080	320390.71	402500.19
GK-080:081	320825.41	402046.55
GK-080:082	320908.25	402044.18
GK-080:083A	320951.45	402134.12

GK-080:083B	32GK-093:9.22	402133.33
GK-080:083C	320898.79	402175.74
GK-080:084	320408.66	402417.55
GK-080:085	320765.26	402312.42
GK-080:086	320485.58	402505.71
GK-081:001	320850.66	402661.13
GK-081:002	320891.29	402645.16
GK-081:003	320940.8	402632.14
GK-081:004	320979.26	402622.28
GK-081:005	320939.81	402642.59
GK-081:006	320940.99	402653.64
GK-081:007	320804.11	402684.21
GK-081:008	320803.92	402668.23
GK-081:009A	320792.48	402613.8
GK-081:009B	320861.31	402549.1
GK-081:009C	320900.96	402534.11
GK-081:010A	320854.61	402550.09
GK-081:010B	320822.26	402570.21
GK-081:010C	320802.93	402545.55
GK-081:011	320812.79	402621.09
GK-082:001	320970.97	402509.06
GK-082:002	321014.96	402503.94
GK-082:003	320929.56	402515.18
GK-082:004	320904.51	402491.51
GK-082:005	321004.11	402618.92
GK-082:006A	321009.44	402500.38
GK-082:006B	321053.22	402471.98
GK-082:007	320965.85	402643.58
GK-082:008	320954.6	402547.13
GK-082:009	320868.61	402493.88
GK-082:010	320964.47	402492.69
GK-082:011	320900.96	402519.71
GK-083:001	320950.26	402392.69
GK-083:002A	320938.83	402389.54
GK-083:002B	320916.93	402351.87
GK-083:002C	320969.59	402386.58
GK-083:002D	320925.22	402344.77
GK-083:002E	320920.68	402336.48
GK-083:002F	320930.54	402343.39
GK-083:003	320947.11	402369.22
GK-083:004	321013.58	402394.27
GK-083:005	321032.51	402393.48
GK-083:006A	321088.53	402425.24
GK-083:006B	320980.05	402330.57
GK-083:007A	320965.25	402428.99
GK-083:007B	320944.74	402426.42
GK-083:007C	320953.42	402430.17
GK-083:007D	320963.28	402457.98
GK-083:008A	320922.85	402420.9
GK-083:008B	320907.07	402434.11
GK-083:008C	320890.7	402418.14
GK-084:001	321014.17	402297.43
GK-084:002	321009.24	402259.17
GK-084:003	321001.15	402278.89

GK-084:004	320999.38	402259.56
GK-085:001	321085.77	402231.36
GK-085:002	321039.81	402241.61
GK-085:003A	321080.83	402286.98
GK-085:003B	321153.42	402224.65
GK-085:004	321124.82	402223.27
GK-086:001	321188.92	402207.69
GK-086:002	321175.31	402191.91
GK-086:003	321154.21	402180.67
GK-087:001	321497	402357.39
GK-087:002	321475.9	402375.93
GK-087:003	321505.68	402358.18
GK-087:004	321527.97	402381.45
GK-087:005	321477.87	402414.19
GK-087:006	321474.71	402388.16
GK-087:007	321482.41	402371.98
GK-088:001	321434.87	402255.81
GK-088:002	321495.82	402162.72
GK-088:003	321400.55	402251.08
GK-088:004	321501.73	402202.76
GK-088:006	321437.44	402241.61
GK-088:007	321411.8	402282.24
GK-088:008	321448.88	402229.78
GK-088:011	321546.11	402385.2
GK-088:013	321630.92	402330.17
GK-088:014	321398.78	402271.2
GK-088:016	321419.29	402139.64
GK-088:018	321338.82	402112.03
GK-088:019	321554.4	402393.68
GK-088:020	321511.79	402162.52
GK-088:021	321274.52	402184.61
GK-089:001	321502.72	402106.51
GK-089:002	321352.82	402077.51
GK-089:003	321331.72	402095.07
GK-089:004	321306.27	402068.24
GK-089:005	321282.21	402057.39
GK-089:006	321340.4	402081.65
GK-089:007	321520.67	402096.84
GK-089:008	321554.99	402136.88
GK-089:009	321512.19	402094.67
GK-089:010	321485.17	402008.09
GK-089:011	321488.52	402105.91
GK-089:012A	321554.59	401952.27
GK-089:012B	321558.54	401942.41
GK-089:013	321548.87	401939.05
GK-089:014	321516.92	401893.1
GK-089:015	321529.74	401869.04
GK-089:016	321513.57	401831.76
GK-089:020	321560.51	401920.32
GK-089:021	321518.89	402110.25
GK-089:022	321617.91	401878.5
GK-089:023	321562.68	401965.29
GK-089:025	321568.6	401909.47
GK-090:001	321433.29	401907.69

GK-090:002	321454.4	401904.54
GK-090:003	321394.64	401942.8
GK-090:004	321390.3	401937.08
GK-090:005	321418.5	401991.72
GK-090:006	321485.56	402008.87
GK-090:007	321478.07	401921.3
GK-090:008	321461.5	401871.4
GK-090:009	321400.75	401937.67
GK-090:010	321461.7	401808.09
GK-091:001	322085.16	401934.91
GK-091:002	322084.37	402056.21
GK-091:003	322069.57	402153.84
GK-091:004	321987.72	402193.68
GK-091:005	322171.15	401888.76
GK-091:006	322166.61	401914.2
GK-091:007	322160.11	401969.43
GK-091:008	322141.17	401999.8
GK-091:009	322067.01	402123.47
GK-091:009	322067.21	402124.06
GK-091:010A	321851.83	402213.6
GK-091:010B	321859.91	402210.45
GK-091:011	322139.79	401967.85
GK-091:012	322049.06	401943.39
GK-091:013	322072.53	401842.01
GK-091:014	322094.62	401880.87
GK-091:015	322034.86	401969.63
GK-091:016	322036.83	402143.59
GK-091:017	321982.79	402084.42
GK-091:018	321910.6	402133.33
GK-091:019	321903.31	402127.81
GK-091:020	321932.5	402142.8
GK-091:021	321941.37	402139.64
GK-091:024	321837.23	402226.43
GK-091:025	321859.32	402224.45
GK-091:026	321865.44	402228.59
GK-091:028	321993.84	401954.04
GK-091:029	321976.09	401882.84
GK-091:030	322001.33	401934.71
GK-091:031	322003.5	401882.05
GK-091:033	322062.87	401853.26
GK-091:034	322120.07	401895.27
GK-091:035	322059.91	401859.96
GK-091:036	322058.73	401848.72
GK-091:037B	321969.58	401781.46
GK-091:037C	321965.04	401793.3
GK-091:038	322083.78	401861.74
GK-091:039A	322062.08	401794.68
GK-091:039B	322110.4	401791.92
GK-091:041	322065.83	401776.14
GK-091:042	322061.49	401759.77
GK-091:043	321841.77	401834.12
GK-091:043B	321834.08	401822.09
GK-091:043C	321821.45	401849.71
GK-091:044	321853.4	401673.57

GK-091:046	322055.18	402175.93
GK-091:052	322120.66	401942.01
GK-092:001	322235.06	401591.53
GK-092:002	322223.02	401628.41
GK-092:003	322233.87	401576.34
GK-092:004	322248.86	401567.86
GK-092:005	322278.25	401720.52
GK-092:006	322248.07	401716.57
GK-092:007	322223.02	401669.83
GK-092:008	322243.54	401542.22
GK-092:010	322049.26	401589.55
GK-092:012	322085.55	401538.67
GK-092:013	322222.63	401670.42
GK-092:017	322113.95	401737.28
GK-092:024	322171.74	401878.5
GK-093:001	322164.84	401418.75
GK-093:002	322097.78	401458.19
GK-093:003	322174.7	401372
GK-093:004	322125.59	401457.41
GK-093:004b	322275.88	401407.31
GK-093:005	322069.38	401321.12
GK-093:006	322164.84	401404.74
GK-093:007	322177.07	401449.32
GK-093:008	322112.37	401445.97
GK-093:009	321970.37	401566.48
GK-093:010	322009.42	401545.37
GK-093:011	322030.32	401540.05
GK-093:012	322164.84	401433.15
GK-093:013	322173.71	401412.44
GK-093:014	322164.84	401409.48
GK-093:015	322168	401434.53
GK-093:016	322177.27	401418.75
GK-093:019	322078.25	401492.12
GK-094:001	322213.16	401345.97
GK-094:002	322215.53	401316.18
GK-094:003	322274.5	401323.29
GK-094:004	322174.5	401253.46
GK-094:005	322163.85	401242.42
GK-094:006	322190.68	401326.05
GK-094:007	322278.84	401362.34
GK-094:008	322295.61	401347.74
GK-094:010	322401.13	401384.82
GK-094:011	322384.76	401373.19
GK-094:012	322269.18	401366.48
GK-094:013	322266.42	401271.81
GK-094:014	322160.89	401255.44
GK-095:001	322374.3	401240.64
GK-095:002	322376.28	401234.53
GK-095:003	322382	401288.37
GK-095:004	322328.74	401232.95
GK-095:005	322338.6	401306.13
GK-095:006	322335.05	401232.75
GK-095:007	322426.37	401195.67
GK-095:008	322187.52	401177.53

GK-095:009	322314.15	401342.81
GK-095:010	322309.02	401264.9
GK-095:011	322489.88	401224.67
GK-095:012	322013.76	401075.16
GK-095:013	322333.67	401238.47
GK-095:014	322019.87	401070.82
GK-095:015	322376.08	401239.26
GK-095:016	322276.08	401293.7
GK-095:020	322424.8	401292.91
GK-095:021	322456.75	401258.39
GK-095:027	322450.83	401258
GK-096:001	322410.4	401115.6
GK-096:002	322427.75	401122.7
GK-096:003	322403.1	401118.16
GK-096:004	322397.58	401121.51
GK-096:005	322389.49	401134.73
GK-096:006	322313.55	401088.77
GK-096:007	322475.29	401212.83
GK-096:008	322245.11	401016.98
GK-096:009	322460.69	401159.58
GK-096:010	322513.16	401246.56
GK-096:011	322510.99	401100.21
GK-096:012	322251.82	400910.67
GK-096:013	322276.67	400873.39
GK-096:014	322244.92	400955.64
GK-096:015	322256.36	400989.17
GK-096:016	322584.16	401142.62
GK-096:017	322222.43	400976.55
GK-096:019	322381.01	401130.19
GK-097:001	322402.31	401072.6
GK-097:002	322414.54	401059.19
GK-097:003	322427.95	401072.4
GK-097:004	322387.32	401037.69
GK-097:005	322537.02	401092.72
GK-097:006	322321.25	401034.14
GK-097:007	322588.11	401122.11
GK-097:010	322384.36	401099.03
		40GK-
GK-098:001	322527.95	093:7.69
GK-098:002	322527.36	400957.81
		40GK-
GK-098:003	322512.57	093:8.68
GK-098:004	322559.9	401016.39
GK-098:005	322577.26	400994.3
GK-098:006	322469.76	401015.8
GK-098:007	322582.39	400976.74
GK-098:008	322543.93	400943.21
GK-098:009	322540.38	400918.56
GK-098:010	322604.28	401023.29
GK-098:011	322486.92	400809.09
GK-098:012	322469.37	400997.85
GK-098:013	322659.31	401027.63
GK-098:014	322484.16	400815.4
GK-098:015	322297.97	400570.04
GK-098:017	322617.69	401143.01

GK-098:018	322649.84	401045.97
GK-098:019	322328.35	400834.14
GK-098:020	322274.3	400737.3
GK-098:021	322411.78	401002.38
GK-099:001	322622.62	400864.71
GK-099:002	322562.07	400833.55
GK-099:003	322616.71	400845.78
GK-099:004	322623.61	400842.23
GK-099:005	322601.52	400840.26
GK-099:006	322784.95	400887.2
GK-099:007	322562.07	400824.08
GK-099:008	322552.21	400836.31
GK-099:009	322528.34	400789.37
GK-099:010	322613.94	400839.07
GK-099:011	322626.76	400831.97
GK-099:012	322638.4	400892.33
GK-099:013	322647.47	400910.27
GK-099:013A	322647.28	400913.23
GK-099:013B	322654.77	400906.92
GK-099:014	322619.07	400852.68
GK-099:015	322666.8	400989.17
GK-099:016	322678.24	401014.81
GK-099:017	322646.09	400843.02
GK-099:018	322624.79	400875.96
GK-099:019	322829.13	400899.82
GK-099:020	322823.8	400848.15
GK-099:021	322566.61	400830
GK-099:023	322780.02	400962.15
GK-099:024	322774.89	400915.01
GK-099:025A	322781.4	400749.53
GK-099:025B	322787.71	400740.85
GK-099:025C	322803.09	400756.04
GK-099:025D	322769.76	400797.85
GK-099:026	322794.61	400821.52
GK-099:027A	322787.51	400849.53
GK-099:027B	322781	400858.99
GK-099:028	322786.33	400922.7
GK-099:029	323186.52	400505.55
GK-099:030	322957.92	400347.96
GK-099:034	323207.23	400483.65
GK-099:035	322657.73	400845.38
GK-099:036	322647.47	400781.28
GK-099:037	322677.26	400791.34
GK-099:038	322960.49	400710.67
GK-099:039	322925.38	400709.09
GK-099:040	322943.33	400672.41
GK-099:041	322958.91	400747.75
GK-633:020	320990.3	401285.22
GK-633:021	322323.61	400384.05
GK-633:021A	322319.67	400385.63
GK-633:021B	322332.88	400378.33
GK-633:021C	322317.7	400330.8
GK-633:021D	322240.58	400312.45
GK-633:021E	322217.11	400350.92

GK-633:021F	322248.27	400353.48
GK-633:021G	322243.73	400359.2
GK-633:021H	322251.03	400391.55
GK-633:021I	322267.99	400392.14
GK-633:021J	322290.28	400471.62
GK-633:021K	322345.31	400316.99
GK-633:021L	322413.55	400356.44
GK-633:021M	322336.83	400266.89
GK-633:021N	322256.36	400338.49
GK-633:022	322299.35	400513.24
GK-633:023	321794.83	399739.09
GK-633:024	322629.92	399798.26
GK-633:025	322239.59	398981.12



## Viðauki 2: Minjakort


Fremst er yfirlitskort en í kjölfarið fylga minjakort þar sem allir minjastaðir innan hveurrar jarðar eru sýndir.

Næst koma loftmyndir af heimatúnum jarðanna þar sem útlínur túnakorts frá 1919 eru sýndar ofan á loftmynd ásamt minjastöðum.

Aftast eru túnakort frá 1919 með þeim fornleifum sem þekktar eru innantúns

*Fornleifar eru merktar inn á myndir frá Loftmyndum ehf.*

# Yfirlitskort: Landamerki og minjastaðir í Garði



- Minjastaðir
- Tilgáta um staðsetningu minjastaða
- Garðlög
- Landamerki\*
- Hugsanleg garðlög

Sjá skýrslu: FS 367 - 07221

\*Landamerki eru sett fram án ábyrgðar.  
Minjakortin má ekki nota sem heimild um landamerki.




# Minjakort: Fornleifar á Útskálum




sjá skýrslu: FS 357 - 07221

sjá minjakort aftar í skýrslu




# Minjakort: Fornleifar á Miðhúsum og í Vatnagörðum




0 50 100  
metrar

# Minjakort: Fornleifar á Króki og Krókvöllum



# Minjakort: Fornleifar í Gerðum



# Minjakort: Fornleifar á Gauksstöðum og Skeggjastöðum



092024

092019

092016

092017

092005

092006

092003

092009

092002

092001

092003

092004

092008

092010

093009

093010

093011

092012

093019

093002

093004

093008

093007

093012

093015

093001

093016

093014


093013

093006

093004b


093003

093005




metrar

# Minjakort: Fornleifar í Brekku og Vörum







# Minjakort: Fornleifar í Kothúsum og Ívarshúsum



# Minjakort: Fornleifar á Meiðastöðum



# Minjakort: Fornleifar á Rafnkelsstöðum



099016

099015

099023

099028

099013A

099013

099013B

099024

099019

099022

099012

099018

099001

099014

099035

099017

099027B

099020

099032

099005

099008

099002

099021

099007

099004

099011

099009

099010

099037

099036

099025A

099025C

099025B

099027A

099026

099025D

099041

099039

099038

099040

099033

099033

099029

099034

099030



# Minjakort Fornleifarí óskiptu landi



633020

- 633022
- 633021J
- 633021I
- 633021A
- 633021G
- 633021E
- 633021F
- 633021N
- 633021D
- 633021M
- 633021B
- 633021
- 633021L
- 633021C
- 633021K


633023


633024

633025



Minjakort: Lambastaðir, Lónshús, Akurhús, Nyibær og Útskálar





# Túnakort á Miðhúsum, Króki og Krókvöllum



ásamt skráðum minjastöðum og garðlögum



Miðhús


Krókur

Krókvellir



# Túnakort í Gerðum

ásamt skráðum minjastöðum og garðlögum





# Túnakort á Gauksstöðum

ásamt skráðum minjastöðum og garðlögum




# Túnakort í Brekku, Vörum og Skeggjastöðum

ásamt skráðum minjastöðum og garðlögum



# Túnakort í Kothúsum og Ívarshúsum

• ásamt skráðum minjastöðum og garðlögum



# Túnakort á Rafnkelsstöðum og Meiðastöðum

ásamt skráðum minjastöðum og garðlögum




Meiðastaðir

Rafnkelsstaðir



# Túnakort 1919

## Útskálar, Móhús, Hellukot, Akurhús, Nýibær, Móakot, Presthús og Garðhús




# Túnakort 1919

## Hof, Blómsturvellir, Fögruvellir, Sæból, Sjárgata, Lambastaðir, Lónshús og Nýlenda



Sjór gengur hér að gördum alstaðar og grefur undan smátt og smátt




+ Rústir gamla Hof: 6 tættur og síðust leifar af 2 kofum í sjógarðlagi, sem sjór grefur undan. Þar stóð timburhús Einars Jónss. hreppstjóra áður fyr og þurraþúð (Þórarins Pálss.), eyðilögð 1917. En bærin sjálfur fluttur 1906 - inn á túnið.


N Þar er gróið yfir nokkuð af rústum Lónshúsabæjar sem var fluttur á túnið fyrir rúmum 30 árum (að sögn). Var þó lengi áður varinn bærin með sjógarði. Nú mun sjógarðsmyndin vera nærri miðju bæjarstæðinu gamla, og ofan á því - grefur undan.



# Túnakort á Miðhúsum, Krók og Krókvöllum




# Túnakort á Gerðum





# Túnakort á Gauksstöðum, Skeggjastöðum, Brekku, Vörum, Kothúsi og Ívarshúsi



# Túnakort: Meiðastaðir og Rafnkelsstaðir

